

24



Orkujurtir til olíuræktar

34–35



Undirbýr smalamennsku og framboð þó orðinn sé áttæður

42–43



Kurlar grisjunarvið sem nýtist vel sem undirburður

Bændablaðið

17. tölublað 2021 • Fimmtudagur 9. september • Blað nr. 594 • 27. árg. • Upplag 32.000 • Vefur: bbl.is



Réttað var í Hrutatungurétt í Hrutafirði þann 4. september. Um fjögur þúsund fjár skilaði sér af fjalli og komu lömbin vel holduð og fallæg. Allir hjálpast að í réttunum, það er mjög mikilvægt því lömbin geta verið mjög þrjósk og vilja helst ekki láta draga sig. – Sjá myndasýru á bls. 7

Mynd / Magnús Hlynur Hreiðarson



Bændur segja allt gott og það gerir Hermann Ingi Gunnarsson, bóndi á Klauf í Eyjafirði, svo sannarlega. Hann var kampakátur með metuppskeru af korni eftir einstakt sumar.

Mynd / Hörður Kristjánsson

Hermann Ingi Gunnarsson, bóndi á Klauf í Eyjafirði: Með metuppskeru af korni

Hermann Ingi Gunnarsson, bóndi á Klauf í Eyjafirði, hefur aldrei fengið meiri kornuppskeru á hvern hektara en á þessu sumri. Uppskeran hefur verið frá 6 og allt upp í 8 tonn af byggi á hvern hektara samanborið við 3,5 tonn að meðaltali í fyrra.

Hermann segist hafa verið með um 20 til 25 hektara undir kornrækt síðustu ár en er nú búinn

að þreskja af um 8 hekturum. Hann er samt búinn að fá meiri uppskeru af þessum 8 hekturum nú en fékkst af 25 hekturum í fyrra.

„Veðrið hefur leikið við okkur í júlí og ágúst með sól og blíðu upp á hvern einasta dag. Þetta er því mjög gaman og gefur manni aukinn kraft,“ segir Hermann.

/HK:

– Sjá nánar á bls. 36–37

Íslenskt fé boðið upp á fæti í Bretlandi

– Í fyrsta sinn sem íslenskt fé er boðið upp og selt á fæti undir sérflokki á uppboðssíðu á Bretlandseyjum

Íslenskt fé var í fyrsta sinn boðið upp og selt á fæti undir sérflokki á uppboðssíðu á Bretlandseyjum fyrir skömmu. Salan fór fram á vegum skoska uppboðsfyrirtækisins Harrison og Hetherington. Hæsta verð fyrir á var rúmar 56 þúsund krónur.

Uppboð á íslensku fé undir sérflokki fór fram á netinu 2. til 4. september síðastliðinn en myndir og lýsing á fénu voru til sýnis á vef <https://harrisonandhetherington.co.uk/> frá 27. ágúst.

Hæsta verðið fyrir á 56 þúsund krónur

Á vefnum voru 26 gripir til sölu, ær, gimbur, hrútar og sauðir. Meðalverð fyrir ær á uppboðinu var 305 pund en hæst 320 pund, sem jafngilda rétt rúmunum 56 þúsund krónur. Greitt verð fyrir hrúta var lægra og að meðaltali 134 pund en hæst 260, eða um 39.000 krónur. Meðalverð fyrir sauði var 185 pund en hæsta verð 190 pund, sem gera rúmar 33 þúsund krónur.

Mikil ánægja er með uppboðið á Facebook-síðu Icelandic Sheep Breeders of the British Isles og þar er fénu mikið hrósað og einn

meðlimur hrósar happi yfir að hafa keypt íslenskt fé á uppboðinu.

Fyrsta íslenska sauðféð var flutt til Bretlandseyja árið 1979 og árið 1988 voru stofnuð bresk landssamtök um ræktun þess.

Sér uppboðsflokkur

Samkvæmt því sem segir á heimasíðu Scottish Farmer er vaxandi eftirspurn eftir hreinræktuðu íslensku sauðfé á Bretlandseyjum og ekki síst í Skotlandi.

Í frétt Scottish Farmer segir að á Bretlandseyjum sé að finna um 300 fjár af íslenskum uppruna og að féð sé miðlungs stórt, smábeinótt og með stuttan dindil og geti nærst eingöngu á grasi. Einnig er þess getið að ullin sé mislit, gerð úr togi og þeli og því mjög einangrandi og verðmæt.

Grant Anderson, uppboðsstjóri hjá Harrison og Hetherington, segir að þetta sé í fyrsta sinn sem íslenskt fé sé boðið upp undir eigin flokki hjá uppboðshúsinu en að fram til þessa hafi féð verið boðið upp sem hluti af uppboði fágætra búfjórtegunda. Anderson segist vonast til að með því að halda uppboðið á netinu muni það ná til stærri hóps sem hafi áhuga á að rekta íslenskt



Íslenskt sauðfé í Westshield í Skotlandi. Breskir bændur hafa hrifist mjög af íslensku sauðkindinni og hafa nú áhuga á að flytja inn sæði úr íslenskum hrútum til að efla ræktunina.

Mynd / Lydia Austin.

fé á Bretlandseyjum því eftirspurnin sé greinilega að aukast.

Innflutningur á sæði

James Rogerson, áhugamaður um íslenskt sauðfé á Bretlandseyjum, sagði í samtali við Bændablaðið að það sem stæði ræktun á íslensku fé fyrir þrifum á Bretlandseyjum væri skortur á hrútum.

„Vandamálið er að finna hrúta til undaneldis sem eru ekki of skyldir ánum. Ræktendur lána hver öðrum hrúta en því miður eru góðir hrútar oft sniðgengnir til að forðast skyldleikarækt.“

Ég veit því að það er talsverður áhugi á að flytja inn sæði frá Southram, (eða Búnaðarsambandi Suðurlands) til Bretlands,“ segir James Rogerson,

Dindlastærð skiptir máli

Unnsteinn Snorrason, framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda, segir að vaxandi áhugi breskra sauðfjárbænda á íslensku sauðfé stafi af ýmsum ástæðum.

„Það er almennt talsverður áhugi á sérstökum sauðfjórkyngjum í Bretlandi og margir sem halda litlar hjarðir sér til ánægju. Þá hefur íslenska ullin vakið áhuga margra og ekki spillir fyrir litafjölbreytileikinn.“

Svo má vera að umræða meðal breskra bænda að kynbæta bresku sauðfjórkyngin með stofni sem er með stuttan dindil hafi einhver áhrif. En klippa þarf dindil á sauðfé með langan dindil til að verjast flugum. Aðferðin við það er umdeild. Þetta skiptir miklu máli fyrir markaðinn og kröfur neytenda. Í Nýja-Sjálandi er til dæmis nýlega búið að setja strangari reglur varðandi dindilklippingu.

Hvað svo sem í raun veldur þessum áhuga er ekki gott að segja. En það hefur í gegnum tíðina alltaf verið einhver áhugi á útflutningi á íslensku sauðfé á fæti og einnig á frosnu sæði. Kannski eru að verða til ný sóknarfæri fyrir íslenska sauðfjórætt til framtíðar.“ /VH

FRÉTTIR

Loðdýraskinn:

Bann við sölu loðskinna andstætt fríverslunarsamningi við Bretland

Íslensk stjórnvöld hafa lýst yfir andstöðu við hugmyndir um bann við sölu á loðdýraskinum á Bretlandseyjum.

Slíkt bann gæti að mati Íslands brotið í bága við grundvallarreglur um viðskiptafrelsi og gildandi viðskiptasamninga.

Að því er fram kemur í breska blaðinu Daily Telegraph bauð ráðuneyti umhverfis-, matvæla- og dreifbýlismála í Bretlandi (Defra) utanaðkomandi aðilum að koma sjónarmiðum sínum á framfæri vegna umræðu um mögulegt innflutningsbann á loðdýrafurðir snemmsumars.

Áður hafði verið greint frá því að Carrie Johnson, eiginkona forsætisráðherra Bretlands og yfirlýstur dýraverndunarsinni, og Goldsmith lávarður, ráðherra dýraverndunarmála á Bretlandseyjum, berðust fyrir slíku banni.

Samskipti Íslands og Defra

Samkvæmt upplýsingum frá utanríkisráðuneytinu brugðust íslensk stjórnvöld við málaleitan breska umhverfisráðuneytisins og komu á framfæri almennum sjónarmiðum Íslands í málinu. Þar var bent á að ef innflutningsbann væri lagt á



Íslensk stjórnvöld hafa lýst yfir andstöðu við hugmyndir um bann við sölu á loðdýraskinum á Bretlandseyjum. Myndir / HKr.

væri það andstætt þeim markmiðum sem lagt væri upp með í nýgerðum fríverslunarsamningi Íslands og Bretlands. Afstaða Íslands byggist á grundvallarreglu um viðskiptafrelsi og efni gildandi viðskiptasamninga, það er að ríki ættu frekar að skoða

aðrar leiðir til að ná fram markmiðum sínum áður en gripið er til innflutningsbanns.

Í erindi sem utanríkisráðuneytið sendi til breska umhverfisráðuneytisins og Telegraph hefur undir höndum segir að ráðuneytið vilji koma

því á framfæri að Ísland myndi mótmæla ráðstöfunum sem hamla viðskiptum og koma til framkvæmda án fullnægjandi rökstuðnings.

Í bréfinu kemur fram að bann við sölu loðdýraskinna kunni einnig að brjóta í bága við reglur

Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Þær reglur setja aðildarríkjum stofnunarinnar þröngar skorður þegar kemur að því að banna innflutning á lögmætum framleiðsluvörum.

Kanada fylgist með

Í Telegraph segir að yfirvöld í Kanada hafa lýst því yfir að þau munu fylgjast grannt með þróun á sölu loðdýraskinna á Bretlandseyjum og sagt að þau telji ekki að bann á sölu þeirra sé besta leiðin til að bæta velferð loðdýra. Ábendingin frá Kanada kemur á sama tíma og þjóðirnar eiga í samningaviðræðum um viðskipti upp á um 20 milljarða punda á ári.

Skaðar samskipti við viðskiptalönd

Frank Zilberkweit, formaður bresku loðdýrasamtakanna, segir einnig í Telegraph að samtökin hafi lengi varað við að bann á sölu loðdýraskinna mundi skaða samskipti Breta við nánin viðskiptalönd sín. Þar á meðal Bandaríkin, Kanada, fjölda landa í Evrópu og þar á meðal Ísland. /VH

Heyskap víðast hvar lokið með ágætri uppskeru

Bleytutið á sunnan- og vestanverðu landinu gerir bændum sem ekki höfðu lokið heyskap erfitt fyrir, háin hefur sprettið vel en erfitt að finna heppilegt veður til að slá. Almennt eru bændur búnir með slátt þetta sumarið, en hann hófst seinna en vant er þar sem vorið var sérlega kalt og spretta lítil framan af. Hlýindi á norðan- og austanverðu landinu settu svip sinn á heyskapinn, en sums staðar brunnu tún vegna hita og þurrka.

Sveinn Sigurmundsson, framkvæmdastjóri Búnaðarsambands Suðurlands, segir vorið hafa verið óvenju kalt og spretta allt að hálfum mánuði seinni en í meðalári, en bændur hafi þó náð inn gæðaheymum eftir sumarið. Blaðvöxtur í grösunum var óvenju mikill en magnið í tæpu meðallagi.

„Eftir að hlýnaði tók spretta vel við sér og flestir bændur orðnir vel heyjaðir. En síðasta misserið hefur

verið vætusamt og margir að bíða eftir þurrki til að slá há sem er að spretta úr sér og þreskja kornið,“ segir Sveinn. „Þegar suðvestlægjar áttir ríkja er veður fyrir austan Mýrdalssand bæði hlýrra og sólríkara og bændur þar um slóðir muna vart annað eins sumar eftir að hlýnaði upp úr 20. júní.“

Vætutið seinnipart sumars

Unnsteinn Snorri Snorrason, verkefnastjóri sauðfjárræktar hjá Bændasamtökum Íslands og bóndi á Syðstu-Fossum, segir heyskap hafa gengið misjafnlega á vestanverðu landinu. Áberandi sé hve seinnipartur sumars hafi reynst ódrjúgur með vætutið sem geri að verkum að erfitt sé að ná inn hánni, sem annars er mikil og falleg. Víða í fjórðungnum hafa bændur náð inn góðum heyfeng og eigi það bæði við um magn og gæði. Fáeinir eru



Birnir Hrafn og Pálmar Flóki Sigbjörnssynir hestánægðir með tilveruna enda búið að vera einstaklega sólríkt á Egilsstöðum í sumar. Mynd / Herdis Magna Gunnarsdóttir

enn að bíða færís á að ná inn hánni og gildi það m.a. um bændur á Barðaströnd, en þar hefur veðurfar verið fremur óhagstætt til heyskapa í sumar.

Kúabændur fyrir austan hafa almennt náð góðum heymum

Herdís Magna Gunnarsdóttir, formaður deildar kúabænda hjá Bændasamtökum Íslands og bóndi á Egilsstöðum, segir að heyskapur hafi byrjað með seinna móti á Austurlandi enda

vorið í kaldara lagi þar eins og annars staðar. Þegar leið á sumarið

hófst hitabylgjan fræga með miklu sólskini og þurrkum. Nokkur svæði inn til landsins, Breiðdalur, Fljótsdalur og Jökuldalur sem dæmi fóru verr út úr þurrkunum en önnur svæði og þar var meira um bruna í túnun.

Herdís segir að kúabændur fyrir austan beri sig almennt vel og hafi náði inn miklu og góðu heyi eftir sumarið. Sumarið hafi verið einstaklega sólríkt og því megi búast við að heyið verði sykurríkt og gott fyrir kýrmar, segir hún. /MPÞ

TILBOÐ Á GARÐHÚSUM!
TIL Á LAGER

VANTAR ÞIG PLASS?

NAUST - 14,44 fm

Tilboðsverð
449.400 kr.

Ítarlegar upplýsingar og teikningar ásamt ýmsum öðrum fróðleik má finna á vef okkar

www.kofaroghus.is - Sími 553 1545

30% afsláttur

Afar einfalt er að reisa húsin okkar. Uppsetning tekur aðeins einn dag

KOFAR OG HÚS



Unnsteinn Snorri Snorrason.



Herdís Magna Gunnarsdóttir.



Kjósum VG 25. september

Það skiptir máli hver stjórnar

Styrkjum nýsköpun og menntun.
Tryggjum fæðuöryggi og styðjum
betur við innlenda matvælaframleiðslu,
þar á meðal lífræna framleiðslu.

Tryggjum áfram **lága vexti** og sterka
velferð til að íslenskur landbúnaður
geti **dafnað** á næstu árum.



XV
25. sept.

FRÉTTIR



Því verður fylgt strangt eftir að við réttarstörf séu ekki fleiri en 300 manns.

Sóttvarnaleiðbeiningar vegna gangna og rétta: Fjöldi takmarkaður við 300 manns

– Mælst til þess að gestir komi ekki til réttastarfa

Sóttvarnaleiðbeiningar vegna gangna og rétta hafa verið gefnar út. Heilbrigðisráðuneytið hefur gefið út almenna undanþágu varðandi fjöldatakmörkunir í réttum á öllu landinu á grundvelli þess að um kerfislega og efnahagslega mikilvæga starfsemi sé að ræða og verða fjöldatakmörkunir því miðaðar við 300 manns en ekki 200 eins og almennt tíðkast.

Ef ekki er hægt að tryggja framkvæmd gangna og rétta miðað við 300 manns þarf að sækja um undanþágu. Vegna fjöldatakmörkana er mælst til þess að gestir komi ekki til réttastarfa.

Því verður fylgt strangt eftir að við réttarstörf séu ekki fleiri en 300 manns. Fjöldatakmörkun tekur ekki til barna sem fædd eru 2016 eða síðar. Eins metra fjarlægðartakmörk eru innan dyra.

Grundvallarsmitgát gagnvart öllu fólki

Í leiðbeiningunum eru tilmæli um að grundvallarsmitgát sé alltaf viðhöfð gagnvart öllu fólki. Varðandi þrif og umgengi í fjallaskálum er lögð áhersla á að lofta vel út og þrifa umhverfi því smitefni frá þeim sem eru hugsanlega sýktir geti breiðst út við hósta og hnerra og sest á yfirborð í umhverfinu.

Nálgast má leiðbeiningarnar á vef Bændasamtaka Íslands, bondi.is, þar sem gátlistar fyrir göngur og réttir eru að finna.

Leiðbeiningarnar voru unnar í samstarfi almanna- og sóttvarnalæknis, Landssamtaka sauðfjárbænda, Bændasamtaka Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

/smh

Reiknað afurðaverð í krónum fyrir hvert kíló

Sláturleyfishafi	Dilkar				Fullorðið			
	2019	2020	Breyting milli ára	2021	2019	2020	Breyting milli ára	2021
Fjallalamb	456	486	+7,0%	520	121	119	0,1%	120
Kaupfélag Skagfirðinga	480	507	+6,2%	538	138	140	0,1%	140
Norðlenska	461	504	+5,8%	533	111	113	+2,4%	115
SAH afurðir	462	502	+6,1%	533	114	115	0,1%	115
Sláturfélag Suðurlands	465	504	+5,6%	532	123	122	+3,3%	126
Sláturfélag Vopnfirðinga	467	506	+5,3%	533	117	118	0,1%	118
Sláturhús KVH	480	507	+6,2%	538	138	140	0,1%	140
Landsmeðaltal	469	504	+5,6%	532	125	124	+1,5%	125

Heimild: Bændasamtök Íslands

Útreikningar birtir með fyrirvara um villur. Komi í ljós innsláttarvillur, misfellur eða önnur augljós mistök áskilja Bændasamtök Íslands sér rétt til að leiðrétta og uppfæra útreikninga til samræmis við þær leiðréttingar hverju sinni.

SS, Norðlenska og SAH afurðir hækka afurðaverðskrár

– Landsmeðaltalshækkunin komin í 5,6 prósent fyrir dilka

Afurðaverðskrár Sláturfélags Suðurlands, Norðlenska og SAH afurða, vegna sauðfjárlátrunar haustið 2021, hafa verið hækkaðar.

Með þeim breytingum er landsmeðaltalshækkunin, á reiknað afurðaverð fyrir dilka, orðin 5,6 prósent.

Fjallalamb hækkar mest

Verðskrárnar nú eru reyndar örlítið frábrugðnar frá því yfirliti sem birtist í síðasta Bændablaði, þar sem búið er að uppfæra forsendur sem notaðar eru við útreikninga. Í fyrri útreikningum var byggt á niðurstöðum slátrunar haustið 2019.

Nú er búið að uppfæra þessar tölur og útreikningar byggðir á niðurstöðu slátrunar haustið 2020. Því lækkar reiknað afurðaverð örlítið í flestum tilvikum.

Í tilvikum Fjallalamb er þó örlítill hækkun og er breytingin milli ára hæst þar, eða sjö prósent.



Kaupfélag Skagfirðinga og Sláturhús KVH greiða mest

Hæsta afurðaverð fyrir hvert kíló

dilka greiða Kaupfélag Skagfirðinga og Sláturhús KVH, eða 538 krónur, og einnig fyrir fullorðið, eða 140 krónur á kíló. /smh

Bæjarráð Ölfuss og Hveragerðisbær:

Vilja að tilraunastöðin á Keldum verði flutt

Nokkur óvissa hefur verið um framtíð tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræðum sem starfrækt hefur verið á Keldum í Reykjavík í um 70 ár.

Nú hefur bæjarráð Ölfuss samþykkt að fela bæjarstjóra að óska eftir viðræðum við menntamálaráðherra um að tafarlaust verði hafist handa við að finna stofnuninni heppilega lóð í sveitarfélaginu.

Tilraunastöðin á Keldum sinnir meðal annars rannsóknum, þjónustu og vöktun á dýrasjúkdómum og þjónustu við landbúnað og fiskeldi.

Land tilraunastöðvarinnar ætlað að fjármagna borgarlínu

Starfsemi er nú í uppnámi þar sem ríkið hefur samþykkt að færa eignarhald á landi Keldna undir félagið „Betri samgöngur“ til að fjármagna borgarlínu.

Af þessu tilefni hefur bæjarráð Ölfuss samþykkt að fela bæjarstjóra að óska eftir viðræðum við menntamálaráðherra með það að leiðarljósi að stofnunin flytji alla sína starfsemi í Ölfusið á næstu þremur árum.

Hveragerðisbær bendir á Reyki

Bæjarráð Hveragerðisbæjar hefur tekið undir bókun bæjarráðs Ölfuss og vill að starfsemi á Keldum verði flutt að Reykjum í Ölfusi þar sem Landbúnaðarháskóli Íslands er



Keldnalandið.

Mynd / Jenna Film

með garðyrkjustarfsemi sína þar í dag.

Í bókun bæjarráðs Hveragerðisbæjar vegna málsins segir til dæmis:

„Bæjarráð samþykkir tillöguna samhljóða og felur bæjarstjóra að kynna hana fyrir öllum sem koma að umræddu máli og jafnframt að benda aðilum á að á svipuð-

um slóðum, eða í Keldnaholti, fer fram viðamikil starfsemi Landbúnaðarháskóla Íslands sem einnig er í uppnámi verði áform tengd borgarlínu að veruleika.

Sú starfsemi ætti vel heima að Reykjum, á landi í eigu ríkisins, í túnfæti höfuðborgarsvæðisins þar sem rík hefið er fyrir rannsóknarstarfi og kennslu.“ /MHH

Bændablaðið leitar að AUGLÝSINGASTJÓRA

Bændasamtök Íslands leita af öflugum einstakling í þéttan starfshóp útgáfusviðs til að sinna auglýsingamálum Bændablaðsins, á starfsstöð þess á höfuðborgarsvæðinu. Starfið kallar á skipulagshæfileika og mikla yfirsýn.

Starfið felur í sér:

Samskipti við auglýsendur og viðskiptavini Bændablaðsins. Sala auglýsinga í prentútgáfu, vef og hlaðvarp útgáfusviðs. Gerð auglýsingasamninga, reikningagerð og allt utanumhald um birtingar s.s. innheimtu auglýsinga og innsetning auglýsinga í blað, á vef og í hlaðvarp.

Hæfniskröfur:

- Menntun sem nýttist í starfi.
- Drifkraftur, frumkvæði og fagmennska.
- Góð mannleg samskipti og sjálfstæð vinnubrögð.
- Þekking á Dk hugbúnaðakerfi og vefumsjónarkerfum, InDesign og/eða öðrum uppsetninga- og hönnunarforritum s.s. Photoshop, Illustrator og Audition.
- Áhugi og þekking á sölumennsku og landbúnaðarmálum er mikill kostur.

Umsókn um starfið þarf að fylgja starfsferilsskrá auk kynningarbréfs. Upplýsingar um starfið veitir Vigdís Häsler framkvæmdarstjóri Bændasamtakanna.

Umsóknir, merktar **Umsókn um starf auglýsingastjóra**, berist eigi síðar en **15. september nk.** á netfangið vigdis@bondi.is

Bændablaðið er málagn bænda og landsbyggðar og kemur út hálfsmánaðarlega í prentformi. Auk þess heldur blaðið úti vefsíðunni bbl.is og Hlöðunni, hlaðvarpi Bændablaðsins.

D

Virkjum frjálst framtak bænda

Einföldum regluverkið.
Nýtum tækifærin í nýsköpun,
landnýtingu og loftslagsmálum.

Bændablaðið

– Mál gagn bænda og landsbyggðar –

Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – Sími: 563 0339

Blaðamenn: Erla Hjördis Gunnarsdóttir ehg@bondi.is – Guðrún Hulda Pálsdóttir ghp@bondi.is – Margrét Þóra Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is –

Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is

Auglýsingstjóri: Guðrún Hulda Pálsdóttir ghp@bondi.is – Sími: 563 0303 – Netfang auglýsinga: augl@bondi.is – Vefur blaðsins: www.bbl.is – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) bbl@bondi.is

Frágangur fyrir prentun: Ágústa Kristín Bjarnadóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsiðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

SKOÐUN

Öfgar og ofstæki

Hinn 25. september ganga Íslendingar að kjörborðinu og kjósa fulltrúa sína til setu á Alþingi. Þetta er hluti af því lýðræðiskerfi sem við höfum komið okkur upp. Miðað við framgang og vald sem samfélagsumræðan hefur verið að taka sér mætti ætla að slíkar kosningar séu tímasekkja og hreinn óþarfi.

Lýðræði er vítt hugtak yfir þær stjórnmálaflokkar sem byggja á þátttöku almennings í ákvörðunum er hann varðar. Þar er gengið út frá að valdið í tilteknu samfélagi manna eigi sér frumþoppsett hjá fólkinu. Fyrir á öldum, allt fram að nútímanum, var fullveldi talið til óskoraðs guddómlegs valds konunga á Vesturlöndum. Enn fela menn sig víða á bak við ósýnilegan guð sem réttlætningu fyrir settum reglum líkt og talibanar hafa innleitt með shariálgöllum í Afganistan.

Franska byltingin á á árunum 1789–1795 markaði tímamót í mótun lýðræðis eins og við þekkjum það. Á Íslandi höfum við valið þá leið að velja okkar fulltrúa á fjögurra ára fresti til að fara með vald almennings og er það nefnt fulltrúalýðræði.

Ein birtingarmynd andstæðu við fulltrúalýðræðið er stjórnsýslisstefna, eða „anarkismi“. Miðað við þróun umræðu á samfélagsmiðlum undanfarið ár og misseri og hverjir hafa sig þar mest í frammi mætti ætla að sambland stjórnsýslisstefnu og öfgafullrar rétttrúnaðarhyggju njóti sívaxandi fylgis á Íslandi. Svo mikið virðist vald slíkra hópa orðið að lög sem sett hafa verið af lýðræðislega kjörnum fulltrúum þjóðarinnar eru að engu höfð. Það sem meira er, að farið er að reka og ráða fólk og stjórnir félaga á samfélagsmiðlum og kalla ævarandi fordæmingu yfir þá sem ekki bugta sig og beygja fyrir þessu nýja valdi. Þeir eru útskýfandi úr mannlegu samfélagi og nánast rétttrúnaðarhyggju og þekktist í fordæmingarherferðum brennialdar þar sem fólk var brennt á báli oftast fyrir upplognar sakir og múgsefjun. Slíkt var tíðkað á Íslandi frá 1625 til 1690.

Í fordæmingarherferð á samfélagsmiðlum skortir yfirleitt ekkert á réttlætningu frekar en við galdrabrennurnar forðum. Öllu er þessu svo pakkað inn í fallegar umbúðir og sagt gert í nafni göfugra málfeina og mannréttinda af öllu lagi.

Það er dapurlegt að horfa og hlusta á fólk réttlæta þessar gjörðir og enn dapurlegra að hlusta á kjörna fulltrúa á Alþingi taka undir slíka umræðu. Þá spyr maður sig: hvert er okkar lýðræðiskerfi komið?

Það er því ekki skrítið að hugsandi fólki sé misboðið, eins og Guðmundi Oddssyni, fyrrverandi skólastjóra, í grein sem hann ritaði og birtist í Morgunblaðinu 8. september. Hann sagði þar m.a.:

„Stundum setur mann hljóðan þegar maður hlustar á hina svokölluðu áhrifavalda. Þeim virðist ekkert óviðkomandi og hika ekki við að tjá skoðanir sínar með slíkum ofstopa að furðu sætir. Flestir þessara áhrifavalda kenna sig við femínista og hafa ákveðið hvað sé rétt eða rangt í þjóðfélaginu. Það er engu líkara en flestir forfeður okkar hafi verið miklir ofbeldismenn og ruddar í þeirra augum.“

Hann vísar líka í umræður í Kastljósþætti þar sem „áhrifavaldur“ lýsti þeirri skoðun sinni að sá sem brotið hefði af sér gagnvart annarri persónu skyldi nánast bannfærður það sem hann ætti eftir ólifað. Gilti þá einu hver ætti í hlut. Guðmundur spyr hvort við séum virkilega komin á sama stað og talibanarnir, þar sem dómharka og ofstæki ráða för.

„Ef þessir síðapostular sem nú tröllríða samfélagsmiðlum og fordæma allt og alla halda áfram sinni iðju, þá er full ástæða til að taka undir með skáldinu, sem sagði: „Ég á satt að segja ekkert einasta andskotans orð.“

/HKr.

Ný verkefni í landbúnaði kalla á uppstokkun í stjórnsýslu

Gunnar Þorgeirsson

formaður Bændasamtaka Íslands
gunnar@bondi.is



Þegar tvær vikur eru til kosninga, sem haldnar verða 25. september næstkomandi, er baráttan að ná hámarki. Tíu flokkar eru í framboði að þessu sinni og í síðasta mánuði var öllum framboðum boðið að þiggja kynningu frá Bændasamtökunum og hlýða á áherslur samtakanna í aðdraganda kosninga.

Einungis einn stjórnmálaflokkur hafði strax samband og óskaði eftir kynningu og samtali við sérfræðinga hjá Bændasamtökunum. Annað boð var sent út í liðinni viku á framboðin og fleiri flokkar eru væntanlegir.

Fyrir hönd þeirra þúsunda bænda sem eru meðlimir í Bændasamtökunum viljum við fá áheyrn til þess að kynna hagsmunum bænda. Þannig getum við vonandi vakið áhuga framboðenda á landbúnaðarmálum. Mikið er í húfi, enda ljóst að endurnýjun á þingi í haust verður umtalsverð og ný þingmannsefni munu fá það hlutskipti að vinna að nýjum búvörusamningum.

Munu framboðendur leggja fram sinn skerf í þágu íslensks landbúnaðar?

Áherslur Bændasamtakanna eru þau atriði sem við teljum að hafi úrslitaáhrif á afkomumál íslenskra bænda til lengri tíma. Síðustu tíu ár hafa markast af stefnuleysi og viðbrögðum við aðstæðum í stað skipulegrar sýnar til lengri tíma. Þetta hefur skilað sér í vöndri afkomu í sauðfjárrækt og í framleiðslu nautakjöts. Þess vegna telja Bændasamtökin að setja þurfi Landbúnaðarstefnu sem staðfest sé af Alþingi. Þessa stefnu þarf að setja áður en hafist er handa við að ræða breytingar á fyrirkomulagi

styrkja til landbúnaðar eða einstaka þætti búvöruframleiðslu.

Umhverfis- og loftslagsmálin verða ein af stóru málaflokkum Bændasamtakanna á komandi árum. Samtökin hafa sett sér Umhverfisstefnu til ársins 2030. Ný skýrsla IPCC hvetur okkur til að hraða enn frekar aðgerðum, enda stefni í að breytingarnar verði hraðari og meiri en áður var talið. Breytingarnar finnum við á eigin skinni þessi misserin. Landbúnaðurinn ber hér ábyrgð eins og aðrir í samfélaginu. Í nágildandi aðgerðaráætlun er gert ráð fyrir 5% samdrætti í losun fram til ársins 2030 – en ljóst er að ef að auka á aðgerðir á landsvísi mun hlutur landbúnaðar aukast.

Bí og Landssamtök skógareigenda hafa stofnað með sér félag, Kolefnisbrúna. Markmið Kolefnisbrúarinnar er að tengja saman þá sem þurfa að auka bindingu og þá sem geta aukið bindingu. Kolefnisbrúin mun vinna með landeigendum að því að framleiða nýja búvöru, vottaðar kolefniseiningar. Þær verður hægt að nýta í þágu eigin rekstrar til kolefnisjöfnunar eða til þess að selja á markaði til fyrirtækja sem vilja jafna sína losun. Undirbúningi er að mestu lokið (staðlar, úttektir, vottun o.fl.) og næstu skref er að fá landeigendur og fyrirtæki inn í verkefni. Með því að styðja við brúarsmíði bænda geta stjórnmálamenn stuðlað að árangri í loftslagsmálum, aukinni atvinnu í dreifbýli og fjölbreyttari tekjumöguleikum.

Skýra þarf viðskiptakjör íslensks landbúnaðar

Stjórnvöld hafa þegar óskað eftir endurskoðun á tollasamningi við ESB enda er hann afar óhagstæður íslenskum landbúnaði og matvælaíðnaði. Endurmeta þarf útflutningsheimildir í samráði við afurðastöðvar. Taka þarf tillit til útgöngu Bretlands úr ESB

og endurmeta þarf hlutföll innflutnings á hvorn markað fyrir sig og bera saman við aðra samninga. Til að mynda gáfu íslensk stjórnvöld eftir tíu sinnum meira magn af innanlandsmarkaði gegn útflutningi í samningi við ESB heldur en í nýlegum samningi við Bretland.

Bændur eru ekki á móti fríverslun – þeir eru hins vegar á móti ósanngjörnum viðskiptasamningum þar sem hagsmunum innlendirar framleiðslu og launþega er fórn. Til þess að Ísland geti gert hagstæða viðskiptasamninga þurfa forsunder þeirra að hvíla á traustum grunni. Sá grunnur verður ekki byggður nema í samtali.

Nátengt viðskiptasamningum eru markaðsmálin. Auka þarf sýnileika og markaðshlutdeild íslenskra afurða hjá neytendum. Tengja þarf neytendur betur við frumframleiðendur og auka verðmæti innlendirar afurða. Taka þarf á villandi merkingum þannig að neytendur þurfi ekki að hafa stækkunargler meðferðis til þess að rannsaka uppruna matvæla sem þeir versla.

Að lokum

Ný verkefni í landbúnaði kalla á uppstokkun í stjórnsýslu. Það er ekki hægt að takast á við fjölbreyttar áskoranir þessarar aldar með því að þyrlla stjórnsýslu landbúnaðarmála milli margra ráðuneyta. Bændur hafa tekið til heima hjá sér með því að sameina alla bændur í ein samtök. Nú er komið að stjórnsýslunni að taka til hjá sér.

Við viljum sjá stofnun sérstaks ráðuneytis landbúnaðarmála. Við viljum sjá tilfærslu á málaflokkum á milli ráðuneyta þannig að skógrækt og landgræðsla færast úr umhverfisráðuneytinu yfir í nýtt ráðuneyti landbúnaðarmála og skipulagsmálunum sem eiga heima í ráðuneyti sveitarstjórnar og byggðarmála.

ÍSLAND ER LAND PITT



Ófeigsfjörður er fjörður í Strandasýslu, á milli Ingólfsfjarðar að sunnan og Eyvindarfjarðar að norðan. Fjörðurinn er kenndur við Ófeig Herröðarson landnámsmann, bróður Eyvindar og Ingólfs, sona Herröðar hvítaskýs. Fjörðurinn er nú í eyði og er þar einungis sumarabúð afkomenda Ófeigsfjarðarbænda en húsum er haldið vel við á staðnum. Í firðinum endar vegurinn norður Strandir. Tvær stórar ár renna í fjörðinn en það eru Húsá og Hvalá.

Mynd / Hörður Kristjánsson

Smalað í Hrútatungurétt



Það var margt um manninn í réttunum í stilltu og fallegu veðri. Réttir eru alltaf mikil mannabót og gaman að sjá hvað margir klæðast íslenskum lopapeysum.

Fyrstu haustréttir landsins fóru fram laugardaginn 4. september og standa nú réttir sem hæst yfir víða um land.

Hrútatungurétt í Hrutafirði var ein af þeim réttum sem réttad var í 4. september. Um fjögur þúsund fjár voru í réttunum og komu lömbin vel holduð og falleg af fjalli.

Magnús Hlynur Hreiðarsson var í réttunum og tók meðfylgjandi ljósmyndir.



Bændur voru ánægðir með það hvað lömbin komu falleg af fjalli.



Kvenfélag Staðarhrepps sá um kaffiveitingarnar í réttarhléinu af sínum myndarskap.



Það á að vera gaman og það er gaman í réttum. Hér að ofan er Anna Björk Björgvinsdóttir að draga fyrir Þróddsstaði.

Stundum þarf að bera lömbin í dilkana sína, hér hefur Sigurbjörg Þorsteinsdóttir á Reykjum brugðið á það ráð.



Það er mjög mikilvægt að skoða mörkin vel þannig að kindurnar fari nú örugglega í réttan dilk.



Ómar Elí Fannarsson, sjö ára, var að fara í sínar fyrstu réttir. Honum fannst ótrúlega gaman í réttunum og fékk stundum aðstoð ömmu sinnar við að draga.

MÆLT AF MUNNI FRAM

281

Í gömlu hefti af „Íslensk myndni“ sem Gunnar Sigurðsson frá Selalæk safnaði og gaf út, er að finna margt skoplegt, bæði sögur og kveðskap. Margt af kveðskap í hefti því sem hér verður vitnað til, er í hæsta máta furðulegt og ekki auðskilið. Því verður þessi vísnaþáttur slíku marki brenndur.

Magnús nokkur Teitsson var á leið í verið út í Þorlákshöfn. Samferðamenn hans héldu á mötu hans. Magnús orti:

*Óðum hnígur sól í sjá,
sviptur er ég þínu.
Herrar góðir haldið á
hangikjöti mínu.*

Og hinn sami Magnús Teitsson orti einnig:

*Fríðri ann ég baugabru
bröttu á Ísastræti.
Hún fór þversum. – Hana nú!
Hvaða bölvuð læti.*

Til ungmeyjar orti Magnús þessi huggunarorð:

*Þú ert ekki, Þura, stillt,
þegnum sýnir hrekki.
Stríðir þú við stuttan pilt,
en strákurinn vill þig ekki.*

Stefán frá Hvítadal var orðinn uppi-skroppa með áfengi. Í eina tíð mátti í nauðum reiða sig á heilbrigðisstéttina:

*Elli veldur, að ég finn
enga náð hjá snótum.
En Guði sé lof, að læknerinn
lifir- og er á fótum.*

Ljóttunn á Hæli í Flókadal kvað um dætur sínar: (Stuðlafall)

*Tindabikkjur tvær á rokkinn spinna,
önnur hör, en önnur band,
úr þeim freyðir mikið hland.*

Önnur systranna svaraði vítum móðurinnar:

*Fyrst þú getur engu eirt,
utan það að skamma,
betur væri kefli keyrt
í kjaftinn á þér, mamma!*

Óvíst er um höfund þessarar vísu:

*Oft hafa slysin ungmeyjar hent
og afvegaleitt, þó góð sé þeirra artin.
Nú hefur Beta mín brotnað í tvennt,
og bágt að vita, hver á annan partinn.*

Eftir Lúðvík Blöndal er þessi vísa. Hana mætti örugglega nota enn í dag í samninga-viðræðum inni á heimilinu:

*Best er að drekka brennivín
og bindindinu fleygja.
Heyrirðu ekki, heillin mín,
hvað ég er að segja?*

Maður nokkur var valkókandi kringum vinnukonurnar. Karl H. Bjarnason orti:

*Erlendur er úti að gá
eftir vinnukonum.
Það er ekki sjón að sjá
samvísuna í honum.*

Ekki þótti ráðlegt neinum presti að sækja um Odda á Rangárvöllum. Tómas Tómasson frá Reyðarvatni orti:

*Um Oddann sækja eg engum ræð,
sem álit vill ei missa.
Svo er lygin sögð þar skæð,
að Sigurbór er hissa.*

Sumar vísur þessa heftis eru bráðfyndnar. Stefán Jónsson fréttamaður orti:

*Þeir yfirgefa hann einn og tveir,
unz á hann sitt fylgi í skjónum,
en Alþýðuflokkurinn fríkkar því meir
því færri sem eru í' honum.*

Umsjón:
Árni Geirhjórtur Jónsson
kotabyggð1@gmail.com



FRÉTTIR



Samiðn gagnrýnir einnig þann tvískilning sem er að eiga sér stað hjá stjórnvöldum, þ.e. menntamála- og menningarmálaráðherra talar um mikilvægi iðnnáms en á sama tíma er atvinnu- og nýsköpunarráðherra í þeirri vegferð að veða að löggildingu iðnaðarmanna.

Mynd / HKR.

Samiðn gagnrýnir harðlega stöðu iðnnáms á Íslandi

– 700 umsækjendur komast ekki í iðnnám

Miðstjórn Samiðnar kom nýlega saman þar sem kom hörd gagnrýni fram vegna stöðu iðnnáms hér á landi. Í ályktun miðstjórnar kemur fram að staðan sé orðin mjög alvarleg þegar 700 umsækjendur fá ekki inngöngu í iðnnám. Þar eiga 18 ára og eldri nánast engan möguleika á að komast í iðnnám og er það algerlega óviðunandi.

Að sama skapi gerir Samiðn athugasemdir við þá vegferð sem stjórnvöld eru í varðandi löggildingu iðngreina. Þar styður ríkisstjórnin sig við skýrslu OECD varðandi afnám löggildingar í ákveðnum iðngreinum. Það vekur athygli að OECD horfði í skýrslu sinni einngöngu til iðngreina, en ekki annarra stétta sem búa við lögverndun. Enn og aftur er því verið að ráðast að iðngreinum. Samiðn gagnrýnir einnig þann tvískilning sem er að eiga sér hjá stjórnvöldum, þ.e. menntamála- og menningarmálaráðherra talar um mikilvægi iðnnáms en á sama tíma er atvinnu- og nýsköpunarráðherra í þeirri vegferð að veða að löggildingu iðnaðarmanna. Það sýnir hversu ósamstiga stjórnvöld eru í þessum málaflökki.

„Hér er einnig um brýnt neyendamála að ræða. Neytendur verða



Hilmar Harðarsson, formaður Samiðnar, er mjög ósáttur við stöðu iðnnáms á Íslandi eins og félagar hans í miðstjórn Samiðnar. Mynd / Aðsend

að geta gengið að því vísu að þjónusta iðnaðarmanna uppfylli gæðakröfur. Mikilvægt er að tryggja að þeir sem starfi á þessu sviði séu hæfir til að sinna þeim störfum og hafi lokið viðeigandi námi sem viðurkennt er af yfirvöldum. Það gefur augaleið að afleiðingar af óviðunandi þekkingu og hæfni til að vinna þau störf geta verið mjög alvarlegar,“ segir Hilmar Harðarsson, formaður Samiðnar.

/MHH

Úthlutun tollkvóta landbúnaðarafurða frá ESB:

Magnið aukist um ríflega tvö þúsund tonn frá 2018

– Ekran fékk tæpan þriðjung af kjötkvótanum

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur birt niðurstöður úthlutunar á tollkvótum frá Evrópusambandinu á landbúnaðarafurðum fyrir tímabilið 16. september til 31. desember 2021. Ekran ehf. er aðsópsmest varðandi kjötvörur, með tæplega þriðjung af úthlutaðum kjötkvóta. Innnes ehf. fékk mest af þeim kvóta sem var til úthlutunar fyrir osta og ysting, um tuttugu prósent.

Magnið sem var til úthlutunar á þessu ári er 270 tonnum meira en á síðasta ári, en 2.244 tonnum meira en á árinu 2018 þegar tollasamningurinn við ESB tók gildi.

Samkvæmt upplýsingum af vef atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins bárust samtals 24 gild tilboð í tollkvótana, en þeim er nú í fyrsta sinn úthlutað í gegnum vefkerfið tollkvóti.is.

Þetta er þriðja og síðasta úthlutun ársins og voru alls 3.812 tonn til úthlutunar á árinu samanborett við 3.542 tonn á síðasta ári.



Þróun magns tollkvóta á ársgrundvelli síðastliðin fjögur ár, auk þróunar á vegnu meðalútbodsgjaldi. Mynd / ANR

Innleiðing á auknum tollkvóta lokið

Þar með lýkur innleiðingu á auknum tollkvóta á grundvelli samnings Íslands og Evrópusambandsins um viðskipti með landbúnaðarvörur sem tók gildi 1. maí 2018, eins og fram kemur á vef ráðuneytisins.

Meðalútbodsgjald hefur lækkað



Mynd / KWON JUNHO - Unsplash

þó nokkuð samhlíða auknum tollkvótum. Skýringin er sögð vera sú, að líklegra sé að lægri tilboð séu samþykkt með auknu magni í núgildandi útbodsfyrirkomulagi. „Samantlagt útbodsgjald sem innheimt hefur verið á tímabilinu hefur þannig haldist nokkuð milli ára þrátt fyrir að tollkvótar hafi ríflega tvöfaldað,“ segir á vef ráðuneytisins.

/smh

Kjöt af nautgripum

Magn (kg)	Tilboðsgjafi
20.000	Aðföng
25.000	Danól ehf
92.950	Ekran ehf
10.000	Garri ehf
35.000	Innnes ehf
26.000	Kjötmarkaðurinn ehf
6.000	Krónan hf
50	Mata ehf
10.000	Samkaup hf
7.000	Sælkeradreifing ehf

Tölf tilboð bárust í tollkvóta vegna innflutnings á nautgripakjöti, samtals 548.050 kg. á meðalverðinu 173 kr./kg. Hæsta boð var 455 kr./kg. en lægsta boð var 0 kr./kg. Tilboðum var tekið frá tíu fyrirtækjum um innflutning á 232.000 kg. á meðalverðinu 328 kr./kg.

Kjöt af alifuglum nýtt, kælt, fryst, lífrænt ræktað/lausagöngu

Magn (kg)	Tilboðsgjafi
63.000	Ekran ehf
3.000	Krónan hf

Fjögur tilboð bárust í tollkvóta vegna innflutnings á alifuglakjöti, lífrænt ræktað/lausagöngu, samtals 155.000 kg á meðalverðinu 101 kr./kg. Hæsta boð var 249 kr./kg en lægsta boð var 1 kr./kg. Tilboðum var tekið frá tveimur fyrirtækjum um innflutning á 66.000 kg á meðalverðinu 228 kr./kg.

Pylsur og þess háttar vörur

Magn (kg)	Tilboðsgjafi
10.000	Aðföng
1.000	Danól ehf
3.000	Ekran ehf
2.200	Family Ink ehf
500	Innnes ehf
800	KFC ehf
2.000	Krónan hf
500	Karl K. Karlsson – Bakkus ehf
23.000	Market ehf
40.000	Mini Market ehf
1.000	Sælkeradreifing ehf

Þrettán tilboð bárust í tollkvóta vegna innflutnings á pylsum og þess háttar vörum úr kjöti úr vörulið 1601, samtals 209.700 kg. á meðalverðinu 93 kr./kg. Hæsta boð var 401 kr./kg. en lægsta boð var 0 kr./kg. Tilboðum var tekið frá ellefu fyrirtækjum um innflutning á 84.000 kg. á meðalverðinu 215 kr./kg.

Svinakjöt, nýtt, kælt eða fryst

Magn (kg)	Tilboðsgjafi
5.000	Danól ehf
53.571	Ekran ehf
36.000	Kjarnafæði hf
4.000	Kjötmarkaðurinn ehf
75.429	Mata ehf
60.000	Stjörnugrís ehf

Tíu tilboð bárust í tollkvóta vegna innflutnings á svinakjöti, samtals 752.003 kg. á meðalverðinu 124 kr./kg. Hæsta boð var 252 kr./kg en lægsta boð var 0 kr./kg. Tilboðum var tekið frá sex fyrirtækjum um innflutning á 234.000 kg. á meðalverðinu 216 kr./kg.

Ostur og ystingur – vöruliður 0406

Magn (kg)	Tilboðsgjafi
40.000	Aðföng
1.000	Garri ehf
25.000	Innnes ehf
8.000	Krónan hf
10.000	Mjólkursamsalan
36.000	Natan & Olsen
3.500	Samkaup sf
2.500	Sælkeradreifing ehf

Þrettán tilboð bárust í tollkvóta vegna innflutnings á ostum og ystingi á vörulið 0406, samtals 333.000 kg. á meðalverðinu 386 kr./kg. Hæsta boð var 850 kr./kg. en lægsta boð var 0 kr./kg. Tilboðum var tekið frá átta fyrirtækjum um innflutning á 126.000 kg. á meðalverðinu 714 kr./kg.

Annað kjöt, hlutar úr dýrum

Magn (kg)	Tilboðsgjafi
40.000	Aðföng
6.000	Danól ehf
7.000	Ekran ehf
50.000	Innnes ehf
5.000	KFC ehf
7.500	Mini Market ehf
1.500	Nautica ehf
5.000	Stjarnan ehf
12.000	Sælkeradreifing ehf

Fimmtán tilboð bárust í tollkvóta vegna innflutnings á öðru kjöti, á vörulið 1602, samtals 411.500 kg. á meðalverðinu 240 kr./kg. Hæsta boð var 601 kr./kg. en lægsta boð var 0 kr./kg. Tilboðum var tekið frá níu fyrirtækjum um innflutning á 134.000 kg. á meðalverðinu 408 kr./kg.

Kjöt af alifuglum, nýtt, kælt eða fryst

Magn (kg)	Tilboðsgjafi
89.823	Ekran ehf
2.000	Garri ehf
66.946	Innnes ehf
4.000	Kjötmarkaðurinn ehf
86.231	Mata ehf
20.000	Stjörnugrís ehf
17.000	Sælkeradreifing ehf

Þrettán tilboð bárust í tollkvóta vegna innflutnings á alifuglakjöti, samtals 959.000 kg á meðalverðinu 298 kr./kg. Hæsta boð var 460 kr./kg en lægsta boð var 0 kr./kg. Tilboðum var tekið frá sjö fyrirtækjum um innflutning á 286.000 kg á meðalverðinu 421 kr./kg.

Ostur og ystingur úr vörulið ex0406 (**)

Magn (kg)	Tilboðsgjafi
11.400	Danól ehf
11.400	Innnes ehf
11.400	Krónan hf
3.000	Mata ehf
11.400	Mjólkursamsalan
11.400	Samkaup hf
10.000	Stjörnugrís ehf
6.000	Sælkeradreifing ehf

Sjö umsóknir bárust um tollkvóta vegna innflutnings á ostum og ystingi úr vörulið ex 0406 (**) samtals 403.400 kg. Á grundvelli 5. gr. reglugerðar nr. 600/2021 er tollkvóta úr vörulið ex0406 úthlutað með hlutkesti og er hámark úthlutunar til hvers fyrirtækis 15% af heildarmagn tollkvótans. Samtals var úthlutað 76.000 kg., til átta fyrirtækja. (***) skráð í samræmi við reglugerð ráðsins (EB) nr. 1151/2012 um vernd landfræðilegra merkinga og uppruna landbúnaðarafurða og matvæla.

Pinnabyssur og púðurskot

Boltabyssur



Skot í rotara

Kíktu inn á www.kb.is



Egilsholti 1, 310 Borgarnesi
Sími 430 5500, www.kb.is



Miðflokkurinn stendur vörð um íslenskan landbúnað

STEFNA

Miðflokkurinn stendur með íslenskum bændum og íslenskum landbúnaði.

Miðflokkurinn ætlar að efla íslenskan landbúnað.

Miðflokkurinn ætlar að endurvekja Landbúnaðarráðuneytið.

Miðflokkurinn berst gegn óheftum innflutningi landbúnaðarvara.

Miðflokkurinn vill efla þróun og nýsköpun í landbúnaði.

Miðflokkurinn hefur sett fram öfluga aðgerðaráætlun.

AÐGERÐIR

Sett verði skýr lög um upprunamerkingar matvöru í þágu neytenda.

Auknu fé verði varið til nýsköpunar og þróunar í hefðbundnum búgreinum og vinnslu.

Gerð verði áætlun um hvernig stórefla megi nám tengt landbúnaði á öllum námsstigum.

Tollasamningi við Evrópusambandið verði endurskoðaður eða sagt upp.

Innflutningur á ófrosnu kjöti, eggjum og ógerilsneyddum matvælum verði stöðvaður.

Eftirlitskerfi með matvælaframleiðslu verði einfaldað og kostnaði létt af greininni.

Stutt verði við frekari þróun innlendarar kjarnfóðurframleiðslu og kornræktar.

Gerð verði áætlun um frekari nýtingu orku- auðlinda þjóðarinnar til innlendarar framleiðslu.

Kostnaður við flutning aðfanga og afurða í matvælaframleiðslukeðjunni verði jafnaður.

Gerð verði áætlun um aukinn stuðning við innlenda kornrækt.

Öllum úrvinnslufyrirtækjum landbúnaðarvara verði gert heimilt að hagræða.

Stutt verði við hrossarækt og hún efld til að nýta þau tækifæri sem þar liggja.

Framtíð loðdýraræktar verði tryggð.

Langtímasamningar við bændur með tillit til þjóðhagslegs mikilvægis atvinnugreinarinnar.

Skógræktun verði stóraukin.

Afhendingaröryggi raforku verði tryggt.

Hvatt verði til aukinnar lífrænnar framleiðslu, m.a. með þróunarstyrkjum.

FRÉTTIR



Nýfundin sáðplanta af degli (*Pseudotsuga menziesii*) í Stálpastadaskógi. Mynd / Jón Auðunn Bogason.

Sjálfsáð degli fannst í Stálpastadaskógi

Fyrir skömmu fundu Jón Auðunn Bogason, skógarvörður á Vesturlandi, og Valdimar Reynisson skógræktarráðgjafi sjálfsáðar degliplöntur í Stálpastadaskógi í Skorradal.

Valdimar segir að þeir hefðu fundið þrjá slíkar plöntur í reit sem er blandaður af rauðgreni og sitkagreni. „Í nærliggjandi reit hafði degli frá Bresku-Kólumbíu verið plantað árið 1969 innan um sitkagreni frá Alaska sem var plantað 1961. Það eru um 15 til 20 metrar frá gamla deglinu að þessum sáðplöntum.“

Sjálfsáðar plöntur

„Við rákumst á plöntur í skóginum sem okkur þótti ódrúvísi en það greni sem er að sá sér þarna. Þegar við skoðuðum plönturnar betur sáum við að þetta voru sáðplöntur af degli og er þetta að öllum líkindum fyrsti

fundur slíkra sjálfsána plantna á Íslandi,“ segir Valdimar. Hann sagði einnig að vel gæti verið að fleiri sjálfsáðar degliplöntur gætu leynst í reitnum þar sem þeir hefðu ekkert farið í að leita að þeim sérstaklega.

Áður kallað döglingsviður

Degli (*Pseudotsuga menziesii*), áður kallað döglingsviður eða douglasgreni, er ekki mikið notað í skógrækt í dag að sögn Valdimars, en bundnar eru vonir við að þessi tegund sé ein af framtíðartegundum í íslenskri skógrækt.

Degli hefur sýnt góð þrif í Stálpastadaskógi þar sem því hefur verið plantað í gisinn skóg en reynst erfiðara á óvörðu landi. Degli skilar verðmætum við sem kallast Oregon pine og verður spennandi að fylgjast með þessum plöntum í framtíðinni. /NH

Múlaþing:

Fjárheld girðing verði frá Skriðuvík að Bakkagerði

Byggðaráð Múlaþings hefur tekið undir áherslur sem fram koma í bókun heimastjórnar Borgarfjarðar þar sem því var beint til ráðsins að þrýst verði á Vegagerðina um úrbætur er lúta að því að komið verði á samfelldri fjárheldri girðingu ofan vegar, allt frá Skriðuvík að Bakkagerði.

Jafnframt verði skoðað hvernig og hvort draga megi úr umferðar-

hraða á umræddum kafla. Byggðaráð Múlaþings tekur undir þetta, meðal annars að því er varðar girðingu meðfram Borgarfjarðarvegi og hins vegar tímabundna færslu á hraðatakörkunarskilti. Var sveitarstjóra falið í samráði við formann heimastjórnar að koma afgreiðslu byggðaráðs og heimastjórnar Borgarfjarðar á framfæri við Vegagerðina. /MPB

Límtré-Timbureiningar



Stálgrind
Yleiningar
PIR
Steinull



| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |

| Bæjarflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími: 588 6640 |



Örkin hans Gunna var notuð í verkefnið.

Mikið magn af rusli var hreinsað úr fjörum í Héðinsfirði nýverið.

Myndir / Fjallabyggð

Fjörureinsun í Héðinsfirði:

Telja að um 90% af plasti hafi verið hreinsað úr fjörum

Nú stórir sekkir voru fylltir af alls kyns rusli eftir fjörureinsun í Héðinsfirði á dögunum, alls um 12 til 15 rúmmetrar.

Mikið var af plasti, einkum leifar veiðarfæra, fiskikassar og ker og virðist sem sumt hafi legið þarna um áratugi og var gróið ofan í jörðina. Heilmikill leiðangur var gerður í fyrrihaust til að hreinsa til í Héðinsfirði og að viðbætt þeim sem farinn var nýlega er áætlað að um 90% af plastrusli þar hafi verið hreinsað og flutt á brott.

Gunnar Júlíusson lagði til skip sitt, Örkin hans Gunna í þágu hins góða málefnis. Alls voru 15 manns á öllum aldri um borð, tilbúnir að leggja á sig mikla vinnu þegar í land var komið. Landeigendur tóku einnig þátt í hreinsunni og Fjallabyggð veitti sömuleiðis aðstoð. Hreinsun Héðinsfjarðar hófst fyrir nokkrum árum, en mest var unnið við verkefnið í fyrrihaust að frumvæði og atorku Ragnars Ragnarsson og Lísu Dombrowe. Þetta kemur fram á vefsíðu Fjallabyggðar. /MPB



Fjöldi sjálfboðaliða á öllum aldri tóku þátt í fjörureinsuninni ásamt áhöfn Arkarinnar hans Gunna og landeiganda.

Náttúruverndarsamtök Austurlands:

Hjörleifur fær heiðursverðlaun

Hjörleifur Guttormsson, líffræðingur og fyrrverandi Alþingismaður, fékk á dögunum afhent heiðursverðlaun Náttúruverndarsamtaka Austurlands fyrir framlag sitt til náttúruverndar á Íslandi.

Viðurkenningin var afhent á aðalfundi samtakanna sem haldinn var á Hallormsstað, en þar fæddist Hjörleifur árið 1935. Hann lauk síðar prófi í líffræði frá háskólanum í Leipzig í Þýskalandi.

Hjörleifur kom heim að loknu námi og fékk vinnu í Neskaupstað. Hann kenndi þar meðal annars um áratug áður en hann settist á þing árið 1974.

Alla tíð haft áhuga fyrir náttúruvernd

Hjörleifur hefur alla tíð sýnt mikinn áhuga á náttúruvernd, kom meðal annars að undirbúningi Náttúrugripasafns í Neskaupstað og veitti því forstöðu um tíma. Hann kom einnig að stofnun Náttúruverndarsamtaka Austurlands árið 1970 og varð fyrsti formaður þeirra.

Hjörleifur hefur verið atorkusamur í fræðistörfum og eftir hann liggur fjöldi greina og rita á sviði náttúru- og minjaverndar. Ber þar helst að telja árbækur Ferðafélags



Hjörleifur með viðurkenninguna. Með honum er kona hans, Kristín Guttormsson.

Íslands þar sem Hjörleifur hefur einkum skrifað um Austurland.


Hann er enn að og af nýlegum verkum hans má nefna sögureit á Valbjófsstað sem vígður var fyrir rúmri viku og skrif og hugmyndavinnna á Úthéraði.

Með ólíkindum afkastamikill

„Hjörleifur er enn að störfum orðin 86 ára gamall og það er nánast með

ólíkindum hversu afkastamikill hann er enn þar sem hann er hvoru- tveggja í miðju kafi við náttúru- og eða minjaverndarverkefni og öll eru þessi verk unninn í þágu samfélagsana allt í kringum landið og þá ekki síst á Austurlandi með hagsmuni komandi kynslóða að leiðarljósi,“ sagði Andrés Skúlason, fráfarandi formaður NAUST við afhendinguna á laugardag. Þetta kemur frá á vefnum austurfrétt.is. /MPB

Þjóðin kýs almannapjónustu!



Einn starfsmaður
á leikskóla mætir til
vinnu og sinnir starfi
sínu af umhyggju

8 börn njóta góðs
af starfi hans

Fyrir vikið geta
aðstandendur
þeirra sinnt starfi
sínu áhyggjulaust

Þeirra störf hafa svo
áhrif á tugi fyrirtækja
og stofnanna sem
hafa áhrif á störf
þúsunda annarra



Mikilvægi opinberra starfa
hefur aldrei verið meira

Elvar Þór Ægisson - starfsmaður á leikskóla



FRÉTTIR



Vaskur sjálfboðaliði að störfum. Markmiðið með Einkunnadeginum var að ganga í og ljúka ýmsum verkefnum sem voru orðin aðkallandi í fólkvanginum. Mynd á vefsíðu Borgarbyggðar

Fólkvangurinn í Einkunnum:

Lokið við aðkallandi verkefni

Fólkvangurinn í Einkunnum, sem er útivistarsvæði í Borgarbyggð, um 7 km norður af Borgarnesi, nýtur mikilla vinsælda meðal íbúa og gesta í Borgarbyggð og vinsældir hans eru alltaf að aukast.

Blásið var á dögnum til Einkunnadagsins 2021, en það er samstarfsverkefni umsjónarnefndar fólkvangsins í Einkunn, Ferðafélags Borgarfjarðar og Skógræktarfélag Borgarfjarðar.

Markmiðið með deginum var að ganga í og ljúka ýmsum verkefnum sem voru orðin aðkallandi í fólkvanginum, t.d. stika gönguleiðina milli Einkunna og Borgar, grísa gróður, lagfæra og smíða brýr og lagfæra stíga. Um þrjátíu manns mættu á staðinn og er skemmst frá því að segja að þátttaka og afköst voru framar öllum væntingum að því er fram kemur á vefsíðu Borgarbyggðar. /MPÞ

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið og Lbhí: Samningur um rannsókn á iðragerjun nautgripa

Umhverfis- og auðlindaráðherra og rektor Landbúnaðarháskóla Íslands, undirrituðu fyrir skömmu samning þar sem umhverfis- og auðlindaráðuneytið styður við rannsóknir til að bæta þekkingu og grunnupplýsingar um metanlosun vegna iðragerjunar nautgripa.

Með samningnum eru tryggð kaup og uppsetning á viðurkenndum búnaði sem mælir metanlosun frá búfé.

Í tilkynningu vegna undirritunar samningsins segir að í aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum sé kveðið á um bættu fóðrun búfjár til að draga úr iðragerjun. Meginþorra þeirrar losunar gróðurhúsalofttegunda sem kemur frá búfjarrækt má rekja til gerjunar sem á sér stað í iðrum búfjár. Þegar kýr og kindur jórta ropa þær upp metani sem er öflug gróðurhúsalofttegund, raunar meira en tuttugu sinnum öflugri en CO₂.

Markmið rannsóknarverkefnisins er að rannsaka metanlosun íslenskra mjólkurkúa, sem og að rannsaka hvernig megi minnka losun frá jörturdýrum með breyttri fóðrun.

Rannsóknir erlendis benda til að hægt sé að draga úr framleiðslu metans í meltingarvegi búfjár með ýmsum leiðum, svo sem með því að nota efni úr þörungum. Með rannsókninni nú verður kannað hvort hægt sé að draga úr slíkri losun hér á landi og stuðla að rannsóknum og þróun innanlands.



Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfis- og auðlindaráðherra og Ragnheiður I. Þórarinsdóttir, rektor Landbúnaðarháskóla Íslands.

Niðurstöður rannsókna munu nýtast til þess að móta leiðir að kolefnishlutleysi í nautgriparækt sem kveðið er á um í aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Þá eru niðurstöðurnar mikilvægur þáttur í að bæta upplýsingar fyrir losunarbókhald Íslands, varðandi mat á losun frá landbúnaði.

„Það er mikilvægt að við byggjum aðgerðir okkar í loftslagsmálum á bestu fáanlegu upplýsingum, en engar rannsóknir hafa lagt mat á metanlosun íslenskra nautgripa og því hefur verið stuðst við erlendar rannsóknir í loftslagsbókhaldinu okkar. Með tækjabúnaðinum bætum við úr þessu og getum farið í rannsóknir á áhrifum mismunandi bætiefna í fóðri á metanlosun, þannig að í framhaldinu ættum við að geta tekið stór skref til að draga úr metanlosun með slíkum bætiefnum,“ segir Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfis- og auðlindaráðherra. /VH

Skeiða- og Gnúpverjahreppur:

Ekki lengur frír leikskóli

Foreldrar leikskólanna í Skeiða- og Gnúpverjahreppi hafa ekki þurft að greiða nein leikskólagjöld fyrir börnin sín í leikskólunum Leikholti.

Nú hefur hins vegar verið samþykkt af meirihluta sveitarstjórnar að innheimta gjald frá 1. september 2021, eða 15.000 krónur á mánuði fyrir fulla vistun. Gunnar Örn Marteinson lagði fram eftirfarandi bókun vegna málsins á síðasta fundi sveitarstjórnar: „Ég tel að sú ákvörðun að hafa gjaldfrjálsan leik-

skóla í Skeiða- og Gnúpverjahreppi hafi á undanförmum árum meðal annars stuðlað að jákvæðri íbúabróun í sveitarfélaginu.

Gjaldfrjáls leikskóli vegur einnig upp á móti kostnaði foreldra sem lengst búa frá leikskólunum en í mörgum tilfellum er þar um verulegan kostnað að ræða. Jónas Yngvi Ásgrímsson tók undir bókun Gunnars. Tillagan var samþykkt með þremur atkvæðum og einu mótakvæði en einn sat hjá við afgreiðslu málsins. /MHH

Viljayfirlýsing um uppbyggingu á nýsköpunar- og þróunarsetri:

Landbúnaðurinn grunnstoð með mikil sóknarfæri

Þann 17. ágúst var á Hvanneyri undirrituð viljayfirlýsing um uppbyggingu á nýsköpunar- og þróunarsetri hjá Landbúnaðarháskóla Íslands og Háskólanum á Bifröst.

Áhersla í setrunum verður lögð á nýsköpun, rannsóknir, fræðslu og frumkvöðlastarf á sviði landbúnaðar, matvælaframleiðslu, sjálfbærni og loftslagsmála, sem og frumkvöðlastarf á landsbyggðinni almennt svo sem í ferðaþjónustu, nýtingu náttúrugæða og menningartengdri starfsemi.

Umhverfi fyrir samvinnu og miðlun þekkingar

Í viljayfirlýsingunni kemur fram að stefnt sé að því að byggja upp samstarf milli háskólanna tveggja í Borgarfirði þar sem markmiðið verður að skapa umhverfi fyrir samvinnu, þróun og miðlun ólíkrar þekkingar á sviði rannsókna, nýsköpunar og sjálfbærni.

Þá verður horft til þess að þróa viðskiptahugmyndir sem og að stofnun og rekstri fyrirtækja. „Sérstaklega verður horft til landbúnaðar, matvælaframleiðslu, ferða- og loftslagsmála með það að leiðarljósi að styrkja samkeppnisstöðu íslensks samfélags, efla atvinnu- og byggðaþróun og auka lífsgæði í landinu. Í þessu felst að styðja við tækniþróun, rannsóknir, alþjóðlegt samstarf, þróun og greiningar á sviði landbúnaðar, ferðamála, skapandi greina og matvælaframleiðslu. Þá er jafnframt horft til þess að miðla þekkingu og veita stuðningsþjónustu fyrir þróun viðskiptahugmynda og nýsköpunarverkefna á þessu sviði,“ segir í viljayfirlýsingunni.

Landbúnaður grunnstoð

Í viljayfirlýsingunni er landbúnaður talinn vera ein af grunnstoðum íslensks atvinnulífs þar sem mikil sóknarfæri séu. Nokkur atriði eru tiltekin sem rök fyrir því; framþróun sé í tækni og þekkingu á sviði hefðbundins landbúnaðar, einnig jarðræktar og nýrra greina. Þá hafi landbúnaðurinn tengingar við umhverfis- og loftslagsmál, auðlindir landsins, hreinnar orku og annarra náttúruauðlinda og fólksfjölgunar á heimsvísu og breyttra neysluvenja.

„Fræðsla verður eflað til að mæta þörfum bænda, frumkvöðla og atvinnulífs á landsbyggðinni til



Frá undirrituninni. Jón Atli Benediktsson rektor Háskóla Íslands, Páll Sævar Brynjarsson, framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, Margrét Jónsdóttir Njaróvík, rektor Háskólans á Bifröst, Þórdís Sif Sigurðardóttir, sveitarstjóri Borgarbyggðar, Valdis Fjölínisdóttir, framkvæmdastjóri Breiðar þróunarfélags, Inga Dóra Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands, Ragnheiður I. Þórarinsdóttir, rektor Landbúnaðarháskóla Íslands, Karvel L. Karvelsson, framkvæmdastjóri Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins og Ólafur Sveinsson, stjórnarformaður Hugheima nýsköpunar- og frumkvöðlaseturs.



Rektorar háskólanna sem eiga aðild að viljayfirlýsingunni ásamt Þórdís Kolbrúnu ráðherra: Jón Atli Benediktsson, Háskóla Íslands, Margrét Jónsdóttir Njaróvík, rektor Háskólans á Bifröst, Þórdís Kolbrún og Ragnheiður I. Þórarinsdóttir, rektor Landbúnaðarháskóla Íslands. Myndir / Rósa Björk - Lbhí

framfara fyrir landbúnað og matvælaframleiðslu í landinu. Enn fremur verður lögð áhersla á að miðla þekkingu um stuðningsumhverfi nýsköpunar og aðgerðir sem auka framleiðni og verðmætisköpun um hefðbundinn búrekstur og ný tækifæri í landbúnaði, matvælaframleiðslu og tengdum greinum.

Byggðaþróun felur í sér að skapa atvinnutækifæri á landsbyggðinni. Í auknum mæli er nú hafin önnur atvinnustarfsemi á bújörðum á Íslandi og þörf á stuðningi við nýsköpun, ferðaþjónustu, menningarstarfsemi og fjölbreytta atvinnustarfsemi. Sóknarfæri felst í markvissri tengingu við byggðaáætlun, sóknaráætlun landshlutanna og markmið stjórnvalda.

Með nýsköpunar- og þróunarsetrinu er markmiðum stjórn-

valda mætt um að efla opinberan stuðning við nýsköpun á landinu í sterkum tengslum við háskóla-samfélag, atvinnulíf, hagaðila og áherslu á nýsköpun á landsbyggðinni. Nýsköpunar- og þróunarsetur mun einnig styðja markmið stjórnvalda sem fram koma í drögum að Byggðaáætlun og Landbúnaðarstefnu fyrir Ísland með það að markmiði að styðja við búsetu víðs vegar um landið,“ segir í viljayfirlýsingunni.

Samstarfsaðilar að verkefninu eru atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Landbúnaðarháskóli Íslands, Háskóli Íslands, Borgarbyggð, Símenntunarmiðstöð Vesturlands, Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, Háskólinn á Bifröst, Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, Breið þróunarfélag og Hugheimar. /smh

Grunnskólinn í Húnaþingi vestra:

Framkvæmdir við viðbyggingu á áætlun

Framkvæmdir við viðbyggingu við Grunnskólann í Húnaþingi vestra ganga vel, mikill gangur er í verkinu og það á áætlun bæði hvað varðar tíma og kostnað.

Fyrir á þessu ári var ákveðið að taka vestari hluta byggingarinnar í notkun nú við upphaf skólustarfs. Í byrjun næstu viku verður mötuneytið og anddyrið tekið í notkun og síðar í mánuðinum verða tónlistarskólinn, frístund og skrifstofur stjórnenda tilbúnar. Fjöldi iðnaðarmanna hefur verið við vinnu síðustu vikur og mánuði til að ná þessu markmiði og sér nú fyrir endann á því. Ekki er laust við að bæði nemandur og starfsfólk hlakki til að fá húsnæðið í gang, að því er fram kemur á vefsíðu Húnaþings vestra. Einnig að um verði að ræða byltingu í aðstöðu og aðbúnaði. Síðar í haust verður íbúum sveitarfélagsins boðið að skoða bygginguna. /MPÞ



Fjöldi iðnaðarmanna hefur verið við vinnu síðustu vikur og mánuði.

Mynd / Vefsíða Húnaþings vestra

ÖFLUGUR LANDBÚNAÐUR ER HAGUR OKKAR ALLRA



Þau málefni landbúnaðar sem við í Framsókn setjum á oddinn í kosningabaráttunni eru einkum:

- Að landnýting og ræktun sé sjálfbær.
- Að nýsköpun í matvælaframleiðslu og landnýtingu verði stórefld.
- Að stuðningur verði aukinn til að stuðla að fjölbreyttri ræktun og landnýtingu sem og kolefnisbindingu.
- Að frumframleiðendum verði heimilað samstarf eins og þekktist í öllum löndum Evrópu.
- Að afurðastöðvum í kjöti verði heimilað samstarf með sambærilegum hætti og í mjólkurframleiðslu.
- Að bændum verði heimiluð slátrun og vinnsla að undangengnu áhættumati og kennslu.
- Að tollasamningi við ESB verði sagt upp og hann endurnýjaður vegna forsendubrests, til dæmis vegna útgöngu Breta úr sambandinu.
- Að tollaeftirlit verði hert til muna og gert sambærilegt því sem þekktist í samanburðarlöndum okkar.
- Að stofnað verði nýtt ráðuneyti landbúnaðar og matvæla þar sem málefni skógræktar, landgræðslu og eftirlitsstofnana matvæla og landbúnaðar verða undir.



LANDSJÁ



Verðmætasköpun landbúnaðar

Einn af efnahagsérfræðingum Trumps, fyrrverandi forseta Bandaríkjanna, og FOX-sjónvarpsins var Lawrence Kudlow. Hann sagði eitt sinn að það að gera hið sama í sífellu en vænta mismunandi útkomu, mætti í raun nota sem skilgreiningu á geðveiki. Hið sama gildi í efnahagsmálum og rekstri.

Í síðasta pistli var fjallað um hina stóru mynd í verðmætasköpun í landbúnaði og hver þróunin hefði verið á síðustu árum. Oft er spurt út í hver sé afkoma bænda og hvernig megi bæta hana. Því verður hér sett fram greining á nýjustu aðgengilegu tölum um afkomu í landbúnaði og útleggjar höfundar á hvaða atriði gætu skipt mestu máli til að bæta hana.

Á myndinni sést hvernig reksturinn lítur út fyrir landbúnaðinn sem heild. Aðföng eru vitanlega langstærsti hlutinn kostnaðarmegin. Þar vegur fóður þyngst, eða helming. Þar er átt bæði við fóður sem framleitt er innan bús og svo aðkeypt fóður. Vert er að taka fram að fóður framleitt innan bús er tilreiknuð stærð. Með henni er reynt að leggja raunhæft mat á það hversu mikil verðmætasköpun á sér stað í framleiðslunni. Fóður framleitt innan bús kemur einnig fram undir tekjuhliðinni og nettast því út þar.

Vægi rafmagns í aðföngum tvöfaldast

Sé litið lengra aftur í tímann kemur í ljós að rafmagn er að verða sífellt stærri hluti að aðfanganotkun í landbúnaði og hefur vægi þess tvöfaldast á árabílinu 2007-2019. Það er nú orðið veigameira fyrir landbúnaðinn sem heild heldur en tilbúinn áburður. Kemur þar vafalítið tvennt til. Annars vegar kann samsetning landbúnaðar að hafa breyst að einhverju leyti, t.d. stærri hlutur garðyrkju. Þess vegna er rafmagn í eðli sínu vaxandi hluti aðfanga og vægi þess eykst vegna tæknivæðingar sem notast við rafmagn. Hins vegar veldur þessu einnig hækkun á flutningskostnaði rafmagns, sem hefur verið mjög mikil á tímabilinu.

Afskriftir og fjármagnsgjöld eru þar að auki mjög stór hluti í rekstrinum og hefur hvort tveggja hækkað hlutfallslega síðustu ár og endurspeglar það fjárfestingar bænda í húsakosti og vélum. Þetta er í sjálfu sér afar jákvætt. Til lengri tíma litið er það nauðsynlegt hverri atvinnugrein að fjárfesta í nýrri tækni til þess að auka verðmætasköpun. Mikið er til þess að vinna að stöðugleiki verði í hagkerfinu á næstu árum og bönd komist á verðbólguvæntingar sem fyrst. Seðlabankinn hefur nú þegar hafið vaxtarhækkunarferli sem mun þyngra fjármagnsgjöld á komandi árum.

Eyfirskt viski innan fárra ára?

Launakostnaður og tekjur af atvinnurekstri eru þeir liðir sem



Kári Gautason.

renna í hlut bænda og eru um það bil 10 milljarðar. Hvernig hægt sé að stækka þær súlur er sú spurning sem ég byrjaði á að fjalla um. Ég hygg að það sé best að gera með tangarsókn.

Í fyrsta lagi þarf að skjóta fleiri stöðum undir íslenskan landbúnað með því meðal annars að stóraka kornrækt og með því að skapa tækifæri fyrir kolefnisbændur að selja vottaða bindingu kolefnis. Vonandi verður hægt að dreypa á eyfirsku viski í framtíðinni og bera saman við sunnlenskt viski. Bara svona sem eitt dæmi af fjölmörgum sóknarfærum.

Í öðru lagi verður að auka gæðin og sækja með því herra afurðaverð fyrir þær búgreinar sem fyrir eru. Þetta er ekki eingöngu á ábyrgð bænda heldur einnig þeirra sem selja afurðir bænda. Uppruni og saga íslenskra búvara eru gæði sem oft er nefnt að ekki séu nægjanlega sýnileg.

Í þriðja lagi er það kostnaðarhlíðin. Þar tel ég að það sé einfaldlega staðreynd, sem ótal sinnum hefur verið sýnt fram á, að kynbætur séu lang áhrifamesta leiðin til þess að auka afköstin. Þær eru varanlegar og safnast upp. Þær gera meiri verðmæti úr minni aðföngum. Hvernig svo aukin framleiðni skilar sér til bænda er önnur saga. Í tímans rás hefur aukin framleiðni yfirleitt leitt af sér lægra vöruverð til lengri tíma. Þetta er meira og meira farið að hafa áhrif hér á landi vegna stóru aukinna tollkvóta á vörur sem eru í samkeppni við innlenda framleiðslu. Þar gildir að finna og rækta sérstöðu og íslenska ímynd vörunnar.

Allavega er ekki í boði að verða vitlaus á því að gera sífellt hið sama. Þar get ég verið sammála Kudlow þeim sem vitnað var til í upphafi þótt síst af öllu vilji ég hlíta leiðsögn Trumpara.

Kári Gautason, sérfræðingur hjá BÍ í úrvinnslu hagtalna

FRÉTTIR

Mjólkurvinnslan Arna ræktar eigin matjurtir fyrir framleiðsluna:

Lóðrétt jarðarberjaræktun á sex hæðum í húsnæðinu

– kryddjurtaræktun fljótlega á næsta ári

Hjá Örnun mjólkurvinnslu í Bolungarvík, sem sérhæfir sig í framleiðslu á mjólkurvörum án laktósa, hefur á undanförunum mánuðum verið í undirbúningi að hefja inniræktun eigin jarðarberja fyrir framleiðsluna í húsnæðinu fyrirtækisins. Stefnan er einnig sett á kryddjurtaræktun til ostagerðarinnar fljótlega á næsta ári.

Að sögn Hálfðans Óskarssonar, framkvæmdastjóra Örnun, er verkefnið komið á framkvæmdastig og var fyrstu fræjunum sáð núna í júlí. „Eftir fjóra mánuði munum við síðan hefja ræktun á jarðarberjum,“ segir hann.

Tuttugu tonna jarðarberja-upspera á ári

Hálfðan segir að ræktunin fari fram í húsnæði Örnun að Hafnargötu 80 í Bolungarvík, en Arna festi nýlega kaup á öllu húsnæðinu sem eru rúmlega 7.000 fermetrar að stærð. „Í sjálfu sér þurfum við ekki svo afskaplega stórt húsnæði fyrir þetta, þar sem við munum nýta okkur svokallað lóðrétt ræktun. Grunnflöturinn er um 350 fermetrar og við munum rækta á sex hæðum. Þannig náum við um 2.000 fermetra ræktunarfleti sem ætti að skila okkur 20 tonnum af jarðarberjum á ári. Ræktað er í lokuðu rými í vatni undir Led-ljósom og stjórnum við



Hálfðan Óskarsson, framkvæmdastjóri Örnun í Bolungarvík.

Mynd / HKr.

því öllum umhverfisþáttum sjálf og erum algjörlega óháð öllum utanaðkomandi þáttum.

Sömu aðferð munum við einnig nota við ræktun á kryddjurtum sem við stefnum á að framleiða og nota í ostana okkar fljótlega á næsta ári.“

Hráefni úr nærumhverfinu

Hálfðan segir að þessi framleiðsla sé fyrst og fremst hugsuð sem viðbót í byrjun, en þegar fram líður og framleiðslan eykst sé stefnan sett á að skipta út erlendum bragðefnum.

„Þessi ræktunaraðferð hefur notið vaxandi vinsælda þar sem mun betri nýting næst á ræktunarrýminu sem og að auðveldara er að hafa stjórn á

öllum þeim þáttum sem hafa áhrif á ræktunina.

Við höfum á undanförunum árum verið að nýta hráefni héðan úr nærumhverfinu í okkar vörur. Á sumrin framleiðum við Sumarjógurt með rabarbara sem við söfnum hér á svæðinu og á haustin kemur hið sívinsæla Haustjógurt á markað, en þar nýtum við einmitt aðalbláber héðan úr fjöllunum sem fólk tínr fyrir okkur.

Framleiðsla á jarðarberjum og kryddi er því enn einn þáttur í því, að þau hráefni sem við notum í okkar framleiðslu sé annars vegar ræktað hér fyrir vestan eða að þeirra sé aflað hér úr nærumhverfinu,“ segir Hálfðan. /smh



Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur:

Meirihluti íbúa vill formlegar viðræður um sameiningu

Meirihluti íbúa bæði í Sveitarfélaginu Skagafirði og Akrahreppi er fylgjandi því að hafnar verði formlegar viðræður um sameiningu þessara tveggja sveitarfélaga.

Íbúafundur voru haldnir í sveitarfélagunum á dögunum þar sem helstu niðurstöður og greiningar ráðgjafa um mögulega sameiningu þeirra voru kynntar. Fundirnir voru haldnir í Menningarhúsinu Miðgarði og félagsheimilinu Héðinsminni í Akrahreppi. Á þeim var kallað eftir sjónarmiðum og ábendingum frá íbúum um hvort hefja ætti formlegar viðræður og var niðurstaðan afgerandi, meirihlutinn vildi fara þá leið. Boltinn er nú hjá sveitarstjórnnum sem munu nú taka afstöðu til þess hvort formlegar sameiningarviðræður hefjist og skipa samstarfsnefnd.


83% útgjalda Akrahrepps vegna samstarfsverkefna

Sveitarfélögin tvö eiga í umfangsmiklu samstarfi sín á milli, en Sveitarfélagið Skagafjörður annast fjölmörg verkefni fyrir Akrahreppi, m.a. þegar kemur að skólamálum, þ.e. rekstur leik-, grunn- og tónlistarskóla, íþróttamiðstöð og önnur íþróttamannvirki í Varmahlíð,



Frá Skagafirði.

Mynd / HKr.



Rauðlitaða svæðið sýmir sveitarfélagið Skagafjörð og Akrahrepp.

barnavernd, málefni fatlaðra, frístundastarf og dagþjónustu aldræðra. Einnig má nefna Héraðsbóka- og skjalasafn, safnastarfsemi og eldvarnareftirlit og ýmislegt fleira.

Akrahreppur greiddi árið 2020 ríflega 162 milljónir króna vegna þjónustu sem Sveitarfélagið Skagafjörður veitir og þátttöku í framkvæmdum samkvæmt samstarfssamningum. Stærsti útgjalda-liðurinn er vegna skólamála, 103 milljónir króna. Greiðslurnar nema um 83% af útgjöldum Akrahrepps. /MPÞ



Flokkur Fólksins

XF

Eflum byggð

bætum mannlíf!

Flokkur Fólksins vill stórefla innviði og bæta grunnþjónustu við landsmenn svo að hér verði betra að búa.

Heilbrigðismál: Öfluga þjónustu í heimabyggð; biðlista burt; nýtum fullbúnaðar skurðstofur!

Samgöngur: Flýtum framkvæmdum við vegi og jarðgöng og tvöföldun brúa; örugga nettengingu og farsímatengingu um land allt!

Sjávarútvegur: Kvótann aftur heim; frjálsar handfæraveiðar; fullt verð fyrir aðgang að auðlind þjóðarinnar!

Landbúnaður: Styðjum við öflugan og fjölbreyttan landbúnað til hagsbóta fyrir bændur og neytendur; tryggjum hreinar íslenskar gæðavörur og fæðuöryggi í landinu!

Orkumál: Afhendingaröryggi rafmagns verði aukið, m.a. með raflínunum í jörð; komum á þriggja fasa rafmagnni um land allt!

Mannsæmandi líf skjör: Hækkum skattleysismörk í 350.000 kr. á mánuði; afnemunum skerðingar á atvinnutekjum eldri borgara, öryrkja og námsmanna!



Settu X við F – fyrir þína framtíð!

STEEKUR Allt gjör- svikið

Að blaða í gömlu árgöngum af Búnaðarritinu er góð skemmtun og í þeim ótrúlega margt fróðlegt að finna.

Í 18. árgangi frá árinu 1904 er fróðleg umfjöllun um afdrif íslensks saltkjöts sem flutt var til Kaupmannahafnar.

Greinin ber fyrirsögnina: Saltkjötið íslenska. 4000 pund grafin niður. Lærið slátraraíð. Þar segir meðal annars: „Hinn 29. júlí var þess getið í dönskum blöðum, að 4000 pund af íslensku sauðakjöti hafi verið gerð upptæk og grafin niður. Gufuskipið Utma kom 27. júlí til Kaupmannahafnar frá Newcastle með kjöt þetta og átti það að fara til verzlunar einnar hér í bænum. Á leiðinni hafði kjötið skemst, að því sem segir í blöðunum. Þá er það kom til Kaupmannahafnar sagði heilbrigðislögreglan, að það væri óhæfilegt til mannelis. Svo var alt kjötið gert upptækt, helt yfir það steinolú og grafið niður á gjöreyðingarstofnun bæjarins á Enghaveli-vegi. Kjöt þetta var frá Stokkseyri.

Þetta er eigi í fyrsta sinn að heilbrigðislögreglan hér í Kaupmannahöfn hefur orðið að gera íslenskt sauðakjöt upptækt og láta grafa það niður. Þá er menn lesa um það í blöðunum, bætur það aldrei úr því litla álitu, sem hið íslenska saltkjöt er í. Að vísu þarf eigi svo mjög mikið til þess að álitu sumra Íslendinga eða íslenskra kaupmanna, að saltkjöt verði gert hér upptækt. Ef slær í kjötið og ýlda leggur af því eða af hnif, þá er honum er stungið í það, er það eigi talinn manna matur af heilbrigðis-lögreglunni. En þótt einhverjir Íslendingar kunni að geta hugað sig við það, að þeir mundu hafa getað borðað kjöt þetta, þá er þó skaðinn hinn sami, og ekki bætur það heldur úr meðferðinni á íslensku kjöti né álitu á því.

Kaupmönnum, sem kjöt flytja af Íslandi, ætti að vera það fullkunnugt, að mönnum helst hér eigi uppi að flytja inn skemdar matvörur eins og á Íslandi. Eftirlit er hér dágott, en því nær ekkert á Íslandi. Þess vegna hefur stundum verið flutt til landsins maðkað mjöl og mjölblendur, sem í útlöndum er einungis notaður til fódurs handa kvikfénaði, og selt ótalið til mannelis.

Og þá þarf eigi annað en minna á ýms konar kaffi-blending, lituðu og sykrðu hefilsþæningu, sem seldur er í staðinn fyrir kanel og kallaðir svo, og fleira þess háttar; eða þá vínföngin og konjak og wisky, sem alt má heita gjörsvikið, er til Íslands er flutt. Og spritt blanda er þar seld sem brennivín. Sumir tollembættis menn og danskir kaupmenn, sem til þekkja, segja að það sé meginregla dansk-íslenskra kaupmanna að flytja þær verstu vörur, sem hægt er að fá, til Íslands. Íslendingar vilja fá ódýrar vörur, en þeir ættu að íhuga þetta mál alt meira en þeir gera, og hvert vert er að kaupa allar þær óþverra vörur, sem fluttar eru til landsins.“

Greinarhöfundur telur að besta leiðin til að bæta meðferð kjöts sem flytja á út sé að ungir menn læri slátraraíð. „Til utanferðar ættu helzt að veljast duglegir ungir menn og reglusamir, menn, sem eru svo staðfastir að þeir láta eigi leiða sig út í neinskona óreglu.“

VH

NYTJAR HAFSINS

Úthlutun aflaheimilda 2001 og 2021:

Hvað hefur breyst á 20 árum?

Guðjón Einarsson
gudjone3@gmail.com



Heildarúthlutun botnfiskveiðiheimilda á Íslandsmiðum í ár í tonnum talið er ekki ýkja frábrugðin því sem hún var fyrir tveimur áratugum. Hins vegar hefur skipunum sem sækja þessar heimildir fækkað úr tæplega 1.700 í rúmlega 400 á þessu tímabili og umtalsverð samþjöppun hefur orðið á ráðstöfunarrétti kvótans.

Eðli málsins samkvæmt verða alltaf breytingar á úthlutun aflaheimilda milli ára í takt við náttúrulegar sveiflur í fiskistofnunum. Hér verður nýjasta úthlutunin borin saman við úthlutunina fyrir 20 árum til fróðleiks. Eins og fram kemur á töflu 1 nema úthlutaðar botnfiskheimildir að þessu sinni 477 þúsund tonnum samanborið við 514 þúsund tonn fiskveiðiaríð 2001/2002.

Þorskvótinn, sem vegur alltaf þyngst, er nokkrur meiri nú en hann var í upphafi aldarinnar. Sama er að segja um ýsu og þó sérstaklega ufsa. Hins vegar gefa flestar aðrar tegundir minni kvóta nú en þær gerðu fyrir 20 árum. Einn undantekningarnar eru skarkoli og langa. Aflaheimildir í sandkola og skrápflúru hafa nánast þurrkast út. Skötuselkvótinn aðeins brot af því sem áður var og sama má segja um úthafsraekjuna. Síldarstofninn hefur átt undir högg að sækja vegna sýkingar og hörpu-diskveidar hafa verið bannaðar árum saman af sömu ástæðu.

Við upphaf fiskveiðisins 2001/2002 var úthlutað 438 þúsund tonna loðnukvóta en honum er haldið utan við þennan samanburð enda á eftir að ákveða loðnukvóta fyrir yfirstandandi fiskveiðiar.

Gríðarleg fækkun fiskiskipa

Þótt botnfiskaflaheimildir í tonnum talið hafi ekki tekið stórstíggum breytingum frá aldamótum verður það sama ekki sagt um fjölda veiðiskipa sem þessar heimildir sækja. Hinn 1. september 2001 voru gefin út 1.680 leyfi til veiða í atvinnuskyni. Þar af voru 870 skip og bátar með aflamark, 591 með krókaaflamark og 219 sóknardagabátar.

Til samanburðar fengu hinn 1. september síðastliðinn samtals 423 skip og bátar úthlutað aflaheimildum, þar af 181 aflamark og 242 krókaaflamark.

Ástæður fækkunarinnar

Þessi fækkun úr 1.680 skipum í 423 skip liggur í fyrsta lagi í því að sóknardagakerfið var afnumið og heimildunum breytt í krókaaflamark sem síðan gekk kaupum og solum. Í öðru lagi hefur helmingur krókaaflamarksbátanna horfið úr kerfinu og aflaheimildir þeirra flust á þá báta sem eftir eru og gjarnan eru stærri.



Fiskiskipum með kvóta hefur fækkað gríðarlega á síðustu 20 árum.

Í þriðja lagi hefur stærstur hluti smábáta á aflamarki horfið úr því kerfi og framselt kvóta sinn. Og í fjórða lagi hefur aflamarksskipum í stóra kerfinu einnig fækkað mikið, meðal annars með tilkomu nýrri og öflugri skipa. Þannig hefur togurum sem voru 92 talsins um aldamótin fækkað um helming.

Að þessu sögðu er þó rétt að minna á að þeir smábátar sem horfið hafa úr aflamark- og krókaaflamarkskerfinu á þessu tímabili eru ekki allir hættir fiskveiðum. Strandveidikerfið, sem verið hefur við lýði í 13 ár, er utan við kvótakerfin tvö. Alls tóku 672 bátar þátt í strandveiðunum nú í sumar og voru tveir af hverjum þremur þeirra ekki jafnframt í öðrum veiðikerfum.

Samþjöppun aflaheimilda

Listinn yfir kvótahæstu útgerðirnar hefur tekið talsverðum breytingum á þessu 20 ára tímabili (sjá töflu 2). Árið 2001 var Útgerðarfélag Akureyringa efst með 5,43% af heildarkvótanum og Samherji þar skammt undan með 5,33% af heild. Grandi, sem síðar átti eftir að verða kvótahæsta fyrirtækið á landinu, var á þessum tíma í sjötta sæti, næst fyrir neðan Harald Böðvarsson hf. sem svo sameinast Granda.

Samkvæmt nýjustu úthlutun er Brim (áður Grandi) á toppnum með 9,33% heildarkvótans. Það segir þó ekki alla söguna því Brim á Ögurvík sem er handhafi 1,36% kvótans og aðaleigandi Brims ræður yfir kvóta Útgerðarfélags Reykjavíkur sem er með 3,90% kvótans. Samanlagt eru þetta 14,59% kvótans.

Úthlutaðar aflaheimildir með 20 ára millibili

í tonnum, óslægt

Tegundir	Kvótaár 2021/2022	Kvótaár 2001/2002
Þorskur	208.735	182.532
Ýsa	39.044	29.495
Ufsi	73.280	29.495
Steinbítur	8.460	12.782
Hlýri	357	
Karfi	34.547	65.000
Grálúða	14.234	20.000
Sandkoli	296	3.000
Skrápflúra	24	5.000
Skarkoli	7.391	4.000
Þykkvalúra	1.220	1.400
Langlúra	971	1.350
Keila	1.451	4.500
Langa	3.338	3.000
Skötuselur	381	1.500
Síld	68.411	125.000
Blálanga	316	
Gullfax	8.754	
Litli karfi	577	
Úthafsraekja	4.864	17.000
Innfj.rækja		1.400
Hörpudiskur		6.500
Samtals	476.651	514.454
Loðna		438.390
Samtals allt		952.844

Ekki allt sem sýnist

Samherji Ísland er í öðru sæti á þessum lista með 7% heildarkvótans en Samherjamenn eiga líka Útgerðarfélag Akureyringa að fullu sem ræður yfir 2,01% kvótans. Þá á Samherji tæpan helming í Síldarvinnslunni sem er í hópi tíu kvótahæstu útgerðanna. Eignatengsl

af þessu tagi eru víðar í þessum hópi stærstu útgerða þannig að ekki er allt sem sýnist. Samkvæmt nýútgefnum lista Fiskistofu eru 10 kvótahæstu útgerðirnar handhafar 52,46% heildarkvótans en af framan-sögðu er ljóst að samþjöppunin er töluvert meiri. Fyrir 20 árum fengu 10 kvótahæstu útgerðirnar úthlutað rúmlega 39% aflaheimildanna.

Rétt er að minna á að undanskildar við upphaf hvers fiskveiðisins eru aflaheimildir í deilistofnum, þ.e. norsk-íslenski síld, makríl og kolmunna, og oft einnig í loðnu (eins og nú háttar) og því breytist röð kvótahæstu fyrirtækja eitthvað þegar þær úthlutanir liggja fyrir.

Kvótapak og fjölskyldutengsl

Samkvæmt fiskveiðistjórn-unarlögnum má enginn ein útgerð hafa meira en 12% heildar-aflaheimildanna í þorskígildum til ráðstöfunar. Tilgangurinn er að hamla gegn of mikilli samþjöppun aflaheimilda á fáar hendur. Margsinnis hefur verið á það bent að sum stærstu fyrirtækjanna hafi eignast stóran hlut í öðrum útgerðum án þess að það hafi verið talinn ráðandi hlutur í túlkun laganna. Þar hefur tæplega helming hlutur Samherja í Síldarvinnslunni einkum verið nefndur sem dæmi. Sama á einnig við um samþjöppun aflaheimilda í smábátaflotanum vegna rúmrar túlkunar á því hverjir teljast tengdir aðilar og hverjir ekki, svo sem hjón eða börn þeirra. Lagafrumvarp sjávarútvegsráðherra til að skerpa á þessum þáttum öllum kom fram á þar síðasta þingi en hefur enn ekki verið afgreitt.

Kvótahæstu útgerðirnar 1. sept. 2021

Röð	Útgerð	Þús. þig-tonn	% af heild
1	Brim	30,071	9,33%
2	Samherji Ísland	22,554	7,00%
3	FISK-Seafood	20,052	6,22%
4	Þorbjörn	17,220	5,34%
5	Skinney-Þinganes	14,342	4,45%
6	Rammi	14,029	4,35%
7	Vinnslustöðin	13,507	4,19%
8	Vísir	13,034	4,04%
9	Útgerðarfélag. Rvíkur	12,576	3,90%
10	Síldarvinnslan	11,727	3,64%
Samtals 10 kvótahæstu			52,46%

Kvótahæstu útgerðirnar 1. sept. 2001

Röð	Útgerð	Þús. þig-tonn	% af heild
1	Útg.fél. Akureyringa	18,688	5,43%
2	Samherji	17,974	5,23%
3	Þorbjörn/Fiskaness	16,858	4,90%
4	Þ. Rammi/Sæberg	16,103	4,68%
5	Har. Böðvarsson	14,294	4,16%
6	Grandi	12,395	3,60%
7	Hraðf. Gunnvör	11,317	3,29%
8	Vinnslustöðin	9,891	2,88%
9	Fiskiðj. Skagfirðingur	8,988	2,61%
10	BGB/Snæfell	8,612	2,50%
			39,28%



Búvélar kynna

FRAMTÍÐIN FRÁ MASSEY FERGUSON

Nýju 5S - 6S - 7S - 8S eru hannaðar
fyrir kröfuharða notendur



MF 5S | 105 - 145 HÖ



MF 6S | 135 - 180 HÖ



MF 7S | 155 - 190 HÖ



MF 8S | 205 - 305 HÖ



Við klæðskerasaumum vél eftir þínum þörfum



Austurvegur 69 - 800 Selfoss - Sími 480 0080
buvelar.is

NYTJAR HAFSINS

Hvað er skattspor fyrirtækja?

Sigurgeir B. Kristgeirsson
binni@vsv.is



Við þekkjum orðið upplýsinga-óreiðu orðið nokkuð vel og að við tölum nú ekki um falsfréttir í daglegri umræðu. Greinarhöfundur er auk þess að vera menntaður búfræðingur, hagfræðingur líka. Í sveitinni skipti miklu að skrá allt rétt og samviskusamlega því skráningarnar voru mikilvægar utanumhaldi t.d. um fengitíma, ætterni, áætlaðan burð, nyt, fallþunga og fleira sem mikilvægt var við kynbætur og þar með framfarir bústofnsins.

Það er t.d. afar ánægjulegt að sjá að meðalkú á Íslandi mjólkar nú um 2.500 lítrum meira en hún gerði þegar ég nam búfræði. Þær framfarir hefðu ekki átt sér stað ef bændur hefðu farsað skráningar sínar eða fært fjár-, kú- eða hrossabókhald eins og þeim hentaði hverju sinni. Öllum áhugamönnum um búfræðing er því ljóst mikilvægi þess að leggja út af staðreyndum fremur en falsi og óreiðu. Á því byggjast framfarir.

Í aðdraganda kosninga verður án efa mikið rætt um tölur og hlutföll hvers konar þegar talið berst að skatttekjum hins opinbera og útgjöldum. Það hefur reynst mér erfiðara, sem hagfræðingur, að ná utan um þá umræðu og skilja heldur en búfræðingnum um búfræðingnum um búfræðingnum.

Ráðgjafar fyrirtækið KPMG hefur kynnt til sögunnar nýtt verkfæri, skattspor fyrirtækja, sem tæki til að skilja umræðu um skatta betur og færa þá til staðlaðs og sammanburðarhæfs forms, líkt og bændur hafa gert um áráðir búfræðingnum sitt. Kristrún Ingólfssdóttir, löggiltur endurskoðandi, hjá KPMG og sérfræðingur skattspora var fús að segja okkur frá hvað skattspor væri.

Hvað er skattspor?

„Skattsporið tífundar alla þá skatta sem hljóta af og greiðast í tengslum við rekstur fyrirtækja. Það sýnir heildar verðmætaköpun félaga, það er að segja heildartekjur,



Kristrún Ingólfssdóttir, löggiltur endurskoðandi, hjá KPMG og sérfræðingur skattspora.

og hvert verðmætin fara. Hluti fer til starfsmanna í formi launa, hluti fer til birgja þ.e.a.s. þeirra sem selja umbúðir, olíu og raforku, veiðarfæri og tryggingar svo nokkuð sé nefnt, hluti fer til lánveitenda í formi vaxta, hluti fer til eigenda í formi arðs og síðast en ekki síst fer hluti í sameiginlega sjóði okkar í formi skatta.

Skattar eru ekki bara skattur af hagnaði, heldur líka tekjuskattur og útsvar sem félagið skilar af launum launþega auk lífeyrisgreiðslna þeirra, tryggingagjald sem lagt er ofan á launagreiðslur, kolefnisgjöld, veiðigjöld, hafnargjöld, fasteingaskattar auk annarra skatta og gjalda sem lögð eru á rekstur. Skattsporið er ætlað að draga þessa skiptingu fram og sýna hvað kemur í hlut hvers. Allt þetta er gert með samræmdum hætti og er því sammanburðarhæft á milli landa,“ segir Kristrún.

Skattar eru mismunandi

Umræða um skatt er afskaplega flókin og fáir gera sér í raun grein

fyrir hversu mikill hluti launa endar í vasa ríkis og sveitarfélaga hér á landi, hvað þá erlendis og hver túlkar eins og honum hentar. Með reglubundnum hætti birtast svo fréttir af því hvernig skattgreiðslum er háttáð í nágrannaríkjum okkar og þá vitnað til samanburðar við „ríki sem við viljum helst bera okkur saman við“. En hvernig fer samanburður fram milli landa?

„Í sumum löndum er skattprósenta há en þá er minna af öðrum gjöldum á móti. Í öðrum löndum er þessu öfugt farið. Við erum að eyða ósamræmi sem er í skattkerfunum og setja fram með samræmdum hætti. Með skattsporið erum við að draga fram hvernig verðmætaköpun fyrirtækja skiptist og hvað endar í hlut hvers og eins, þ.e.a.s. starfsmanna, birgja, banka, eigenda og síðast en ekki síst ríkis og sveitarfélaga,“ segir Kristrún og bætir við: „Ársreikningi félaga er ekki ætlað að draga fram skattspor eða skatta sem skapast af rekstrinum heldur nýttist hann eigendum til að gera sér grein fyrir rekstrinum, hagnaði eða tapi, og til

skattlagningar fyrir ríkissjóð. En tekjuskattur fyrirtækis er einungis lítið brot þeirra skatta sem skapast við rekstur fyrirtækja. Það má setja þetta aðeins öðruvísi fram. Ef engin fyrirtæki væru á Íslandi þá væri lítil atvinna og lágar skatttekjur ríkis og sveitarfélaga og sennilega lítil opinber útgjöld einnig. Fyrirtækin eru því undirstaða skatttekna.“

Lífeyriskerfi landa eru mismunandi

„Eitt af því sem er mjög mismunandi milli landa er t.d. lífeyriskerfi. Á Íslandi greiða allir í lífeyrissjóði, ákveðið hlutfall launanna og fá síðan greitt út úr þeim við starfslok.“

Það fær nánast enginn lífeyri í samræmi við inngreiðslur því fólk sem greiðir inn af háum launum fær hlutfallslega minna, sumir fá meira greitt út því þeir lifa lengur en aðrir o.s.frv. Íslenska lífeyriskerfið er að uppistöðu til samtryggingarkerfi þar sem við tryggjum hvert annað. Í Danmörku t.d. þá eru lífeyrisgreiðslur hluti skattgreiðslna til

ríkisins og ríkið ábyrgist lífeyrisgreiðslur á efri árum. Í skattsporið teljum við greiðslur til lífeyrissjóða hluta af skatttekjum þrátt fyrir að á Íslandi renni greiðslurnar til lífeyrissjóða en í Danmörku til ríkisins.

Íslensku lífeyrissjóðirnir greiða sjóðsfélögum sínum svo lífeyrinn á efri árum en í Danmörku er það ríkið sem ábyrgist greiðslurnar. Við gerum sérstaka grein fyrir greiðslum til lífeyrissjóða í skattsporið svo lesendur geti glöggað sig á þeim,“ segir Kristrún.

Skattspor mikilvægt í pólitískri umræðu

Orðið samfélag er mikið notað í pólitískri umræðu og hver túlkar með sínum hætti. Hér notum við orðið um samfélag okkar Íslendinga, okkur sem heild. Skattsporið er ætlað að sýna hvernig tekjur fyrirtækja skiptast milli launþega, ríkis- og sveitarfélaga, birgja, banka og síðast en ekki síst eigenda. Í tilfelli sjávarútvegsins enda um 80–85% tekna hans í höndum Íslendinga en 15–20% í höndum útlendinga í formi erlendra aðfanga einkum í formi olíu, véla og skipa, svo nokkuð sé nefnt. En hvernig gagnast upplýsingar um skattspor okkar íslenska samfélagi?

„Þau fyrirtæki sem upplýsa um skattspor sitt eru að veita meiri upplýsingar en lög krefjast og svara þannig ákalli um meira gagnsæi upplýsinga og opnari umræðu.“

Vel rekin fyrirtæki auka gagnsæld samfélags síns. Þau greiða að jafnaði hærri skatta til ríkis og sveitarfélaga, hafa meiri getu til nýsköpunar og þróunar og annarra mikilvægra fjárfestinga og skapa þannig meiri gagnsæld samfélagsins í víðasta skilningi þess orðs en fyrirtæki í erfiðum rekstri. Það eru ekki bara eigendurnir sem hagnast, heldur allt samfélagið. Skattsporið kemur því sterkt inn í þessa umræðu og á mikið erindi til almennings og er ætlað til að upplýsa um framlag fyrirtækisins til samfélagsins og einfalda sammanburð,“ sagði Kristrún að lokum.

Hvað hefur makrillinn skilað miklu til samfélagsins?

– Dæmi um skattspor

Mikil umræða átti sér stað um makrílveiðar og skiptingu tekna af honum og fannst mörgum að

meira ætti að renna til ríkisins og enn öðrum að skipta ætti honum með öðrum hætti en gert var.

Engin tilraun hefur þó verið gerð til að meta ávinning samfélagsins af makrílveiðum eða skiptingu verðmætanna.

Greinarhöfundur áætlað að heildartekjur þjóðarþúsins af makrílveiðum, frá upphafi þeirra árið 2005 til dagsins í dag, slagi hátt í 250 milljarða króna. En hvernig skiptust þessi verðmæti sem sjávarútvegurinn dró óneitanlega í þjóðarþúíð á afar erfiðum tímum, um og eftir hrun?

Vinnslustöðin hf. lét gera skattspor sitt fyrir árin 2014, 2015 og 2017. Ef við áætluðum að skattspor Vinnslustöðvarinnar þessara ára endurspeglar skiptingu verðmætaköpunarinnar sem makrílveiðar og vinnsla hefur skilað (um 250 milljarðar) þá var almennur rekstrararkostnaður um 110 milljónir króna (sjá mynd). Hann innifelur aðföng s.s. olíu, varahluti, skip og vélar ásamt öðru frá útlöndum og innlenda þjónustu t.d. viðhald skipa, húsa og vinnslubúnaðar, löndunarþjónustu, umbúðir, rafmagn, ýmiss konar þjónustugjöld og svo má lengi telja, sem falla til innlendra aðila. Þess ber að geta að innlend þjónusta skilar sköttum og iðgjöld-



um lífeyrissjóða auk launa starfsmanna, arði til eigenda og vaxta til banka líkt og í sjávarútvegi. Það skattspor er allt ótalið hér. Skattar til ríkis (30 milljarðar), sveitarfélaga (20 milljarðar) ásamt iðgjöldum lífeyrissjóða (9 milljarðar) nema 59 milljörðum króna. Afkoma sjávarútvegsins og það sem féll í hlut eigenda sjávarútvegsfyrirtækjanna nam 22 milljörðum króna og síðast en ekki síst, þá þarf að greiða vexti af birgðahaldi og fjárfesting-

um hvers konar og þeir námu 13 milljörðum króna.

Rétt er að hafa í huga að hér er um áætlun að ræða sem byggir á skattspori Vinnslustöðvarinnar þessi ár og ber að taka sem slíka. Þrátt fyrir þessa anmarka þá telur greinarhöfundur þetta gefa glögga mynd af skiptingu þeirra liðlega 250 milljarða króna sem sjávarútvegurinn dró í þjóðarþúíð með því að finna og nýta makrillinn, öllu íslenska samfélagi til heilla.

ÓDÝR
gleraugu umgjörð og gler

Gleraugu með glampa og rispúvörn
19.900 kr.
Sérsmíðum samdægurs í styrk +/- 6,0 með cyl. til 2,0

Margskipt gleraugu
39.900 kr.
Margskipt gler frá Essilor (afgreiðslutími +/- tvær vikur)

Hamrahlíð 17
Hús Blindrafélagsins
Sími • 552-2002

Hauستtilboð

Steinn og sökkull, grátt granít
Grafskrift og skrautmynd (efst)
Uppsetning á höfuðborgarsvæði,
Norðurlandi, Akranesi og Borgarnesi
Frí sending um allt land

Tilboð 1



Blómarammi - innanmál 45 cm

Verð:
Sett eins og á mynd : 498.000
Sett án blómaramma : 398.000
Steinn : 298.000

Tilboð 2



Blómarammi - 45 cm innanmál

Verð:
Sett eins og á mynd : 585.000
Sett án blómaramma : 485.000
Steinn : 385.000

Tilboð 3



Verð:
Steinn með lugt: 240.000
Steinn : 195.000



Paradiso



Svartur



Grár

Tilboð 4 á meðan birgðir endast
Hægt að setja tvö nöfn

Verð: Sett eins og á mynd : 350.000
Steinn án aukahluta : 255.000

FRÉTTASKÝRING

Alþjóðlegar stofnanir vilja að dregið verði verulega úr notkun sýklalyfja í matvælaframleiðslu:

Ótti við að sýklalyfjaónæmar bakteríur verði stærra vandamál en COVID-19

– „Slagur sem við höfum ekki efni á að tapa,“ segir formaður Global Leader Group on Antificrobial Resistance

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is



Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna greindi frá því þann 24. ágúst að alþjóðlegur hópur leiðtoga um sýklalyfjaónæmi (The Global Leaders Group on Antimicrobial Resistance) hafi hvatt til þess að öll lönd dragi verulega úr notkun sýklalyfja í matvælaframleiðslu. Er þetta í takti við varnaðarorð og áhyggjur sem Karl G. Kristinsson, yfirlæknir á sýklarannsóknardeild Landspítala, hefur haft uppi á Íslandi árum saman.

Baráttan gegn útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería lýtur líka að fæðuöryggismálum þjóða. Þar hefur verið bent á að einmitt þess vegna skipti afar miklu máli að Íslendingar geti haldið landinu hreinu. Þar höfum við haft mikla sérstöðu vegna lítillar notkunar sýklalyfja í íslenskum landbúnaði. Auk þess hefur ekki verið heimilt að nota sýklalyf á Íslandi sem vaxtarhvata í ræktun alifugla og nautgripa, eins og víða hefur verið stundað í stórum stíl. Þar er talað um að vart sé t.d. gerlegt að rækta nautgripa í verksmiðjubúum eða risastórum fóðrunarstöðvum án þess að gefa sýklalyf í fóðri í stórum stíl. Í Bandaríkjunum er talið að allt að 70% af allri sýklalyfjanotkun fari fram í landbúnaði og jafnvel meira. Það er því augljóst að um hagsmunamál er að ræða fyrir lyfjaíðnaðinn.

Matvælaínnflytjendur á Íslandi hafa samt löngum gert lítið úr varnaðarorðum um sýklalyfjanotkun í matvælaframleiðslu, t.d. í Evrópu. Ekki síst vegna innflutnings á fersku kjöti og jafnvel eggjum og mjólkurvörum. Astæðulaust sé að hafa áhyggjur af innflutningi matvæla enda fari þau í gegnum strangt eftirlitskerfi ESB og fái þar heilbrigðisvottun. Þar hefur einnig verið lögð mikil áhersla á að þetta snúist ekki síst um frelsi í viðskiptum á alþjóðavísu. Þar megi engan skugga bera á.


Á móti hefur verið bent á að aðrar og veikari reglur gildi um sýklalyfjanotkun í Evrópu en á Íslandi. Þá er vísað til þess að heilbrigðisvottorð hafi gengið kaupum og sölum og því sé lítt á þau treystandi. Eins hafa heilbrigðisvottorð vaxandi áhyggjur af aukningu ofurbaktería sem þola öll venjuleg sýklalyf. Líka eru áhyggjur af fjölonæmum ofurbakteríum sem þola öll sterkustu lyf sem til eru, eða svonefnd lokaúrræðalyf. Það leiði aftur til þess að ekki er hægt að lækna fólk með slíkar sýkingar með hefðbundnum aðferðum, jafnvel þó þar sé einungis að kljást við meðhöndlun á annars sakleysislegum sárum.

Afleiðingin getur orðið skelfileg

Afleiðingin er vaxandi fjöldi dauðsfalla af völdum sýklalyfjaónæmra og fjölonæmra baktería. Því sé mikilvægt að Íslendingar reyni af fremsta megni að forðast að sýklalyfjaónæmar bakteríur nái sér á strik hérlandis. Barátta við sýkingar af þeirra völdum muni verða gríðarlega kostnaðarsöm fyrir heilbrigðiskerfið. Er því spáð að kostnaðurinn af þessari baráttu muni nema 100 billjónum dollara (100.000.000.000.000) árið 2050 og kosta 10 milljónir mannslífa. Lágtekju- og millistéttalönd muni bera meginþungann af þessum áföllum.



Ofursýklar sem sýklalyf virka ekki á eru líka nefndir hinir þöglu dráparar.



Með tímanum leiðir ofnotkun sýklalyfja í fóðri dýra til þess að sýklarnir ávinna sér ónæmi fyrir lyfjunum. Því daga sýklalyf ekki lengur til að drepa þá þegar fólk sýkist af sýklalyfjaónæmum bakteríum.

Fréttir af vandamálum við meðhöndlun á ofurbakteríum hrannast upp frá sjúkrahúsum víða um heim. Þar hefur borið mest á fréttum frá Bandaríkjunum og Evrópu, en samþæfingar fréttir má lesa frá Íran, Ísrael, Egyptalandi og löndum um allan heim.

Nú þegar sýkjast milljónir árlega og tugir þúsunda láta lífið

Sýklar ávinna sér þol gegn sýklalyfjum með tímanum, venjulega með erfðabreytingum. Ofnotkun sýklalyfja hraðar mjög því ferli. Nær þrjár milljónir Bandaríkjamanna sýkjast nú á ári hverju vegna sýklalyfjaónæmra baktería (2,8 milljónir 2019). Af þeim látast um 35 þúsund manns, samkvæmt tölum

Próun útbreiðslu baktería sýnir að þar verður gjarnan veldisvöxtur sem fljótlega getur orðið óviðráðanlegur. Nú velta heilbrigðisvirkni um allan heim því fyrir sér að sýklalyfjaónæmisfaraldur kunnir að taka við þegar sljakkar í Covid-19 faraldrinum.

Læknar og sjúkrahús eru líka sek um ofnotkun sýklalyfja

Eftirlits- og sjúkdómavarnastofnun Bandaríkjanna) segir baráttuna við sýklalyfjaónæmar bakteríur stærstu heilsufarsáskorunina á okkar tímum. Þar er líka vísað til nýlegrar rannsóknar sem bendi til þess að læknar geti að hluta sjálfum sér um kennt vegna ofnotkunar sýklalyfja á sjúkrahúsum.



Eldi á nautgripum í risastórum fóðrunarstöðvum er vart talið fýsilegt nema með ótæpilegri sýklalyfjagjöf.

úr sýklalyfjanotkun á alþjóðavísu felur í sér að hætt verði notkun á læknisfræðilega mikilvægum örverueyðandi lyfjum til að stuðla að auknum vaxtarhraða hjá heilbrigðum dýrum. Þá ber að fara sparlega með notkun sýklalyfja í heildina.

Þessi áskorun er sett fram í aðdraganda að leiðtogafundi Sameinuðu þjóðanna um matvæli sem haldinn verður í New York 23. september 2021. Þar munu fulltrúar aðildarþjóðanna ræða leiðir til að breyta matvælaferfum heimsins.

Fulltrúar frá 22 þjóðríkjum í GLG

Í Global Leaders Group on Antimicrobial Resistance eru þjóðhöfðingjar, ráðherrar ríkisstjórna og leiðtogar frá einkageiranum og borgaralegu samfélagi frá 22 löndum. Hópurinn var stofnaður í nóvember 2020 til að flýta fyrir hnattrænni pólitískri ákvarðanatöku og aðgerðum gegn sýklalyfjaónæmi (Antimicrobial Resistance - AMR). Með sameiginlega formennsku í hópnum fara Mia Amor Mottley, forsætisráðherra Barbados, og Sheikh Hasina, forsætisráðherra Bangladess.

Krafa um að dregið verði verulega úr notkun sýklalyfja í matvælaframleiðslu

Að draga úr notkun sýklalyfja í matvælaframleiðslu er lykillinn að því að ná árangri. Í yfirlýsingu Global Leaders Group er hvatt til áráðinnna aðgerða allra landa og leiðtoga þvert á starfsgreinar til að takast á við lyfjaónæmi. Forgangsverkefni til aðgerða er að fara sparlega með örverueyðandi lyf í matvælaframleiðslu og draga verulega úr notkun lyfja sem eru mikilvægust við meðhöndlun sjúkdóma hjá mönnum, dýrum og plöntum.

Helstu áherslur hópsins eru:

1. Hætta verði að nota sýklalyf sem eru mikilvæg fyrir lækningar á fólki til að auka vaxtarhraða dýra.
2. Takmarka magn sýklalyfja sem gefin eru til að koma í veg fyrir sýkingu hjá heilbrigðum dýrum og plöntum. Einnig að tryggjast verði að öll slík notkun sé framkvæmd undir eftirliti.
3. Að útrýma eða minnka verulega lausasölu á sýklalyfjum sem eru mikilvæg í læknisfræði eða dýralækningum.
4. Minnka heildarnotkun sýklalyfja með því að bæta sýkinga- og smitvarnir, eftirlit, hreinlæti, líffræðilegt öryggi og bóluþingar í landbúnaði og fiskeldi.
5. Tryggja aðgang að ódýrum gæða-sýklalyfjum fyrir heilsu dýra og manna og stuðla að nýsköpun gagnreyndra og sjálfbærra valkosta við sýklalyf í matvælaframleiðslu.

Örveruvitundarvika haldin í nóvember

Samkomulagið um „Eflum vitund og stöðvum útbreiðslu“ verður þema vitundarviku ársins 2021 (2021 World Antimicrobial Awareness Week -

Ofnotkun sýklalyfja á sjúkrahúsum

Rannsóknin var birt í mars á þessu ári undir yfirskriftinni: **Mat á því hvort sýklalyfjanotkun sé með viðeigandi hætti á bandarískum sjúkrahúsum.** Þar var um að ræða þversniðsrannsókn á 1.566 sjúklingum á 192 sjúkrahúsum. Spurt var hversu hátt hlutfall af sýklalyfjanotkun sjúkrahúsa í Bandaríkjunum vikur frá ráðlögðum aðferðum, svo sem meðferðarvali eða lengd, á grundvelli sjúkraskráa?

Í niðurstöðum segir að 55,9% þessara 1.566 sjúklinga hefðu ekki átt að fá sýklalyf samkvæmt leiðbeiningum um starfshætti. Leiðbeiningarnar studdu hins vegar ekki að ávísa sýklalyfjum til 79,5% sjúklinga sem fengu meðferð vegna lungnabólgu og 76,8% sjúklinga sem fengu meðferð við þvagfærasýkingu. Þá benda niðurstöðurnar til þess að hægt sé að nota staðlað mat á sýklalyfjaáviðunargæðum sjúkrahúsa til að áætla hvort sýklalyfjanotkun sé með ásættanlegum hætti á miklum fjölda sjúkrahúsa.

Tekið fyrir á leiðtogafundi Sameinuðu þjóðanna í New York 23. september

Í lok nóvember 2020 gaf Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (World Health Organization – WHO) út yfirlýsingu um hættuna sem stafar af ofnotkun sýklalyfja.

Tilkynning FAO í ágúst um hvatningu leiðtoga um að dregið verði

WAAW). Hún verður haldin dagana 18.-24. nóvember af Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO), Alþjóðastofnun um dýraheilbrigði (OIE) og Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO), sem saman mynda þriggja stofnana kerfið AMR. Yfirgripsmikið slagorð alþjóðlegrar örveruvitundarviku er eins og áður „Sýklalyf meðhöndlist með varúð“.

Sýklalyfjaónæmar örverur finnast víða

Sýklalyfjaónæmar örverur finnast í fólki, dýrum, matvælum, plöntum og umhverfinu (í vatni, jarðvegi og lofti). Þær geta breiðst út frá manni til manns eða milli manna og dýra, þar með talið frá mat úr dýrarikinu.

Helstu drifkraftar sýklalyfjaónæmis eru misnotkun og ofnotkun sýklalyfja; skortur á aðgangi að hreinu vatni, hreinlætisaðstöðu og hreinlæti bæði fyrir menn og dýr. Lélegum forvörnum gegn sjúkdómum og eftirliti á heilsugæslustöðvum og á sveitabæjum. Lélegu aðgengi að ódýrum gæðalyfjum, og bóludefnum. Vegna skorts á greiningu, meðvitund og þekkingu, sem og þegar lögum er ekki framfylgt.

Stefnir í hrikalegar afleiðingar fyrir heimsbyggðina

Þó að sagt sé að dregið hafi verulega úr notkun sýklalyfja í dýraeldi á heimsvísu, þá sagði í fréttum evrópsku lyfjastofnunarinnar (European Medicines Agency - EMA) þann 30. júní síðastliðinn að þörf sé á að draga mun meira úr slíkri notkun.

„Án tafarlausra og róttækra aðgerða til að draga verulega úr sýklalyfjanotkun í matvælaframleiðslunni stefnir heimurinn hratt í

átt að tímamótum þar sem sýklalyf-in sem treysta á til að meðhöndla sýkingar hjá mönnum, dýrum og plöntum munu ekki lengur skila árangri.

Áhrifin á staðbundin heilbrigðis-kerfi, efnahag þjóða, matvælaör-yggi og matvælaframleiðslu á heimsvísu verða hrikaleg.“

Slagur sem við höfum ekki efni á að tapa

„Við getum ekki tekist á við hækkandi sýklalyfjaónæmi án þess að nota örverueyðandi lyf sparlega í öllum greinum.“ sagði Mía Amor Mottley, forsætisráðherra Barbados, formaður Global Leader Group on Antimicrobial Resistance.

„Heimurinn er í kapphlaupi gegn sýklalyfjaónæmi og það er sá slagur sem við höfum ekki efni á að tapa.“

Að draga úr notkun sýklalyfja í matkerfum hlýtur að vera forgangsverkefni allra landa að mati Global Leaders Group.

„Notkun sýklalyfja á ábyrgari hátt í matvælaframleiðslu þarf að vera forgangsverkefni allra landa.“ sagði Sheikh Hasina, forsætisráðherra Banglades, meðstjórnandi sýklalyfjaónæmis.

„Sameiginlegar aðgerðir á milli ólíkra sviða samfélagsins eru mikilvægar til að vernda dýrmætustu lyfin okkar, öllum til hagsbóta, alls staðar.“

Neytendur velji aðeins vörur frá ábyrgum framleiðendum

FAO segir að neytendur í öllum löndum geti gegnt lykilhlutverki með því að velja matvörur frá



Hröð útbreiðsla ofursýkla er farin að valda miklum áhyggjum um allan heim.

framleiðendum sem nota sýklalyf á ábyrgan hátt. Einnig er brýn þörf á fjárfestingu til að þróa árangursríka valkosti við sýklalyfjanotkun í matvælum framleiðslu, svo sem bóludefni og önnur lyf.

Yfirvofandi heilsuhamfarir og banvænni en Covid-19

World Health Organization (WHO) og World Economic Forum voruð heimsbyggðina við ofnotkun sýklalyfja þann 20. nóvember á síðasta ári. Var það í tengslum við vaxningaviku um notkun sýklalyfja á heimsvísu. Þar segir beinlínis í fyrirsögn:

„Yfirvofandi heilsuhamfarir sem geta verið banvænni en Covid-19.“ – Síðan sagði:

- Sýklalyfjaónæmi er ein af 10 helstu alþjóðlegu ógnunum við lýðheilsu, samkvæmt Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni.
- Áhætta skapast þegar bakteríur, veirur, sveppir og sníkjudýr breytast með tímanum og bregðast ekki við lyfjum sem ætlað er að drepa þau.
- Ofnotkun lyfja – hjá mönnum og landbúnaði – hefur aukið vandann.
- Sýklalyfjaónæmar sýkingar getu valdið 10 milljónum dauðsfalla á ári fyrir árið 2050, samkvæmt yfirliti um sýklalyfjaónæmi.
- Alþjóðleg vika gegn sýklalyfjum miðar að því að stuðla að aðgerðum til að takmarka áhættuna.

- Misnotkun sýklalyfja meðan á heimsfaraldri Covid-19 stendur getur flýtt fyrir ónæmi.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur áður bent á að misnotkun og ofnotkun sýklalyfja séu helstu drifkraftar í þróun lyfjaónæmra sýkla. Einnig að skortur á hreinu vatni, hreinlætisaðstöðu, ófullnægjandi forvarnir gegn sýkingum og eftirliti, stuðli að útbreiðslu örvera sem sumar geta verið ónæmar fyrir sýklalyfjameðferð. Þá segir WHO:

- Kostnaður vegna ónæmra örvera fyrir hagkerfið er verulegur. Auk dauða og fötlunar hafa langvarandi veikindi í för með sér lengri legu á sjúkrahúsi, þörf fyrir dýrari lyf og fjárhagslegar áskoranir fyrir þá sem verða fyrir áhrifum.
- Án áhrifaríkra örverueyðandi lyfja væri árangur nútíma lækninga í verulegri hættu við meðhöndlun sýkinga, þar með talið meðan á stórum skurðaðgerðum stendur og krabbameinslyfjameðferð.

Með þessum aðvörnum reynir Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin að auka meðvitund heimsbyggðarinnar gagnvart alvarleika málsins ásamt World Antimicrobial Awareness Week.

Ofurbakteríur geta COVID-19 hjákátlegt

„Þú hefur sennilega heyrt um ofurbakteríur, en vissirðu að þær eru ein stærsta ógnin við lýðheilsu á heimsvísu? Þessir lyfjaónæmu bakteríur geta drepit milljónir manna á hverju ári og valið heilsutjóni sem gæti hugsanlega gerir baráttuna við COVID-19 hjákátlega.“ segir í ábendingu GLG.

Einfaldari rekstur með Landsbanka-appinu

Í Landsbankaappinu getur þú sinnt fjármálunum á ferðinni, stofnað reikninga, kröfur, kort og margt fleira sem sparar sporin og einfaldar reksturinn.

ÞAÐ ER LANDSBANKI NÝRRA TÍMA

Haraldur og Andri Eigendur HB tækniþjónustu

TÆKNI & VÍSINDI

CFM International, samstarfsfyrirtæki General Electric og franska fyrirtækisins Safran:

Nýr opinn skrúfuhreyfill á þotur sagður geta minnkað eldsneytisnotkun um 20%

General Electric og franska fyrirtækið Safran kynntu í júní síðastliðnum áform um tilraunasmíði „opins skrúfuhreyfils“ sem á að geta dregið úr eldsneytisnotkun farþegaþotna og mengun um 20%. Var þetta kynnt um leið og greint var frá framlengingu á sögulegu samstarfsverkefni félaganna í gegnum fyrirtækið CFM International til 2050.

Nýi flugvélahreyfillinn er nefndur „RISE“ og er talinn hugsanlegur arftaki „LEAP“ þotuhreyflanna sem notað er á Boeing 737 MAX og nokkrum Airbus A320neo farþegaþotum. Nýi hreyfillinn er með sýnilegum hreyfilblöðum og kallast „opinn skrúfuhreyfill“. Hann gæti mögulega verið tekinn í notkun um 2035. Í nýju hönnuninni er einnig gert ráð fyrir blendingsvél sem að hluta yrði drifin áfram með rafmagni.

Hörð samkeppni við Pratt & Whitney

CFM er stærsti þotuhreyflaframleiðandi heims miðað við fjölda seldra eininga. Það er eini birgir mótora fyrir Boeing 737 MAX og keppir við Raytheon Technologies frá Pratt & Whitney um viðskipti vegna Airbus A320neo flugvélna. Þykir LEAP mótörinn frá CFM afar sparneytinn og er sagður eyða 15% minna eldsneyti en hefðbundnir hreyflar. Þá er hann sagður losa 15% minna af CO₂ út í andrúmsloftið og 50% minna af NOx (Nitrogen Oxide - köfnunarefnisoxíð). Það yrði því augljóslega verulegur ávinningur ef enn yrði hægt að draga úr eldsneytisnotkuninni um 20% með opna skrúfuhreyflinum RISE.

RISE verkefnið kom til í undirbúningsvinnu hreyflaframleiðenda við næstu kynslóð millistærðar farþegaflugvéla með einum gangi (single-aisle planes), eins og Boeing MAX og Airbus A320 neo sem búa nú við aukinn þrýsting og kröfur um umhverfisvænni flugvélar.

Heimildir úr flugiðnaðinum



Nýi flugvélahreyfillinn er nefndur „RISE“ og er talinn hugsanlegur arftaki „LEAP“ þotuhreyflanna sem notað er á Boeing 737 MAX og nokkrum Airbus A320neo farþegaþotum.



Hér má vel sjá vandann sem Boeing þurfti að glíma við til að koma fyrir stærri hreyflum á MAX 737 vélarnar. Vinstar megin er Airbus 321 og hægra megin MAX 737 þar sem plássíðir fyrir stóran hreyfil undir vængnum reyndist einfaldlega ekki nægjanlegt.

herma að Boeing íhugi að koma með nýja vél í stað hinna langdrægu 757

flugvéla sem eru örflítið stærri en MAX 737. Vangaveltur um hvort



„LEAP“ þotuhreyfillinn frá CFM International þykir afar sparneytinn, en hann er bæði notaður af Airbus og Boeing líkt og hreyflar frá Pratt & Whitney.

bíða eigi nýrrar tækni í þróun flugvélahreyfla hefur frestað ákvarðanatöku.

Ekki einfalt mál

Vandséð er hvernig menn ætla að koma hreyfli eins og þessum nýja RISE skrúfuhreyfli fyrir á hefðbundnum þotum. Ljóst er að skrúfan er með mun meira þvermál en samþættilgur þotuhreyfill og vart pláss fyrir hann á flugvéllum sem hannaðar eru fyrir hefðbundna þotuhreyfla. Þetta var m.a. eitt aðal vandamálið við hönnunina á Boeing MAX 737 þegar ákveðið var að setja á hana stærri hreyfla. Þar var verið að herma eftir Airbus 321 sem var öflugri og með meiri flutningsgetu. Gallinn var bara að MAX vélarnar voru lágfættari en keppinauturinn frá Airbus og ekki pláss undir vængjunum fyrir

stærri hreyfil nema að færa hann fram og ofar. Það breytti um leið flugeiginleikum vélarinnar sem ekki var hægt að mæta nema með flóknum tölubúnaði. Flestir vita hvernig það fór, en hvernig menn ætla að koma opnum skrúfuhreyfli fyrir á slíkra flugvél liggur ekki alveg í augum uppi.

Afkastameiri hreyfill

Hugmyndin um opinn skrúfuhreyfil byggir á að spáðar hreyfilsins, sem faldir eru inni í venjulegum þotuhreyflum, yrðu að hluta sjáanlegir líkt og á hefðbundnum skrúfuþotum. Slíkra hönnun er ætlað að skófla meira lofti en hægt er með hefðbundnum hreyflum og draga úr álagi á kjarna hreyfilsins. Fyrri tilraunir síðan á níunda áratugnum til að þróa slíkar vélar hafa þurft að glíma við vandamál eins og hávaða.

Olivier Andries, framkvæmdastjóri Safran, sagði á kynningunni að frumgerð sem prófuð var árið 2017 hefði ekki framkallað meiri hávaða en gerist í LEAP þotuhreyflum.

Augu flugrekenda og tæknimanna beinast nú að keppinautum Pratt & Whitney, sem búist er við að muni birta uppfærslur á þotuhreyfla sína síðar á þessu ári. Talið er að þeir verði með skrúfum með breytanlegum skurði, líkt og skiptiskrúfur í skipum. /HKr.

Ný tækni frá Hyzon Motors í geymslu vetnis í ökutækjum:

Búnaðurinn sagður vera 43% léttari og 52% ódýrari en hefðbundnar lausnir

Hyzon Motors fyrirtækið sérhæfir sig í smíði lausna fyrir notkun á vetni í efnarafala í ökutækjum. Fyrirtækið, sem er með aðsetur í New York-ríki, gaf út tilkynningu í lok júlí að það hafi þróað nýtt vetnisgeymslukerfi sem geti dregið úr þyngd og framleiðslukostnaði atvinnubíla sem búnir eru efnarafölum fyrir vetni.

Hið nýja einkaleyfisvarða vetnisgeymslukerfi samþættir notkun á léttum efnum í tanka sem hafðir eru í grind úr málm. Sagt er að slíkt kerfi sé um 43% léttara en hefðbundnir vetnistankar og kosti um 52%


minna í framleiðslu. Þá séu um 75% færri íhlutir í þessu kerfi en öðrum vetnisgeymslukerfum sem nú eru notuð. Kerfið gefur auk þess möguleika á að vera með 5 til 10 mismunandi vetnistanka.

Nýja tæknin hefur þegar verið sett upp í flutningabílum í Evrópu og er reiknað með að hægt verði að bjóða þessa tækni í hvaða gerð vetnisbíla sem er á fjórða ársfjórðungi yfirstandandi árs 2021. Þróun þessarar tækni hefur farið fram á milli Hyzon Europe og Hyzon US, en fyrirtækið hyggst framleiða þetta nýja kerfi bæði í Rochester í New York og í Groningen í Hollandi. /HKr.



Fyrsti 55 tonna vetnisknúni mjólkurbíllinn frá Hyzon Motors hefur verið tekinn í notkun af FrieslandCampina, sem er einn stærsti mjólkurvöruframleiðandi í heimi. Fyrirtækið er með starfsemi í 38 löndum og var með 23.783 starfsmenn á síðasta ári. Vetnisknúni trukkurinn á að komast 400 til 600 kílómetra á einni tankfyllingu af vetni. Vetnis-efnarafallinn í bílnum skilar 500 kílóvöttum, eða 670 hestöflum.





UTAN ÚR HEIMI

Álagspróf gert á 50 öflugustu bönkunum í Evrópusambandinu:

Evrópska bankakerfið myndi ráða illa við nýtt efnahagsáfall

– Sænskir bankar standa þó vel en eigið fé elsta banka heims, Monte dei Paschi á Ítalíu, myndi þurrkast út

Álagsprófun á 50 öflugustu lána- stofnunum innan Evrópusambandsins, sem standa á bak við 70% af eignum bankakerfisins, sýnir að staðan er langt frá því að vera góð.

Sem dæmi myndi allt eigið fé, elsta banka heims, hins ítalska Monte dei Paschi's, þurrkast út ef bankinn yrði fyrir áfalli. Þessi banki hefur stefnt að sameiningarviðræðum við UniCredit, að því er fram kom í frétt Reuters.

Í álagsprófinu, sem greint var frá í lok júlí, sviðsetti EBA (European Banking Authority) áfall sem bankakerfið þurfti að glíma við upp á 265 milljarða evra, eða sem nemur um 39.485 milljörðum íslenskra króna.

Þegar miðað var við verstu atburðarás, sem gengur út frá áframhaldandi vanda vegna COVID-19 og spannar þrjú ár, eða til 2023, lækkaði heildarhlutfall eiginfjár og áhættuveginna eigna um næstum 500 punkta og ýtti meðaltalshlutfallinu niður úr 15% í 10,2% eiginfjárhlutfall sem er við hættumörk.

Til samanburðar má geta þess að á fyrrihluta þessa árs var eiginfjárhlutfall íslensku bankanna þriggja mun betra. Íslandsbanka 21,9%, Landsbanka 24,9% og Arion banka 26,9%.

Elsti banki heims í vandræðum

Monte dei Paschi kom verst út með eiginfjárhlutfalli upp á -0,1%. UniCredit var 9,59%.

Forsvarsmenn Monte dei Paschi bankans sögðu að kjörhlutfallið hefði orðið 6,6% eftir fyrirhugaða 2,5 milljarða innspýtingu. Bankanum gekk líka verst í álagsprófi ESB fyrir fimm árum. Þykir þetta vera til marks um að enn eigi að redda djúpstæðum vanda þessa elsta banka heims.

Enginn af hinum ítölsku bönkunum sem prófaðir voru, þ.e. Mediobanca, Banco BPM og Intesa Sanpaolo, náðu að halda sig í 10% eiginfjárhlutfalli eftir áfall.

Franski hluti HSBC seldur

Franskur armur breska bankans HSBC var með næstversta árangur í álagsprófinu á eftir Monte dei Paschi og kom út með 5,91% eiginfjárhlutfall. Samþykkt var í júní síðastliðnum að selja franska hluta HSBC til My Money Group með stuðningi Cerberus. Það þýddi tap fyrir móðurfyrirtæki HSBC upp á 2,3 milljarða dollara. Þessi sala er sögð sýna flóttu HSBC frá bankaviðskiptum á hægvaðandi markaði í Evrópu og Bandaríkjunum. Þess í stað setji bankinn nú vaxandi þunga í Asíuviðskipti.

Sænsku bankarnir komu best út

Bestan árangur í þessu álagsprófi sýndu sænsku bankarnir sem allir komu út eftir áfall með meira en 10% eiginfjárhlutfall. Af þeim kom Skandinaviska Enskilda Banken best út með 17,4% hlutfall.

Meðal efstu banka voru Credit Agricole í Frakkland (CAGR.PA) og BPCE og ING í Hollandi.

Ekki góð stöða hjá Deutsche Bank og Societe Generale

Fjárfestingabankarnir Deutsche Bank og Societe Generale, sem eru í miðju endurskipulagningarferli, komu báðir frekar illa út og voru

undir meðaltali. Deutsche Bank með 7,56% og Societe Generale með 7,73% eiginfjárhlutfall. BNP Paribas var 8,28% og Commerzbank með 8,52% eiginfjárhlutfall. James von

Moltke, fjármálastjóri Deutsche Bank, bar sig þó vel og sagði vöxt bankans á fyrri hluta þessa árs ekki skila sér inn í álagsprófið.

Aðeins einn af fjórum spænsk-

um bönkunum sem prófaðir voru náði 10% eiginfjárhlutfalli, en það var Bankinter.

Niðurstöður prófana, sem seinkuðu frá síðasta ári vegna Covid-19,

eru taldar mikilvægar fyrir banka þegar þeir hefja á ný að greiða út arðgreiðslur sem voru bannaðar meðan á heimsfaraldur Covid-19 stóð sem hæst. /HKr.



Ungir Umhverfissinnar



Einkunnagjöf Ungra umhverfissinna fyrir Alþingiskosningar

Undirkafli		U	*	D	W	⊙	👤	Ⓜ	*S	✓	
Loftslagsmál	Skammtíamarkmið	/3	0	3	0	0	0	0	3	0	0
	Langtíamarkmið	/5	0	3	0	0	0	0	5	1	2
	Umfang markmiða	/12	2	9,3	0	0	4,5	1	11	8	10
	Aðlögun	/4	0	3	0	0	1	0	4	1	4
	Fjármögnun	/5	0	0	0	0	0	0	4	0	1
	Annað	/11	1	9	2	0	1	0	10,3	8	10
	Loftslagsmál samtals	/40	3	27,3	2	0	6,5	1	37,3	18	27
Náttúruvernd	Þjóðgarðar & friðlýst svæði	/5	0	5	1	0	4	0	4	2	5
	Orkumál	/7	0	2	0	0	3	0	5	2	5
	Vistkerfi	/10	2	9	0	0	5,5	0	5,5	6,5	10
	Haf & vatn	/5	0	3	0	0	2	0	5	0,3	4
	Samstarf & norðurslóðir	/2	0	2	0	0	1	0	2	1	2
	Þátttaka ungs fólks	/1	0	1	0	0	0	0	1	0	1
	Náttúruvernd samtals	/30	2	22	1	0	15,5	0	22,5	11,8	27
Hringrásarsamfélag	Hringrásarhagkerfi	/3	0	3	0	0	2	0	2,3	2	2,3
	Úrgangsmál	/7	1	7	1,3	0	3	0	2	2	6
	Atvinnumál & réttlát umskipti	/5	2	4	0	1	1	0	4	4	4
	Sjálfbær sveitafélög	/4	2	2	1	0	2	0	3	3	4
	Landbúnaður & matvæli	/5	2	5	0	0	4	0	5	4,3	5
	Annað	/6	1	6	0	0	3	0	5	3,7	5
	Hringrásarsamfélag samtals	/30	8	27	2,3	1	15	0	21,3	19	26,3
Lokaeinkunn	/100	13	76,3	5,3	1	37	1	81,2	48,8	80,3	

U Framsóknarflokkurinn (XB)

W Flokkur Fólksins (XF)

⊙ Píratar (XP)

* Viðreisn (XC)

⊙ Sósíalistaflokkurinn (XJ)

*S Samfylking (XS)

D Sjálfstæðisflokkurinn (XD)

👤 Miðflokkurinn (XM)

✓ Vinstrihreyfingin – grænt framboð (XV)

LANDBÚNAÐARRANNSÓKNIR

Öflugt tilraunastarf hjá Jarðræktarmiðstöð Landbúnaðarháskóla Íslands:

Orkujurtir til olíuræktunar

– Uppskera á olíurepju og nepju lofar góðu

Verið er að þróa bætta ræktunartækni á olíujurtum en jákvæðar frumniðurstöður rannsóknar Landbúnaðarháskóla Íslands gefa tilefni til aukinnar framleiðslu matarolíu hér á landi.

Starfsmenn Jarðræktarmiðstöðvar Landbúnaðarháskóla Íslands hafa í sumar rannsakað áhrif mismunandi sáðskammta í samspili við breytilega áburðarskammta að hausti á lifun og uppskeru á vor- og vetraryrkjum repju og nepju, bændum til hagnýtingar.

„Frumniðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að áburðarmagn að hausti hafi mest áhrif á vetrarafbrigði nepju, en sáðmagnið á sumarafrbrigði,“ segir Sunna Skeggjadóttir, umsjónarmaður rannsóknarverkefnis sem ber heitið „Orkujurt – bætt tækni til olíuræktunar“ og er styrkt af Orkurannsóknarsjóði Landsvirkjunar og Nýsköpunarsjóði námsmanna.

Ólíkir styrkleikar repju og nepju

Olíujurtirnar nepja og repja eru af krossblómaætt. Repja er af sama stofni og gulrófa á meðan nepja er af sama stofni og næpa, en af báðum tegundum eru til vetrar- og sumarafrbrigði. Helsti munur afbrigðanna er sá að vetrarafbrigðinu þarf að sá að hausti. Það þarf á kuldatímabili að halda til að blómgast og þroska fræ og fara því ekki í kynvöxt fyrr en að vetri liðnum. Sumaryrkjum er hins vegar sáð að vori og fara beint í kynvöxt.

Mest er ræktað af voryrkjum repju erlendis en hún er í grunninn fljóttþroskaðri en vetrarafbrigði og sem slíkt öruggara í ræktun þar sem veðráttu er stöðug og góð. Hún er hins vegar viðkvæmari fyrir veðrabrigðum.

Nepja er harðgerari og þarf styttri vaxtartíma. Hún er upprunnin í Póllandi og er ræktað í köldum norðlægum löndum. Betra vetrarþol nepjunnar og sú staðreynd að hún byrjar vöxt snemma vors gefur von um mikla uppskeru vetrarafbrigða en að sögn Sunnu þarf að finna út hvernig bæta má lifun hennar yfir vetrarmánuðina.

Fjölbreyttir notkunarmöguleikar

Helstu nytjar plöntunnar er matarolíu sem hægt er að vinna úr fræinu.

„Olían inniheldur góðar fitusýrur og hefur fleiri góða heilsufarslega kosti. Hún þolir meiri hita en sólblómaolíu. Einnig gefur hún hrat sem aukaafurð, sem er bæði prótein- og orkuríkt og getur verið nýtt í skepnur s.s. kýr og svín. Þar með getur hratið komið í staðinn fyrir innfluttan próteingjafa. Einnig fæst hálmur af stráum sem nýta má í undirburð,“ segir Sunna og bætir við að búfé þyki hratið mjög lystugt. Þá er óupptalinn möguleiki á nýtingu olíunnar sem eldsneyti.

Ef vel tekst til með ræktun repju og nepju á Íslandi gæti landinn eygt von um töluverða matarolíuframleiðslu hér á landi sem myndi leiða til minni innflutnings jurtaolíu.

„Efla þarf rannsóknir til þess að komast að því hvort hægt sé að rækta plöntuna um allt land. Niðurstöður rannsókna hérlendis gefa til kynna að hægt sé að rækta nepju í öllum jarðvegsgerðum en það sem skiptir máli í ræktun plöntunnar er jafnvægi á áburði og sáðskammti,“ segir Sunna.



Sunna Skeggjadóttir, umsjónarmaður rannsóknarverkefnis, sem staðsett er á Hvanneyri, var í þann mund að undirbúa uppskeru á tilraunareitum á Hvanneyri þegar útsendara Bændablaðsins bar að garði. Myndir / ghp



Tilraunapreskivél Jarðræktarmiðstöðvarinnar mun koma að góðum notum við úrvinnslu tilraunarinnar.



Séð yfir tilraunareiti vetrarafbrigða.



Feiknamikið af fræi fæst úr hverri plöntu en innihald fræs er um 46% olía og 21% prótein.

Mögulega hægt að fá 720 kg af olíu úr hverjum ræktuðum hektara

Repja hefur verið í ræktun um nokkurt skeið á nokkrum búum og samkvæmt skýrslu um Fæðuöryggi á Íslandi, sem kom út fyrr á þessu ári, er áætluð meðalársframleiðsla um 1,2 tonn af olíufræi á hektara af vorafbrigðum. Tölur fyrir vetrarafbrigði liggja ekki fyrir né gögn um hve mikið af olíu er hægt að vinna úr fræjunum.

Sunna áætlað að í góðu ári hafi bændur hérlendis fengið 2 tonn af þurrefni á hektara en fyrri tilraunir sýndu uppskerumöguleika upp á ríflega 4 tonn þurrefnis á hektara af fræjum af vetrarafbrigðum. „Talað er um að fræ innihaldi um 46% olíu og 21% prótein. Út frá því mætti reikna gróflégt að magn olíu yrði um 450 kg á hektara fyrir vornepju en 720 kg á hektara fyrir vetrarafbrigði.“

Víðtækasta ræktunin í Kanada

Repja er ein af stærstu uppsprettum jurtaolíu í heiminum. Áætlanir framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins gerir ráð fyrir 74 milljón tona framleiðslu árið 2020. Í Kanada fer fram víðtækasta ræktun og framleiðsla repjuolíu í heiminum. Sumir gætu þekkt repjuolíu sem Canola olíu, en heitið vísar til algengasta ræktunaryrkis plöntunnar, Canola, sem þróað var við plöntuvísindadeild Manitoba háskóla í Kanada á sjöunda áratug síðustu aldar. /ghp



NÁTTÚRULEGA GOTT HAUST

MEÐ ÍSLENSKU LAMBAKJÖTI

Haustið gefur einstakt tækifæri til að njóta lambakjötsins eins og það gerist allra best, ferskt og náttúrulega gott.

Skoðaðu uppskriftirnar á islensktlambakjot.is

Bændurnir í Gautavík markaðssetja te úr iðnaðarhampi:

Inniheldur CBD sem virkjast í tevatninu

– Enn hindranir á matvörum með virkum kannabínóðum

Íslenskt hampte úr innlendri ræktun er nú í fyrsta sinn fánlegt í íslenskrum matvöruverslun.

Framleiðendur eru þau hjónin Pálmi Einarsson og Oddný Anna Björnsdóttir sem markaðssetja vörur sínar undir vörumerkinu Geislar Gautavík, en hampurinn er einmitt ræktaður á bænum þeirra Gautavík í Berufirði.

Ræktun þeirra á iðnaðarhampi sumarið 2019 var í raun upphafið að því ferli sem leiddi til þess að heilbrigðisráðherra skrifaði undir reglugerð vorið 2020 og heimilaði ræktun iðnaðarhamps með undanþáguheimild frá Lyfjastofnun og endapunkturinn var svo samþykkt Alþingis á frumvarpi heilbrigðisráðherra um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni sem fól í sér að stjórnsýsla og verkefni sem varða innflutning á hampfræjum til ræktunar á iðnaðarhampi fluttist frá Lyfjastofnun til Matvælastofnunar. Við lagasetninguna var horft til þess að iðnaðarhampur væri ekki ávana- og fíkniefni heldur nytjaplanta og því eðlilegra að fræ til ræktunar á honum féllu undir lög um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru sem Matvælastofnun hefur eftirlit með.

Söluhæsta teið í Krónunni

„Við fengum starfsleyfi fyrir framleiðslu á teinu frá Heilbrigðiseftirliti Austurlands í fyrrasumar og seldum það síðastliðinn vetur eingöngu beint frá býli þar sem magnið var ekki það mikið en eftirspurnin þeim mun meiri – það þurfti aðeins eina færslu í Facebook-hópin okkar til þess að það seldist upp og fengu færri en vildu,“ útskýrir Oddný.

„Þar sem uppskeran er margfalt meiri í ár sökum góðs tíðarfars og stærra ræktunarsvæðis ákváðum við að dreifa því í verslanir, en seljum það að sjálfsögðu einnig í okkar eigin vefverslun. Við höfum sölu á því í Krónunni í lok ágúst; í Matarbúrinu þeirra sem er samstarfsverkefni Samtaka smáframleiðenda matvæla



Oddný Anna Björnsdóttir í hampakrinum í Gautavík.

Myndir / Geislar



Hampblóm ásamt laufunum næst blóminu. Neðri blóðin fylgja í teframleiðsluna ef annað blóm hefur náð að myndast undir efsta blóminu.



Lauf undir smásjá í Gautavík þar sem sjá má kannabínóðana eins og litla kristalla.



Pálmi í þökkunaraðstöðunni.

fært í vor þegar þau voru að undirbúa opnun býlisins fyrir almenningi og hófu sölu á einföldum veitingum samhliða því, meðal annars frá félagsmönnum í Samtökum smáframleiðenda matvæla.

„Frá því að við höfum ræktunina árið 2019 hefur fólk streymt hingað til þess að fræðast um hampinn og berja ræktunina augum. Við ákváðum því að bjóða upp á formlega leiðsögn um ræktunarsvæðin og fræðslusetrið okkar í sumar gegn vægu gjaldi og fólk boðið að heilsa upp á húsdýrin í leiðinni og eftir það njóta alls annars sem í boði er á býlinu, eins og að spila golf á heimatilbúna golfvöllinum okkar.“

Áhuginn var ótrúlega mikill. Okkur telst svo til að hátt í þúsund manns hafi lagt leið sína til okkar til að fræðast um hampinn og voru margir þeirra þegar farnir að rækta sjálfir. Við verðum ekki með formlegan opnunartíma í vetur en bjóðum upp á námskeið fyrir hópa og ef hliðið er opið er fólk velkomið að koma í verslunina. Þess má geta að í byrjun mánaðarins fengum við svo starfsleyfi fyrir framleiðslu á hampsmyrslu sem þeir sem hafa fengið að prófa hafa látið afar vel af.“

Einangraðir kannabínóðar skilgreindir sem nýfæði

Blóm og lauf iðnaðarhampsins eru talin innihalda yfir 130 kannabínóða, þar með talið CBD sem er þeirra þekktastur og mest rannsakaður. Hingað til hafa verið hindranir á sölu á matvörum, þar með talið fæðubótarefnum sem einangruðum kannabínóðum hefur verið bætt út í – eins og hinni svokölluðu „CBD-olíu“. Hún gengur undir því nafni þó hinir kannabínóðarnir geti fylgt með. Ef allir fylgja með í vinnsluferlinu kallast olían „full-spectrum CBD-olíu“.

Oddný segir hindranirnar vera vegna þess að „extraktið“ sé skilgreint sem nýfæði og þurfi þess vegna að fá leyfi frá Matvælastofnun fyrir því og hvernig eigi að nota það.

Hún segir það ekki eiga við um teið þar sem það sé einfaldlega þurrkuð og mulin blóm og lauf hampsins sem ekkert er búið að

eiga við. Þegar því er blandað út í soðið vatn með ½-1 tsk. af feiti eða matarolíu virkjast og losna kannabínóðarnir af tejuertunum og fara út í tevatnið. „Við mælum með bragðlausri kókosolíu því hún hefur lágmarksáhrif á bragðið af teinu. Svo má bragðbæta það, til dæmis með hunangi,“ segir Oddný.

Hún útskýrir ferlið við framleiðslu á CBD-olíunni þannig að fyrst sé þurrkuðu blómin og lafin vætt í etanóli eða öðru leysiefni. Etanólið – sem kannabínóðarnir eru búnir að leysast upp í – er svo síað frá og eimað og eftir standa þá einangraðir kannabínóðar. Þar sem það hentar ekki til inntöku er það sett út í svokallaða burðarolíu, til dæmis ólífuolíu, kókosolíu eða hampfræolíu og miðað við ákveðið magn CBD í einum dropa.

Ríkjum ESB óheimilt að hindra viðskipti með CBD

Oddný segir að í nóvember 2020 hafi Evrópuðómstóllinn úrskurðað að CBD flokkaðist sem matvæli en ekki lyfjafæni og að ríkjum sambandsins væri óheimilt að hindra viðskipti með það – og framkvæmdastjórn ESB hafi verið á sama máli. Hún segir að Ísland hafi innleitt matvælalöggjöf ESB í gegnum EES samninginn og því eigi þessi dómur einnig við hér á landi. „Í kjölfarið hefur opinber sala á CBD húðólum – sem eru hæfar til inntöku – aukist mjög, verslanir sem sérhæfa sig í CBD-vörum spröttið upp og ýmsir hafið tilraunaframleiðslu á matvörum með CBD, en fram að því var sala á CBD-ólum til inntöku öll á „gráa markaðinum“.

Velferðarnefnd lagði til í álitu sínu í vor að landbúnaðarráðherra skipi starfshóp sem hafi það markmið að skoða hvort eitthvað í regluverkinu hér á landi hindri sölu á CBD vörum. „Starfshópurinn á að skila af sér eigi síðar en 1. desember næstkomandi, enda brýnt að þetta sé skýrt í regluverkinu og að innlendir framleiðendur missi ekki af lestinni, því samkvæmt Grand View Research var heimsmarkaður með CBD árið 2020 metinn á 2,8 milljarða Bandaríkjadala, sem eru rúmfrá 350 milljarðar íslenskra króna, og búist við að hann vaxi um 20 prósent á ári frá 2021 til 2028, það er, verði um 1.500 milljarðar árið 2028,“ segir Oddný.

Allt að 15 tonn af þurrkuðum blómum og laufum

Könnun Hampfélagsins í vor í Facebook-hópnum þeirra, „Hamp-ræktendur og markaðstorg“, gaf til kynna að hampur yrði ræktaður á að lágmarki 150 hekturum lands í sumar. Að sögn Oddnýjar hefur fólk verið að deila myndum og myndböndum af sinni ræktun í þeim hópi, þar sem víða ríkir mikil bjartsýni með ræktunina.

„Fólk er nú í kappi við tímann að tína og þurka blómin áður en fyrsta haustlægð og næturfröst skellur á því þau fara illa í því. Ef ræktendur næðu að tína þau öll yrði til hér á landi allt að 15 tonn af þurru efni sem hægt væri að nýta beint sem te og krydd eða bæta út í matvæli. Það eru því ansi margir sem munu súpa á hamptei og fleiri hampafurðum í vetur úr eigin ræktun eða annarra. Og þá eru stilkarnir eftir sem hafa fjölbreytt notagildi eins og mikið hefur verið rætt um,“ segir Oddný.

Þeim sem vilja kynna sér búskapinn í Gautavík betur er bent á Facebook-hópinn Geislar Gautavík – opið býli – hampur, húsdýr, handverk/snarl, golf o.fl.

/smh

www.mannvit.is

Smávirkanir

Rennismælingar fyrir smávirkanir

Mannvit veitir viðtæka þjónustu vegna forathugana, áætlanagerðar og undirbúnings smávirkanja. Þjónustan inniheldur undirbúningsrannsóknir, hönnunarvinnu og mat á umhverfisáhrifum þar sem við á. Einnig veitum við þjónustu á sviði veituhönnunar og bortækni til jarðhitamyntingar.

MANNVIT

MOSI

Íslenskur ullarkoddi

Lopidraumur.is



Eldhestar með hæstu einkunn hjá Tripadvisor á heimsvísu

Fyrirtækið Eldhestar fékk nýlega staðfestingu á því að vera í hópi 10% fyrirtækja sem fá hæstu einkunn hjá Tripadvisor á heimsvísu. Þessi niðurstaða byggist bæði á ákveðnum fjölda gesta sem og einkunnagjöf og umsögnum þeirra, síðustu 12 mánuðina.

„Við erum auðvitað afskaplega stoltir af þessari niðurstöðu og þökkum hana okkar mjög svo góða starfsfólki, en margir af okkar starfsmönnum hafa starfað hjá okkur í mörg ár. Stefnan hjá okkur hefur alltaf verið að bjóða upp á hestaferðir í háum gæðaflokki þar sem fara saman mjög góður hestakostur ásamt einstaklega hæfu starfsfólki. Við höfum líka aukið við framboð og fjölbreytileika hestaferðanna í gegnum árin,“ segir Hróðmar Bjarnason, framkvæmdastjóri og einn eigenda Eldhesta í Ólfusi.

Hótel Eldhestar

Eldhestar eru líka með glæsilegt hótél fyrir sína viðskiptavini.

„Já, hótelið hefur gert okkur kleift að bjóða upp á hestaferðir (2-4



Hróðmar Bjarnason, sem er að sjálfsögðu að rifna úr stolti með viðurkenninguna frá Tripadvisor, en hann þakkar starfsfólki sínu fyrst og fremst fyrir þennan frábæra árangur.

Mynd / MHH

daga/nætur) með auknum þægindum, gistingu á hóteli, ásamt góðum kvöldverði á veitingastað hótelsins. Þessi viðurkenning Tripadvisor byggist því á öllum þáttum í rekstri fyrirtækisins, þar sem þjónusta hótelsins og á veitingastaðnum skipta miklu máli.

Allt starfsfólk okkar á því hrós skilið fyrir mjög góða frammistöðu, oft á mjög erfiðum tíma,“ segir Hróðmar, alsæll með viðurkenninguna.

/MHH

Eyjafjarðarsveit:

Framtíð Freyvangs rædd

Viðræður um framtíð Freyvangs í Eyjafjarðarsveit fóru fram á fundi framkvæmdaráðs en tveir fulltrúar Freyvangsleikhússins mættu á fund ráðsins til að ræða málið.

Á fundinum var samkvæmt fundargerð velt upp þeirri spurningu hvað yrði um starfsemi Freyvangsleikhússins ef húsið yrði selt og leikhúsinu boðið að nýta Laugaborg að einhverju leyti í þess stað og eða annað húsnæði.

Gerðu fulltrúar Freyvangsleikhússins ráð fyrir að ef svo færi myndi starfsemin leggjast af því umfang áhugaleikhúss væri töluvert meira en bara sýningarnar sjálfar.

Var einnig velt upp þeirri hug-



Freyvangsleikhúsið Eyjafjarðarsveitar.

mynd hvort Freyvangsleikhúsið geti tekið yfir rekstur hússins og séð um allt minna viðhald. Fram kom á fundinum að ekki hefði verið tekin formlega ákvörðun um að selja húsnæðið í Freyvangi en verið sé að skoða þann möguleika.

/MPP



Óskarsstöðin fyrir breytingar og eftir endurnýjun.

Myndir / SSNE

Raufarhöfn:

Óskarsstöðin fékk andlitslyftingu

Óskarsstöðin á Raufarhöfn, sem reis árið 1950 og var eitt af 11 síldarplönnum sem starfrækt voru á síldarárunum á Raufarhöfn, hefur gengið í endurnýjun lífdaga.

Snorri F. Hilmarsson hefur unnið hörðum höndum að því undanfarin ár að bjarga Óskarsstöðinni og endurbyggja.

Húsið er eftir breytingar á ný orðið staðarþrýði á Raufarhöfn „og er það mikið gleðiefni að þessi sögulega mikilvæga bygging sé nú með nýjan tilgang og hlutverk fyrir menningarflóru svæðisins“, segir á vefsíðu Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi eystra.

Þar kemur fram að húsið sé svo gott sem tilbúið að utan en enn eru þónokkuð mörg handtök eftir inni.

Myndlistarnámskeið á Melrakkasléttu

Myndlistaskólinn í Reykjavík stóð fyrir áhugaverðu námskeiði í liðnum mánuði þar sem Óskarsstöðin var bækistöð og vinnuástanda námskeiðsins.



Myndlistarnemar höfðu bækistöð sína í Óskarsstöðinni.

Þátttakendur fengu innsýn í menningu, sögu og samfélag Melrakkasléttu og sjónum aðallega beint að gróðri jarðar, fjörinni, vötnum, lönnum og dýralífi.

Námskeiðið var haldið í samvinnu við Rannsóknastöðina Rif og Heimsenda, menningarfélag Óskarsbragga með tilstyrk frá Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra.

/MPP

Höfum opnað vefverslun rafmark.is



RAFVÖRU MARKAÐURINN

Við Fellsmúla | Reykjavík | Sími: 585 2888 | rafmark.is

Hönnun hugbúnaðar:

MölUndur og samnýting á jarðvegi

Björgvin Víkingsson, forstjóri Ríkiskaupa, undirritaði nýlega samstarfssamning við NetPower um hönnun hugbúnaðar og gagnagrunns sem miðar að því að opinberir framkvæmdaaðilar samnýti jarðveg sem fellur til við opinberar framkvæmdir.

Samningurinn snýr að hönnun á miðlægum gagnagrunni í formi smáforrits/vefviðmóts sem Ríkiskaup (og aðrir útboðsskyldir aðilar) geta óskað eftir að sé notað í jarðvegsframkvæmdum og lágmarka þannig kolefnislosun í þeim lið byggingaframkvæmda.

Hugbúnaðurinn sem hefur haft vinnuheitid Völundur mun í framtíðinni kallast MölUndur og er það talið lýsandi fyrir framtíðarnotkun gagnagrunnsins.

„Markmið verkefnisins er að gefa notendum yfirsýn yfir framkvæmdastaði á landinu og geti annaðhvort nálgast jarðveg eða losað sig við jarðveg á nálæga verkstaði. Um er að ræða nýsköpunarverkefni sem snýr að því að draga úr loftslagsáhrifum verklegra jarðvegsframkvæmda á vegum hins opinbera og stuðla að fjárhagslegu hagræði. Notendur eiga einnig að geta dregið úr grunninum upplýsingar um kolefnislosun og nýtt í græna bókhaldi,“ segir Björgvin.



Nýja verkefnið um samnýtingu jarðvegs við opinberar framkvæmdir þykir mjög spennandi og gott skref.

Mynd / Aðsend

Þá má geta þess að MölUndur er samstarfsverkefni nokkurra opinberra framkvæmdaraðila en þeir eru Framkvæmdasýsla ríkisins, Vegagerðin, Veitur, Reykjavíkurborg, Hafnarfjarðarbær, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og Kópavogsbær, auk Ríkiskaupa. „Mikill áhugi er á verkefninu og því standa vonir til að fleiri opinberir framkvæmdaraðilar sjái sér hag í að nýta sér gagnagrunninn sem verður gjaldfrjáls fyrir notendur,“ bætir Björgvin við.

/MHH

MIKIÐ ÚRVAL

af garðhúsum og gestahúsum

Eigum öll garðhúsin okkar og minni gestahúsin til á lager - **Takmarkað magn**

FYRSTUR KEMUR - FYRSTUR FÆR - EKKI MISSA AF ÞESSU



GARÐHÚS 4,4m²



GARÐHÚS 4,7m²



GARÐHÚS 9,9 m² án gólfs



GARÐHÚS 9,7m²



44 mm bjálki / Tvöföld nótun

GARÐHÚS 14,5 m²

50% afsláttur af flutningi á **GARÐHÚSUM** og **GESTAHÚSUM** á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

GESTAHÚS og **GARÐHÚS** sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri **GESTAHÚS** og **GARÐHÚS** á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is



Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar volundarhus.is og í síma 864-2400.




www.volundarhus.is

VILTU RÆKTA SKÓG OG BINDA KOLEFNI?

Myndin sýnir dæmi um útreikning á væntanlegri bindingu CO₂ á jörð í innanverðum Eyjafirði á hæðarbilinu 150-250 m yfir sjávarmáli

Sýnd er væntanleg CO₂-binding helstu trjategunda sem notaðar eru í skógrækt á Íslandi. Til glöggvunar eru tölur um árlega CO₂-bindingu á hektara eftir 15 og 30 ár frá upphafi skógræktar*



REIKNIÐ SJÁLF



reiknival.skogur.is

*Fólksbíl sem ekið er 20.000 km á ári og eyðir 6 l/100 km að meðaltali losar um 3,5 tonn af CO₂

Ný og hátæknivædd dráttarvél á Ólafsvöllum

– Fyrsta vélin sinnar tegundar á Íslandi sem mælir nákvæmlega eftir gps-tækni

Bændurnir á Ólafsvöllum á Skeiðum fengu í sumar nýja hátæknivædda dráttarvél. Hún er ríkulega búin tæknibúnaði en með henni er meðal annars hægt að mæla gps-staðsetningar með mikilli nákvæmni, standa að uppskerumælingum og stjórna flotanum. Vörustjóri frá framleiðandanum CLAAS kom í heimsókn á bæinn á dögnum til leiðbeiningar varðandi uppsetningu á dráttarvélinni.

Að sögn Eyjólfss Péturs Pálmasonar, forstjóra Vélfangs, sem flytur dráttarvélinna inn, þá byggir stýrikerfi dráttarvélarinnar á svokölluðu EASY-kerfi (Efficient Agriculture Systems) sem gæti útlagst sem skilvirkt landbúnaðarkerfi á íslensku. „Í samstarfi við Ísmar-tækjalausnir náum við eins til þriggja sentímetra nákvæmni við sáningar, áburðardreifingu, slátt og fleira,“ segir Eyjólfur.

Eina sinnar tegundar á Íslandi

Dráttarvélin er af gerðinni CLAAS Axion 870 og segir Eyjólfur að engin önnur dráttarvél á Íslandi geti tekið við jafn nákvæmu leiðréttingamerki og þessi vél.

„Til að ná þessari nákvæmni tengjum við vélinna við VRS-kerfi Ísmar sem er með leiðréttingastöðvar víða um land og tengist vélinni einfaldlega með SIM gagnakorti frá Símanum. Með sama hætti getum



Georg Kjartansson, bóndi á Ólafsvöllum, Fabia Jesse, vörustjóri frá CLAAS, Guðmundur Sigurðsson, þjónustustjóri Vélfangs, og Eyjólfur Pétur Pálmason frá Vélfangi.

við og eigandi í gegnum smáforrit frá CLAAS séð hvar vélin er staðsett og birt allar helstu tölur; til dæmis hversu mikil dísil-olífa eða

Ad-blue er á vélinni. Hversu mikið álag er á mótör og skiptingu, mótörsknúning, hraði á aflúttaki og svo framvegis. Þá sést einnig í hvers

konar vinnu dráttarvélin hefur verið; í hægagangi, akstri á vegi eða undir álagi.

Það sem stendur þó upp úr er að

vélin er útbúin með bæði Auto steer og Autoturn sem þýðir að hún stýrir sjálf eftir GPS línu sem þú setur inn eftir að úthringurinn er settur og snýr sjálf við á endum ef þú óskar eftir og aðstæður bjóða upp á. Í raun virkar þetta þannig að þegar þú kemur inn á tún eða akur í fyrsta skipti þá keyrir þú úthringinn og „tekur hann upp“ og segir tölvunni hversu breitt svæði þú vilt nota til að snúa við á endum og hversu mikil breidd er á tækinu og vistar tekið inn í GPS-kerfið. Setur svo línu eftir túninu, þá reiknar GPS kerfið út línur í stykkið sem vélin keyrir svo eftir framvegis, vistar túnið í kerfið og eftir það segirðu einfaldlega tölvunni hvaða túni þú ert á og með hvaða tæki og vélin keyrir þá sjálfkrafa eftir línunum,“ segir Eyjólfur.

Tekur upp allar aðgerðir

„Vélin sjálf er svo búin svokölluðu CSM-kerfi sem gerir þér mögulegt að taka upp allar aðgerðir sem þú óskar eftir að vélin geri við aðstæður hverju sinni, til dæmis að setja aflúrtak í gang, hækka mótörsknúning, lækka beisli, fara á fyrirfram ákveðinn hraða, setja fjórhjóladrif, kveikja á vökvæntli og fleira. Hægt er að geyma fjölda tækja inni í minni vélarinnar sem þú sækir svo þegar þú tekur þetta tæki aftur í notkun,“ segir Eyjólfur.

/smh

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300 Dreift í 32 þúsund eintökum á yfir 420 dreifingarstaði og lögbýli á Íslandi

NÁM OG NÁMSKEIÐ



Farskólinn
miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra

fyrir bændur, smáframleiðendur og aðra áhugasama, hvar á landinu sem þeir búa, sem hafa áhuga á matvælaframleiðslu eftir Beint frá býli hugmyndafræðinni.

Um er að ræða Matarsmiðju – Beint frá býli sem er 80 klst. nám þar sem reynt verður að svara þeim spurningum sem vakna frá því að hugmynd fæðist og þangað til varan er komin á markað. Auk þess er boðið upp á eftirfarandi 18 námskeið.

Brýning á hnífum

11. september
kl.9:00 -12:00 og
kl.13:00 -16:00.



Fars, pylsu og bjúgnagerð

16. október
kl.9:00 -17:00.



Heit og kaldreyking á fiski, kjöti og villibráð

21. nóvember
kl.10:00 -14:00.



Áleggsgerð

5. desember
kl.9:00 -17:00.



Sýrt grænmeti

12. september
kl.13:00 -17:00.




Hrápilsugerð

17. október
kl.9:00 -16:00.



Úrbeining á folaldi

26. nóv. og 27. nóv.
kl.9:00 -17:00.



Hrossakjöt –matur fyrir konunga

14. janúar 2022
kl.9:00 -17:00.



Úrbeining á kind

24. sept. og 9. okt.
kl.9:00 -17:00.



Súrmatsgerð

29. október
kl.9:00 -17:00.



Pate- og kæfugerð

28. nóvember
kl.10:00 -16:00.



Ostagerð (2 dagar)

15.-16. janúar 2022
kl.9:00 -17:00
hvorn dag.



Sögun og niðurhlutun á lambaskrokk

25. sept. og 10. okt.
kl.13:00 -17:00.



Purrka og grafa

6. nóv. og 7. nóv.
kl.13:00 -17:00.



Pylsur, pulsar, pölser

4. desember
kl.9:00 -17:00.



Úrbeining á nautakjöti (2 dagar)

5.-6. mars 2022
kl.9:00 -17:00 hvorn dag.



Súrdeigsbakstur

7. október
kl.17:00 -20:30.



Söltun og reyking

6. nóv. og 7. nóv.
kl.9:00 -12:00.



Námskeiðin eru öll kennd af kjötiðnaðar-, osta og/eða matreiðslumeisturum sem hafa mikla reynslu og þekkingu hver á sínu sviði. Námskeiðin eru flest kennd á Skagaströnd. Yfirleitt er allt hráefni innifalið og þátttakendur taka með sér heim sínar eigin afurðir af flestum námskeiðum. Kennt er í 6 - 8 manna hópum og því takmarkað sætaframboð.

Reynt verður að bæta við aukanámskeiðum ef biðlistar myndast.

Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Farskólans www.farskolinn.is/namskeid undir „Matvælavinnsla“

LÍF & STARF



Við stefnumótunaryrvinna um fæðuöryggisstefnu verður meðal annars horft til þess hvernig auka megi íslenska kornframleiðslu. Mynd / smh

Stefnumótunaryrvinna um fæðuöryggisstefnu:

Fæðuöryggi þjóðarinnar skoðað

Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur undirritað samning við Landbúnaðarháskóla Íslands (LbHI) um mótun fæðuöryggisstefnu fyrir Ísland. Drög að stefnunni eiga að liggja fyrir í apríl á næsta ári.



Jóhannes Sveinbjörnsson, dósent við LbHI, Ragnheiður Þórarinsdóttir, rektor LbHI, Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og Sigurður Eypórsson, verkefnastjóri í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Jóhannes Sveinbjörnsson, dósent við LbHI, stýrir verkefninu fyrir hönd skólans en til grundvallar stefnumótuninni liggur skýrslan Fæðuöryggi á Íslandi sem skilað var til ráðuneytisins í febrúar 2021, þar sem Jóhannes var annar tveggja ritstjóra. Meðal þess sem þar kom fram var að veikleikar íslenskrar matvælaframleiðslu væru einkum í kornframleiðslu og til að raunverulega væri mögulegt að tryggja fæðuöryggi Íslands þyrfti að efla innlenda áburðarframleiðslu.

Öflug innlend framleiðsla á próteini, eggjum og mjólkurvörum

Í skýrslunni kom fram að Ísland stendur sterkt hvað varðar framleiðslu á próteini; til dæmis er 90 prósent af framboði á kjöti á Íslandi innlend framleiðsla. Enn betri staða er í eggjaframleiðslu og í mjólkurvörum; 96 prósent af framboði eggja er innlend framleiðsla og 99 prósent af mjólkurvörum. Íslensk garðyrkja sér fyrir um 43 prósentum af framboði grænmetis á Íslandi.

„Vinnan mun byggja á þremur stöðum, sem eru skýrslan frá í febrúar, þjóðaröryggisstefna stjórnvalda eins og hún liggur fyrir og gildandi stefnur um fæðuöryggi í nágrannalöndum,“ segir Jóhannes.

„Áherslan til að byrja með verður á að skoða fæðuöryggisstefnur nágrannalöndanna og almennt um aðferðafræði við slíka stefnumótun. Svo verður horft sérstaklega til þeirra veikleika og styrkleika sem skýrslan lýsti við mótun áherslna í stefnunni, og tekið mið af þjóðaröryggisstefnunni,“ bætir hann við.

Samráð við ráðuneytið

LbHI mun vinna stefnumótunaryrvinna að mestu leyti sjálfstætt, en í nánú samráði við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið – þar sem Sigurður Eypórsson heldur utan um verkefnið. „Þegar fæðuöryggisskýrslu Landbúnaðarháskólans var skilað í febrúar sagði ráðherra meðal annars að hún sýndi fram á mikilvægi þess að móta stefnu um hvernig tryggja megi fæðuöryggi þjóðarinnar. Með slíkri stefnu þyrfti að setja markmið um getu innletrar matvælaframleiðslu til að takast á við skyndilegar breytingar á aðgengi að innfluttri matvöru og aðföngum til að tryggja fæðuöryggi þjóðarinnar og það eru þættir sem við horfum einnig til. Ráðuneytið hefur átt mjög gott samstarf við Landbúnaðarháskólann að margþættum verkefnum og við hlökkum til að vinna að þessu mikilvæga starfi með þeim,“ segir Sigurður. /smh

LANDGRÆÐSLAN BÆTIR STAFRÆNA ÞJÓNUSTU



Þátttakendur í verkefnum Landgræðslunnar geta nú sent inn rafræna reikninga á land.is

Þetta gildir fyrir Landbótasjóð, Bændur græða landið, Endurheimt votlendis og Varnir gegn landbroti

Frá 1. janúar 2022 verður ekki sendur bréfpóstur vegna ofangreindra verkefna

Stytttri afgreiðslutími - betra aðgengi upplýsinga



www.land.is

Lífræn hreinsistöð



• Fyrirferðalítill fullkomin sambyggð skolphreinsistöð

• Uppfyllir ýrustu kröfur um gæði hreinsunar

• Engin rotþró eða siturlögn 25 ára ábyrgð

• Tæming seyru á þriggja til fimm ára fresti

• Engir hreyfanlegir hlutir

• Stærðir frá 6 - 55 persónueiningar



WPL
Diamond



IDNVER

Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is

K7000 Ring 27cm
Sögunardýpt 27cm



DM400 kjarnaborvél
Hámark: 350mm



Husqvarna

FS400 LV
Sögunardýpt 16,5cm



LF75 LAT
Jarðvegsþjappa
Þjöppuþyngd 97 kg
Plata 50x57cm



Steinsagarblöð
og kjarnaborar



Husqvarna K770
Sögunardýpt 12,5cm



MHG
VERSLUN

Allt fyrir
atvinnumanninn

Steinsagir - Kjarnaborvélar - Gólfsagir

MHG Verslun ehf / Vikurharfi 8 / 203 Kópavogi / S: 544-4656 / mhg.is



“... fátækt fólk er ævinlega hamingjusamara en þetta svokallaða ríka fólk, sem er í raun og veru ekki til. Því hvað er ríkt fólk? Það er fólk sem hefur mikið í veltunni og á ekki neitt nema áhyggjurnar ef allt væri gert upp, og fer útúr heiminum alveg nákvæmlega eins snault og hinir, að því undanteknu að það hefir haft meira af búksorgum, minna af sannri lífsgleði.“ (Sjálftætt fólk). Ekki er víst að fátækir kotbændur fyrr á öldum tækju undir þessa fleygu setningu Laxness, þó hugsjónin sé falleg, enda lífsbráttan erfið mörgum.

Mynd / Unsplash

Torfbærir, tímamótalaus verk:

Listrænn arfur þjóðarinnar

Sigrún Pétursdóttir
sigrunpeturs@bondi.is



Fyrsta listahátíð þjóðarinnar var haldin 19. júlí 1970. Þar var, meðal annarra, í forsvari Manfréd Vilhjálmsson arkitekt sem var ötull talsmaður íslenskrar menningar, en hann hafði gert sér lítið fyrir og bent á að torfbærinn væri á réttmætum stalli sem elsta byggingarlist íslensku þjóðarinnar.

Torfbænum var því gert hátt undir höfði á listasýningunni og sett upp sérleg torfbæjarsýning. Á hana komu margir mætir menn, áhugamenn byggingalistar, sem amatórar auk erlendra rokkstjarna. Hljómsveitin Led Zeppelin hafði nefnilega verið pöntuð til landsins í tilefni listahátíðar, en meðlimir þeirrar sveitar mættu hnarreistir á torfbæjarsýninguna, nokkrum klukkustundum eftir komu sína til landsins.

Þar skoðuðu þeir og fræddust um þetta merkilega fyrirbæri af miklum áhuga, áður en þeir stigu á svið og spiluðu fyrir fullu húsi í Laugardalshöllinni, mánudagskvöldið 20. júlí.

Torfbærir eru nefnilega mjög merkilegir

Þó margir Íslendingar vilji ekki kannast við annað en að þjóðin okkar sé fátæk af listrænum arfi þá sagðist Manfréd aðspurður telja torfbæinn víðeigandi sýningarefni. Hann væri dæmi um elsta arkitektúr og þá hluta af menningu þjóðarinnar, enda byggingarlist skilgreind sem listin að reisa hús eftir vissum reglum.

Ekki voru allir á sama máli og töldu bygginga- eða húsagerðarlist helst hafa hafist þegar bárujárnshúsin komu til sögunnar í byrjun tuttugustu aldarinnar. Svólítið var lítið niður á torfbæi enda víðar um álfuna, t.d. í Norður-Evrópu, voru slík hífli aðallega fyrir fátækari stéttir. Það sem aðgreindi Ísland

hins vegar að þessu leyti var að í torfbæjum bjuggu háir jafnt sem lágir, þó það hafi ef til vill ekki þótt fínt, svona út á við.

Svo var það nú að íslenski torfbærinn þótti fremur lélegt húsnæði, saggafullt, kalt og dimmt auk þess sem endurbyggingar var þörf nær árlega á einhvern hátt vegna veðurfarsins sem lamdi dýrðina að utan með öllum kröftum. Sérstaklega á Suðurlandi, en vegna stöðugri veðurskilyrða var ending torfbæja heldur lengri á Norðurlandi. Nú, að auki taldist ekki sérlega eftirsóknarvert að alast upp í þessum húsakynnum þar sem hreinu lofti og hreinlæti yfir höfuð var að miklu leyti ábótavant.

Varð raunin að rétt fyrir upphaf tuttugustu aldar var lagt bann á frekari torfhúsabyggingar í Reykjavík. Ellefu hundruð ára torfhúsaöld á Íslandi var þarna senn á enda, þó enn um stund væri það algengasti húsakostur þjóðarinnar.

En rétt skal vera rétt og þar sem húsagerð telst afurð menningar, flokkast bygging torfbæja, menning.

Afsprengi fátæktar og elju

Í fyrri bindi bókarinnar Íslensk byggingararfleifð eftir Hörð Ágústsson kemur fram að ljósmyndir af torfbæjum sem teknar hafa verið á 19. öldinni móta að miklu leyti hugmyndir okkar Íslendinga hvað varðar útlit, en þær sýna að mestu röð bæjarhúsa sem snúa burstum og timburþiljum fram.

Hins vegar ef lítið er á grunn-teikningar af bæjum frá árunum 1755 og 1813 er húsaskipan allt önnur. Hörður segir svo í upphafi kaflans um torfbæinn: „Um miðja 18.öldina er hinn forni gangabær langalgengastur. Hann var í raun húsahyrping, raddað að mestu samhverft um einskonar samgönguæð, göng sem voru ýmist bein eða krókótt, stutt eða löng. Fram af þeim voru bæjarðyrnar sem sneru eina timburþili bæjarhúsana fram á hlað. Að öðru jöfnu lágu húsin hornrétt á göngin og



Stuttu eftir heimsókn sína á torfbæjarsýningu Listahátíðar Íslendinga og tónleikahald, sömdu meðlimir hljómsveitarinnar Led Zeppelin verkið „Immigrant Song“ þar sem þeir vísa í veru sína hérlendis.

voru samsíða hlaði. Í fremstu röð voru annars vegar skálinn eða svefnhús vinnufólks, einkum karla þegar hér er komið sögu, og stofa hins vegar á betri bæjum eða hús af ýmsu tagi, einkum búr stæðu hvort gegn öðru. Aftast kom svo baðstofan sem lá beggja vegna við enda ganga. Þar var vinnustaður kvenna og affiljað hjónahús, ýmist í öðrum hvorum enda eða byggt hornrétt á baðstofuna...”

Þetta hljómar allt vel enda skipulagt með tilliti til notagildis líkamshita-væðingar ábúenda þar sem líkamshiti kom í stað ofnvarma, eldhús og búr voru eðlilega nálægt hvort öðru og svo gekk gangur endilangt eftir bænum til að auðvelda aðgengi í þær stofur sem þurfti. Vinnustofur, svefnskála vinnufólks og þar fram eftir götonum. Annars voru mörg dæmi þess að að fólk kaus fremur að vinna, sofa og



Eftir viðræður Bandalags íslenskra listamanna, menntamálaráðherra og borgaryfirvalda, var ákveðið að sameina hugmyndir um tónleikahald og menningarhátíð og stofna til alþjóðlegrar Listahátíðar í Reykjavík sem var haldin í fyrsta sinn sumarið 1970.



Elstu auglýsingu um gúmmístígvél má finna á vefsíðunni Tímarit.is, í blaðinu Ísafold, desember 1903. Þar auglýsir verslunin Th. Thorsteinsson meðal annars „gúmmí vatnsstígvél“ sem sögð eru ómissand í snjóbleytu og hálfu.

matast í sama herbergi þó nýttísku-
legra þætti að hafa það aðskilið. Sumir
jafnvel fært sig aftur í þær aðstæður
effir að hafa reynt búsetu á hinn veg-
inn, enda hiti í sameiginlegri baðstofu
meiri en við módernískari herbergja-
skipan.

Náttúrulegt og rakagefandi?


Ekki þjuggu þó allir við þann kost
að geta hringsólað um síendurbyggða
bæi. Fara margar sögur af fólki sem
kúldraðist í hálfsgnum og rökum
húsakosti enda sumir að sligast undan
lífinu, hvort heldur var andlega eða
líkamlega. Þó má líta með addáun
til þeirra kotbænda sem þjórkuðust
áfram og þrjóskuðust við byggingar,
einungis með þeim kosti sem var að
finna í náttúrunni í kring. Telja má
líklegt að nútímafólk búi ekki yfir
þeirri elju þó margir séu í hjarta sínu
viljugir til að vera hvað náttúrulegastir
og sjálfbærnisinnaðastir.

Einn þeirra sem lét sig hafa það
að gerast kotbóndi af verstu gerð var
söguhetjan Bjartur í Sumarhúsum.
Eftírminnilegt er þegar hann bauð
konuefni sínu að búa í því líkum
kumbalda að henni blöskraði. Talið er
að fyrirmynd kumbaldans sem skreytti
þessa vel þekktu sögu hafi Laxness
fundid í torfbænum Sænautaseli, en
hann eyddi þar ófáum nóttunum á
þriðja áratug 20. aldar. Á Sænautaseli
(sem kemur nú mun betur fyrir heldur
en lýst er í sögunni) voru ábúendur í
heil hundrad ár, en flutt var úr bænum
árið 1943.

Tegund torfbæja sú, er kallaðir eru
burstabær, þóttu þá heldur smartari.
Þeir urðu vinsælir undir lok 18. aldar
og voru oftast ekki í eigu þeirra
efnaðri. Þá var framhúsunum snúið
um 90° þannig að gaflinn snéri að
hlaðinu og eftir því sem árin liðu var
timbri gjarnan smellt á framhliðina.

Áþreifanlegur hluti sögu okkar

Efniviður torfbæja hins vegar, er
eins og nafnið gefur til kynna, torf



Th. Thorsteinsson var ein verslun Reykjavíkur í kringum aldamótin 1900 er þótti hvað mest móðins. Mynd / Tímarit.is

að stærstum hluta – enda torftekja
talin til hlunninda hér áður fyrir. Best
þótti ef hægt var að skera torf úr
mýrum en þá innihélt það hvað síst
af leir og sandi.

Torfið var svo eðlilega látið þorna
áður en hlaðið var úr því, annars var
hætta á að það sigi saman og veggir
aflöguðust. Torfið var annars mjög
einangrandi á meðan það hélst þurrt.
Tíðar breytingar á hitastigi, miklir
þurrkar eða sól jafnt sem væta og
frost gátu farið illa með byggingar-
efnið og þurfti reglulega að dytta að
bæjum. Grind torfbæja var úr þeim
við sem til féll en átti þó á hættu að
verða fórnarlamb rakaskemmda auk
þess sem mikill skortur var á góðu
byggingartimbri. Svo fór þetta allt
eftir vilja og getu ábúenda hvort og
hversu mikið var tjaslað við bæinn.

Í dagblaðinu Þjóðólfi, árið 1863,
er því lýst hvað gerði það að verkum,
að flikka þurfti oft upp á torfbæi og
sagt frá því að Íslendingar séu:

„... alltaf að byggja sama
húsið svo að segja árs árlega;
eitt árið hefir vatn hlaupið í ein-
hvern vegginn eða gaflaðið eða
frostið klofið og sprengt inn, annað
árið er þakróðið orðið ónýtt og

fúid svo að þakrorfið liggur inná
viðum, og þarf að rífa þakið og
leggja nýtt tróð á húsið, fjórða
árið brotinn sperrukjálki eða 1-2
langbönd eða mæniás og þarf enn
að rífa þakið fyrir þá sök, fimta
árið er ytri þekjan rofin og þarf
að tyrfa allt húsið að nýu o.s.frv.
Þetta er vanalegi gángurinn í hús-
bygggingum hér á landi yfir höfuð
að tala.“

Jákvæði punkturinn við þessar
sifelldu lagfæringar var þó sá að
breyta mátti og bæta herbergja-
skipan árstíðabundið enda var
viðhald hluti af árlegum störfum
íbúanna sem margir hverjir hafa
verið orðnir langþreyttir og oft
rakir inn að beini.

Að minnsta kosti þótti fóstru
móður minnar, sem lést ríflega
hundrad ára gömul, rakinn og
vætan hvað verst. Fædd í torf-
bæ og alin þar upp fyrstu árin
gat hún ekki annað en lofsungið
komu gúmmístígvéla í byrjun 20.
aldar, en slíka byltingu getum við
núttímamenn ef til vill gert okkur
í hugarlund – þar sem hægt var þá
að ösla um baðstofugólfinn án þess
að vökna í fætur.

Varahlutir í kerrur

stalogstansar.is

Stál og stansar

Vagnhöfði 7, 110 Reykjavík | Sími: 517 5000 | stalogstansar.is

EYJALIND

Belti og undirvagnshlutir
- fyrir smágröfur

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

KJARNAGLUGGAR

GLUGGI Í GLUGGA

- TILVALIÐ VIÐ ENDURNÝJUN GLUGGA
- ENDINGAGÓÐIR PLASTGLUGGAR

Kjarnagluggar ehf. | Roðamói 9 | 626 1011
sala@kjarnagluggar.is | www.kjarnagluggar.is

Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook

Nilfisk

Passaðu þrýstinginn - hann þarf nefnilega að vera nægur

NILFISK
HÁÞRÝSTIDÆLUR

Alvöru dælur sem vinna verkið á methraða. Þú færð Nilfisk hjá Rekstrarlandi í Vatnagörðum, við Austurveg á Selfossi og í útibúum Olís um land allt.

Rekstrarland | Vatnagörðum 10 | 104 Reykjavík | 515 1100 | Austurvegi 69 | 800 Selfossi | 480 1306 | rekstrarland.is

olís

REKSTRARLAND



Skjaldfönn í Skjaldfannardal við Ísafjarðardjúp. Bæjarnafnið hefur löngum verið talið dregið af skjaldarlaga hjarðfönn sem liggur í kvos í brúninni ofan við bæinn.

Myndir / Hörður Kristjánsson

Indriði Aðalsteinsson sauðfjárbóndi á Skjaldfönn við Ísafjarðardjúp lætur ekki deigan síga:

Undirbýr smalamennsku og framboð til setu á Alþingi þó orðinn sé áttræður

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is



Indriði Aðalsteinsson, bóndi á Skjaldfönn við Ísafjarðardjúp, var með 150 kindur á fóðrum síðasta vetur. Hann hefur verið þekktur fyrir í gegnum tíðina að skila vænum dilkum í sláturhús á haustin. Hann varð áttræður í sumar en ber sig vel í fámenninu í Skjaldfannardal.

„Ég get ekki tekið undir að það sé erfitt að vera hér einn. Maður þarf þó auðvitað að fá stuðning á ákveðnum álagspunktum, einkum við sauðburð og haustleitir. Síðan fæ ég liðsauka í sambandi við heyskap. Þar á ég feikigóðan frændgarð og vinahóp til að sækja í sem er tilbúinn að stökkva til þegar maður þarf á að halda. Nú er maður að undirbúa smalamennsku. Það verður smalað hjá mér helgina 11. og 12. september. Þar verður sú nýbreytni að smalar sem hingað koma verða allir að vera testaðir.“

Indriði segir að lífið í Skjaldfannardal gangi annars sinn vana-gang og að fjarskiptamálin hafi líka breyst til hins betra.

Kominn með ljósleiðara og fer í framboð

„Það er kominn hér ljósleiðari svo allt slíkt er ekki lakara en annars staðar.“

– Þú getur þá skrifað pistla og sent í *New York Times* eða aðra stóra miðla úti í heimi?

„Ég er nú ekki kominn svo langt enn þá,“ segir Indriði og hlær, „en ég moka vísum í þá sem hafa gaman af þeim. Svo er ég meira að segja kominn í framboð. Þar var ég beðinn um að setjast í heiðursæti hjá Sósíalístaflökknum. Ég var alveg til í það,“ segir Indriði. Hann er svo sem ekki óvanur pólitísku vafstri frá þeim árum þegar Alþýðubandalagið var og hét.

Skjaldfönn stendur sannarlega undir nafni

Þegar blaðamann bar að garði í byrjun ágúst mátti enn sjá vænan snjóskafli í fjallsbrúninni ofan við bæinn. Barátta við snjóþyngsli á vetrum er því ekkert einsdæmi hjá Skjaldfannarbónda. Frægt var þegar allt var komið á kaf í snjó og allar leiðir til og frá bænum ófærar svo að TF-Gró, þyrila Landhelgisgæslunnar, var send að Skjaldfönn með vistir



Indriði Aðalsteinsson fyrir framan bæjarhúsin á Skjaldfönn.

handa Indriða 22. mars 2020. Þyrilusveit Landhelgisgæslunnar hafði þá verið að sinna verkefnum í samvinnu við lögreglu og Veðurstofu Íslands. Var hún þá fengin til að fara á Ísafjörð að undirlagi vina Indriða og sótti þar vistir sem lögreglan hafði komið fyrir í pappakössum og ætlaðar voru innlyksa bóndanum á Skjaldfönn. Var hann þá búinn að vera innilokaður á Skjaldfönn vegna snjóá og óveðurs síðan í byrjun janúar. Það má því segja að bæjarnafnið skjaldfönn standi alveg fyrir sínu.

Indriði segir að einu ummerkin eftir síðasta vetur sé skaflinn í fjallsbrúninni, en hann hverfi stundum alveg á haustin, þó það gerist ekki alltaf. Enn má t.d. greina þar snjó sem er frá vetrinum 2020.

– Hvað með heilsuna, ert þú sémilega hraustur enn?

„Auðvitað er maður farinn að reskjast, en ég hef verið sémilega hraustur. Maður er þó farinn að leggja sig um miðjan daginn til að hvíla bakið. Þannig lá ég út af þegar þú hringdir áðan og boðaðir komu þína, en það var líka tími til kominn að vakna og takast á við næsta heyskaparáfanga.“

Ákvað að spara sér bæði áburðar- og kjarnfóðurkaup

Indriði á svo sem næg tún sem dugað

hafa fyrir mun stærri bústofn. Hann hefur reynt að draga saman útgjaldaliði til að mæta fækkun í bústofni. Þannig sleppti hann kaupum á tilbúnum áburði og nýtir eingöngu skít undan sauðfénu til áburðar. Segir hann það hafa gefist vel þó auðvitað spretti ekki eins kröftuglega og ef hann notaði tilbúinn áburð.

„Það þarf þó ekki að taka það fram að það er auðvitað ekki sama flatarmál sem ég er að heyja í dag og áður. Veðráttan í sumar hefur verið yndisleg þrátt fyrir kalt vor og aldrei of þurrt. Ég hef ekki borið á eitt korn af áburði, en heyin eru samt ágæt.“

Ef þú horfir hér yfir túnin, sum nýslegin og önnur ekki, þá sérðu að það er ekkert lífsspursmál að moka tilbúnum áburði á tún. Samt eru þessi tún beitt af lambánnum alveg fram undir Jónsmessu. Síðan eru þau nöguð öll haust, alveg niður í rót. Samt spjara þau sig svona vel. Á þessi tún ber ég bara kindaskít og engan tilbúinn áburð og hef ekki gert í áratug.

Það voru skorin niður útgjöldin vegna áburðarkaupa þegar verð á áburði hækkaði sem mest fyrir áratug síðan. Þá hafði áburðurinn verið að kosta mig fast að milljón og varð síðan enn dýrari. Slíkt ténir maður ekkert upp úr götunni. Þá varð maður bara að láta á það reyna og það hefur lukkast bærillega. Ég hef heldur ekki gefið korn eða annan fóðurbæti og skar niður þessa tvo þungu útgjaldaliði til að lifa þetta af fjárhagslega.

Hugsanlega eru eitthvað minni afurðir, enda var það allt í lagi. Maður var lengi vel með eitt afurðahæsta bú landsins og því engin ástæða til að sperra sig og gera mikla atlögu að því að hanga áfram í þeim sætum. Sú viðleitni myndi líka hafa í för með sér veruleg fóðurbætiskaup. Menn þurfa jú að sníða sér stakk eftir vexti og ég hef verið að reyna það.“

Kal í tünnum bætt með kindaskít

Indriði segir að í fyrravor hafi verið talsvert kal í tünnum í Skjaldfannardal. Þrátt fyrir það voru þau tún ekki tekin til endurræktunar líft og tíðkast hefur, en eru samt í góðu standi í dag.

„Í fyrra var það metið hér af ráðunaut sem hingað kom til að skoða kalskemmdir í fyrravor að það væru um tveir þriðju af tünunum meira og minna stórskemmd eða alónýt. Þú sérð ekki miklar skellur eða meinbugi á tünunum hér núna.“

Ég vil meina að góð veðráttan í vor og sumar ásamt fræi í kindaskítun-



Þann 22. mars árið 2020 flaug TF-Gró, þyrila Landhelgisgæslunnar, að Skjaldfönn með vistir handa Indriða. Þá hafði hann verið innilokaður vegna snjóá og óveðurs síðan í byrjun janúar.

Mynd / Landhelgisgæslan

um hafi gjörsamlega lokað öllum kalskellum. Þú sérð hvergi nokkurs staðar bera á slíku í dag.“

– Þú hefur þá ekkert þurft eða viljað fara í endurrækt á túnunum?

„Biddu fyrir þér. Hér er jarðvegur mjög grunnur ofan á mölinni og að ætla sér að umbylta honum og ausa mölinni upp væri skelfilegt dæmi. Mér datt því ekki í hug að reyna slíkt. Ég er búinn að hreinsa svo mikið grjót úr túnunum á minni ævi að ég ætla ekki að fara að auka við það. Nei, hreint alls ekki,“ segir Indriði og kveður fast að. – „Ég þarf þess heldur ekki.“

Indriði segir það í raun stórmerki-legt hvað tekist hafi að græða alvar-legar kalskemmdir á aðeins einu ári og það bara með því að moka á túnin kindaskít.

„Það kom mér sjálfum reyndar mjög á óvart hversu vel þetta heppn-aðist.“

Náttúran fer ekki alltaf mjúkum höndum um tún Skjaldfannarbónda

Náttúran í Skjaldfannardal hefur svo sem ekki farið blíðum höndum um tún bænda í gegnum tíðina. Þekktar eru af fréttum tíðindi af svellalögum fram á vor, jafnframt því sem Selá og aðrar ár í dalnum hafa átt það til að flæmast yfir tún þegar klaka-stíflur hafa myndast í þeim á vorin og í stórrigningum og leysingum á jöklinum á haustin.

„Áin getur verið snarvitlaus stundum og á það til að flæmast hér um allt, sérstaklega í rigningum á haustin. Einn ágætur sérfræðingur hjá Landgræðslunni, sem kom hér fyrir fjórum árum og hefur verið að ráðleggja mönnum varðandi fyrir-hleðslur og annað, var með ágætt svar við þessu. Þegar hann leit hér yfir leirinn sem lá yfir túnunum sagði hann: – „Þú verður að horfa á björtu hliðarnar, Indriði. Það er áburður í þessum leir.“

Það er alveg rétt hjá honum, leir-inn hefur reynt vera ágætur áburður fyrir gróðurinn svo fremi að leirlagið sé ekki svo þykkt að það kæfi grasið sem undir er.“

Indriði segir að stórvextir í ánni eigi sér yfirleitt stað síðsumars.

„Þegar það leggst á eitt hvass-viðri, hlýindi og mikil rigning, þá ést svo upp yfirborðið á jöklinum. Ef það eru líka miklar fannir til fjallsins



Indriði Aðalsteinsson bóndi á Skjaldfönn hefur komið fyrir upplýsingaskilti um staðinn við heimreiðina að bænum til upplýsinga fyrir ferðamenn. Allt of lítið er um að slíkt sé gert við sveitabæi landsins og mættu fleiri gjarnan fara að dæmi Indriða og taka upp þennan sið.

– Góðir ferðalangar –

Hér við vegarenda stendur bærinn Skjaldfönn, fyrrum í Nauteyrar-hreppi, í Strandabyggð. Jörðin á land fram til Drangajökuls sem liggur fyrir botn Skjaldfannardals. Nafnið Skjaldfönn hefur löngum verið talið dregið af skjaldarlaga hjarðfönn sem liggur í kvos í brún-inni skammt ofan við bæinn. Þessi fönn er áberandi og einkennandi fyrir staðinn. Hana tók sjaldan að fullu upp á sumrum fram undir

1950, en oftast og oftast eftir það. Jörðin er harðviðrasöm og snjóþung, vetrararbeit óviss og fjárgæsla vor og haust var afar erfið fyrir tíma haga-girðinga. Sumur geta aftur á móti orðið hlý. Snjóflóðahætta er beggja megin bæjarhúsa. Féll hér seinast stórt snjóflóð árið 1953, spillti túni og grandaði fé og peningshúsum. Jörðin er óvenju rík örnefnum og eru skráð á henni yfir 400 örnefni.

Á Skjaldfönn hefur sama ættin

búið mann fram af manni síðan 1826. Kúabúskap var hætt á jörðinni um 1980, ekki síst vegna þess hve erfitt var að koma mjólkinni á markað yfir vetrartímamann, meðan allir slík-ir flutningar urðu að fara fram með Djúpbátum. Síðan hefur eingöngu verið búið hér með sauðfé. Vegna kynbóta og góðra sumarhaga hafa dílkar um árabíl verið með þeim allra vænstu á landinu og líflömb héðan verið eftirsótt um allt land.

Selá, sem rennur með túninu, er jökulá og ein vatnsmesta á á

Vestfjörðum. Selá getur orðið afar illvíg og brýtur land til skaða í vatnavöxtum.

Um Skjaldfannardal lá leið norð-ur á Strandir fyrrum og voru meðal annars farnar svokallaðar víðarferðir frá Ströndum yfir Drangajökul og vestur að Djúpi. Rekaviður var þá dreginn snemma sumars á hestum frá Dröngum, þvert yfir jökul og niður í Skjaldfannardal. Síðasta við-arferðin var farin vorið 1915.

Góða ferð og takk fyrir komuna.

þá getur þetta gerst mjög snögg og vatnið flæðir hér niður. Sambúðin við Selána hefur því oft verið til vandræða.“

Friðun á ref byggð á miklum misskilningi

Annar fjandi sem Indriði er lítt hrifinn af er refurinn. Hann segir að friðun á refnum á Hornströndum geti hvorki flokkast undir náttúru-vernd né dýravernd og byggji á miklum misskilningi um eðli líf-ríkisins. Afleiðing þessarar friðunar sjáist nú glöggvát víða um land, þar sem refurinn hefur hreinsað vel til í varplöndum fugla. Víða í sveitum sé svo komið að það heyrast vart lengur kvak í fugli. Varla sé hægt að segja að það felist mikil nátt-úruvernd í slíkri útrýmingu fugla.

Rjúpan nær sér ekki á strik

„Meðan svona er nær rjúpnastofn-inn sér ekki á strik. Svo fær mink-urinn líka að vera óáreitgur og hann drepur svo lengi sem hann hefur eitthvað að drepa og ekki bara vegna flæðuöflunar,“ segir Indriði Aðalsteinsson.

Hvar auglýsir þú?

Bændablaðið

Bændablaðið er mest lesna blaðið á landsbyggðinni

Lesar þættir á landsbyggðinni	Lesar Bændablaðs
36,2%	17,8%

Lesar Bændablaðs

Lesar Bændablaðs á landsbyggðinni	Lesar Bændablaðs í höfuðborgarsvæðinu	Lesar Bændablaðs á öðrum stöðum
36,2%	17,8%	24,3%

Bændablaðið | Bændahöllin við Hagatorg | Sími: 563 0300 | Netfang: bbl@bondi.is | bbl.is

limtrevirnet.is

FALLEGAR HURÐIR SEM ÞÚ GETUR TREYST

Traustar bílskúrs- og iðnaðarhurðir frá Lindab og Krispol

- Árátugareynsla við íslenskar aðstæður
- Uppsetning í boði á hurðum og viðbótarbúnaði
- Stuttur afgreiðslutími og fjölbreytt úrval
- Margir litir og fylgihlutir í boði

skoðaðu úrvalið limtrevirnet.is

Ádálnúmer: 412 5300 | Söluheild: 412 5350 | Netfang: sala@limtrevirnet.is
Söluskrifstofur: Lynghalsi 2, 110 Reykjavík | Borgarbraut 74, 310 Borgarnes

Limtrevirnet

orkubondinn.is

Tranavogi 3, 104 Reykjavík. S:888 1185

12V/24V 8KW



Hermann Ingi Gunnarsson, bóndi á Klauf í Eyjafirði, er afar ánægður með afraksturinn í kornræktinni í sumar.

Myndir / HKr.

Einstakur árangur af kornrækt í Eyjafirði eftir afburða gott sumar:

Bóndinn á Klauf með allt að 8 tonn af byggi á hektara

– Eins og best gerist í Evrópu en byrjað var að þreskja kornið 20. ágúst, mánuði fyrr en á síðasta ári

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is



Hermann Ingi Gunnarsson, bóndi á Klauf í Eyjafirði og stjórnarmaður í Bændasamtökum Íslands, hefur aldrei hefur fengið meiri kornuppskeru á hvern hektara en á þessu sumri. Hermann hefur því full tilefni til að brosa út í bæði með frá 6 og allt upp í 8 tonn af byggi á hvern hektara samanborið við 3,5 tonn að meðaltali í fyrra.

Hermann segist hafa verið með um 20 til 25 hektara undir kornrækt síðustu ár en er nú búinn að þreskja af um 8 hekturum. Hann er samt búinn að fá meiri uppskeru af þessum 8 hekturum nú en fékkst af 25 hekturum í fyrra.

Tíðindamaður Bændablaðsins kom við hjá Hermann þar sem unnið var við að þreskja korn laugardaginn 28. ágúst. Sagðist hann þá vart vera hálfnaður með kornskurðinn. Hafði hann þann háttinn á að velja spildur til þreskingar eftir þurrkstöðu á korninu til að það væri sem þurrast fyrir þurrkarann.

„Við erum með þurrkara hér úti á Hjalteyri sem annar ekki nema um 10-15 tonnum á dag. Sennilega munum við fá um 400 tonn sem við þurfum að fara með í gegnum þurrkarann. Vonandi helst tíðin svona þannig að við náum þessu vel þurru af ökrunum.“

Margfalt meiri uppskera í ár og í takti við það sem þekktist í Evrópu

„Uppskeran er margföld miðað við það sem við höfum verið með, bæði



Gamla þreskivél hans Jóns Elfars Hjörleifssonar, bónda á Hrafnagili, vann sitt verk af mikilli seiglu undir dyggrri stjórn Hreiðars Fannars Víðissonar.

hvað varðar gæði kornsins og magn á hvern hektara. Það hefur verið um og yfir 6 tonn á hektara og hefur meira að segja farið upp í 8 tonn. Afraksturinn á síðasta ári var um 3,5 tonn á hektara að meðaltali sem þótti bara ágætt.“

Uppskeran í ár er mjög áhugaverð hvað Ísland varðar og ekki ósvipuð því sem þekktist í Frakklandi, Þýskalandi og Póllandi. Samkvæmt tölum Evrópusambandsins hefur langtíma meðaltalið af byggrækt í ESB löndunum verið um 6,4 tonn á hektara, en meðaltalið var 7 tonn árið 2018 og 7,4 tonn á árinu 2019. Þá er mismunandi hvort verið er að tala um „vetrarbygg“ eða „sumar-



Stundum vill hálmurinn festast í þreskivélinni og þá dugar fátt annað en handafl og hugvit til að greiða úr málum. Hér eru Hermann Ingi og vélamaðurinn Hreiðar Fannar Víðisson og gera það sem gera þarf.

bygg“, en vetrarbyggjið gaf 9,1 tonn á hektara 2019 og hífði þá upp meðaltalið, á meðan sumarbyggjið gaf ekki nema 6,6 tonn á hektara.

Mun meiri korngæði en áður

„Sem dæmi um gæði, þá er fyrsti flokkur í rúmþyngd um 600 grömm, en það hefur farið upp í 730 grömm hjá okkur. Það má því segja að þetta sé stjarnfræðilega gott,“ segir Hermann, sem er greinilega kampa-kátur með árangurinn.“

Mjög gaman og gefur aukinn kraft og veitir innblástur

– Það er þá gaman að vera kornbóndi í dag?

„Já, svo sannarlega og veðrið hefur leikið við okkur í júlí og ágúst með sól og blíðu upp á hvern einasta dag. Þetta er því mjög gaman og gefur manni aukinn kraft og veitir innblástur til að prófa eitthvað nýtt. Nú snýst þetta mikið um að halda þreskivélunum gangandi, en þær eru komnar til ára sinna. Sem stendur er mín vél biluð en Jón Elvar Hjörleifsson á Hrafnagili hljóp undir bagga og lánaði mér sína vél. Þannig hjálpuðst við að, en þetta eru ekki afkastamiklar vélar og því þarf að hafa sig allan við.“

Byrjað að þreskja mánuði fyrr en á síðasta ári

„Við byrjuðum að þreskja 20. ágúst, nákvæmlega mánuði fyrr en á síðasta ári þegar byrjað var 20. september. Þetta sumar er búit að vera alveg með ólíkindum og við höfum heldur aldrei gert það áður að ná fullþurrum hálm af akri um leið og verið er að þreskja – og það í ágúst!“



Einstakt tíðarfar en það vantar úrkomu fyrir grassprettuna

Hermann segir að þótt tíðarfarir hafi verið einstakt fyrir kornræktina, þá hafi heyskapur oft verið meiri. Þar hafi vantað úrkomu til að fá meiri grassprettu.

„Það er allt orðið skraufpurrt og sem dæmi þá er ég með kvígur á beit hér í fjallinu og maður þarf að fara að brynna þeim þar sem vatn er eiginlega allt að verða búið í fjallinu. Þannig að ef það fer ekki að rigna bráðum gætum við lent í svolitlu veseni þar sem vatnsból gætu farið að þorna upp.“

Aukin arðsemi fæst með kornrækt á Íslandi

Mikill áhugi er fyrir aukinni ræktun á fóðurkorni hér innanlands, sérstaklega fyrir kýr og svín. Íslenskt veðurfar er hins vegar æði misjafnt og lítt hægt að stóla á útkomuna eins og auðveldara er þar sem meginlandsloftslag ríkir.

Hermann segir að framleiðsla á fóðurkorni sé tvímælalaust hagkvæm fyrir íslenska kúabændur. Samkvæmt rekstrargreiningu Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins séu hagkvæmstu búin að eyða 20 krónum í kjarnfóðurkaup til framleiðslu á hverjum mjólkurlíttra.

„Allt kornið sem við framleiðum nýtum við sjálf í kjarnfóður,



það er trúlega ekki mjög algengt hér á landi að hægt sé að þreskja korn og þurrka hálm þannig að hann verði nægilega þurr til að hægt sé að rúlla honum strax eftir þreskingu.



Kornið á akrinum hefur dafnað vel og uppskeran hefur aldrei verið betri.

við seljum ekkert frá okkur. Ég tók það saman fyrir okkar bú að kostnaðurinn í kjarnfóðurkaup hjá okkur er 16 krónur á hvern mjólkurlíttra. Síðan seljum við líka hálm auk þess sem jarðræktarstuðningurinn dekkar kostnaðinn við kornrækt-



Grettir Hjörleifsson, bóndi á Syðra-Laugalandi, er stór verktaki sem þjónustar bændur í Eyjafirði. Hann var mættur á akurinn hjá Hermanni á stórrí Fendri dráttarvél til að rúlla hálminum.

ina. Þetta er því klárlega að borga sig og menn þurfa að fara að skoða þetta betur.

Auðvitað er þetta gríðarleg vinna og menn þurfa virkilega að vera á tánum til að kornrækt hér á landi gangi upp. Það tekur líka alltaf nokkur ár að ná tökum á þessu. Ef menn hafa smá þolinmæði og gefast ekki upp þó illa geti áráð, þá borgar þetta sig,“ segir Hermann.

Betri yrki skapa mikla möguleika

„Við erum alltaf að fá betri og betri yrki sem gefa okkur meiri uppskeru og eru tryggari og fyrir tilbúin á haustin. Kornrækt nú er því ekkert eins og hún var fyrir svona 15 árum síðan þegar kornið var ekkert að þroskast fyrr en í lok september og lagðist á hliðina í smá rigningum og vindi.“

Yrkin eru því alltaf að skána en það þarf þó auðvitað að halda áfram að bæta þau. Þarna eru miklir möguleikar, bæði í byggi og hveiti sem og höfnum og repju. Við höfum því öll þau tækifæri sem við viljum, við þurfum bara viljann til að framkvæma því þetta er allt mikil vinna.“

Eykur tvímælalaust sjálfbærni og sparar gjaldeyri

– Þú vilt þá meina að kornrækt geti spilað stóran þátt í að auka sjálfbærni í íslenskum kúabúskap?

„Það er engin spurning. Þú sérð til dæmis hálminn sem við erum að rúlla hér. Við getum aukið verðmæti hans gríðarlega ef við bara nenum því. Við eru að flytja inn undirburð undir kýr í landinu fyrir hundruð milljóna króna á hverju ári. Ef við myndum fullvinna þennan hál, þá getum við bæði sparað gjaldeyri og aukið tekjurnar af kornræktinni. Möguleikarnir eru því óendanlegir,“ segir Hermann Ingi Gunnarsson.



PARKA



Sjálfvirkar greiðslulausnir & aðgangsstýringar

Með Parka appinu er hægt að hefja gjalddöku á bílastæðum líkt og við eldgosið í Geldingadal.

- Einföld uppsetning – hægt að hefja gjalddöku innan fárra daga
- Gestir skrá sig og greiða fyrir staði með appi eða í veðurþolnum greiðsluvélum
- Hentar einnig vel til að stýra aðgengi að sumarhúsalandi eða öðru landi í einkaeigu
- Öll gögn eru hýst í miðlægri skýjalausn sem tryggir bæði öryggi og aðgengi

Nánari upplýsingar:
fyrirtaeki.parka.is
519-7888



AUÐLINDIR & UMHVERFISMÁL

Villtar erfðalindir ræktaðra nytjaplantna:

Verndun erfðafjölbreytileika til kynbóta

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



Villtar erfðalindir ræktaðra nytjaplantna eru tegundir plantna sem eru formæður nytjaplantna eða skyldar tegundir.

Ólíkt nytjaplöntunum lifa þessar tegundir í náttúrunni án aðkomu og viðhalds manna og geta því innihaldið erfðafni sem geta komið sér vel við kynbætur.

Magnús Göransson plöntukynbótamaður hefur í sumar starfað á vegum NordGen við að safna slíkum plöntum hér á landi. „Verkefnið er samnorð og þrífætt. Í fyrsta lagi er verið að skrá og safna upplýsingum um vaxtarstað villtra plantna á Norðurlöndunum sem eru skyldar nytjaplöntum. Í öðru lagi að safna erfðafni af völdum tegundum og rannsaka erfðafjölbreytni þeirra. Í þriðja lagi að safna fræjum fyrir *ex situ* varðveislu í NordGen og þar með gera erfðafni plantnanna aðgengilegt fyrir plöntukynbætur dagsins í dag og framtíðarinnar.



Fjallafoxgras, *Phleum alpinum*, er skylt vallarfoxgrasi, *Phleum pratense*, og getur nýst í kynbætur af síðarnefnda með eiginleika svo sem sjúkdómþol, vetrarþol eða aðlögun á norðurljóðir. Mynd / Magnús Göransson.

Þeir sem hafa áhuga á að kynna sér þessar plöntur og mikilvægi þeirra betur er bent á að um þessar mundir er uppi sýning í Grasagarði Reykjavíkur sem fjallar um villtar erfðalindir ræktaðra nytjaplantna. Hugmyndin með þessari sýningu er að hún muni ferðast um landið næsta sumar og verði sett upp á svæðum þar sem þessar plöntur megi finna.

Skráning og söfnun innan Vatnajökulshjódgarðs

Magnús segir að samstarf við hjódgarða sé mikilvægur hluti af verkefninu þar sem margir þeirra hafa innan svæða sinna fjölmargar þessar tegunda.

Eitt af langtímamarkmiðum verkefnisins er að umsjónarmenn verndaðra svæða séu meðvitáðir um þessar tegundir og sérstöðu þeirra við gerð verndaráætla.

„Í sumar höfum við Hjörtur Þorbjörnsson, forstöðumaður Grasagarðsins í Reykjavík, skráð vaxtarstað þessara plantna á nokkrum stöðum innan hjódgarðsins og einnig safnað lífsýnum sem verða notuð til að rannsaka erfðamun þeirra milli vaxtarstaða og milli landa. Við söfnum einnig fræjum til varðveislu hjá NordGen í Alnarp í Svíþjóð auk þess sem öryggiseintök verða send í fræbankann á Svalbarða.

Söfnunin hefur gengið vel en þar sem þroskatími fræja er mismunandi verðum við sennilega að fara aðra söfnunarferð á næsta ári.“

Mikill fjölbreytileiki á Norðurlöndum

„Á Norðurlöndunum er fjölbreytileiki villtra plantna sem eru skyldar fódurgrösom og berjategundum mikill og einnig að finna tegundir sem eru skyldar ýmsum korn- og grænmetistegundum. Tegundum á Norðurlöndunum sem telja má til villtra erfðalinda ræktaðra nytjaplantna hefur verið forgangsraðað á lista eftir mikilvægi þeirra og inniheldur listinn 115 tegundir og undirtegundir en til að komast á listann verða plöntur að vera skyldar efnahagslega mikilvægum nytjaplöntum,“ segir Magnús.

Loftslagsbreytingar og breyttar aðstæður

Með áframhaldandi loftslagsbreytingum koma skilyrði til landbúnaðar til með að breytast og til að mæta þessum breytingum verður þörf á nýjum eiginleikum hjá ræktuðum nytjaplöntum. Náinn skyldleiki landbúnaðarplantna og ýmissa villtra tegunda gerir mögulegt að kynbæta eftirsóttu eiginleika villtu tegundanna inn í landbúnaðarplönturnar og þannig er hægt að aðlaga ræktunarabrigði að breyttum skilyrðum og neytendakröfum.

Magnús segir að sýnileg áhrif mannsins á jörðina og lífríki hennar á borð við loftslagsbreytingar og eyðingu búsvæða sé ógn við fjölbreytileika villtra erfðalinda



Sýning um villtar erfðalindir ræktaðra nytjaplantna í Grasagarði Reykjavíkur. Mynd / Hjörtur Þorbjörnsson.



Fjallasveifgras, *Poa alpina*, er þurrkþolin og harðgerð tegund sem vex víða á hálandinu. Hún er skyld vallarsveifgrasi, *Poa pratensis*, sem er notað í túngras, grasflatir og golfvelli. Mynd / Magnús Göransson.

Mikilvægi villtra erfðalinda

Menn hafa valið og kynbætt plöntur í meira en 10.000 ár. Aðlögunarferli og úrval nytjaplantanna hefur stuðlað að bættum ræktunareiginleikum og gæðum plantnanna á borð við uppskeru og bragð en á sama tíma hefur erfðafjölbreytni í ræktuðum yrkjum orðið minni.

Villtar erfðalindir ræktaðra nytjaplantna halda áfram að þróast í sjálfvæðum heimi og geta þannig stuðlað að auknu fæðuöryggi og sjálfbærni. Villtar erfðalindir geta jafnframt verið hluti menningarlandslags og borið vitni um breytta búskaparhætti.

ræktaðra nytjaplantna og að því þurfi að vernda þessar villtu tegundir og fjölbreytileika þeirra.

„Erfðamengi villtra plantna er hluti af erfðamengi ræktaðra ættingja þeirra og því hægt að nota þær til kynbóta og eftirsóttir eiginleikar sem verið er að leitast eftir geta meðal annars verið aukid þol gegn sjúkdómum, aukid kulda-, þurrka- og flóðþol og einnig aðlögun að stuttum vaxartíma og björtum sumarnóttum. Villtar erfðalindir ræktaðra nytjaplantna eru því mikilvægar til að tryggja fæðuöryggi mannkyns í framtíðinni.“

Varðveisla

Helsta leiðin til að varðveita þessar tegundir er að viðhalda þeim í sínu náttúrulega umhverfi, *in situ*, en einnig er hægt að varðveita fræ í

genabanka, *ex situ*, svo hægt sé að endurheimta þær deyi þær út á vaxtar- svæðum sínum.

„Aðferðir við að varðveita tegundir eru í samræmi við varðveislu villtra plöntutegunda almennt. Sumar tegundir lifa án sérstakrar verndunar á meðan aðrar tegundir munu þurfa verndun. Á mörgum friðlýstum svæðum eins og hjódgördum og fólkvöngum vaxa í dag margar plöntutegundir sem jafnframt eru villtar erfðalindir ræktaðra nytjaplantna. Hagkvæmasta leiðin til að vernda þær er að gera það á vaxtarstaðnum en á sama tíma er nauðsynlegt að tryggja aðgengi ræktunar-, kynbóta- og rannsóknarfólks að villtum erfðalindum ræktaðra nytjaplantna svo unnt sé að nýta erfðalindirnar til kynbóta,“ segir Magnús Göransson plöntukynbótamaður.



Villtum jarðarberjum, *Fragaria vesca*, var safnað í Bæjarstaðaskógi. Mynd / Magnús Göransson.

Genabankar

Varðveisla í fræbönkum gena- og fræbanka víðs vegar um heim varðveita fjölbreytni nytjaplantna og sumra villtra ættingja þeirra. Frægeymslan á Svalbarða er öryggisgeymsla annarra fræbanka og þar eru varðveitt meira en milljón fræsýni.

Fræbankar senda öryggiseintök sín til Svalbarða og ef illa fer þá geta þeir sótt þau og ræktað glataðar plöntur upp að nýju. Fræin eru alfarið eign þeirra hjóða sem senda þangað sýnin, þau eru geymd þar án endurgjalds og verða varðveitt þar fyrir framtíðarkynslóðir. Norðurlöndin reka sameiginlegan fræbanka, NordGen, og varðveitir hann fræ af norrænum nytjaplöntum.

Villtir stofnar þessara tegunda munu halda áfram að þróast og mæta síbreytilegum vaxtarskilyrðum og loftslagsbreytingum og því er jafnframt mikilvægt að varðveita þá *in situ*, eða í sínu náttúrulega umhverfi.“



Magnús Göransson safnar laufblöðum af kúmeni, *Carum carvi*, í Skaftafelli fyrir erfðarannsókn verkefnisins. Mynd / Hjörtur Þorbjörnsson.



Svart-
þröstur
í skógar-
botni.



Trjágróður
kemur í
veg fyrir
gróður-
eyðingu.



Skógar
eru vinsæl
útivistar-
svæði.



Smátt en
öflugt.
Birkifræ og
títuprjónn til
samanburðar.

BIRKI BLAÐIÐ

Útgefandi:
Landsátak
í söfnun birkifræja
*Landgræðslan
og Skógræktin*
Fylgirit með
Bændablaðinu í
september 2021
www.birkiskogur.is

Landsátak í söfnun og dreifingu birkifræja haustið 2021



Á Skeiðarársandi er eitt stærsta birkiskóglendi landsins að myndast á svæði sem var gróðursnaud sandauðn eftir hlaupið mikla árið 1996.

Birkiskógar fyrir loftslagið og lífbreytileikann

Ísland er ung eyja í úthafinu og það er nokkuð stutt frá síðasta jökulskeiði. Þess vegna eru hér fáar tegundir miðað við meginlöndin og margar tegundanna hafa þróast öðruvísi hér en annars staðar. Á eldfjallaeyjunni okkar eru einstök og fjölbreytt búsvæði fyrir lífríki og lítil samkeppni

á milli tegunda. Þetta býr til góðar aðstæður fyrir þróun tegunda og á Íslandi er því að finna óvenjulega mikinn erfðabreytileika innan tegunda, m.a. hjá birki.

Líffræðileg fjölbreytni eða einfaldlega lífbreytileiki, nær yfir allar tegundir dýra, plantna, sveppa og annarra lífvera sem

til eru. En lífbreytileiki er svo miklu meira en bara fjöldi tegunda. Einstaklingar af sömu tegund eru ólíkir og það kallast erfðabreytileiki. Lífbreytileiki nær einnig yfir búsvæði allra lífvera og þau vistkerfi sem þær mynda og búa í. Birkiskógur á einum stað á Íslandi er ekki nákvæmlega eins

og samskonar birkiskógur annars staðar á landinu. Veðurfar er oft ólíkt milli landshluta og vistkerfin hafa m.a. þróast í takt við það. Þessi breytileiki milli vistkerfa er einnig hluti af lífbreytileika. Lífbreytileiki er mikilvægur til að vistkerfi geti brugðist við breytingum, eins og þurrkum, sjúkdómum o.fl.

Endurheimt vistkerfa, einnig kallað vistheimt, er ferli sem hjálpar náttúrunni að lækna sig sjálfa þegar vistkerfi hefur hnignað eða jafnvel hrunið. Dæmi um vistheimt á Íslandi er endurheimt birkiskóganna. Til að endurheimta birkiskóg er samt ekki alltaf nóg að sá fræi eða planta trjám. Ef svæði er mjög rofið eða örfoka þá þarf fyrst að búa til góðar aðstæður fyrir fræin svo þau spíri og nái að róta sig. Mikilvægt er að koma í

veg fyrir mikla frostlyftingu, sem getur rífið í sundur viðkvæmar ræturnar, og það er hægt að gera með því að dreifa áburði og grasfræi. Gróðurhulan sem myndast við þessar aðgerðir hentar vel sem öruggt set fyrir fræ birkis og annarra tegunda. Síðan er hægt að gróðursetja birki, víði, reyni og jafnvel innlendar belgjurtir í litlar þyrpingar. Best er ef náttúran sjálf og vindurinn getur hjálpað til við að dreifa fræjum á milli þyrpinganna og stækkað þannig skóginum með sjálfgræðslu og með náttúrulegri framvindu.

Með endurheimt birkiskóganna er bæði verið að auka lífbreytileika og vinna gegn frekari loftslagshamförum með því að stöðva losun kolefnis frá landi í hnignun og binda kolefni í gróðri og jarðvegi.

Markmið fræsöfnunarátaksins!

Átakið er liður í því að útbreidda á ný birkiskóglendi sem þakti a.m.k. fjórðung landsins við landnám. Á rýru landi er gjarnan kolefnislosun því þar er gamall jarðvegur enn að rotna.

Ef landið klæðist birkiskógi stöðvast þessi losun og binding hefst í staðinn. Svona verkefni eru því líka loftslagsverkefni. Birkið er frumherjategund sem sáir sér mikið út á eigin spýtur ef hún fær til þess frið. Birkið heldur því starfinu áfram ef vel tekst til að koma því af stað á nýjum svæðum. Landgræðslan og Skógræktin vilja auka vitund og áhuga fólks á eflingu náttúrunnar og útbreiðslu birkis, víðis og annars gróðurs á landinu. Verkefni af þessu tagi hvetur fólk til að taka til hendinni í umhverfismálum.



Fræsöfnun og sáning við Vaðlaheiðargöng

Á haustdögum 2020 söfnuðu nemendur í Stórutjarnaskóla birkifræjum á skólalóðinni í kringum skólann sinn. Tölverðu magni var safnað, spáð í trjátegundir og mismun á rekjum milli trjáa. Þá var einnig spáð í lögun trjáanna og ákveðið að tína frekar frá þeim trjám sem þóttu falleg í laginu.

Fræjunum var safnað í bréfpoka og þeir geymdir á svölum stað yfir veturinn. Í vor vorum við í sambandi við Valgeir framkvæmdastjóra Vaðlaheiðarganga þar sem sáning og gróðursetning var skipulögð.



Elstu nemendur leikskóla og grunnskólanemendur í 1. - 6. bekk fóru ásamt kennurum að gangamunnum þann 18. maí og dreifðu birkifræjunum okkar

ofan við gangamunna við Skóga í Fnjóskadal. Nemendur dreifðu einnig áburði og grasfræi og plöntuðu birkiplöntum með plöntustöfum. Valgeir kom með plöntur, áburð og grasfræ.

Bæði nemendur og kennarar nutu þess í góðu veðri að vinna við uppgræðslu og hafa fylgst með flaginu grænka í sumar. Þess er vænst að framhald verði á samstarfi skólans og Vaðlaheiðarganga þar sem unnið er að uppgræðslu með áherslu á loftslagsmál. Texti: Birna Davíðsdóttir. Myndir: Jónas Reynir Helgason.

Eina skógartréð sem Ísland átti

Í daglegu tali tölum við um tegundina sem birki en strangt til tekið er tegundarheitið ilmbjörk og á latínu kallast hún *Betula pubescens*. Við landnám er álitid að birki hafi vaxið á að minnsta kosti fjórðungi Íslands og þar með hafi mestallt láglandi verið meira og minna birkiskógur- eða kjarr. Gera má ráð fyrir að birki hafi líka þrífist inn til hálendisins á stórum svæðum. Náskyld tegund birkinu er fjalldrapi og allmikil blöndun hefur orðið milli þessara tegunda. Önnur tré en birki mynduðu hér ekki samfelld skóglendi.

Annar hver andardráttur þinn inniheldur súrefni frá plöntum á landi og hinn andardrátturinn inniheldur súrefni frá þörungum í hafinu.

Í haust verður fræbox að finna í verslunum **Bónus** um land allt. Einnig getur fólk fengið box á starfsstöðvum Landgræðslunnar og Skógræktarinnar. Upplýsingar um þessa staði er að finna á heimasíðunni **www.birkiskogur.is** Hægt er að skila fræjum í fræsöfnunartunnur sem eru í Bónus og á starfsstöðvum Landgræðslunnar og Skógræktarinnar. Í Skagafirði taka **Skagfirðingabúð** og verslun **Olís í Varmahlíð** á móti fræjum. Verslunin **Kauptún** í Vopnafirði tekur líka við birkifræjum.

Hægt er að setja fræin í bréfpoka. Þá lifir líka sá möguleiki að sauma litla poka sem hægt er að loka með því að draga saman band í opinu.

Birki er oftast fremur smávaxið tré hálendis, frá því að vera um hnéhátt og upp í 14-15 metra þar sem hæst gerist. Vaxtarlagið er mjög fjölbreytilegt og ræðst af blöndun við fjalldrapa, vaxtarskilyrðum og staðsetningu m.a. Það er allt frá kræklóttum, smávöxnum runna upp í beinvaxin tré. Sjaldnast er stofninn þó þráðbeinn. Birkið vex hægt að jafnaði en þar sem land er frjósamt getur vöxturinn verið allhraður hjá ungum trjám.

Birki er að finna um allt land og hæst yfir sjávarmáli, svo vitað sé, hefur það fundist í Útigönguhöfða á Þórsmörk í yfir 660 metra hæð yfir sjávarmáli. Nýlega fannst líka birkikjarr á 1-2 hekturum lands í Hvammsfjallum í Ódáðahrauni, í um og yfir 600 metra hæð, og gæti það verið hæsti fundarstaður samfellds birkikjarrs.

Þegar skógar hurfu hófst uppblástur og jarðvegs-eyðing

Þegar landnemarnir komu til Íslands á níundu öld var stór hluti landsins vaxinn birkiskógi en í dag þekja birkiskógar og kjarr einungis 1,5% landsins.

Meginástæðan fyrir því að við höfum tapað næstum öllum birkiskógunum okkar er aldalong, ósjálfbær landnýting svo sem skógarhögg, kolagerð og ofbeit.

Áður en maðurinn kom til Íslands þoldu birkiskógarnir ágætlega erfitt veðurfarið og stór eldgos. Skógur er nefnilega það gróðursamfélag sem þolir hvað best öskufall og algengt er að birkiskógar séu nálægt virkum eldfjöllum. Til dæmis finnast enn skógar í nágrenni Heklu. Þegar byggð í Þjórsárdal, þar á meðal bærinn Stöng, fór svo að segja öll í eyði eftir Heklugosið árið 1104 (stærsta gos í Heklu á sögulegum tíma) lifðu skógarnir það af. Hekla hélt áfram að gjósa nokkuð reglulega í gegnum aldirnar og fólk af Suðurlandi hélt áfram að nýta sér skóginn en skógarnir í Þjórsárdal hurfu svo alveg á átjándu öld vegna ofnýtingar.

Eftir að skógarnir hurfu jókst uppblástur og gróður- og jarðvegs-eyðingin á svæðinu.

Með því að vernda og endurheimta birkiskóga er ekki aðeins verið að vernda okkar íslenska birki, heldur allar þær tegundir sem hafa þróast og lifað í samlífi við birkið. Verndun og endurheimt birkiskóga er brýn aðgerð til að vernda skógana sem vistkerfi og treysta búsvæði ýmissa annarra tegunda.

Vantar þig texta um birki eða mynd af birki? Á heimasíðunni [birkiskogur.is](http://www.birkiskogur.is) finnur þú ýmislegt um birki!

Lýðháskólinn dreifði birkifræi

Birkifræi er hægt að dreifa á öllum árstímum og þar sem raki er forsendan fyrir spírur fræsins er alls ekki vitlaust að dreifa fræinu á snjó. Þannig hefur fræið góðan raka þegar snjóa leysir og fer að hlýna í veðri. Ef heppnin er með fræinu, einhver jarðvegur fyrir hendi og hlýtt er í veðri þegar snjórinn hverfur geta skapast fyrirtaks aðstæður fyrir fræið að spíra.

Í nóvember 2020 fóru Kristján Jónsson, skógræktarráðgjafi hjá Skógræktinni á Ísafirði, og Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, sviðstjóri skógarþjónustu hjá Skógræktinni, í Öndarfjörð og fengu þar í lið með sér nemendur útibrautar Lýðskólans á Flateyri. Hópurinn fór og dreifði birkifræi sem safnast hafði á Vestfjörðum um haustið og dreifðu því um holt og hóla umhverfis skógarreitinn í Klofningi. Hluti fræsins sem safnaðist vestra var líka notaður til dreifingar suður í Borgarfirði.



Lýðskólanemar dást að smæð og formfegurð birkifræja. Mynd: Kristján Jónsson.

Samstarfs- aðilar Skóg- ræktarinnar og Land- græðslunnar

Samstarfsaðilar Landgræðslunnar og Skógræktarinnar í birkisöfnunarverkefninu eru Terra, Prentmet Oddi, Bónus, Landvernd, Skógræktarfélag Íslands, Kópavogsbær, Skógræktarfélag Kópavogs, Heimilistæki, Tölvulistinn, Kvenfélagsamband Íslands og Lionshreyfingin.

32 milljónir!

Í fyrra var tekið á móti 274 kg af birkifræi. Mjög margir dreifðu hins vegar sjálfir fræinu sem þeir söfnuðu.

Mest safnaðist á á Suður- og Vesturlandi en þar var með eindæmum gott fræár en frekar lélegt á Norður- og Austurlandi. Núna hefur þetta snúist við. Á Norðurlandi og víða á Austurlandi er fræmagn á trjám með ágætum en mun lakara fyrir sunnan og vestan.

Áætlað hefur verið að um 32 milljónum fræja hafi verið sáð víðsvegar um landið. Það er þó fjárríki því að öll fræin nái að verða að trjám og eru margir þættir sem hafa áhrif á það t.d. veðurfar dagana og vikurnar eftir að fræi er sáð.



Það er auðvelt að safna reklam af birkitrjám á haustin

Birki þroskar yfirleitt mikið af fræi. Fræið er í reklam sem auðvelt er að safna á haustin. Gulvíðir og loðvíðir framleiða einnig mikið fræ en þeim má einnig auðveldlega fjölga með græðlingum sem stungið er beint í jörðu að vori.

Það er til mikils að vinna við endurheimt náttúruskóga. Gróðurfar og dýralíf eykst og verður fjölbreyttara (aukinn lífbreytileiki), vatnsheldni jarðvegs verður meiri (kemur m.a. í veg fyrir aurskriður) og lækir myndast. Þar að auki bindur jarðvegur og gróður kolefni þannig að vistheimt er því góð loftslagsaðgerð.

Fjöldmargar tegundir af lífverum finnast í birkiskógum, t.d. gulvíðir, loðvíðir, blæösp, reynivíður, ýmsar botngróðursplöntur, fuglar, smádyr og sveppir. Birki, gulvíðir og loðvíðir skapa skjól og undirbúa jarðveginn fyrir gróðurlendi í góðu standi. Birkiskógur þolir óskufall til dæmis vel eins og raunin var t.d. í Þórsmörk eftir gosið í Eyjafjallajökli árið 2010.



Einar Þ. Guðjohnsen

1966

Myndirnar hér að ofan og neðan sýna vel breytinguna sem orðið hefur á útbreiðslu birkiskóga í Þórsmörk á hálfri öld. Þegar fyrri myndin var tekin einkenndist meginhluti Þórsmerkur og nærliggjandi svæða af moldum þar sem nær allur gróður og jarðvegur var horfinn. Birki

á svæðinu takmarkaðist að mestu við einstakar torfur. Endurheimt birkis í Þórsmörk hefur leitt til þess að svæðið bindur nú kolefni í stað þess að tapa því og lífríki svæðisins er auðugra.

Hreinn Óskarsson

2018



ÞÓRSMÖRK FYRR OG NÚ!

Beitarfriðun svæða þar sem enn finnast birkiskógar og birki- kjarr er skilvirk leið til að auka útbreiðslu skóganna. Eitt af þeim svæðum þar sem hvað lengst hefur verið unnið að útbreiðslu birkiskóga eru Þórsmörk og Goðaland. Þegar Skógræktin gerði samninga um afléttingu beitar við beitarréttarhafa á Mörkinni árið 1920 og girðingar settar upp í kjölfarið, var landið mikið rofið og aðeins um 200 ha eftir af birki vöxnum gróðurtorfum. Friðun fyrstu árána hafði jákvæð áhrif á þær birkitorfur sem eftir voru og

sjálfsáningu birkis í nágrenni við þær. Í kjölfar átaks í uppgræðslu og aukinnar beitarfriðunar í samstarfi við Landgræðsluna sem hófst kringum 1990 jókst útbreiðsla birkisins. Fjöldi sjálfbodaliða hefur gegnum tíðina komið að starfinu og unnið gott starf. Hlýrri sumur síðustu áratugi hafa aukið fræmyndun og birkið nemur nú land í meiri hæð en áður. Blómlegir birkiskógar þekja nú 1500 ha á Þórsmerkursvæðinu og eru enn í sókn.



Fjölskylda í Kópavogi að dreifa birkifræi síðastliðið haust.

Hvernig á að tína og sá birkifræi?

Safna má birkifræi frá lokum ágúst og fram í byrjun október. Eða svo lengi sem reklar eru á birkitrjánnum. Nota flát sem binda má framan á sig, svo báðar hendur séu lausar í fræsöfnunina. Hvenær best er að safna birkifræi fer eftir þroska og tíðarfari. Yfirleitt hefur verið mælt með frætíslu í september og október, en í hlýjum árum mætti byrja tínslu fyrr þ.e. frá lokum ágúst. Þeir sem kjósa að skila fræinu til verkefnisins geta farið með það í verslanir Bónus en þar eru söfnunartunnur. Box undir fræ er einnig hægt að fá í Bónus en auk þess getur fólk sett fræ í bréf- eða taupoka. Ekki nota plastpoka eða annað loftþétt efni.

Sáning birkifræs

Á yfirborð

Þjappa fræið niður, t.d. með því að ganga yfir svæðið Slatti af fræi á hvern blett

Veljið staði þar sem ykkur sýnist helst vera einhver jarðraki

Setjið fræ ekki í beran sand eða bera mold

Hentug sáningarsvæði

Hálfgróin holt og hálfgrónar skriður

Landgræðslusáningar þar sem gróður er tekinn að gisna

Gisnar lúpínubreiður

Svæði þar sem gróðursvörður hefur rofnað vegna beitar og annað hálfgróid land með stöðugu jarðvegsyfirborði

Óhentug sáningarsvæði

Mjög þéttar lúpínubreiður

Algrónir mórar



Algróid graslendi

Þykkar mosaþembur

og annað algróid land með þéttum gróðri

Óstöðugir moldar- og sandmelar og annað lítt gróid land þar sem er sandfok, frostlyfting eða aðrar aðstæður sem gera smáplöntum erfitt fyrir. Þar má þó skapa skilyrði fyrir landnám birkis með:

- takmarkaðri uppgæðslu

- lífrænum eða tilbúnum áburði

- öðrum aðgerðum er auka frjósemi og stöðugleika

jarðvegsyfirborðsins

Sjá myndband um sáningu á www.birkiskogur.is

Við þurfum að grípa hratt til aðgerða

Hnignuð vistkerfi á landi hafa neikvæð áhrif á loftslagið að því leyti að þau binda minna koltvíoxíð úr andrúmsloftinu en vistkerfi í góðu standi gera. Það sama á sér stað þegar náttúrulegum gróðri er eytt til að rýma fyrir landbúnaði eða þegar gróður og jarðvegur eyðist af öðrum ástæðum, þá losnar koltvíoxíð sem áður var bundið í jarðvegi og gróðri út í andrúmsloftið og stuðlar þannig að aukningu gróðurhúsaáhrifa.

David Attenborough, náttúrufræðingur og náttúrulífsmyndagerðarmaður var skorinorður á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Póllandi í desember 2018. Hann varaði við því að algjört hrun siðmenningar og náttúru væri við sjóndeildarhringinn og að loftslagsbreytingar af mannavöldum gætu leitt til meiri háttar náttúruhamfara og geryðingar stórs hluta náttúrunnar ef ekki yrði gripið hratt til aðgerða.



Kvenfélög landsins safna birkifræi í haust

Kvenfélagasamband Íslands ákvað fyrir skömmu að ganga í lið með fræsöfnunarverkefninu. Innan KÍ starfa 17 héraðssambönd með um 154 kvenfélög innanborðs.

Það skiptir afar miklu máli fyrir birkisöfnunarverkefnið að hafa fengið kvenfélagskonurnar til

taka þátt í því að safna birkifræjum í haust. Á meðfylgjandi mynd má sjá kvenfélagskonur á Kirkjubæjarklaustri. F.v. Sólveig Ólafsdóttir, formaður Kvenfélags Kirkjubæjarhrepps, Björk Ingimundardóttir og Inga Lóa Hannesdóttir.

Sauðfjárbeit og útbreiðsla birkiskóga

Umfangsmesta landnýtingin, sem hefur áhrif á útbreiðslu birkiskóga, er án efa búfjárbeit sem getur hindrað endurnýjun og útbreiðslu skóganna og komið í veg fyrir stækkun þeirra.

Beitarálag minnkaði á tímabilinu 1975-1990 og einnig hefur beitarfríðuðum svæðum fjölgað. Þetta hefur án efa haft góð áhrif á útbreiðslu birkis síðustu árin en óvist er hvernig þróunin verður í framtíðinni. Almennt er sumarþing ekki bönnuð eða takmörkuð í birkiskógum

nema teknar hafi verið sérstakar ákvarðanir um að vernda skógana og girða þá af. Birkiskógar á svæðum, sem eru friðlýst samkvæmt náttúruverndarlögum, njóta ekki endilega verndar gegn beit enda getur tilgangur friðlýsingar verið annar en sá að vernda birki sérstaklega. Nauðsynlegt er að bæta til muna skipulag beitar nú þegar í því skyni að auka útbreiðslu birkiskóga einkanlega ef sauðfé tekur að fjölga á ný.

Kópavogsbær svaraði kallinu

Á síðasta ári svaraði Kópavogsbær kalli Skógræktarinnar og Landgræðslunnar og fór í samstarf um söfnun og sáningu á birkifræi. Kópavogsbær, ásamt Skógræktarfélagi Kópavogs, tók að sér að annast sáningu á birkifræi sem safnaðist á höfuðborgarsvæðinu og sá því í skógræktarsvæði á Selfjalli í Lækjarbotnum. Fyrirkomulag sáningarinnar byggðist á því að bjóða almenningi að taka þátt og reyna að fá sem flesta til að leggja verkefninu lið. Ástandið í faraldrinum sl. haust setti að vísu nokkurt strik í reikninginn þannig að stórum hluta fræsins var sáð nú í vor af starfsfólki atvinnuáttaks.

Að breiða út birkiskóglendi fellur einkar vel að Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, sem er yfirstefna Kópavogsbæjar, bæði sem

loftslagsverkefni og ekki síður vegna virkrar aðkomu almennings. Gert er ráð fyrir að söfnun og sáning birkifræja verði viðvarandi verkefni og liður í samstarfi Kópavogsbæjar og Skógræktarfélags Kópavogs á komandi árum. Tilvalið er að tengja birkifræsöfnun og -sáningar við starf grunnskóla þannig að framtíðarkynslóðir séu líka þátttakendur í þessu mikilvæga verkefni.

Endurheimt birkiskóga er snar þáttur í áætlunum stjórnvalda um aðgerðir til að draga úr kolefnislosun. Jafnframt er endurheimt birkiskóga mikilvægur þáttur í jarðvegsvernd. Verkefnið gefur almenningi færi á að leggja sitt af mörkum til landbótastarfs og stuðlar þannig að auknum skilningi á mikilvægi landbótastarfs í baráttunni gegn loftslagsbreytingum.



Frá sáningu á Selfjalli í Lækjarbotnum.



PINN GARÐUR þín kolefnisbinding



Calendula officinalis – Morgunfrú – gular og appelsínugular söluþöntur.

Haustblómin huggulegu

Nú gengur í garð sá tími að sumarblómin fara að syngja sitt síðasta og blómakerin og sumarblómabeðin hafa skilað sínu sumarhlutverki til fulls. Í stað þess að horfa upp á eyðimörk í beðum og pottum fram á vetur er tilvalið að skella fallegum haustblómum í moldina í staðinn.

Ýmsar tegundir sumarblóma standa reyndar lengi fram eftir haustinu og hafa fyrirhyggjusamir garðeigendur einmitt plantað þessum tegundum á sérvalda staði. Í þessum hópi eru morgunfrú, ljónsmunni, skrautkál, sólboði, möggubrá og silfurkambur, svo eitthvað sé nefnt, en þessar tegundir geta staðið bíspertar og fallegar vel og lengi þrátt fyrir að kólni í veðri. Löng hefð er fyrir því að krydda hauströkkrið með fallegum lyngplöntum eins og beitiylngi og erikum, enda standa þær í fullum blóma þessa dagana og næstu vikur. Mikið úrval er af þessum plöntum í garðyrkjuverslunum og er hægt að nota þær hvort



framlengja sumarið, hjálpa okkur við andlega tilfærslu frá sumri til vetrar og lífga upp á umhverfið eftir því sem aðrar plöntur fella blöðin og koma sér í vetrardalann. Margir garðeigendur heimsækja garðyrkjustöðvar á haustin og falla þar fyrir sígrænum freistingum sem falla kannski aðeins í skuggann af blómahafi sumarsins en þeirra tími er núna. Skemmtilegast er að blanda saman sígrænum tegundum og blómstrandi plöntum í haustkerin, þá fær augað mjög mikið fyrir peninginn.

Við gróðursetningu plantna í



heldur sem er í ker og potta eða skella þeim niður í blómabeðin í garðinum. Einnig er um að gera að horfa til fjölærra plantna eins og steinahnóðra, sumarnóðra, jónsmessuhnoðra og annarra síðblómstrandi fjölæringa sem eru að hefja sitt blómgunartímabil síðla sumars. Þessar fjölæru blómplöntur eiga fullt erindi í potta og ker, ekki síður en í blómabeðin og má alltaf skella þeim svo í blómabeðin þegar kemur að því að endurnýja blómahafið í kerjunum.

Sígrænar plöntur koma líka mjög sterkt inn á haustin því þær

ker á haustin má nota venjulega pottamold en almennt þarf ekki að hafa mikið fyrir áburðargjöf á þessum tíma, enda eru plöntur ekki í hröðum vexti þegar hitastigið lækkar. /gh



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið auglýsir eftir umsóknum um jarðræktarstyrki og landgreiðslur

Opnað hefur verið fyrir rafrænar umsóknir um jarðræktarstyrki og landgreiðslur vegna ræktunar á árinu 2021 í Afurð (www.afurd.is), greiðslukerfi landbúnaðarins (sjá Umsóknir).

Umsóknum skal skilað eigi síðar en 1. október n.k.

Framleiðendur sem uppfylla skilyrði 3. gr. reglugerðar um almennan stuðning við landbúnað nr. 430/2021 geta sótt um jarðræktarstyrk og landgreiðslur. Skilyrði fyrir veitingu stuðnings eru fullnægjandi skil á skýrsluhaldi í Jörð (www.jord.is).

Jarðræktarstyrkir

Framlögum til jarðræktarstyrks skal varið til jarðræktar, þ.e. nýræktar og endurræktunar á túnnum, kornræktar og ræktunar annarra fôðurjurta. Uppskeyra er forsenda fyrir jarðræktarstyrk. Beit búpenings telst vera uppskeyra og nýting kornhálms til uppræktunar jarðvegs í útiræktun grænmetis telst styrkhæf. Ekki telst styrkhæf ræktun ef kornrækt er eingöngu ætluð til að draga að gæsir til skotveiði, nema ef kornhálmur er sannarlega hirtur eða plægður niður. Önnur ræktun sem ekki er nytjuð til búskapar, þar með talin sáning í golfvelli, tjaldstæði o.s.frv. er ekki styrkhæf.

Landgreiðslur

Framlögum til landgreiðslna skal ráðstafa á ræktað land sem uppskorið er til fôðuröflunar og framleiðanda er heimilt að nýta. Framlög eru ekki greidd út á land sem eingöngu er nýtt til beitar.

Nánari upplýsingar um jarðræktarstyrki og landgreiðslur má finna í III. KAFLA reglugerðar um almennan stuðning við landbúnað nr. 430/2021.

Stjórnarráð Íslands

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

IR Ingersoll Rand

LOFTPRESSUR Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI

Við bjóðum upp á allar stærðir og gerðir af **Ingersoll Rand** loftpressum.

Mjög hjóðlátar og einfaldar í viðhaldi.

Bjóðum upp á þjónustusamninga og leggjum mikla áherslu á að veita góða viðgerðar- og varahlutaþjónustu.

Gerðu kröfur - hafðu samband við Gunnar í síma 590 5135 og kynntu þér þína möguleika.



KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / KLETTAGARÐAR 8-10
104 REYKJAVÍK / 590 5100 / klettur.is

KLETTUR

Bændablaðið
á bbl.is og líka á [Facebook](https://www.facebook.com/bbl.is)
Smáauglýsingar 56-30-300

Níu gróðurhús eru í Kaldrananeshreppi:

Löng og falleg hefð fyrir ræktun ýmissa jurta í gróðurhúsum á Ströndum

Norður á ströndum, í Kaldrananeshreppi, er löng og falleg hefð fyrir ræktun ýmissa jurta í gróðurhúsum. Flestir gróðurhúsaeigendur í hreppnum rækta til eigin nota, sumir selja afurðir sínar en einnig hefur skapast menning fyrir skiptum á milli ræktenda.

Margir nota gróðurhúsin líka til að forrækta ýmsar plöntur svo sem gulrætur, kál og trjáplöntur.

Bakki í Bjarnafirði

Íbúar í Bjarnafirði hafa verið afskaplega duglegir við að rækta sér til matar um nokkurt skeið. Arnlín Óladóttir og Magnús Rafnsson á Bakka riðu á vaðið með sitt gróðurhús árið 1977 sem fyrir segir og hafa bæði selt sínar afurðir og skipt á matvöru við nágretta sína.

Þau reistu sem dæmi sitt fyrsta gróðurhús í Bjarnafirði árið 1977, það gerðu þau þrátt fyrir fortölur sumra sveitunga sinna en þeir töldu aðstæður ekki nægilega góðar á svæðinu. Þau hafa síðan þá reist fjögur gróðurhús, af ýmsum stærðum og efnivið.

Það nýjasta var byggt árið 1995 en í því rækta þau m.a. hindber, aspaspas, tómat, hvítlauk og ýmsar aðrar kryddplöntur. Bæjarlækninn, sem er um 37 gráðu heitur, hafa þau veitt í pottofna sem liggja flatir á stígnum í gróðurhúsinu.

Níu gróðurhús

Í hreppnum eru nú samtals níu gróðurhús af ýmsum stærðum og gerðum, tvö þeirra eru ný risin og eitt er í byggingu. Flest þeirra eru byggð sem gróðurhús en einnig hafa aðrar byggingar fengið nýtt hlutverk; fjárhúsi, refabúi og bæjarrústum verið breytt í gróðurhús.

Bassastaðir

Við bæinn Bassastaði í Steingrímsfirði stendur gróðurhús sem hjónin Lilja Jóhannsdóttir og Guðbrandur Sverrisson reistu árið 2010, en þau fengu járníð af gömlu gróðurhúsi sem hafði staðið við Bæ 3 norðar í hreppnum. Nýir eigendur Bassastaða, þau Björn Hróarsson og Hildur Snjólaug, gera nú tilraunir með að rækta ýmislegt í gróðurhúsinu til eigin brúks.

Það fylgdi gróðurhúsinu reyndar forlata eplatré sem ekki hefur borið ávöxt um nokkurt skeið, en þau hafa klippt það niður tvisvar í ár og ætla að gera það aftur á næsta ári í von um að það beri ávöxt þá.

Fleira er á þrjónunum varðandi ræktun og næsta sumar vonast þau eftir að fá aspaspas þessu sem þau eru að rækta frá rótum. Þetta er í fyrsta sinn sem þau fást við grænmetisræktun og líta á nýliðið sumar sem lærdómssumar.



Gróðurhúsin í Kaldrananeshreppi á Ströndum. 1 Bakki. - 2. Bassastaðir. - 3. Hveravík. - 4. Fiskines. - 5. Skólagróðurhúsið. - 6. Háafell. - 7. Bær 1. - 8. Svanshóll (tvö gróðurhús).



Arnlín Óladóttir í gróðurhúsi þeirra Magnúsar Rafnssonar á Bakka.

Myndir / Guðný Rúnarsdóttir.

Hveravík

Utar í Steingrímsfirði stendur jörðin Hveravík sem, eins og nafnið gefur til kynna, býr yfir jarðvarma. Þar búa hjónin Kristín Einarisdóttir og Gunnar Jóhannsson

sem hófu ræktun fyrir um tveimur árum í skemmu sinni, Söngsteini. Ræktunin gekk svo vel að þau ákváðu að reisa gróðurhús á jörðinni. Gróðurhúsið er flutt inn frá Englandi og var reist í júní 2021.



Í Hveravík er jarðvarmi. Þar búa hjónin Kristín Einarisdóttir og Gunnar Jóhannsson sem hófu ræktun fyrir um tveimur árum í skemmu sinni, Söngsteini.



Lilja Sigrún Jónsdóttir, myndlistarmaður og fyrrum kennari við Grunnskóla Drangness, er elst þeirra sem sinna ræktun í gróðurhúsi á svæðinu. Hún og eiginmaður hennar, Þórir Haukur Einarsson skólaflokkari heitinn, störfuðu við Grunnskóla Drangness. Þar hóf Sigrún sína ræktun, reisti lítið gróðurhús í hlíðinni ofan við skólahúsnæðið og kenndi börnunum í þorpinu að njóta þess að borða heimaræktað grænmeti.

Grunnskóli Drangness

Lilja Sigrún Jónsdóttir, myndlistarmaður og fyrrum kennari við Grunnskóla Drangness, er elst þeirra sem sinna ræktun í gróðurhúsi á svæðinu.

Hún var búsett á Drangnesi þar sem hún og eiginmaður hennar, Þórir Haukur Einarsson skólaflokkari heitinn, störfuðu við Grunnskóla Drangness. Þar hóf Sigrún sína ræktun, reisti lítið gróðurhús í hlíðinni ofan við skólahúsnæðið og kenndi börnunum í þorpinu að njóta þess að borða heimaræktað grænmeti.

Skólagróðurhúsið var reist um 2004 og skipar það mikilvægan sess í skólastarfinu þar sem skólabörnin sá frægum að vori og uppskera að hausti.

Fiskanes

Eftir að þau Lilja Sigrún og Þórir hættu störfum við skólann komu þau sér fyrir á Fiskinesi sem stundur rétt utan við þorpið á Drangnesi. Þar hafði gamli bærinn brunnið og eftir stóð steypur húsgrunnur og veggir. Sigrún fékk hugmyndina að því að nýta rústir gamla bæjarins sem gróðurhús, og svo fór að árið 1998 varð það að veruleika. Sigrún er líka með heitan gróðurskála sem er tengdur íbúðarhúsinu en þar ræktar hún meðal annars perur og ferskjur.

Háafell

Í næsta nágrenni skólans stendur lítið gróðurhús sem hjónin Svandís Jóhannsdóttir og Haukur Torfason heitinn reistu við hús sitt Háafell. Þar ræktuðu þau m.a. sumarblóm en garðurinn þeirra var og er enn einstaklega fallegur. Árið 2016 tóku þau Petra Jetelka og Tómas Fisera við Háafelli og hafa m.a. ræktað tómat, gúrkur, salvíu, morgunfrúr, basil, myntu og steinselju í þessu minnsta gróðurhúsi hreppsins.



Bassastaði í Steingrímsfirði þar sem nýir eigendur, þau Björn Hróarsson og Hildur Snjólaug gera nú tilraunir með að rækta ýmsar tegundir.



Eftir að þau Lilja Sigrún Jónsdóttir og Þórir Haukur Einarsson hættu störfum við skólann komu þau sér fyrir á Fiskinesi sem stendur rétt utan við þorpið á Drangnesi.



Árið 2016 tóku þau Petra Jetelka og Tómas Fisera við Háafelli og hafa m.a. ræktað tómata, gúrkur, salvíu, morgunfrúr, basil, myntu og steinselju í þessu minnsta gróðurhúsi hreppsins.



Bjarni Þórisson og Marta Guðrún Jóhannesdóttir tóku við búi á Bæ 1 sumarið 2019. Þar stendur stærðarinnar fjárhús en enginn bústofn fylgdi jörðinni. Þau fengu þá hugmynd að breyta hluta fjárhússins í gróðurhús.

Bær 1

Bjarni Þórisson og Marta Guðrún Jóhannesdóttir tóku við búi á Bæ 1 sumarið 2019. Áður bjuggu þau í kennarabústaðnum við skólann og stunduðu ræktun í skólagróðurhúsinu með börnunum þar sem Marta var skólastjóri og kennari við skólann. Við Bæ 1 stendur stærðarinnar fjárhús en enginn bústofn fylgdi jörðinni. Þau fengu þá hugmynd að

breyta hluta fjárhússins í gróðurhús. Sumarið 2021 var þakjárn á helmingi hússins skipt út fyrir báruplast og stefna þau Bjarni og Marta á ræktun næsta vor.

Svanshóll í Bjarnarfirði

Á Svanshóli í Bjarnarfirði eru tvö gróðurhús og löng hefð fyrir ræktun. Þar er ýmislegt ræktað; trjáplöntur fyrir Skógræktina, hindber, sólber,

jarðarber, plómur, kál, blóm og síðast en ekki síst kirsuber af ýmsu tagi.



Á Svanshóli í Bjarnarfirði eru tvö gróðurhús og löng hefð fyrir ræktun. Þar er ýmislegt ræktað; trjáplöntur fyrir Skógræktina, hindber, sólber, jarðarber, plómur, kál, blóm og síðast en ekki síst kirsuber af ýmsu tagi.

Fjölskyldan á Svanshóli sameinast um ræktun í gróðurhúsunum en þar búa þrjár kynslóðir saman sem allar taka virkan þátt í ræktuninni. Kirsuberjatrén ásamt fleiri ávaxtrjám eru ræktað í sex ára gömlu gróðurhúsi sem Finnur Ólafsson, oddviti Kaldraneshrepps, byggði.

Gróðurhúsið er stálgrindarhús sem áður þjónaði hlutverki refabús á Klúku í Bjarnarfirði. Við hlið kirsuberjagróðurhússins er annað gróðurhús sem er hitað upp með jarðhita af jörðinni sem hentar vel til að koma ýmsum trjágræðlingum til. Þar fer fram framleiðsla á skógarplöntum sem eru

gróðursettar víða í bændaskógana. Þess má einnig geta að um miðja nítjándu öld vildi Ingimundur Ingimundarson á Svanshóli reisa gróðurhús. Samkvæmt umsögn ráðunauta var það ekki ráðlegt svo ekki var farið í það verk á þeim tíma.

Steinsholt

Í Steinholti, sem stendur næst Svanshóli, búa þau Vigdís Esradóttir og Einar Unnsteinsson. Þau eru í óða önn við að reisa sér lítið gróðurhús svo von bráðar verða þau tíu talsins gróðurhúsin í Kaldraneshreppi. /Guðný Rúnarsdóttir

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

HÁSKÓLINN Á HÓLUM

Erum við að leita að þér?

LEKTOR VIÐ HESTAFRÆÐIDEILD

Laust er til umsóknar starf lektors við hestafræðideild Háskólans á Hólum. Leitað er eftir einstaklingi sem hefur þekkingu og reynslu á sviði hestafræða eða skyldra greina, s.s. atferlis- eða lífeðlisfræði dýra eða íþróttfræðum. Þekking á kennslufræði er kostur. Mikilvægt er að búa yfir reynslu af og miklum áhuga á hestum.

Í starfinu felst:

- Kennsla í grunn- og framhaldsnámi
- Rannsóknir og öflun rannsóknastyrkja
- Virk þátttaka í gæðastarfi og stjórnun deildarinnar og háskólans
- Erlent og innlent samstarf

Menntunar- og hæfniröfur:

- Meistaragráða sem nýtist í starfi
- Doktorpróf á fræðasviðum Hestafræðideildar æskileg
- Reynsla af rannsóknum og stjórnun
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum og samstarfshæfni
- Ábyrgð, frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og skipulagshæfni

Hestafræðideild Háskólans á Hólum býður upp á BS nám í reiðmennsku og reiðkennslu auk meistaranáms í hestafræðum. Markmið Hestafræðideildar er að veita fagmenntun á sviði reiðmennsku, reiðkennslu, tamninga og hestahalds og að vinna að þróun og nýsköpun með rannsóknastarfsemi.

Um 100 % stöðu er að ræða.

Umsóknarfrestur er til og með 30. september 2021 og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Elisabeth Jansen, deildarstjóri, í síma 862-3788, netfang jansen@holar.is. Umsóknir skulu berast á starfatorgi eða á netfangið umsoknir@holar.is merktar „lektor hestafræði“. Með umsókn skal fylgja afrit af prófskírteinum, ferilskrá og samantekt fræðastarfs. Einnig skal fylgja kynningarbréf þar sem umsækjandi gerir grein fyrir störfum sínum við kennslu og rannsóknir. Umsækjandi skal útvega tvenn meðmæli sem meðmælendur sendi beint á umsoknir@holar.is

Fagmennska Virðing Sköpun





Kurlið komið á vagn og á leið á Narfastaði. Um það bil 35 til 40 rúmmetrar af gæðaeftni kom út úr kurluninni.

Myndir / Sigurlaug Brynleifsdóttir



Unnið hörðum höndum við að kurla efnid úr skógrækt Steinhólsbænda, þeirra Önnu Árnínu og Brynleifs.



Brynleifur við skógarhögg í skógrækt þeirra hjóna á Steinhólum.

Johan Holst skógarbóndi á Silfrastöðum í Akrahreppi:

Kurlar grisjunarvið sem nýtist vel sem undirburður í reiðskemmur

Margrét Þóra Þórsdóttir
mth@bondi.is



„Þetta er mjög góð leið til að nýta efnid,“ segir Johan Holst, skógarbóndi á Silfrastöðum í Akrahreppi.

Hann hefur verið á ferðinni í Skagafirði með kurlara með sérútbúnum hnífum sem kurla smátt, en það sem til fellur verður nýtt sem undirlag í reiðhallir.

Johan segir að skógrækt hafi um árabíl verið stunduð á Silfrastöðum. Það sama eigi við víða á

Norðurlandi vestra og eiga margir skógarbændur á því svæði það sameiginlegt að hafa byrjað sína skógrækt í kringum síðastliðin aldamót, um 2000. Svo er komið að grisja þarf í skógræktinni en trén ekki enn komin á það stig að nýtast sem timbur.

„Við veltum því töluvert fyrir okkur hvort hægt væri að nýta þann efnivið sem til fellur við grisjun nú og búa til einhver verðmæti. Ég lét mér jafnvel detta í hug að skilja þetta eftir í skóginum og láta grotna niður og verða með tímanum að áburði,“ segir Johan, en staldraði ekki lengi við þá hugmynd enda


þykir honum meira um vert að nýta grisjunarviðinn sé þess kostur.

Kurlari með sérútbúnum hnífum

Fjöldmörg hestabú eru í Skagafirði og við nokkur þeirra eru reiðskemmur. Hugmyndin um að kurla trén og nýta sem undirburður í skemmunum laust niður í höfuð hans einn góðan veðurdag. Kurlarar sem til voru kurla efnid frekar gróft og hentar slíkt kurl ekki sem undirburður fyrir hross. Johan keypti kurlara með sérútbúnum hnífum sem skera efnid meira niður þannig að það verður smærra og finna og passar betur í reiðskemmur.



Brynleifur og Sigurlaug á Steinhólum í Skagafirði við timburstæðuna sem þau höfðu raðað snyrtilega upp.



Brynleifur keyrir timbrið út úr skóginum.



Unnið við að setja kurlíð á gólf reiðhallarinnar á Narfastöðum í Skagafirði.



Kurl úr trjám hentar vel sem undirburður á reiðhallir. Hér er verið að prófa.

Johan fór með græjuna að Hólum í Hjaltadal fyrir skemmstu og gerði þar tilraun með kurlun á efni sem til féll úr grisjun í nytjaskógi sem vex þar á svæðinu. „Þetta var tilrauna-kerfni, við fengum um það bil 45 til 50 rúmmetra af kurlu og verður það nýtt í reiðhöll á Hólum. Fólki leist mjög vel á þetta gæðafni og ekki verra að nýta það sem fellur til á svæðinu heima við,“ segir Johan.

Ekkert fer til spillis

Tilraunakurlíð á Hólum spurðist út og föluðust bændur á Narfastöðum eftir sams konar efni frá honum til að nota í sína reiðskemmu. Svo skemmtilega vildi til að skógar-

bændur á Steinhólum, þau Anna Árnína Stefánsdóttir og Brynleifur G. Siglaugsson, höfðu grisjað hjá sér skóg og höfðu raðað afrakstrinum upp í snyrtilegar stæður. Johan fékk að kurla það efni og var það flutt yfir að Narfastöðum í kjölfarið, en skammt er á milli bæjanna.

„Þetta er virkilega góð leið til að nýta efnið, það fer ekkert til spillis, flutningur er líttill sem enginn og nýtingin á skóginum verður sjálfbær. Þetta er mikill hvati fyrir skógarbændur, sem sjá að þeir geta skapað verðmæti úr sínum afurðum,“ segir Johan. Telur hann að efnið nýtist í reiðskemmu í nokkur ár, þrjú til fjögur og jafnvel lengur, með því að bæta reglulega nýju ofan á.“

Ultrasonic Cleaner
Nokkrar stærðir
Verð frá 125.900 kr

Sandblásturskútar
2 stærðir
Verð frá 57.135 kr

ALK 150
ÞETTA SEM VIRKAR og er einstaklega gott á verkstæðið, í hesthúsið, fjárhúsið og fjósið. Umhverfisvænt sterkt alkalískt hreinsiefni fyrir erfið óhreinindi. Alhliða hreinsiefni fyrir gólf, vegg, áhöld, vélar og fl. Virkar sérstaklega vel á fitu og sót.
Verð 5L, 3.590 kr
20L, 10.208 kr

Sandblásturskútur m/ryksugu 80L
TILBOÐ 70.013 kr
Áður 93.350 kr
Meðan birgðir endast

Sandblásturskassur m/ryksugu
2 stærðir
Verð frá 219.990 kr

Sandblásturskassi
Verð 74.990 kr

ÖLL VERÐ ERU MEÐ VSK
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
SÍÐAN 1985

JÁKÓ
vélar og efnavörur sf.
Auðbrekku 23, Kópavogi
t. 564 1819, www.jako.is

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út **23. september**

Í SAMSTARFI VIÐ:
EFLA FAGLAUSH

bondi@byko.is

Nýtt í BYKO

150m²
stöðluð stálgrindarskemmu

250m²
stöðluð stálgrindarskemmu

350m²
stöðluð stálgrindarskemmu

Stöðluð stálgrindarhús

- Tilbúnaðar teikningar sem stytta byggingartíma um 4-6 vikur
- Staðlaðar byggingar þýðir lægra verð
- Húsin uppfylla álagskröfur hvar sem er á landinu
- Galvaniserað stál tryggir endingu

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

Wendel

HILLTIP

VETRARBÚNAÐUR

Finnsk gæði sem henta vel fyrir íslenskar aðstæður

Tangarhöfða 1, 110 Reykjavík
551 5464 / wendel.is





Ostrur á diskinn minn.

Smekkur fyrir ostruáti er áunninn

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



Smekkur fyrir ostruáti er áunninn og fæstum sem þykir þær freistandi eða geðslegar við fyrstu sýn.

Breski rithöfundurinn Johathan Swift sagði að það hafi verið hugrakkur maður sem fyrst lagði sér ostrur til munns. Í dag þykir fínt að borða ostrur og satt best að segja venst bragðið ágætlega eftir að búið er að skella í sig sprellifandi gumsinu úr fyrstu skelinni.

Þrátt fyrir að heitið ostra sé notað yfir fjölda tegunda af skeldýrum sem kallast samlokur og lifa í sjó og fjöru tilheyra ætar ostrur eingöngu ostruætt og flestar ættkvíslunum Ostrea, Crassostrea, Ostreola og Saccostrea. Perluostrur eru fjarskyldar matostrum og tilheyra ættinni Pteriidae.

Líffræði og lífsstarfsemi

Talið er að fyrstu samlokur í sjó hafi komið fram á sjónarsviðið fyrir um 200 milljónum ára og að 65 milljón árum síðar hafi ostrur verið ríkjandi skeldýr í hafinu.

Ostrur eru lindýr með harðri og tvöfaldr skel sem inniheldur mikið af kalki. Þær eru tvíkynja og finnast í kynfærum flestra ostrutegunda bæði sæði og egg og getur kvendýr framleitt 100 milljón egg á ári. Við vissar aðstæður geta ostrur

gefið frá sér egg og sæði samtímis og verið sjálfrjóvgandi. Kynkirtlarnir umliggja meltingarkerfið og samstanda af kynfrumum, píplum og bandvef. Ostrur eru með hjarta með þremur hólfum sem dælar glæru blóði um líkama þeirra. Þær hafa einnig nýra sem sía úrgangsefni úr blóðinu.

Ostrur taka fæðu með því að beina sjó í gegnum tálkn með þar til gerðum bifhárum og þegar bifhárin hreyfast festast við þau svif og agnir sem flytjast til munnsins. Aætlað er að ein ostra síi allt að fimm lítra af sjó á klukkustund við sjávarhita yfir 10° Celsíus og að með starfsemi sinni dragi þær úr ofauðgun þar sem þær vaxa með því að sía næringarefni, svif og botnfall úr sjónum.

Fljótlega eftir að kvendýrið frjóvgast gefur það frá sér þúsundir eggja. Eftir klak tekur það lírfurnar um sex klukkutíma að þroskast. Eftir um tvær til þrjár setjast þær á botninn og þroskast þær.

Ostrur eru lostæti, hvort sem þeirra er neytt hrárra eða eldaðra. Eldi á ostrum, hvort sem það er til manneldis eða til perluæktunar, er stundað víða um heim. Auk þess sem báðum gerðum er safnað villtum þar sem slíkt er enn mögulegt.

Ostrur í Dýraríkinu

Í stórverki Örnólfs Thorlacius sem kallast Dýraríkið segir höfundur: „Að öllum þeim samlokum sem menn hafa til matar eru ostrurnar trúlega frægastar, ýmsar tegundir af ættinni Ostreidae, með einn vænan lokuvöðva sem er etinn. Þær eru tvíkynja, sumar ævilangt, en aðrar skipta um kyn eftir aðstæðum [...]. Kyrrahafs eða stórostran, Crassostrea gigas, 8-40 cm löng með óreglulega lagaðar skeljar. Hún telst til kynskiptinganna. Náttúruleg heimkynni tegundarinnar eru í árósum og nærri flæðamáli



Ostrur í eldi í Kanada.

með Kyrrahafsströnd Asíu, en hún er alin víða um heim, hvergi meira en á Nýja-Sjálendi. Aðrar afurðir, sem menn hafa af samlokuskeljum, eru perlurnar, sem myndast innan á skeljum sumra tegunda. [...] Perluökun er nánast aflögð, en perluskeljar í þess stað ræktaðar. Líklega er mest af perluostrum, ýmsum Pinctada-tegundum, en þær eru fjarskyldar hinum ætu ostrum.“

Saga og nytjar

Misstórir haugar af ostrum og öðrum skeljum sem finnast víða um heim benda til að skeljum hafi verið safnað og eftir að búið var á borða úr þeim eða leita að perlu hafi þeim verið kastað í hrúgu. Skeljahaugar af þessu tagi sem rannsakast hafa verið á Nýja-Sjálendi og í Ástralíu benda til að sumir þeirra séu allt að tíu þúsund ára gamlir. Ostruskeljar hafa fundist í hell-

um í Suður-Afríku og ætlað að þær hafi verið hluti af fæðu innfæddra þar fyrir 165 þúsund árum.

Í Japan hafa ostrur verið eldar frá að minnsta kosti 2000 árum fyrir Krist. Ostrur voru vinsælar meðal gríska og rómverska aðalsins á blómaskeiði þeirra þjóða.

Grískir sjómenn ólu ostrur með því að sökkva brotnum leirkerum í sjó og láta ostrur vaxa á þeim. Grikkir notuðu ostruskeljar við kosningar og fór útkoman eftir því hvernig skeljarnar lentu.


Við landvinninga sína á Bretlandseyjum fundu Rómverjar frjósöm ostrumið út af suðurströnd landsins og voru ostrur í ís fluttar landleiðina á burðardýrum, ösnum og þrælum, til Rómur til að sedja ostruþörf aðalsins sem borgaði hátt verð fyrir þær.

Rómverjar voru fyrstir til að hefja ostrueldi við Bretlandseyjar og mun rómverski verkfræðingur-

inn Sergius Orata, sem var uppi um 100 árum fyrir upphaf okkar tímatals, eiga heiðurinn af því. Aðferð Orata fólst í því að binda búnt af trjágreinum við steina og sökkva þeim á ostrumiðum þar sem lírfur ostranna settu á greinarnar og uxu og döfnuðu þar til greinabúntin voru sótta og ostrunnar tündar af. Ostrueldi Orata gekk svo vel að því var haldið fram til gamans að hann gæti alið ostrur á húspökum.

Þrátt fyrir að aðallinn í Róm og víðar hafi verið tilbúinn til að greiða hátt verð fyrir ferskar ostrur voru ostrur og skelfiskur víðast fátækra-fæða við sjávarsíðuna og sagt er að fátækir bændur á miðöldum sem bjuggu nálægt sjó hafi lifað mest á ostrum og lambakjöti.

Talsverð ostruætt er beggja vegna Ermarsunds í dag til manneldis. Á krám við suðurströnd Bretlandseyja er iðulega hægt að panta skál með skelfiski og sér-



Perlur í ostruskel.



Heiðar Gunnarsson og Kristján Phillips við ostrubúr.

bruggaðan bjór til að drekka með. Einnig er bruggaður sérstakur ostrubjór en þá eru ostrur hluti af bruggerlinu.

Orðsifjar

Enska heitið oyster kom fyrst fram á 14. öld og mun komið úr gamalli frönsku, oistre. Franska heitið er komið af ostrea sem latínu kvengerð ostreum sem á grísku er ὀστρεὸν og gamalt heiti á ostrum. Á dönsku er heitið østers og íslenska heitið ostra líklegast dregið af því.

Ostrumið við Manhattan

Snemma á 19. öld fundust gríðarlega frjósöm ostrumið við Manhattaneyjar þar sem New York-borg stendur í dag og voru miðin þau stærstu í heimi. Þegar veiðarnar voru mestar á seinni hluta 19. aldar er talið að safnað hafi verið um sex milljónum ostra á dag við stendur Manhattan og New York kölluð The Big Oyster. Í framhaldinu snarféll verð á ostrum og þær urðu hluti af daglegri fæðu fátækasta hluta íbúa í borginni.

Miskunnarlaus ofnýting leiddi til hruns ostrustofnsins við New York. Til að auka eldið voru fluttar inn til eldis framandi ostrur sem áttu að gefa meira af sér en þær sem voru fyrir. Með aðfluttu ostrum fylgdu sjúkdómar og aukin setmyndun sem settu vistkerfi á hliðina og ostrueldi á svæðinu sjálfhætt í kjölfar þess.

Vegna skorts hækkðu ostrur í verði og vaxandi vinsældir villtra ostra meðal hinna fjárhagslega betur stæðu jók álag á önnur ostrumið.

Ostrur veiddar í sjó

Á fjörum og grunnum sjó er eða var hægt að tína eða raka ostrum saman þegar þeim var safnað, á meira dýpi voru notaðar hrifur á löngum sköftum eða sérstakar ostrukrökur til að ná til þeirra. Með aukinni tækni komu á markað skelfiskplógar með söfnunarpokum sem nýtast vel þar sem ostrur vaxa á sléttum botni. Slíkir plógar eru bannaðir víða um heim í dag vegna þess að þeir eyðileggja botninn þar sem þeir eru dregnir.

Ostrum í sjó er safnað af köfurum bæði til matar og í perluleit. Mengun og hækkandi sjávarhiti hefur víða haft slæm áhrif á villtar ostrur og þeim fækkað verulega af þeim sökum. Nýlegar rannsóknir sýna að villtar og líklega aldar ostrur eru smávaxnari þar sem skipaumferð er mikil. Þetta er talið stafa af titringnum frá skipaumferðinni sem veldur því að ostrurnar loka sér meira og taka því inn minna af fæðu.

Perluostrur

Perlur vaxa í ýmsum tegundum af ferskvatnssamlökum og hafa menn nýtt þær sem skart og gjaldmiðil frá fornu fari.

Í náttúrunni framleiða ostrur perlur með því að húða lítið sníkju-dýr en ekki sandkorn með steinefnum og kallast snikillinn perlumóðir. Litur perlunnar ræðst af steinefnunum í umhverfi ostrunnar.

Stærst ostruperla sem sögur fara af vegur 6,4 kíló og er 24 sentimetrar að þvermáli. Perlan sem kennd er við Allah eða Leo-Tze óx í skeltegund sem kallast Tridacna gigas og fannst við eyjaklasa Filippseyja árið 1939.

Í perlurækt eru settar litlar agnir, oft brot af kræklingaskel, inn í ostruna og í dag kemur langmest af ostruperlum úr eldi í dag.

Ostrueldi

Kínverjar ala allra þjóða mest af ostrum og eru með um 80% heimsframleiðslunnar til manneldis á sínum snærum. Af Evrópuríkjum framleiða Frakkar mest en í Bandaríkjum Norður-Ameríku ríkið Virginía. Einnig er talsvert um ostrueldi í Japan og Ástralíu.

Ostrur í Putalandi

Breski rithöfundurinn Johathan Swift, sem er best þekktur fyrir sögu sína um Ferð Gúllivers til Putalands, sagði að það hafi verið hugrakkur maður sem fyrst lagði sér ostrur til munns. Swift átti með tímanum eftir að verða mjög hrifinn af ostrum og í sögunni um Gúlliver

segir frá því að söguhetja safnaði ostrum á strönd Putalands sér til matar.

Ostrur sem matvæli

Best er að borða ostrur ferskar, hráar og beint úr skelinni. Þær má einnig fá soðnar eða gufusoðnar, reyktar og niðursoðnar. Úr skelinni er gott að borða ostrur með smjörklípu, salti, sítrónusafa og skeinu af piparrótarsósu.

Frakkar neyta mikið af ostrum og eru þær hluti af jólahaldi þeirra og oft hafðar sem forréttur með kampa-víni á aðfangadagskvöldi.

Þar sem ostrur sífa til sín fæðu úr umhverfinu hafa umhverfisaðstæður á vaxtarstað mikil áhrif á gæði þeirra og geta þær hæglega innihaldið bæði hættuleg efni og bakteríur sé slíkt til staðar á vaxtarstað.

Ólíkt öðrum skelfiski geta ostrur geymst í þrjár til fjórar vikur í ís og við hátt rakastig en bragðið dofna eftir því sem líður á geymslutímann. Yfirleitt eru ostruskeljar lokaðar eða skellast saman sé slegið í þær, opnar skeljar gefa yfirleitt til kynna að ostra sé dauð.

Ostrur teljast ekki kosher og mega hvorki gyðingar né arabar neyta þeirra af trúarlegum ástæðum.

Næring og frygð

Ostrur eru ríkar af steinefnum auk sinks, járns, kalsíums og selens. A- og B12-vítamíns. Að meðaltali innihalda tólf ostrur um 110 kaloríur og þær eru næringarmestar hráar.

Neysla á ostrum hefur lengi verið talin frygðarukandi og þær



Ostrueldi við Inland.



Snemma á 19. öld fundust gríðarlega frjósöm ostrumið við Manhattaneyjar þar sem New York-borg stendur í dag og voru miðin þau stærstu í heimi.



Ostrur eru lindýr með harðri og tvöfaldr skel.

notaðar sem slíkar af flögurum af báðum kynjum í gegnum aldirnar. Eins og oft vill verða getur sannleikskorn legið að baki þjóðsögum og sögnum því að ekki er langt síðan að bandarískir og ítalskir rannsakendur greindu frá því að nokkrar tegundir samloka innihalda amínósýrur sem stuðla að losun kynhormóna og að mikið magn af sinki í ostrum hjálpi við framleiðslu testósteróns.

Ostrueldi á Íslandi

Árið 2013 hófu tveir Húsvíkingar tilraunir með ostrueldi í Skjálfaflóa. Kristján Phillips, annar stofnenda Víkurskeljar, segir að buið hafi verið að afla allra leyfa og að fluttar hafi verið inn milljón ostrur á ári sem hafi verið settar út á línu með búrum í Skjálfaflóa og að eldið hafi gengið vel án þess að fyrirtækið hafi verið farið að selja neitt að ráði.

„Ostrueldi getur vel gengið við Ísland, sérstaklega tel ég að víða á Vestfjörðum sé að finna kjöraðstæður þar sem öldugangur er minni

en í Skjálfaflóa. Markaðurinn er fyrir hendi en áhugi stjórnvalda enginn,“ segir Kristján. „Við fengum reglulega leyfi frá MAST til að flytja inn ostrur í sex eða sjö ár en eftir að Umhverfisstofnun tók við málaflöknum var innflutningurinn stöðvaður og fótunum kippt undan starfsemi.“

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga var Víkurskel til ráðgjafar frá upphafi og keypti jafnframt hlut í félaginu árið 2014 og átti þar til SSNE varð til við samruna Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga, Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar og Eyþings. SSNE er enn hluthafi í félaginu en upphaflegu eigendurnir, Kristján Phillips og Geir Ívarsson, hafa dregið sig út úr því en Víkurskel starfar enn og vinnur að tilraunaræktun á ostru á landi.

Árið 2018 kom upp nóróveirusýking á veitingahúsinu Skelfiskmarkaðurinn og talið að sýkingin hafi orsakast af sýkingu í ostrum. Mjög hallaði undan rekstri veitingastaðarins eftir að sýkingin kom upp og var Skelfiskmarkaðurinn tekinn til gjaldprotaskipta ári síðar.



Ostrueldi við Willapa Bay í Washington skoðað árið 2018.

Suðvesturland

Fjörborgarrétt í Hólmsheiði	laugardaginn 18. sept. kl. 18.00
Hraðastaðarétt í Mosfellsdal	laugardaginn 18. sept. kl. 16.00
Kjósarrétt í Kjós	sunnudaginn 19. sept. kl. 15.00, seinni réttir sun. 3. okt. kl. 15.00

Vesturland

Amarhólsrétt í Helgafellssveit	sunnudaginn 19. sept. kl. 11.00
Bláfeldarrétt í Staðarsveit, Snæf.	laugardaginn 25. sept.
Brekkurétt í Norðurárdal, Mýr.	sunnudaginn 12. sept. kl. 10.00, seinni réttir sun. 26. sept.
Brekkurétt í Saurbæ, Dal.	sunnudaginn 19. sept. kl. 11.00, seinni réttir sun. 3. okt. kl. 13.00
Fellsendarétt í Miðdölum, Dal.	sunnudaginn 19. sept. kl. 14.00, aðrar réttir sun. 26. sept. kl. 14.00, þriðju réttir sun. 3. okt. kl. 14.00
Flekkudalsrétt á Fellsströnd, Dal.	laugardaginn 18. sept., seinni réttir lau. 2. okt.
Fljótstungurétt á Hvítársíðu, Mýr.	laugardaginn 11. sept. og sun. 12. sept. Seinni réttir lau. 25. sept.
Gillastaðarétt í Laxárdal, Dal.	sunnudaginn 19. sept. kl. 12.00, seinni réttir sun. 3. okt. kl. 16.00
Grafarrétt í Breiðuvík, Snæf.	laugardaginn 25. sept.
Grímsstaðarétt á Mýrum, Mýr.	þriðjudaginn 14. sept. kl. 10.00, aðrar réttir mán. 27. sept. kl. 14.00, þriðju réttir mán. 4. okt.
Hitardalsrétt í Hitardal, Mýr.	mánudaginn 13. sept. kl. 9.00, aðrar réttir 26. sept. kl. 16.00, þriðju réttir mán. 4. okt.

Hornsrétt í Skorradal, Borg.	sunnudaginn 12. sept. kl. 10.00
Hólmarétt í Hörudal, Dalabyggð	sunnudaginn 12. sept. kl. 10.00, aðrar réttir sun. 26. sept. kl. 10.00
Hrafnkelsstaðarétt í Grundarfirði	laugardaginn 18. sept.
Kaldárakkarétt í Kolb., Hnappadalssýslu	✓ sunnudaginn 5. sept. kl. 11.00
Kirkjufellsrétt í Haukadal, Dal.	laugardaginn 18. sept, seinni réttir lau. 2. okt.
Klofningsrétt í Beruvík, Snæf.	laugardaginn 25. sept.
Langholtsrétt í Eyja- og Miklaholtshr.	Upplýsingar vantar.
Ljárskógarétt í Laxárdal, Dal.	laugardaginn 11. sept.
Mýrar í Grundarfirði	laugardaginn 18. sept.
Mýrdalsrétt í Hnappadal	þriðjudaginn 21. sept. kl. 16.00, seinni réttir sun. 10. okt. kl. 16.00
Nesmelsrétt í Hvítársíðu, Mýr.	✓ laugardaginn 4. sept.
Núparétt í Melasveit, Borg.	sunnudaginn 12. sept. kl. 13.00, seinni réttir lau. 25. sept.
Oddsstaðarétt í Lundarreykjadal, Borg.	miðvikudaginn 15. sept. kl. 9.00, seinni réttir sun. 3. okt. kl. 10.00
Ólafsvikurrétt í Ólafsvík, Snæf.	laugardaginn 18. sept.
Ósrétt á Skógarströnd, Dal.	föstudaginn 1. okt. kl. 10.00
Rauðsgilsrétt í Hálsasveit, Borg.	sunnudaginn 19. sept. kl. 10.00, seinni réttir sun. 3. okt. kl. 14.00
Reynisrétt undir Akrafjalli, Borg.	laugardaginn 18. sept.
Skarðsrétt, Skarðsströnd, Dal.	sunnudaginn 19. sept. kl. 11.00, seinni réttir sun. 3. okt. kl. 14.00
Skerðingsstaðarétt í Hvammsveit, Dal.	sunnudaginn 19. sept. kl. 11.00, seinni réttir sun. 3. okt. kl. 13.00
Svarthamarsrétt á Hvalfj. str., Borg.	sunnudaginn 19. sept. kl. 10.00, seinni réttir sun. 3. okt.
Svignaskarðsrétt, Svignaskarði, Mýr.	mánudaginn 13. sept. kl. 10.00, aðrar réttir mán. 27. sept., þriðju réttir mán. 4. okt.
Tungurétt á Fellsströnd, Dal.	föstudaginn 17. sept.
Vörðufellsrétt á Skógarströnd, Dal.	laugardaginn 18. sept. kl. 13.00, seinni réttir sun. 10. okt. kl. 13.00
Þverárrétt Eyja- og Miklaholtshr, Snæf.	Upplýsingar vantar.
Þverárrétt í Þverárhlið, Mýr.	mánudaginn 13. sept. kl. 7.00, aðrar réttir mán. 20. sept. kl. 10.00, þriðju réttir mán. 27. sept. kl. 10.00

Þæfusteinsrétt á Hellissandi/Rifi, Snæf.	laugardaginn 18. sept.
Ölkeldurétt í Staðarsveit, Snæf.	laugardaginn 25. sept.

Vestfirðir

Bræðrabrekka, heimarétt, Bitrufirði, Strand.	sunnudaginn 19. sept. kl. 10.00, seinni réttir 2. okt.
Eyrrarétt á Eyri í Kollafirði, Reykhólahreppi, A-Barð.	✓ laugardaginn 4. sept., seinni réttir lau. 2. okt.
Grundarrétt í Reykhólahreppi, A-Barð.	föstudaginn 10. sept.
Hjardardalsrétt í Hjardardal í Dýrafirði	laugardaginn 25. sept. & sun. 26. sept. Seinni réttir sun. 10. og mán. 11. okt.
Hraunsrétt við Hraun í Hnífsdal í Skutulsfirði	✓ laugardaginn 4. sept.
Innri-Múlarétt á Barðaströnd, V-Barð.	sunnudaginn 19. sept. kl. 14.00
Kinnarstaðarétt í Reykhólahr., A-Barð.	sunnudaginn 12. sept. kl. 10.00, seinni réttir sun. 3. okt.
Kirkjubólurétt í Steingrímsfirði, Strand.	sunnudaginn 19. sept. kl. 14.00, seinni réttir sun. 3. okt. kl. 14.00
Kirkjubólurétt við Kirkjuból í Engidal í Skutulsfirði	laugardaginn 25. sept.
Kjósarrétt í Ármeshreppi, Strand.	laugardaginn 18. sept. kl. 13.00
Króksfjarðarnesrétt í Reykhólav., A-Barð.	laugardaginn 18. sept., seinni réttir 2. okt.
Melarétt í Ármeshreppi, Strand.	laugardaginn 11. sept. kl. 16.00
Miðhús í Kollafirði, Strand.	sunnudaginn 19. sept. kl. 17.00, seinni réttir sun. 3. okt. kl. 17.00
Minni-Hlið í Hliðardal, Bolungarvík	laugardaginn 11. sept., seinni réttir lau. 25. sept.
Skarðsrétt í Bjarnarfirði, Strand.	laugardaginn 18. sept. kl. 14.00
Skeljavikurrétt í Steingrímsfirði, Strand.	föstudaginn 10. sept. kl. 16.00, seinni réttir lau. 25. sept. kl. 16.00

Staðarrétt í Reykhólahreppi, A-Barð.	föstudaginn 10. sept.
Staðarrétt í Steingrímsfirði, Strand.	sunnudaginn 19. sept. kl. 14.00, seinni réttir sun. 3. okt. kl. 14.00
Syðrídalsrétt í Bolungarvík	laugardaginn 11. sept.
Traðarrétt við Tröð í Bjarnardal í Öndarfirði	laugardaginn 18. sept. kl. 16.00
Vaðalsrétt á Barðaströnd, V-Barð.	sunnudaginn 19. sept.

Norðvesturland

Auðkúlurétt við Svinavatn, A.-Hún.	laugardaginn 11. sept. kl. 8.00, seinni réttir mán. 27. sept. kl. 13.00
Beinakeldurétt, A.-Hún.	✓ sunnudaginn 5. sept. kl. 9.00, seinni réttir mán. 27. sept. kl. 13.00
Fossarrétt í A.-Hún.	laugardaginn 11. sept.
Hamarsrétt á Vatnsnesi, V.-Hún.	laugardaginn 11. sept.
Hliðarrétt / Bólstaðarhliðarrétt, A.-Hún.	laugardaginn 11. sept. kl. 16.00, seinni réttir sun. 19. sept. kl. 16.00
Hrútatungurétt í Hrútafirði, V.-Hún.	✓ laugardaginn 4. sept. kl. 9.00
Hvalsárrétt í Hrútafirði, Strand.	laugardaginn 18. sept.
Hvamsrétt í Langadal, A.-Hún.	✓ laugardaginn 4. sept.
Kjalarlandsrétt, A.-Hún.	laugardaginn 11. sept.
Miðfjarðarrétt í Miðfirði, V.-Hún.	✓ laugardaginn 4. sept.
Rugludalsrétt í Blöndudal, A.-Hún.	✓ laugardaginn 4. sept. kl. 16.00
Skrapatungurétt í Laxárdal, A.-Hún.	sunnudaginn 12. sept. kl. 9.00, seinni réttir sun. 19. sept. kl. 11.00
Stafnsrétt í Svartárdal, A.-Hún.	laugardaginn 11. sept. kl. 8.30, seinni réttir lau. 18. sept. kl. 16.00
Sveinsstaðarétt, A.-Hún.	sunnudaginn 12. sept. kl. 10.00, seinni réttir mán. 27. sept. kl. 9.00
Undirfellsrétt í Vatnsdal, A.-Hún.	föstudaginn 10. sept. kl. 13.00, lau. 11. sept. kl. 8.00 og mán. 27. sept. kl. 11.00
Valdarásrétt í Fitjárdal, V.-Hún.	föstudaginn 10. sept. kl. 9.00
Víðidalstungurétt í Víðidal, V.-Hún.	laugardaginn 11. sept. kl. 10.00
Þverárrétt í Vesturhópi, V.-Hún.	laugardaginn 11. sept. kl. 13.00

Mið-Norðurland

Akureyrrarétt við Hrapstaði, Eyjafirði	laugardaginn 11. sept., seinni réttir lau. 18. sept.
Árhólarétt (Undadalsrétt) við Hofsó, Skagafirði	laugardaginn 18. sept.
Árskógsrétt á Árskógsströnd, Eyjafirði	laugardaginn 11. sept.
Dalvikurrétt, Dalvík	Upplýsingar vantar.
Deildardalsrétt í Deildardal, Skagafirði	laugardaginn 11. sept.
Flókadalsrétt í Fljótum, Skagafirði	Upplýsingar vantar.
Geldingsárrétt, Svalbærströnd	laugardaginn 11. sept.
Héðinsfjarðarrétt í Héðinsfirði	Ekki réttað.
Hliðarrétt í Vesturdal, Skagafirði	sunnudaginn 19. sept.
Hofsrétt í Vesturdal, Skagafirði	laugardaginn 18. sept.
Holtsrétt í Fljótum, Skagafirði	laugardaginn 18. sept.
Hraunarétt í Fljótum, Skagafirði	Ekki réttað.
Hraungerðsrétt í Eyjafjarðarsveit	✓ laugardaginn 4. sept.
Laufskálarétt í Hjaltadal, Skagafirði	sunnudaginn 12. sept.
Mælifellsrétt í Skagafirði	sunnudaginn 12. sept.
Möðruvallarétt í Eyjafjarðarsveit	✓ laugardaginn 4. sept.
Ósbrekkurétt í Ólafsfirði	föstudaginn 17. sept. og lau. 18. sept.
Reistararétt í Hörgársveit, Eyjafirði	laugardaginn 11. sept.
Reykjarétt í Ólafsfirði	fimmtudaginn 30. sept. og fös. 1. okt.
Sauðárkróksrétt (Króksrétt), Skagafirði	laugardaginn 11. sept.
Selnesrétt á Skaga, Skagabyggð	laugardaginn 11. sept.
Siglufljarðarrétt í Siglufirði	Upplýsingar vantar.
Silfrastaðarétt í Blönduhlíð, Skagafirði	mánudaginn 13. sept.
Skarðarétt í Gönguskörðum, Skagafirði	laugardaginn 11. sept.
Skálarrétt í Hrollleifsdal, Skagafirði	laugardaginn 11. sept.
Staðarbakkarétt í Hörgárdal, Eyjafirði	fimmtudaginn 9. sept.
Staðarrétt (Reynisstaðarrétt), Skagafirði	sunnudaginn 12. sept.
Stíffururétt í Fljótum, Skagafirði	föstudaginn 17. sept.
Tungurétt í Svarfærdal	sunnudaginn 12. sept. kl. 12.00.
Unadalsrétt (Árhólarétt) við Hofsó, Skagafirði	laugardaginn 18. sept.
Vallarétt, Eyjafjarðarsveit	✓ sunnudaginn 5. sept. kl. 10.00
Vatnsendarétt, Eyjafirði	✓ sunnudaginn 5. sept. kl. 10.00
Þorvaldsdalsrétt í Hörgársveit, Eyjafirði	laugardaginn 11. sept.
Þórustaðarétt á Moldhaugnahálsi, Eyjafirði	laugardaginn 11. sept.
Þverárrétt í Öxnadal, Eyjafirði	mánudaginn 13. sept.
Þverárrétt ytri, Eyjafjarðarsveit	✓ sunnudaginn 5. sept. kl. 10.00
Þverárrétt ytri, Eyjafjarðarsveit	✓ sunnudaginn 6. sept. kl. 10.00



Helstu réttir í Landnámi Ingólfs Arnarsonar haustið 2021

Brúsastaðarétt í Þingvallasveit	sunnudaginn 19. sept. kl. 17.00
Fjörborgarrétt í Hólmsheiði	laugardaginn 18. sept. kl. 18.00
Heiðarbæjarrétt í Þingvallasveit	laugardaginn 18. sept. kl. 15.00
Hraðastaðarétt í Mosfellsdal	laugardaginn 18. sept. kl. 16.00
Húsmúlarétt við Kolviðarhól	laugardaginn 18. sept. kl. 14.00
Kjósarrétt í Kjós	sunnudaginn 19. sept. kl. 15.00, seinni réttir sun. 3. okt. kl. 15.00
Krýsuvíkurrétt v. Suðurstrandarveg	laugardaginn 25. sept. kl. 13.00
Grafningsrétt í Grafningi	mánudaginn 20. sept. kl. 10.00
Selvogsrétt í Selvogi, Árn.	sunnudaginn 26. sept. kl. 9.00
Þórkötlustaðarétt í Grindavík	sunnudaginn 19. sept. kl. 14.00, seinni réttir lau. 2. okt.
Ölfusrétt í Reykjadal, Ölfusi	sunnudaginn 19. sept. kl. 15.00

Samkvæmt fjallskilasamyþykkt fyrir Landnám Ingólfs Arnarsonar nr. 775/2020 eru seinni leitir tveim vikum síðar. Hafa skal í huga að tímasetningar leita og rétta geta breyst, einkum vegna veðurs.


Fjarréttir haustið 2021

Fjár- og stóðréttir verða með öðrum brag en fyrri ár vegna kórónuveirufaraldursins.

Vegna smitvarna og fjölda-takmarkana eru allir hvattir til að kynna sér vinnulag á hverjum stað áður en haldið er til rétta.

Listi yfir helstu stóðréttir á landinu er birtur á blaðsíðu 34.

Upplýsingar um viðbætur og leiðréttingar sendist á netfangið smh@bondi.is. Uppfærslur á listanum eru gerðar jafnóðum og er að finna á bbl.is. /TB



Norðausturland

Álandstungurétt í Svalbarðshreppi í Pistilfirði	laugardaginn 11. sept.
Árrétt í Bárðardal	✓ sunnudaginn 5. sept.
Baldurshemsrétt í Mývatnssveit, S.-Þing.	✓ sunnudaginn 5. sept.
Dalsrétt í Svalbarðshreppi í Pistilfirði	laugardaginn 11. sept.
Dalkstaðarétt á Svalbarðsströnd, S.-Þing	laugardaginn 11. sept.
Fjallalækjarselsrétt	✓ sunnudaginn 5. sept.
Fjallarétt í Kelduhverfi	laugardaginn 11. sept.
Fótarrétt í Bárðardal	mánudaginn 6. sept.
Garðsrétt í Pistilfirði	sunnudaginn 5. sept.
Gljúfurárrétt í Grýtubakkahr., S.-Þing.	sunnudaginn 12. sept., seinni réttir sun. 19. sept.
Gunnarsstaðarétt í Svalbarðshreppi í Pistilfirði	laugardaginn 11. sept.
Hallgrímsstaðarétt á Langanesi	✓ þriðjudaginn 7. sept.
Hlíðarrétt í Mývatnssveit, S.-Þing	✓ sunnudaginn 5. sept.
Hraunsrétt í Aðaldal, S.-Þing.	sunnudaginn 12. sept. kl. 10.00
Húsvíkurrétt	laugardaginn 11. sept.
Hvamsrétt í Svalbarðshreppi í Pistilfirði	föstudaginn 10. sept.
Katastaðarétt í Núpasveit, N.-Þing.	sunnudaginn 12. sept.
Landsrétt í Öxarfirði, N.-Þing.	sunnudaginn 19. sept.
Leirhafnarétt á Melrakkasléttu, N.-Þing	sunnudaginn 19. sept.
Lokastaðarétt í Fnjóskadal, S.-Þing.	sunnudaginn 12. sept. kl. 9.00
Mánárrétt á Tjörnesi	sunnudaginn 12. sept.
Miðfjarðamesrétt á Langanesi	✓ mánudaginn 6. sept.

Miðfjarðarétt	föstudaginn 17. sept.
Mýrarrétt í Bárðardal, S.-Þing.	✓ laugardaginn 4. sept. kl. 8.00
Ósrétt á Langanesi	✓ mánudaginn 6. sept.
Sandfellshagarétt í Öxarfirði, N.-Þing.	✓ miðvikudaginn 8. sept.
Skógarrétt í Reykjahverfi, S.-Þing.	laugardaginn 11. sept.
Stórsandhólarétt á Sandhólum - Tjörnesi	sunnudaginn 12. sept.
Svalbarðsrétt	sunnudaginn 5. sept.
Tjarnarleitisrétt í Kelduhverfi, N.-Þing.	sunnudaginn 12. sept.
Tungugerðsrétt á Tjörnesi	laugardaginn 11. sept.
Tungurétt í Öxarfirði, N.-Þing.	✓ sunnudaginn 5. sept.
Tunguselsrétt á Langanesi	✓ þriðjudaginn 7. sept.
Víkingavatnsrétt í Kelduhverfi, N.-Þing.	laugardaginn 11. sept.
Þorvaldsstaðarétt, Langanesbyggð	þriðjudaginn 14. sept.

Austurland

Melarétt í Fljótsdal, N.-Múl.	laugardaginn 18. sept.
Órmarstaðarétt í Fellum, Fljótsdalshéraði	Upplýsingar vantar.
Seyðisfjarðarétt við Náthaga	Upplýsingar vantar.
Teigsrétt, Vopnafirði	✓ sunnudaginn 5. sept.

Suðausturland

Borgarhafnarétt, Suðursveit, A.-Skaft.	✓ föstudaginn 3. sept. og lau. 4. sept.
Brunnavallarétt, smalað úr Eystra-Landi, Miðþorpi í Suðursveit	✓ laugardaginn 28. ágúst

Brunnavallarétt, smalað úr Staðardal, Miðþorpi í Suðursveit	✓ sunnudaginn 29. ágúst
Fossrétt á Síðu, V.-Skaft.	föstudaginn 10. sept.
Grafarétt í Skaftártungu, V.-Skaft.	laugardaginn 18. sept.
Kálfaellsdalsrétt, Miðþorpi, Suðursveit	✓ sunnudaginn 29. ágúst
Kálfaellsrétt, Miðþorpi, Suðursveit	✓ laugardaginn 28. ágúst
Skaftárrétt, V.-Skaft.	laugardaginn 11. sept. kl. 9.00

Suðurland

Austur-Landeyjaréttir hjá Grenstanga, Rang.	sunnudaginn 26. sept. kl. 14.00
Brúsastaðarétt í Þingvallasveit, Árn.	sunnudaginn 19. sept. kl. 17.00
Fjörborgarétt í Hólmsheiði	laugardaginn 18. sept. kl. 18.00
Fjallrétt við Þórólfsfell, Rang.	mánudaginn 13. sept.
Fljótshlíðaréttir í Fljótshlíð, Rang.	sunnudaginn 19. sept.
Haldréttir í Holtamannafrétti, Rang.	sunnudaginn 12. sept. kl. 9.00
Heiðarbæjaréttir í Þingvallasveit, Árn.	laugardaginn 18. sept. kl. 15.00
Hraðastaðarétt í Mosfellsdal	laugardaginn 18. sept. kl. 16.00
Hrunaréttir í Hrunamannahreppi, Árn.	föstudaginn 10. sept. kl. 10.00

Húsmúlarétt við Kolviðarhól, Árn.	laugardaginn 18. sept. kl. 14.00
Kjósarréttir í Kjós	sunnudaginn 19. sept. kl. 15.00, seinni réttir sun. 3. okt. kl. 15.00
Krýsuvíkurrétt v. Suðurstrandarveg	laugardaginn 25. sept. kl. 13.00
Landréttir við Áfangajil, Rang.	fimmtudaginn 23. sept. kl. 12.00
Laugarvatnsréttir, Árn.	sunnudaginn 12. sept. um kl. 15.00
Reyðarvatnsréttir á Rangárvöllum	laugardaginn 18. sept. kl. 11.00
Reykjaréttir á Skeiðum, Árn.	laugardaginn 11. sept. kl. 9.00
Grafingsréttir í Grafningi	mánudaginn 20. sept. kl. 10.00
Seljalandsréttir undir Eyjafjöllum, Rang.	laugardaginn 18. sept.
Selvangaréttir í Selvogi, Árn.	sunnudaginn 26. sept. kl. 9.00
Skafttholtsréttir í Gnúpverjahreppi, Árn.	föstudaginn 10. sept. kl. 11.00
Tungnaréttir í Biskupstungum	laugardaginn 11. sept. kl. 9.00
Vestur-Landeyjaréttir við Forsæti, Rang.	sunnudaginn 19. sept.
Þóristunguréttir, Holtamannafr., Rang	sunnudaginn 12. sept. kl. 9.00
Þórkötlustaðaréttir í Grindavík	sunnudaginn 19. sept. kl. 14.00, seinni réttir lau. 2. okt.
Ölfúsaréttir í Reykjadal, Ölfusi	sunnudaginn 19. sept. kl. 15.00

SMÖLUN & RÉTTIR



Stóðréttir haustið 2021

Stóðréttir verða með öðrum brag en fyrri ár vegna kórónuveirufaraldursins.

Vegna smitvarna og fjöldatakmarkana eru allir hvattir til að

kynna sér vinnulag á hverjum stað áður en haldið er til rétta.

Sjá upplýsingar um fjárréttir á bls. 32-33.

/TB

Auðkúlurétt við Svínavatn, A.-Hún.	laugardaginn 25. sept. kl. 16.00
Árhólarétt (Unadalsrétt) við Hofsó, Skag.	föstudaginn 24. sept.
Deildardalsrétt í Deildardal, Skag.	föstudaginn 24. sept.
Flókadalsrétt, Fljóttum, Skag.	Upplýsingar vantar.
Fossarrétt á Skaga, A.-Hún.	laugardaginn 18. sept.
Hlíðarrétt við Bólstaðarhlíð, A.-Hún.	sunnudaginn 19. sept. kl. 16.00
Kjalarlandsrétt, A.-Hún.	laugardaginn 18. sept.
Laufskálarétt í Hjaltadal, Skag.	laugardaginn 25. sept.
Melgerðismelarrétt í Eyjafjarðarsveit	laugardaginn 2. okt. kl. 13.00
Miðfjarðarrétt í Miðfirði, V. - Hún.	laugardaginn 4. sept. kl. 7.00
Selnesrétt á Skaga, Skag.	laugardaginn 18. sept.
Skarðarétt í Gönguskörðum, Skag.	laugardaginn 18. sept. kl. 14.00
Skrapatungurétt í A.-Hún.	sunnudaginn 19. sept. kl. 11.00
Staðarrétt í Skagafirði	laugardaginn 18. sept.
Tungurétt í Svarfaðardal, Eyf.	laugardaginn 2. okt. kl. 13.00
Unadalsrétt (Árhólarétt) við Hofsó, Skag.	föstudaginn 24. sept.
Undirfellsrétt í Vatnsdal, A.-Hún.	laugardaginn 25. sept. kl. 9.00
Víðidalstungurétt í Víðidal, V.-Hún.	laugardaginn 2. okt. kl. 11.00
pverárrétt í Eyjafjarðarsveit	laugardaginn 2. okt. kl. 10.00
pverárrétt í Vesturhópi, V.-Hún.	laugardaginn 25. sept. kl. 12.30

LÍF & STARF



Litaður lopi frá Katrínu Andrésdóttur á vegg í Þingborg.

Blásið til Ullarviku á Suðurlandi dagana 3. til 9. október:

Markmiðið er að fólk kynnist ullinni

– 30 ára afmæli Þingborgarhópsins fagnað samhliða vikunni

Ullarvika á Suðurlandi er viðburður sem verður nú haldinn í fyrsta sinn á Íslandi dagana 3. til 9. október næstkomandi.

Megintilfnið er 30 ára afmæli Þingborgarhópsins svonefnda og þeirrar starfsemi sem hann stendur fyrir, það er að segja verslun og ullarvinnsla.

„Markmiðið með vikunni er að fólk kynnist ullinni og möguleikum hennar og því sem er að gerast hér á Suðurlandi í vinnslu á ull, en hér eru rekin mörg mjög athyglisverð fyrirtæki sem vinna með ull,“ segir Margrét Jónsdóttir, bóndi á Syðra-Velli í Flóahreppi og ein af talsmönnum Ullarvinnunnar og Þingborgarhópsins. Auk Þingborgar standa Spunasystur í Rangárþingi, Uppsuni - smáspunaverksmiðja og áhugahópur um feldfé að Ullarvikunni.

Allar upplýsingar um Ullarvikuna eru á www.ullarvikan.is og svo á facebook. [com/ullarvikan](https://www.facebook.com/ullarvikan).

Námskeið og markaðsdagur

„Við höfum í samningu unnið að dagskrá Ullarvinnunnar og uppistaðan í vikunni eru námskeið af ýmsu tagi og opnar vinnustofur. Lokapunkturinn verður svo markaðsdagur síðasta daginn. Þann dag verður líka haldið „Ull í fat“, þar sem spunahópum verður boðið að taka þátt í skemmtilegri keppni.

Tilgangurinn er að vekja athygli á íslensku ullinni, gæðum hennar, notagildi og ekki síst að vekja athygli á ullinni sem umhverfisvænu hráefni, sem nýtur stöðugt meiri virðingar og fólk er stöðugt að átta sig betur og betur á mikilvægi þess að meðhöndla hana af vandvirkni og virðingu sem skilar sér í meiri verðmætum,“ segir Margrét.

Íslenska ullin öll unnin innanlands

Margrét segir að íslenska ullin hafi lítið kolefnisfótspor vegna flutninga.

„Já, svo sannarlega, hún er þvegin hér á landi og að fullu unnin hér, það eru ekki öll lönd sem búa svo vel að hafa ullarvottastöð, t.d. er megnið af norrænni ull þvegin á Bretlandseyjum.

Íslenska ullin er vel fallin til handverks, frábær í þrjón og hekl og þæfist einnig mjög vel. Góðar ullarflíkur þarf sjaldan að þvo, þær halda vel lögun sinni og slitna yfirleitt fallega.“

Hlý og endingargóð

Eins og flestir ef ekki allir vita þá er ull eitthvert besta hráefni sem til er í skjólfatnað, hún er hlý og endingargóð og þar sem efnasamsetning ullar er til helminga bundið kolefni, er hún fullkomlega lífþrjótanleg og því hægt að skila henni aftur til jarðarinnar. „Þelhárin í íslensku ullinni eru nokkuð frábrugðin sömu hárum á erlendu fé, en þau eru óreglulega liðuð sem gefur íslensku ullinni sérstöðu. Íslensku ullarhárin falla ekki þétt



Haldóra Óskarsdóttir raðar bandinu, sem hún litar.



Barnapeysur í Þingborg hannaðar af Dóru Óskarsdóttur.

Allt fyrir öryggið

dynjandi.is

Hjá Dynjanda finnur þú úrval af vinnu- og öryggisskóm, regn- og endurskinsfatnað og margt fleira fyrir þitt öryggi.

Skoðuðu vefverslunina okkar og finndu það sem þig vantar.

DYNJANDI
allt fyrir öryggið

Skeifunni 3h II Sími: 588 5080 II dynjandi.is



Einbandspeysur í Þingborg, sem hægt er að kaupa í versluninni.



Þingborgarkonur í New York 2019 þar sem hópurinn átti góða daga saman.



Katrín að kynna lítaðan lopann sinn á Uppsprettni í Árnesi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.



Margrét Jónsdóttir með kynningu á Þingborg og Ullarhópinum en hún er ein af talskonum Ullarvirkunnar í næsta mánuði á Suðurlandi.



Tvær hressar, Guðný Söring Sigurðardóttir (t.v.) og Hjördís Þorfinnsdóttir, í peysustússi í Þingborg.



Maja Siska er mikill spunameistari.

hvert að öðru, þannig að þráður eða band sem er úr íslensku ull verður fyrirferðarmeiri og léttari en þráður úr jafnmörgum hárum úr t.d. merinó-ull," segir Margrét aðspurð um gæði ullarinnar.

Það kemur einnig fram hjá henni að nú sé mikil eftirspurn eftir íslenskum lopa og bandi og því trúir hún að með aukinni umhverfisvitund verði hrein ull sjálfsagður valkostur í fatnað, húsbúnað, byggingar og fleira.

Kynntust fyrst 1990

Margrét er næst spurð út í Þingborgarhópinum, hvers konar hópur það sé? „Þingborgarhópurinn er allveg einstakur. Við kynntumst fyrst á þeim ullarnámskeiðum sem haldin voru í Gömlu Þingborg, það fyrsta haustið 1990.

Það hefur auðvitað kvarnast úr hópnunum eins og gengur, en það hafa líka nýjar konur komið inn í hópinum. Eftir allan þennan tíma þekkjum við hver aðra mjög vel og hópurinn er því mjög þéttur. Við hrósum hver annarri þegar tilefni er og hvetjum áfram til góðra verka og ekki síst er hópurinn einkar traustur þegar eitthvað bjátar á í okkar lífi, þá er stuðningurinn vís," segir Margrét.

Covid frestaði um ár

Talandi um Þingborgarhópinum þá segir Margrét að hópurinn hittist alltaf á fimmtudögum og hlátra-sköllin heyrast út á hlað, svo mikið fjör og gleði fylgi hópnunum.

„Já, fimmtudagar eru notaðir þegar við sýnum eitthvað nýtt sem



Jurtalitað band frá Dóru Óskarsdóttur í Þingborg.

við erum að gera eða setjum fram hugmyndir, þá er vöngum velt og gagnrýnt ef við á og ekki síst hvatt áfram með verkefni sem sýnast vera til þess fallin að virka.

Það er aldrei leiðinlegt eða lognmolla þar sem Þingborgarkonur koma saman. Ullarvikan átti að fara fram haustið 2020 en vegna Covid-pestarinnar varð að fresta henni um eitt ár. Það hefur aðeins fækkað þeim viðburðum sem áttu að vera, t.d. verður ekki litasýning sauðfjár og ekki heldur sauðfjárdómar.

En þó hún verði lágstemmdari en til stóð, verður hún vonandi skemmtileg og fræðandi," segir Margrét. Myndirnar, sem fylgja hér með eru úr söfnum Þingborgarkvænna. /MHH

PRONAR

Fjölplógar


í stærðum frá 1.35m til 4.0m



AFLVÉLAR

Plógur á mynd:
3.3m með 3p festingu og stjórnborði
Verð **1.290.000** kr. án/vsk

Sími 480 0000 | sala@afvelar.is | afvelar.is



Þéttling skýja vegna reykmenngunar getur valdið kjöraðstæðum skógarelda. Mynd /Unsplash.

Skógareldar:

Minnkun úrkomu á heimsvísu vegna reykmenngunar

Komið hefur í ljós að skógareldar eiga stóran þátt í minnkun úrkomu, samkvæmt rannsókn sem var nýlega birt í tímaritinu *Geophysical Research Letters*.

Vegna breytinga á veðurskilyrðum víða um heim er þurrkur sífellt algengari og víða kjöraðstæður til útbreiðslu skógarelda. Alheimshækkun hitastigs auk meiri tíðni og styrks þurrka veldur því einnig að eldurinn berst að grænni svæðum sem hann hefði ekki getað komist að áður vegna raka og skugga.

Við reykmenngun eldanna þyrst upp agnir til viðbótar við almenna uppgufun og sú samsetning veldur því að þegar „regn“ský myndast í kjölfarið þá eru þau mun þéttari en eðlilegt er, auk þess sem örmáir vatnsdropar myndast innan slíkra

skýja. Droparnir eru smærri en ella, sjaldnast nægilega þungir til þess að falla til jarðar og mynda þannig hringrás sem sýnir fram á að reykur skógareldanna stöðvar ferli regnmyndunar sem gæti komið í veg fyrir eða slökkt elda á byrjunarstigi. Þannig eykur reykurinn þurrkana og viðheldur eigin tilveru.

Þó þetta liti ástandið um allan heim, er rétt að taka fram að í sumum tilfellum gerir reykur hið gagnstæða og magnar úrkomu.

Á svæðum regngskóga Amazon standa málin þannig að þó reykmenngun plagi skýin, sem titluð eru lágský, veldur hún óveðursstormi í skýjum sem staðsett eru hærra í andrúmsloftinu og þá frekari náttúruhræringum en ella. /SP



Haltu þig í burtu! Múrinn á landamærum Grikklands stendur í vegi fyrir afgönskum flóttamönnum. Mynd /Samsell.

Grikkland:

Þrýstingur á landamærin

Grikkir hafa nýverið lokið við að byggja 40 km múr meðfram landamærum sínum að Tyrklandi þó aðrir þjóðir Evrópu hafi lýst áhyggjum sínum vegna áhrifa sem það hefur á straum flóttamanna og hælisleitenda frá Afganistan.

Ráðherrar grískra stjórnvalda voru þó ekki á sama máli og bentu á að vegna átakanna í Afganistan þyrfti einmitt að hemja fólkstjórnann sem vildi komast yfir landamærin. Hörd afstaða þeirra kemur til vegna þess að árið 2010 var landið miðpunktur flóttamannavandans í Evrópu en þangað streymdu milljónum manna frá Sírylandi, Afganistan og Írak. Grikkland, í kjölfarið, hefur til þessa hafnað beiðnum Tyrkja og alþjóðastofnana um að hleypa fólki inn í landið.

Þúsundir Afgana hafa reynt að yfirgefa landið undanfarið í kjölfar valdatöku talibana og hefur fjöldi

örvæntingarfullra heimamanna safnast saman á flugvellingum í Kabúl í leit að leið út, hvort sem er með herflugvélum eða öðrum.

Þeir sem ekki komast af landi brott horfast í augu við afturhvarf kúgandi stjórnar sem síðast var við völd á árunum 1996-2001. Undir henni eiga minnihlutahópar ekki tilverurétt, konur mega ekki sjást á götum úti auk þess sem dauðarefsing er í gildi fyrir framhjáhöld kvenna og samkynhneigð almennt.

Þrátt fyrir viðræður halda stjórnvöld Grikklands fast við sinn keip og meina flóttamönnum inngöngu í landið. „Ákvörðun okkar varðandi landamærin mun standa,“ sagði Michalis Chrisochoidis, einn ráðherranna er sjá um innanríkis- og varnarmál. Við munum ekki leyfa stjórnleysi að hafa áhrif þar á og við munum ekki taka gildar neinar tilraunir til að brjóta gegn þeirri ákvörðun.“ /SP



Sérkennilegt er að horfa yfir þennan eyðilega ævintýradal. Mynd /Getty.

Mudurnudalur í Tyrklandi:

Draugabærinn Burj Al Babes

Einn sögufrægasti og fegursti hluti Norðvestur-Tyrklands, er þakinn þéttum furuskógum og jarðvarma.

Þar stendur borgin Burj Al Babes í Mudurnudal. Við fyrstu sýn virðist þetta ævintýralegur staður en þegar betur er að gáð má sjá hálfbyggð hús í gotneskum kastalastíl standa í röðum við ókláraða vegi, þakta rusli sem fylgir byggingaframkvæmdum.

Ekki er sálu að sjá né heyra og mætti halda að þarna væri um leikmynd að ræða, ef Disney stæði fyrir framleiðslu hryllingsmynda. En það er því miður ekki svo.

Fjórðfestar sem stóðu að framkvæmdunum höfðu sterka og metnaðarfulla sýn á hugmyndina – byggja skyldi samstæðar lúxusvillur ætlaðar auðmönnum. Áform voru um að

byggja verslanamiðstöð, tyrknesk böð, kvikmyndahús og íþróttamannvirki svo eitthvað sé nefnt enda náði hugsjón hönnuðanna nánast til skýjanna.

Verkefnið vakti strax mikla andstöðu íbúa í Mudurnudalnum sem litu á framkvæmdirnar sem vanvirðingu við núverandi menningararfleifð svæðisins. Ekki væri litið til menningaráræstra þegar kæmi til sögu Mudurnudalsins, en tillit einungis tekið til auðugra viðskiptavina.

Þrátt fyrir andstöðu íbúanna hófust verktakarnir, Sarot Property Group, handa árið 2014. Lagðir voru tuttugu milljarðar í byggingu tæplega 600 húsa af áætluðum rúmlega 700 og gekk verkefnið framar vonum. Vegna samdráttar

lentu Sarot Property Group í efnahagsferðileikum árið 2018, lýstu sig gjaldþrota og eftir stóðu hundruð einbýlishúsa í kastalastíl, yfirgefin í miðjum framkvæmdum. Tveimur árum síðar höfðu verktakarnir unnið úr gjaldþrotinu og voru bjartsýnir á að finna kaupendur að nægilega mörgum húsum til að hægt væri að fjármagna frekari aðgerðir.

Eins og staðan er í dag er verkefnið í eigu fyrirtækisins NOVA Group Holdings en enn er spurning hvort lífi verði blásið í borgina. Vangaveltur eru um hvort eftir standi dýrðlegur draugabær sem laði að ferðamenn af þeirri ástæðu einni, eða hvort núverandi eigendur umbylti verkefninu með nýrri sýn á hönnun og framtíð Burj Al Babes. /SP

Vínframleiðsla Frakklands:

Bandarískur vínberjastofn vekur mikla ólgu yfirvalda

Franska ríkisstjórnin hefur í tæp 90 ár unnið að útrýmingu a.m.k. sex bandarískra vínviðartegunda úr frönskum jarðvegi. Haldið er fram slæmum áhrifum á bæði líkamlega og andlega heilsu manna, auk þess að úr þeim sé einungis hægt að framleiða ódrekkandi vín.

Vínviður þessi sem er blendingur („afkvæmi“ tveggja mismunandi vínberjategunda) er þó harðgerðari en ella og hefur staðið af sér bæði sjúkdóma og kuldaköst sem herjað hafa á vínberjaakra Frakklands síðastliðin ár.

Í Suður-Frakklandi má til dæmis finna slíkan akur sem látinn hefur verið í friði og blómstrað af afli í gegnum tíðina, þó blendingstegundin sem slík hafi verið bönnuð af frönskum yfirvöldum síðan 1934. Og það sem meira er, hann er ræktarlegur og finn þó ekki hafi hann verið údaður eiturefnum sem franskir vínbændur eru gjarnir á að nota á akra sína. Áhugavert er að vínekrur Frakka þekja yfir 4% af landsvæði landsins og nota 15% eiturefna sér til varnar.

Til er hópur sem kallar sig Forgotten Fruits og berst fyrir lögleiðingu bandarísku þrúgnanna. Þeir



Forgotten Fruits, eða Fruits Oubliés, er hópur sem berst fyrir lögleiðingu bandarísku þrúgnanna.

benda réttilega á að þessir óvinsælu vínviðir tryggja ríkulega uppskeru, án áburðar eða sérstakrar meðferðar, og því tilvaldir til vinnslu lífræna vintegunda. Hefur barátta Forgotten Fruits vakið mikla athygli og standa

nú yfir viðræður við frönsk stjórnvöld með það fyrir augum að lögleiða blendingsvínviðinn svo hægt sé að tryggja góða afkomu og miða að lífrænni og bragðgóðri framleiðslu. /SP

LESENDARÝNI

Bætt landnýting – mikilvægasta tækifærið í loftslagsmálum?

Landnýting og sjálfbær landbúnaður er mikilvægasta loftslagsmálid á Íslandi. Á heimsvísu er losun gróðurhúsalofttegunda frá landi um fjórðungur af heildarlosun, en hér á landi er hlutfall losunar ríflega 60%.

Það er eðlilegt, enda erum við fá og búum í stóru landi á norðlægum slóðum. Í þessu samhengi er gott að hafa í huga að losun frá landi er um 9-10 milljónir tonna, á meðan losun frá vegasamgöngum er tæp milljón tonna af CO₂.

Vegna þessa þurfum við markvissa Framsókn í grænni fjárfestingu ríkisins í landbúnaði og bættri landnýtingu. Með því að auka stuðning við sjálfbæra landnýtingu, auka skógrækt og vinna að strategískum landbótaverkefnum leggur Ísland ekki eingöngu mikið til baráttunnar gegn loftslagsvánni heldur styður jafnframt við tækifæri og framfarir um land allt. Afleiddu áhrifin eru m.a. þessi:

- Aukin fæðuframléiðsla og minni þörf fyrir innflutt aðföng, í kjölfar stóratáks í uppbyggingu skjólbelta víða um land. Slík uppbygging skjólbelta hefur í för með sér aukna möguleika til kornræktar. Í dag flytjum við inn ríflega 100 þúsund tonn á ári af korni, til notkunar í landbúnaði. Stefna ætti að því að draga úr þessum innflutningi um 10-15% á ári, samhliða aukinni áherslu á innlenda kornrækt.
- Græn störf skapast um allt land og fjölbreytt tækifæri fyrir bændur og umsjónarmenn lands, enda liggja mikil væðmæti í kolefnisbindingunni sem fyrirsjáanlega munu aukast næstu ár og áratugi. Slíkt getur stutt við að snúa þeirri ósjálfbæru byggðapróun sem hefur átt sér stað síðustu áratugi. Í dag búa um 86% landsmanna á suðvestur-horni landsins. Slíkt hefur haft í för með sér lóðaskort á höfuðborgarsvæðinu, aukna þörf fyrir risafjárfestingar í umferðarmannvirkjum (sem kalla á aukna losun CO₂) og minni kraft til uppbyggingar í dreifðum byggðum.
- Með áherslu á nýsköpun um allt land, samhliða strategískum landbótaverkefnum, byggist upp mannauður á sviði sjálfbærrar landnýtingar, rannsóknastarfsemi og grænna lausna. Ný skýrsla OECD (https://read.oecd-ilibrary.org/economics/oecd-economic-surveys-iceland-2021_c4edf686-en?ga=2.144527228.834598284.1630318730-1831108037.1630318729#page91) bendir á



Þórarinn Ingi Pétursson.



Helgi Héðinsson.

nákvæmlega þessi atriði sem mikilvægustu skrefin fyrir Ísland, í samhengi loftslagsmála.

Áhersla á landnýtingu

Geta lands til kolefnisbindingar er afar mikil. Asparskógur getur bundið í kringum 20 tonn af CO₂ per hektara. Uppbygging birkiskóga og landgræðsla skilar ekki jafn miklu á hvern hektara, en þó mjög miklu þegar lagt er saman og í samanburði við aðrar lausnir, sem kosta mun meiri fjárfestingu og hafa fyrst og fremst staðbundin áhrif á þéttbýlustu svæðunum. Með þessu er ekki verið að gera lítið úr orkuskiptum, t.d. bílaflotans, heldur fyrst og fremst bent á mikilvægi þess að fjárfesta í loftslagslausnum sem skila miklu fyrir Ísland og umheiminn allan.

Það eru fjölmargar leiðir færar til fjármögnunar grænnar umbyltingar í landnýtingu. Efla þarf græn hvatakerfi og styrki til verkefna á þessu sviði. OECD bendir á mikilvægi kolefnisskatta, sem taka mætti undir, svo lengi sem horft verði til þess að slík skattlagning dragi ekki úr möguleikum til uppbyggingar í dreifðum byggðum landsins. Í því samhengi væri eðlilegt að þær tekjur sem koma frá kolefnissköttum renni til fjárfestingar í landbótum og nýsköpun í landnýtingu. Þannig ýtum við undir sjálfbærar grænar fjárfestingar, Íslandi og umheiminum öllum til framdráttar – í nútíð og framtíð!

Helgi Héðinsson og Þórarinn Ingi Pétursson, frambjóðendur Framsóknarflokksins í Norð-austurkjördæmi.

Röggi ehf.

Járnsmiðavélar, þórar, sverðsagarblöð, stingsagarblöð, demantsblöð

Þjónusta við iðnaðinn



Smiðshöfða 12 · 110 Reykjavík · sími 586 8000 · verslun@roggi.is · www.roggi.is



Styrkir til rannsókn- og þróunarverkefna búgreina

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið auglýsir eftir umsóknum um styrki til rannsókn- og þróunarverkefna í garðyrkju, samkvæmt VIII. kafla reglugerðar nr. 1273/2020 um stuðning við garðyrkju, þróunarverkefna í sauðfjár- og nautgriparækt, samkvæmt VIII. kafla reglugerðar nr. 430/2021 um almennan stuðning í landbúnaði.

Fjármunum til þróunarverkefna er ætlað að styðja við kennslu, rannsóknir, leiðbeiningar og þróun í greinunum svo sem ráðgjafar-, kynningar-, rannsókn- eða tilraunaverkefni sem og, vöruþróunar- og endurmenntunarverkefni. Fagråd hverrar búgreinar veitir umsögn um allar umsóknir sem berast í þróunarsjóð hennar.

Umsókn skal skila rafrænt á mínum síðum (eyðublaðavef) Stjórnarráðsins. **Sérstök umsókn** er fyrir hverja búgrein þ.e. garðyrkju, nautgriparækt og sauðfjárrækt og umsækjendur eru beðnir að gæta að því.

Umsóknarfrestur er til og með 1. október 2021.

Nánari upplýsingar veitir starfsfólk skrifstofu landbúnaðarmála í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu. Senda má fyrirspurnir á tölvupóstfang anr@anr.is

Stjórnarráð Íslands
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Í Gæsaveiðina

Benelli SAVAGE ARMS Bettinsoli FRANCHI



Benelli Super Nova camo
Kr. 137.900



Savage Stevens 320 Field pumpa
Kr. 64.900



Savage Renegauge Waterfowl
Tilboð Kr. 189.900



Baikal U 27 Sporting
3 tommu „útkast, skiptani þrengingar.
Kr. 99.900



Bettinsoli Xtrail S Tvihleypa 12 GA
Kr. 179.900

Vesturröst

Sérverslun veiðimanna - Laugaveg 178 - sími: 551 6770 - www.vesturroest.is

Bændablaðið

Smáauglýsingar

– 56-30-300 –

Hafa áhrif um land allt!

LESENDARÝNI

Þegar heimasveitir urðu afréttur

„Í stjórn málmum gerist ekkert fyrir tilviljun. Það sem gerist getur þú verið viss um að var með ráðum gert.“ (Franklin D. Roosevelt)

Breyta stjórnarskránni

Þótt þingmenn vinni drengskaparheit að stjórnarskrá lýðveldisins er þeim að sjálfstöðu frjálst að vinna að breytingum á grundvallarlögum þjóðarinnar, ef sannfæring þeirra stendur til þess. T.a.m. ef metnaðarfullur landbúnaðarráðherra Framsóknarflokksins vildi árið 2002 gefa sauðkindinni umgangs- og beitarrétt í annarra manna heimalöndum, hefði honum verið frjálst að vinna að breytingum á stjórnarskránni í þá veru að beitarréttur kinda gengi framarrétti landsmanna. Hann hefði getað lagt til að 72. gr. stjórnarskrárinnar skyldi breytt þannig:

Kindur í lausagöngu eiga umgangs- og beitarrétt í öllum löndum utan þéttbýla. Að öðru leyti er eignarrétturinn friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningssþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.

Líklega hefur ráðherra fundið sig í þröngri stöðu við að sannfæra þingheim um að setja kindurnar hans í stjórnarskrána.



Kristín Magnúsdóttir.

Skiljanleg lagagrein

Þá hefði mátt reyna að sannfæra þingheim um að kindur fengju beitarrétt í svokölluðum „ófríðlystum“ löndum, og fylgja því eftir með tillögu í skiljanlegri lagagrein:

Kindur í lausagöngu eiga umgangs- og beitarrétt í öllum löndum sem ekki eru sérstaklega fríðlyst. Fríðlyst land skal vera girt dýrheldri girðingum sem skal árlega vottuð af búnaðarsambandi, fríðlyst af umráðamanni, tilkynnt sveitarstjórn og auglýst í Stjórnartíðindum.

Trúlegt er að ráðherra hafi talið að slík grein fengi slæmar undirtektir hjá þingheimi. Umráða- og eignarréttur allra landeigenda væri varinn af 72. gr. stjórnarskrárinnar og hjákátlegt að skylda landeigendur í þrautagöngu við að fríðlýsa lönd sín til þess eins að fá að ráða þeim áfram. Þá væri viðbúið að flestir þingmenn teldu löggjafann ekki geta hirt bótaust umráðaréttinn af þeim sem gætu ekki, eða vildu ekki, fríðlýsa löndin sín. Ráðherra kann að hafa metið stöðuna þannig að fá atkvæði fengjust utan eigin flokks.

Lagalauma

Ástæðulaust var þó að gefast upp í því gríðarlega mikilvæga verkefni ráðherrans að útvega kindaeigendum lögmæta beit fyrir skepnurnar sínar í löndum nágretta sinna. Líklega var einhverjum innviðum falið að semja laumu um upptöku á eignarrétti þeirra. Hún þyrfti að hljóma eins og verið væri að gefa þeim einhverja heimild þó í raun væri verið að svipta þá umráðarétti á löndum sínum. Laumuni var komið fyrir í frumvarpi um búfjárhald og hljómaði svona:

Umráðamanni lands er heimilt að ákveða að tiltekið og afmarkað landsvæði sé fríðað svæði og er þá umgangur og beit búfjár þar bönnuð.

Eini tilgangur laumunnar er ósögð gagnályktun, þ.e. að þar sem umgangur og beit kinda væri nú bönnuð í „fríðlystum“ löndum væri hún þar með leyfð í „ófríðlystum“ löndum! Að það hafi verið tilgangur og afleiðing laumunnar má lesa um í nýfengnu áliti sveitarstjórnarráðuneytisins. Aðrar setningar laumunnar til taka svo þrautirnar sem landeigendur skulu leysa, og borga, til að fá land sitt fríðlyst (enn hefur ekkert land verið fríðlyst).

Laumast með laumuna

Það misfórst hjá ráðherra um að nefna laumuna einu orði í annars ítarlegri kynningu sinni á frumvarpinu um búfjárhald fyrir þingheimi. Gagnályktunin um eignaupptökuna sem verið var að lögleiða, rataði hvergi í tal eða texta. Ekki frekar en hún væri ekki til.

Þá gleymdist alveg að upplýsa þingheim um að lauman gengi þvert á allan 4. kafla „Ólafslaganna“ nr. 6/1986 um afréttamál, sem efnislega hafði verið í gildi frá þjóðveldisöld. Kaflinn veitir öllum landeigendum margvísleg úrræði við ágangsfé ásamt því að gera kindeigendur ábyrga fyrir tjóni af völdum skepnanna þeirra. Þessi ákvæði sem gilt höfðu svipað lengi og byggðin í landinu þurfti nauðsynlega að vængstyfa, en ástæðulaust að upplýsa þingheim um slíkt smáatriði.

Þegar svo landbúnaðarnefnd þingsins missti af laumunni var slagurinn unninn. **Kynninga-, skýringa- og umræðulaust gerði elsta starfandi löggjafarsamkoma veraldar enn eldri umráðarétt landeigenda upp-tækan og breytti heimasveitum landsins í einn risastóran beitararétt fyrir rollur! Það var þó nokkuð dagsverk hjá löggjafanum – þó óvitandi væri.**

Kúabú afréttir kindabúa

Þann 1. maí 2002 urðu nýttatún kúabóndans að lögmætum beitararétti nágretta sinna sem á kindur. **Og þegar túnþjófarnir mæta snemmsumars á nýttatún kúabóndans skulu þeir látnir óaréttir sumarlangt eða allt þar til kúabóndanum er gert að smala lönd sín fyrir kindaréttir.** Sama gildir fyrir landeigendur sem stunda kornrækt, nautaeldi, garðyrkju, skógrækt, ferðapjónustu eða hvað annað. Árið 2002 fékk kindaeigandinn í sveitinni beitarítak hjá þeim öllum!

Löngu eftir að Alþingi eða dómstólar fella lagalaumuna úr landslögum verður hún áfram órækur vitnisburður um hvað grjótharðir sérhagsmunir leyfa sér – þegar af þeim er litið.

Kristín Magnúsdóttir, löfvræðingur og landeigandi.

Hið skítuga leyndarmál vindorkuiðnaðarins

Árið 2014 gaf Alþjóðlega orkustofnunin (IEA) út skýrslu er sagði að 0,46% af orkupörf heimsins væri framleidd með vindorku. Árið 2018 var vindorka samkvæmt IRENA (International Renewable Energy Agency), 16% allrar loftslagsvænnar endurnýjanlegrar orku í heiminum.

Samkvæmt tölum IEA hefur útblástur koldíoxíðs (CO₂) per höfðatölu í Evrópu minnkað um 29% frá árinu 1990, samhliða aukningu orkuneyslu um 27%. Í Asíu hinsvegar hefur útblástur CO₂ aukist um 134%, einkum vegna kolakynnta orkuvera og orkuneyslan aukist um 418%.

Á hverju ári er talið að orkupörf heimsins aukist um 2%. Gefum okkur að „grænu“ vindmyllur heimsins eigi að fódra þessa árlegu aukningu. Dæmigerður þéttleiki vindmylla í vindorkugarði er talinn vera um 20-35 hektarar per megawatt. Því yrði að reisa fleiri hundruð þúsund vindmyllur ár hvert, sem myndi spanna landsvæði á stærð við Bretlandseyjar og um helmingi af núverandi árs kolaframleiðslu Evrópusambandsins þyrfti til að byggja þær. Og munið að þetta er eingöngu til að fódra 2% árlegu orkuaukninguna, ekki til að taka yfir jarðefnaeldsneyti sem nú er notað til að fullnægja um 80% af orkupörf heimsins.

„Helvíti á jörðu“

Eru vindmyllur í raun umhverfisvænar? Í segla hverfla (túrbína) vindmylla er notaður léttmálmurinn Neodymium sem framleiddur er að mestu í Kína, sem framleiðir um 90% allra fágætustu steinefna jarðar (rare earth metals). Tveir þriðjar þeirra koma frá iðnaðarborginni Baotou í Innri-Mongólíu.

Samkvæmt MIT er áætlað að í hverri 2 MW vindmyllu séu rúmlega 360 kg af Neodymium. Við vinnslu þess losnar geislavirkur úrgangur sem er meðal 7.000.000



Ágústa Ágústsdóttir.

tonna eiturefnaúrgangs á ári hverju, sem dælt er út í manngert, risastórt og sístækkandi „stöðuvatn“ sem er lítið annað en svört leðja. Eiturefni og þungmálmur hafa smitast yfir í grunnvatnið þannig að hvorki menn, skepnur né plöntur þrífast þar, en Baotou gengur undir nafninu „helvíti á jörðu“.

Samkvæmt IAGS er áætlað að fyrir hvert tonn af unnum fágætum málmum er framleitt um eitt tonn af geislavirkum úrgangi.

Með hávæveri kröfum svokallaðra umhverfisverndarsinna um fleiri vindorkugarða hefur eftirspurnin eftir Neodymium rokið upp. Svo meðan mótmælt er hástöfum notkun á kjarnorku, olíu og kolum vegna þeirra neikvæðu áhrifa sem þau hafa á umhverfið, kjósa menn að horfa í hina áttina gagnvart þeim gríðarlegu og margfalt meiri umhverfisskemmdum sem framleiðsla vindmylla er.

Óstöðugar og tug milljónir tonna af úrgangi safnast upp

Vindmyllur eru yfirleitt hannaðar til að endast minnst 20 ár í erfiðu umhverfi eins og raka, hita, kulda, sandstormum og salti en þegar betur er skoðað er meðallífstíminn um 13-14 ár. Uppfæra þarf skrifuna og blöðin á 10 ára fresti. Það veldur



Eru vindmyllur grænar og hagkvæmur orkukostur?

uppsöfnun þeirra sem oftast enda sem landfyllingarefni eða eru send til landa eins og Afríku. Þrátt fyrir að unnið sé að þróun „grænstáls“ og endurvinnslu á spöðum þurfum við þó að horfast í augu við að fyrir árið 2050 munu safnast upp tug milljónir tonna af gömlum vindmylluspöðum.

Tveggja megawatta vindmylla er um 250 tonn að heildarþyngd (71-79% stál, 11-16% trefjagler, plast eða trjákoða, 5-7% járn eða steypujárn, 1% kopar og 0-2% ál). Til að búa til 1 tonn af stáli þarf u.þ.b. ½ tonn af kolum. 25 tonn í viðbót af kolum þarf til að framleiða sementið í undirstöðurnar. Þetta eru um 150 tonn af kolum per vindmyllu.

Spaðar vindmyllur eru framleiddar úr trefjagleri sem nánast útilokað er að endurvinnna og yfir líftíma þeirra dreifist ógrynni af örplasta og trefjum út í umhverfið.

Vindmyllur eru óstöðug orkuvinnsla og geta eingöngu fangað tæplega 60% vindorkunnar. Þá á eftir að reikna þá orku sem tapast vegna loftflæðis og þeirrar ókyrðar sem túrbínan sjálf myndar, sem getur dregið framleiðsluna niður í 30-40%, þegar blæs. Annars stoppar hún!

Gylliboð erlendra auðhringja

Okkur Íslendingum er annst ómengi náttúru okkar og fuglalíf sem dregur til landsins milljónir



Já horfum okkur nær: „Það er hinn sári sannleikur að umhverfisvernd hefur lítið að gera með að bjarga umhverfinu því menn eru allt of viljugir að fórna umhverfinu fyrir hugmyndafræði sína.“ (Damien Murphy)

ferðamanna árlega, auk þess sem við sjálf viljum njóta þessara gæða. Því er mikilvægt að standa í lappinnar gagnvart gylliboðum erlendra auðhringja til sveitastjórna víða um land, varðandi leyfi til að setja upp svo kallaða vidmyllugarða með tugi sjónmengandi vindmylla, með fólkskum loforðum um bætt lífsskjör og atvinnuuppbyggingu. Auk þessa stafar fuglalífi okkar veruleg hætta af þessu eins og verulegur dauði arna í Noregi hefur leitt í ljós.

Ísland er einhver ríkasta þjóð heims af umhverfisvænni og endurnýjanlegri orku sem aðrar þjóðir öfunda okkur af. Við seljum þekkingu á þessu sviði til annarra landa þeim til aðstoðar við uppbyggingu loftslagsvænnar orkuframleiðslu. Því er það merkileg staðreynd að vinstri öfl landsins eru á góðri leið

með að fríða stóran hluta okkar grænu orku svo við getum ekki nýtt okkur hana. En nýting þeirrar orku með tilheyrandi umhverfisvænum iðnaði væri okkar stærsta raunverulega framlag til að bæta loftslag heimsins.

Núna herja stórfyrirtæki eins og Qair Group á Ísland til þess að græða á loftlagsstefnu vinstri aflanna, sem þjóna hagsmunum okkar Íslendinga á engan hátt. Í þessu ljósi þykir mér fyrirsögn greinar Tryggva Þórs Herbertssonar, framkvæmdastjóra Qair Iceland, „Vindur á Íslandi leysir kola-brennslu í Evrópu af hólmi“, umhugsunarverð en óskynsamleg og óraunhæf, en sýnir þó að taka þarf þessum hugmyndum um mengandi vindmyllur alvarlega því erlendir aðilar með íslenskum leppum eru farnir að sýna þessu áhuga víða um land með tilheyrandi þrýstingi og fagurgala. Ekki verður þörf fyrir þessa dýru vindorku innanlands svo þessir aðilar munu leita allra leiða til að flytja orkuna úr landi með sæstrengjum fjármögnuðum af öðrum aðilum.

Leggja ber heldur áherslu á að ljúka þróun á djúpbörunarverkefnum til umhverfisvænnar orkuvinnslu sem hefur litla sem enga sjónmengun í för með sér í náttúrunni.

Því var áhugavert að heyrja Bjarna Benediktsson, formann sjálfstæðismanna, lýsa því yfir í leiðtogaumræðum á RUV þann 31. ágúst síðastliðinn að vindorka sé eitthvað sem þurfi alvarlega að skoða hér á landi í tengslum við græna orkugjafa.

Miðað við þróun loftlagsmála- og náttúruverndarhugmynda hér á landi um nokkurt skeið óttast ég framtíðina á meðan haldið verður áfram að kasta skynseminni á dyr fyrir hugmyndafræðina eina.

Ágústa Ágústsdóttir, Höfundur skipar 4. sæti á lista Miðflokksins í Nordausturkjördæmi.

LESENDARÝNI

Sýklalyfjaónæmi – Vaxandi ógn í heiminum

Sýklalyfjaónæmi hefur aukist mjög hratt á síðastliðnum árum.

Það er mat vísindamanna að sýklalyfjaónæmi sé gríðarleg ógn við lýðheilsu í heiminum. Það kallast sýklalyfjaónæmi þegar bakteríur verða ónæmar fyrir þeim sýklalyfjum sem virkuðu gegn þeim áður. Þær bakteríur finnast svo í afurðum sem mannfólkið neytir, en inntaka þeirra getur leitt til mismunandi og misalvarlegra veikinda. Talið er að rúmlega 750 þúsund manns láti lífið árlega af völdum sýklalyfjaónæmis, og spár vísindamanna sýna að um 10 milljónir manna muni láta lífið af völdum sýklalyfjaónæmra baktería árið 2050, ef ekkert verður að gert.

Sýklalyfjaónæmi stafar aðallega af ofnotkun eða rangri notkun sýklalyfja í landbúnaði og fiskeldi. Slík notkun sýklalyfja tókast í verulegum mæli erlendis, þá sérstaklega í svokölluðum „verksmiðjubúum“, til að auka vöxt, fyrirbyggja sýkingar, til þess að geta haft meiri þéttleika á eldisgripum og til lækningar á veikum dýrum. Augljós skammtímahagnaður felst í því að nota sýklalyf í miklum mæli sem aftur hefur mikil áhrif á þróun og útbreiðslu sýklalyfjaónæmis í dýrum jafnt sem mönnum.

Gæðin á Íslandi

Við Íslendingar erum heppin, sýklalyfjaónæmar bakteríur hafa ekki náð að hasla sér völl hér á landi sem heitið getur. Íslenskur landbúnaður hefur mikið forskot í þessum efnum þar sem lyfja- og varnarefnanotkun í samburði við flest önnur ríki heims er takmörkuð. Af þessu getum við verið stolt. Íslenskar landbúnaðarafurðir eru ekki einungis fyrsta flokks, heldur búa þær einnig yfir ákveðnu öryggi þegar kemur að sýklalyfjaónæmum bakteríum. Þrátt fyrir þetta er íslenskur landbúnaður ekki óhultur. Núverandi ástandi þarf að viðhalda, og það er einungis gert með ströngum ráðstöfunum. Því miður hafa sumir látið upplýsingar um sýklalyfjaónæmi eins og vind um eyru þjóta og vilja helst óheftan innflutning á erlendum landbúnaðarafurðum þrátt fyrir varnarorð erlendra sem innlendra sérfræðinga.

Framsókn vill verja landbúnað og lýðheilsu

Framsókn leggur mikla áherslu á að viðhalda áframhaldandi stöðu Íslands í fremstu röð í vörnum gegn sýklalyfjaónæmi. Að koma í veg fyrir útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería á Íslandi er mikilvægt heil-



Jóhann Friðrik Friðriksson.

brigðismál. Framsókn hefur ávallt talað fyrir mikilvægi þess að standa vörð um fæðu- og matvælaöryggi á Íslandi. Það verður einungis gert með dyggum stuðningi við íslenska matvælaframleiðslu. Liður í þeim stuðningi er einmitt strangar ráðstafanir sem koma í veg fyrir að sýklalyfjaónæmar bakteríur nái fótfestu hér á landi. Við þurfum að bregðast við með fyrirbyggjandi aðgerðum.

Karl G. Kristinsson, yfir-læknir á sýkla- og veirufræðideild Landspítalans og prófessor í sýklafræði, hefur bent á möguleg áhrif sýklalyfjaónæmis við meðhöndlun sjúklinga vegna Covid erlendis þar sem ónæmið dregur úr getu lækna til þess að meðhöndla sýkingar í kjölfar veikinda. Nú þegar er vitað að sýklalyfjaónæmar bakteríur hafa fundist í íslensku kjöti auk þess sem fjölonæmar bakteríur hafa fundist í innfluttum matvælum hér á landi. Mikilvægt er að íslenskur landbúnaður keppi við innflutning landbúnaðarafurða á jafnréttisgrundvelli. Erfitt er fyrir íslenska bændur að keppa við risastór erlend verksmiðjubú sem selja lakari vörur, sem framleiddar eru með óhóflegri notkun sýklalyfja, á töluvert lægra verði. Svo ekki sé minnst á lakari aðbúnað gripa sem þurfa að þola meiri þéttleika í húsum og lakari aðstæður en þekktist hér á landi. Í því ástandi er íslenskum bændum hreinlega refsad fyrir að framleiða vörur í hæsta gæðaflokki. Slík staða er með öllu óþægleg.

Framsókn vill endurreisa landbúnaðarráðuneytið og horfa til þeirra tækifæra sem felast í íslenskri hágæða landbúnaðarframleiðslu. Liður í því er að tryggja áfram forskot greinarinnar og þar með lýðheilsu íslensku þjóðarinnar.

Jóhann Friðrik Friðriksson
Höfundur er lýðheilsufræðingur og skipar 2. sætið á lista Framsóknar í Suðurkjördæmi.



FÓÐUR TIL FRAMTÍÐAR

Fóðurráðgjöf og heysýnataka



FAGLEG
RÁÐGJÖF



NÁIÐ
SAMSTARF



EFTIRLIT &
EFTIRFYLGNI



FRÁBÆR
ÁRANGUR

Landstólpi býður upp á heysýnatöku ásamt fóðuráætlanagerð og ráðgjöf varðandi val á kjarnfóðri.

Við viljum ekki einungis bjóða upp á gott fóður og góða ráðgjöf heldur viljum við einnig upplýsa þig, hvetja og kveikja áhuga.

EKKI HIKA VIÐ AÐ Hafa samband við fóðurráðgjafa okkar í síma 480 5600 eða senda póst á netfangið landstolpi@landstolpi.is



Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
480 5600

Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
480 5610

www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is

HÁSKÓLINN Á HÓLUM

Erur við að leita að þér?

UMSJÓNARMAÐUR HESTAHALDS OG HESTHÚSA

Hestafræðideild Háskólans á Hólum leitar eftir einstaklingi sem hefur þekkingu og reynslu af umhirðu hesta og búrekstri. Reynsla af leiðbeiningu nemenda um hestahald og reiðmennsku er kostur.

Ábyrgð og helstu verkefni

- Ábyrgð á hestahaldi skólabúsins, þ.e. fóðrun, hirðing og eftirlit með heilbrigði og ástandi hesta.
- Að leiðbeina og stýra starfi aðstoðarmanna á faglegan og uppbyggilegan máta.
- Virk þátttaka í rannsóknarstarfi deildarinnar og aðstoð við þá er framkvæma rannsóknir í hestafræðideild.
- Kennsla og leiðbeiningar til nemenda varðandi hirðingu hesta og fóðrun.
- Umsjón með allri nýtingu og meðferð lands, þar með töldum girðingum.
- Umsjón með allri fóðuröflun fyrir búíð og ábyrgð á að heyrirgjörir séu nægar og meðferð beitarlands sé til fyrirmyndar.
- Umsjón með húsum, aðstöðu og umhverfi á athafnasvæði Hestafræðideildar.
- Eftirlit og umsjón með notkun, hirðingu og viðhaldi vinnuvéla, tækja og búnaðar sem notuð eru við rekstur deildarinnar.
- Eftirfylgni með öryggisreglum og fyrirbyggjandi aðgerðum vegna öryggismála búsins í samráði við öryggis- og staðarumsjónarmann.

Menntunar- og hæfnikröfur:

- BS gráða í búvísindum eða hestafræðum/reiðmennsku og reiðkennslu.
- Reynsla af búrekstri og hirðingu hesta.
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum og samstarfshæfni.
- Reynsla af rannsóknum er æskileg.
- MS gráða í búvísindum eða hestafræðum æskileg.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Góð íslensku- og enskukunnátta, bæði í töluðu og rituðu máli.

Um 100 % stöðu er að ræða og er umsóknarfrestur til og með 30. september 2021.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Nánari upplýsingar um starfið veitir Elisabeth Jansen deildarstjóri Hestafræðideildar á netfanginu jansen@holar.is eða í síma 862-3788.

Umsóknir skulu berast á starfatorgi eða á umsoknir@holar.is Með umsókn skal fylgja afrit af prófskírteinum, ferilskrá og kynningarbréf sem rökstyður áhuga og færni viðkomandi í starfið. Umsækjandi skal útvega tvenn meðmæli sem meðmælendur sendi beint á umsoknir@holar.is




Fagmennska Virðing Sköpun

Bændablaðið

BÆNDABLAÐIÐ ER GEFID ÚT Í 32 ÞÚSUND EINTÖKUM Á TVEGGJA VIKNA FRESTI

Bændablaðið er mest lesna blaðið á landsbyggðinni





Hlutverk landbúnaðarins í baráttunni gegn loftslagsvánni

– Þurfum að ráðast í aðgerðir strax


Unnsteinn Snorri Snorrason
frákvæmdastjóri
Landssamtaka sauðfjárbænda
unnsteinn@bondi.is



Í skýrslu IPCC sem kom út í ágústbyrjun er að finna skýr skilaboð um að hraða verði aðgerðum til að draga úr loftslagsbreytingum. Í skýrslunni eru lagðar fram skýrar niðurstöður um að athafnir mannkyns eru meginorsök loftslagsbreytinga. Skýrslan styrkir enn frekar þann þekkingargrunn sem spálíkön vísindamanna byggja á. Nú er hægt að spá af meiri nákvæmni fyrir um áhrif loftslagsbreytinga. Þá kemur fram í skýrslunni að loftslagsbreytingar muni gera það að verkum að aftakaathurðir verða algengari og afdrifaríkari. Skilaboðin eru skýr - við getum enn haft áhrif á loftslagsbreytingar, en þurfum að ná árangri í aðgerðum strax.

Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi árið 2019 var 4.722 tonn CO₂-ígilda án losunar vegna landnotkunar og skógræktar (LULUCF). Þar af var losun vegna landbúnaðar 619 tonn CO₂-ígilda sem er 13% af losun Íslands árið 2019. Sé losun vegna landnotkunar og skógræktar talin með er heildarlosun Íslands 13.794 þúsund tonn CO₂-ígilda. Í aðgerðaráætlun Stjórnvalda til að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda er gert ráð fyrir því að bein losun frá landbúnaði dragist saman um 5% miðað við árið 2005 og verði árið 2030 komin niður í 575.000 tonn CO₂-ígilda. Þar að auki er gert ráð fyrir því að aðgerðir sem draga úr losun og auka bindingu í jarðvegi skili árið 2030 samdrætti í losun sem nemur 1.352 þúsund tonn CO₂-ígilda. Það væri 515% aukning í samdrætti í losun og bindingu miðað við árið 2005.

Landbúnaðurinn gegnir mikilvægu hlutverki í aðgerðum stjórnvalda til að stuðla að samdrætti í



losun gróðurhúsalofttegunda. Bæði hvað varðar beina losun frá landbúnaði en ekki síður þegar kemur að því að fást við losun frá landi. Á næstu árum þarf að auka enn í verkefni á þessu sviði. En á sama tíma þarf líka að styðja enn betur við grunnrannsóknir og ráðgjöf. Enn sem komið er skortir okkur íslensk viðmið fyrir losun frá landi. Það á hins vegar alls ekki að teyja okkur í aðgerðum – Verkefnin eru aðkallandi.

Hvað ætla bændur að gera?

Lykill að árangri í loftslagsmálum er markviss stefna sem byggir undir raunhæfa aðgerðaráætlun. Það er öllum ljóst að til þess að ná árangri í loftslagsmálum þarf að búa til hvata til aðgerða. Stjórnvöld geta t.d. stutt við fjárfestingar sem hvetja til innleiðingar á loftslagsvænum aðgerðum, svo dæmi sé nefnt. En árangur byggir ekki bara á aðgerðum stjórnvalda. Einstaklingar, fyrirtæki og félagsamtök þurfa líka að standa undir sinni ábyrgð.

Bændasamtök Íslands innleiddu

stefnu í umhverfis- og loftslagsmálum árið 2020. Stefnan tekur til almennra atriða er varða landbúnað og umhverfismál. Meginþráðurinn í stefnunni eru loftslagsmál, sjálfbærni og vistheimt. Innleiðing stefnunnar er komin vel á veg. Dæmi um verkefni sem nú þegar eru komin í gang eru Loftslagsvænn landbúnaður og Kolefnisbrúin. Bæði verkefni lýsandi dæmi um að landbúnaðurinn setur loftslagsmál í forgang og hefur þegar hafið aðgerðir.

Loftslagsvænn landbúnaður er verkefni sem snýst um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í landbúnaði og auka kolefnisbindingu í jarðvegi. Verkefni er unnið í samstarfi Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins, Landgræðslunnar, Skógræktarinnar og stjórnvalda. Verkefnið felst í því að efla þekkingu bænda á loftslagsmálum, veita ráðgjöf varðandi aðgerðir sem gera búskapinn loftslagsvænni og stuðla að því að árangur náist í raunverulegum aðgerðum.

Kolefnisbrúin er einkahlutafélag í eigu BÍ og Landssamtaka skógar-

eigenda. Markmiðið er að vinna með bændum/landeigendum að því að framleiða vottaðar kolefniseiningar, sem hægt er að nýta í þágu eigin rekstrar eða selja á markað. Undirbúningur er á lokastigi. Í upphafi mun Kolefnisbrúin leggja megin áherslu á skógrækt, en á síðari stigum er gert ráð fyrir að innleiða fjölbreyttari verkefni, svo sem á sviði landgræðslu og endurheimt votlendis. Kolefnisbrúin hefur það hlutverk að beina grænum fjárfestingum inn í landbúnaðinn. Erlendis er hugtakið „Carbon Farming“ notað yfir verkefni sem Kolefnisbrúin mun ná yfir. Þannig má líta á að ný búgrein sé að verða til á Íslandi – Kolefnisbúskapur. Bændasamtök Íslands sjá fyrir sér að Kolefnisbrúin muni gegna lykilhlutverki í aðgerðaráætlun stjórnvalda í tengslum við verkefni sem snúa að því að draga úr losun frá landi og auka bindingu kolefnis í jarðvegi.

Hvað þarf til að ná árangri?

Fyrir á þessu ári komu út tvær

skýrslur um afkomu bænda. Annars vegar um stöðu sauðfjárræktar á Íslandi og hins vegar um afkomu bænda í nautakjötsframleiðslu. Meginniðurstöður sýna að afkoma bænda sem stunda þessar framleiðslugreinar er með öllu óviðunandi. Ekki er hægt að ætlast til að bændur tækist á við verkefni á sviði loftslagsmála ef þeir hafa ekki fjárhagslega getu til þess. Þess vegna eru aðgerðir sem stuðla að bættri afkomu bænda grundvöllur þess að íslenskur landbúnaður geti tekist á við áskoranir á sviði loftslagsmála.

Sú ríkisstjórn sem tekur við völdum að loknum alþingiskosningum 25. september þarf að efla aðgerðir á sviði loftslagsmála til að ná markmiðum Íslands um kolefnishlutleysi árið 2040 – að losun kolefnis verði ekki umfram bindingu í jarðvegi. Til að ná þessum markmiðum þarf m.a. að tryggja íslenskum landbúnaði stöðugleika í afkomu og hvata til að takast á við ný verkefni á sviði loftslagsmála.

Bændablaðið á bbl.is og líka á [Facebook](https://www.facebook.com/bbl.is)

VÍKURVAGNAR EHF.

MIKIÐ ÚRVAL KERRUVARAHLUTA



**RAFMAGNSBÚNAÐUR
BREMSUR
BEISLI
DEKK
LJÓS
LED LJÓS**



STYRKUR, ÞJÓNUSTA OG ÁREIDANLEIKI

Víkurvagnar ehf. – Hyrjarhöfði 8. – 110 Reykjavík
Sími 577-1090 – www.vikurvagnar.is – sala@vikurvagnar.is

LÍF & STARF

Meira en nóg að gera í Gesthúsum á Selfossi

– Slátrrarar gista á staðnum þessar vikurnar

„Sumarið hefur bara verið mjög gott og óvenjulega mikið af gestum hjá okkur, ekki síst seinni part sumars. Þetta eru bæði Íslendingar og útlendingar, allt kátt og hress fólk, sem er að ferðast um fallega landið okkar,“ segir Elísabet Steinunn Jóhannsdóttir Sörensen, sem rekur Gesthús á Selfossi.

Þar er tjaldsvæði, auk nokkurra smáhúsa og þriggja stórra sumarhúsa. Öll aðstæða á svæðinu er til fyrirmyndar fyrir gesti og veturinn leggst vel í Elísabetu.

„Já, já, ég er með opið allt árið og það er alltaf mikið af fólki hjá okkur á veturna, þó aðallega í húsum okkar. Þegar Covid stóð sem hæst yfir og það var ekkert að gera í ferðamennsku þá tók ég húsín í



Elísabet Steinunn Jóhannsdóttir Sörensen, eigandi Gesthúsa á Selfossi, sem rekur starfseminu af miklum myndarskap. Yfir summartímum er hún með átta starfsmenn í fimm yfir veturinn. Mynd / MHH

gegn og lagfærði líka í umhverfi þeirra, þannig að þau eru öll rosalega fín og flott,“ bætir Elísabet við. /MHH



Það er alltaf eitthvað um heimsóknar til Elísabetar þar sem fólk vill fá að kynna sér starfsemi Gesthúsa. Hér er Gönguþópur Hermanns á Selfossi í heimsókn.

LESENDARÝNI

Endurskoðum viðskiptasamninga um landbúnaðarvörur

Á síðastliðnum árum hefur innflutningur á landbúnaðarvörum vaxið hröðum skrefum. Þetta má einkum rekja til samnings við ESB. Slíkur samningur kom fyrst til framkvæmda 1. mars árið 2007 í stjórnartíð Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks. Auk tollfrjálsra kvóta var samið um 40% lækkun á tollum flestra kjötafurða. Þann 1. Maí 2018 tók síðan gildi víðtæk breyting á þessum samningi. Mest áhrif þar hafði víðtæk stækkun tollfrjálsra kvóta fyrir osta og kjötvörur.

Á undanförunum mánuðum hefur síðan komið í ljós að líklega er búið að flytja inn meira magn hingað til lands á öðrum kjörum en þessir samningar gerðu ráð fyrir. Fráfarandi ríkisstjórn hefur dregið lappirnar í að taka þarna á málum. Ekkert er að fréttastarfi nefndar sem fjármálaráðherra setti til að rýna málið í janúar á þessu ári. Von er á skýrslu frá Ríkisendurskoðun um málið sem unnin er að beiðni þingmanna Miðflokksins sem fengu slíka skýrslubeiðni samþykkt á Alþingi í byrjun nóvember 2020.

Þetta hefur m.a. leitt til vaxandi ójafnvægis í sölu á fiturikum mjólkurvörum og svo osti hins vegar. Þá hefur þetta þrýst á verð á kjöti til framleiðenda. Í ferðum mínum til bænda undanfarna vikur hefur þetta komið glögg fram og birtist m.a. bæði í biðlistum eftir slátrun fyrir nautgripi og verðlækkunum. Þessu ber saman við það sem forsvarsmenn bænda hafa sagt um málið á síðustu misserum.

Útanríkisráðherra boðaði endurskoðun þessara samninga við ESB á liðnum vetri. Það stöðvaði hann þó ekki í að bæta enn á tollfrjálsa kvóta fyrir búvörur í viðskiptasamningi við Bretland síðastliðið vor. Engar breytingar urðu á tollfrjálsum kvótum gagnvart sambandinu líkt og Norðmenn náðu fram. Þá eru tollkvótar gagnvart ESB mun stærri hér á landi, sé miðað við hina frægu höfðatölu, en í Noregi. Fyrirnefnd endurskoðun þarf að fara fram hið fyrsta samkvæmt skilgreindum markmiðum.

Þá þarf greinilega að efla eftirlit með því að staðið sé við gerða milli-



Erna Bjarnadóttir.

rikjasamninga. Slíkt þarf ekki að fela í sér auknið skrifræði eða flækjustig heldur fyrst og fremst nýta til hins ýtrasta þær upplýsingar sem liggja fyrir. Upplýsingar um útflutning annarra ríkja til Íslands eru aðgengilegar. Eftir þeim má finna hvar mismunur er, hvar hann er áberandi mestur og þannig greina hvar skórin kreppir. Í Noregi er þetta unnið skipulega af stofnum sem heitir „Mattilsynet“. Miðflokkurinn hefur flutt tillögur um stofnun sérstaks ráðuneytis fyrir landbúnað eins og hér var um langa hríð. Með þessu fengi þetta verkefni nauðsynlega athygli og yrði að sjálfsgöðu unnið í samvinnu við önnur stjórnvöld eins og Skattinn og Hagstofu Íslands eftir því sem við á.


Ég hef unnið við hagsmunagæslu og önnur verkefni tengd landbúnaði alla mína starfsævi og þekki vel til í starfsumhverfi hans, ekki síst því sem snýr að framkvæmd viðskiptasamninga. Það er helsti hvatinn að því að ég gef kost á mér í þessum alþingiskosningum til að leggja mitt af mörkum í að styrkja umgjörð um landbúnaðinn. Hann er okkur öllum mikilvægur, ekki aðeins til að fæða okkur og veita atvinnu með því að nýta landsins gæði, heldur er hann líka ríkur hluti af sjálfsmynd okkar sem þjóðar. Landsbyggðin lifir!

Erna Bjarnadóttir.

Höfundur skipar 2. sæti á lista Miðflokksins í Suðurkjördæmi

Skeifan 3 • 108 Reykjavík • Sími 581 2333 • rafver.is • rafver@rafver.is

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir



- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli

Iðnaðarhurðir

Iðnaðarhurðir með gönguhurð

Bílskúrshurðir

Hurðir í trékarma

Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VH HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300 – Næsta blað kemur út **23. september**

KJARNABORVÉLAR - GÓLFSAGIR - VEGGSAGIR - KJARNABORAR - STEINSAGARBLÖÐ

TYROLIT DME33UW
kjarnaborvél.
450mm

TYROLIT DME20PU
kjarnaborvél.
180mm

TYROLIT WSE1621 veggsög.
20kW - Sögunardýpt: 70cm

TYROLIT FSG513P gólfsög.
Sögunardýpt: 19,5cm

TYROLIT
kjarnaborar

TYROLIT steinsagarblöð



Víkurhvarfi 8 - 203 Kópavogi
Sími 544 4656 - www.mhg.is

Nýr umboðsaðili TYROLIT á Íslandi

Meltúnsbókin:

Sumardvöl í Mosfellssveit 1962–1963

– eftir Kristbjörn Egilsson

Komnar eru út endurminningar drengs sem galvaskur réði sig sem kaupmann á bæinn Meltún í Mosfellssveit sumrin 1962 og 1963. Í bókinni er fágæt lýsing á lífi og starfi á nýbýli í hreppi sem var í örum vexti á sjöunda áratug 20. aldar. Horfinn heimur. Í ritinu er fjöldi ljósmynda sem ekki hafa birst áður.

Einnig er að finna í bókinni minningarbrot húsmóðurinnar í Meltúni, Sigríðar Þórmundsdóttur, sem hún skráði þegar hún var 85 ára. Þar fjallar hún m.a. um tímanna þegar þau hjónn staðfestust í Mosfellssveitinni og stofnuðu nýbýlið Meltún rétt eftir seinni heimsstyrjöldina í skugga berkla-veikinnar.

Ritið heitir: Kristbjörn Egilsson 2021. Meltún. Sumardvöl í Mosfellssveit 1962–1963.



Meltúnshlaðið í ágúst 1969. Kýrnar á leið í fjósið til mjalta. Brúsapallurinn er t.h. við túnhliðið. Bragginn á melnum handan við Álafossveginn var í eigu Reykjalundar.

Mynd / Kristbjörn Egilsson



Kristbjörn Egilsson.



Kristbjörn Egilsson býr sig undir reiðtúr í ágúst 1969 á Vindi, sem Matthías á Teigi lánaði honum einu sinni sem oftár.

Mynd / Einar E. Guðlaugsson



Sigríður Þórmundsdóttir og Eiríkur E. F. Guðmundsson



Eiríkur E. F. Guðmundsson í borðstofunni í Meltúni í ágúst 1971.

Mynd / Kristbjörn Egilsson



Eiríkur E. F. Guðmundsson akandi á traktornum með heyvagninn á leið úr heyskap á Reykjalundi. Myndin var líklega tekin á árunum 1961-1965.

Mynd / Úr myndasafni Reykjalundar varðveittu í Héraðsskjalasafni Mosfellsbæjar. Ljósmyndari óþekktur



Eiríkur E. F. Guðmundsson akandi á traktornum með heyvagninn á leið úr heyskap á Reykjalundi. Myndin var líklega tekin á árunum 1961-1965.

Mynd / Úr myndasafni Reykjalundar varðveittu í Héraðsskjalasafni Mosfellsbæjar. Ljósmyndari óþekktur

Þeir sem vilja fá bókina mega senda tölvupóst á kristbjorn@hotmail.com eða hringa í síma 862 2728 (Kristbjörn Egilsson).

Meltúnshjónin

Kristbirni segist svo frá í Meltúnsbókinni:

Ég var tvö sumur í Meltúni og dvaldi þar í bæði skiptin frá miðjum júní til ágústloka. Í Meltúni bjuggu Sigríður Þórmundsdóttir (55 ára) og Eiríkur E. F. Guðmundsson (55 ára) ásamt uppeldissyninum Sigmari Péturssyni (11 ára).

Sigríður var Borgfirðingur, fædd í Langholti, en alin upp á hinni fornu klausturjörð Bæ sem foreldrar hennar keyptu og bjuggu á mestan sinn búskap. Systkinin í Bæ urðu fjórtán og ellefu náðu fullorðinsaldri. Eiríkur var Vestfirðingur, fæddur í Botni í Súgandafirði og ólst þar upp. Systkinin urðu tíu. Eiríkur fór í Alþýðuskólann á Hvítárþakka þegar hann stóð á tvítugu og þar kynntist



Sigríður Þórmundsdóttir og Eiríkur E. F. Guðmundsson framan við íbúðarhúsið í Meltúni í október 1963.

Mynd / Kristbjörn Egilsson

hann Sigríði, einni af heimasætunum í Bæ. Þau giftust árið 1932 fyrir vestan. Hinn mikli vágastur berklarnir sem tröllreið íslensku samfélagsi á þessum árum tróð sér inn í líf ungu hjónanna, bæði veiktust af berklum og lágu á sjúkrahúsinu á Ísafirði. Veikindin voru langvinn og meðan Eiríkur lá á Vífilstöðum fór Sigríður til móðursystur sinnar, Ingunnar Guðbrandsdóttur og Helga Finnbogasonar á Reykjahvoli. Þar með má segja að örlög þeirra væru ráðin hvað varðaði búsetu. Mosfellssveit varð þeirra sveit. Þegar Eiríkur náði betri heilsu hóf hann vinnu hjá ullarverksmiðjunni á Álafossi og vann einnig á stórbýlunum Korpúlfsstöðum og Lágafelli, og svo í lausamennsku. Á þessum árum eignuðust Sigríður og Eiríkur lítið hús í landi Reykjahvols sem þau kölluðu Hverabakka og bjuggu þar í átta ár.

Eftir stríðið gekkst hreppsnefnd Mosfellshrepps fyrir því að stofna til nýbýla á hreppsjörðum, einkum í landi Lágafells og Varmár. Eiríkur og Sigríður fengu land á Jónsteigi sem er á austurmörkum Varmárlandsins, nánar tiltekið á melnum sunnan við Álafossverksmiðjuna. Árið 1947 stofna þau nýbýlið Meltún, flytja Hverabakkahúsið með sér, stækka það og endurbæta, byggja útihús og rækta upp melana sem bærinn heitir eftir. Samkvæmt leigusamningi við Mosfellshrepp frá árinu 1950 var Meltúnslendið 5,1 ha. Árið 1957 bættust við 2,2 ha. Jörðin var því alls 7,3 ha.

Sigríður og Eiríkur höfðu búið í Meltúni í 38 ár þegar Eiríkur lést árið 1985. Eftir það bjó Sigríður þar ein uns hún fluttist í Hlaðhamra í Mosfellsbæ árið 1988.

Meltún var reist á mel sem hafði verið nýttur fyrir braggabyggð hernámshúsið. Ábúendur græddu upp melinn og breyttu í gjöful tún og beitiland. Nú hafa bæjarhúsin verið rifin og túnin byggð nýrri kynslóð húsa.

Nágrenni Meltúns

Drengurinn var kominn á nýjan stað, í nýja sveit, til að dvelja sem kaupmaður sumarlangt. Tilhlökkun ríkir í huga drengsins. Ég stend á hlaðinu í Meltúni þrettán ára, skygnist um og velti fyrir mér næsta nágrenni. Hvað heita fjöllin og sveitabæirnir? Eins gott að kynna sér helstu kennileiti og örnefni til að geta ratað um sveitina. Bíðið nú við. Jú, nokkrir sveitabæir sáust þarna, en einnig



Sigríður Þórmundsdóttir bakar Meltúnspönnukökur í ágúst 1971. Eldhúsglugginn vísar í norður að Esjunni.

Mynd / Kristbjörn Egilsson

ýmislegt annað sem lítt minnti á hefðbundna sveit. Þetta var allt öðruvísi sveit en ég hafði kynnst vestur í Langeyjarnesi, þar sem ég hafði dvalið undanfarin fjögur sumur. Í austri frá bæjarhlaðinu glampaði á reisulega hvítmálaða byggingu með rauðu þaki og nokkur smáhýsi í sama stíl. Þetta var Reykjalandur, heilsuhæli, læknaetur, endurhæfingarmiðstöð og vinnustaður fólks sem þurfti á starfsþjálfun að halda. Á Reykjalandi var trésmíðaverkstæði og hvorki meira né minna en plastverksmiðja sem framleiddi fötur, bala, blómapotta, ýmis leikföng og Lego-kubbana vinsælu. Norðan við bæinn var ullarverksmiðjan á Álafossi og byggðin umhverfis hana. Sunnan við bæinn lá hitaveitulögnin til Reykjavíkur. Hún átti upphaf í Dælustöðinni sem dældi sjóðandi vatninu í tonnatali og hitaði hús Reykvíkinga. Verkfræðindur á heimsmælikvarða sem tignarmenn heimsottu, kóngar, drottningar og forsetar og fáni lýðveldisins við hún. Blaðamenn með penna og ljósmyndarar með flass eltust við tignarmennina. Handan hitaveitulagnarinnar við Meltún var há-tæknilegt hænsnabú, Teigur, með hænsnahús á tveimur hæðum og framleiddi unga sem seldir voru til að verða varphænur víða um land. Gróðrarstöðvar og gróðurhús voru í nágrenninu í landi Syðri-Reykja og Reykjahvols. Jörðin þar var volg, einstök skilyrði til matjurtaræktunar. Þar höfðu ólgandi, gufuspúandi hverir verið virkjaðir til að hita upp hýbýli Reykvíkinga. Steinsnar var í kaupfélagið. Sumarbústaðir, margir af fínni sortinni, voru hér og þar, og venjuleg íbúðarhús eins

og í þorpum. Braggar og rústir frá hersetunni voru áberandi. Og áin sem rann neðan við Reykjaland var volg, Varmá, og þar lifðu álar, eins og ég komst að síðar. Fyrir utan Esjuna, sem ég þekkti að heiman af Laugaveginum, voru lægri fjöll, Reykjafell og Æsustaðafjall og Helgafell. Handan við Helgafell var Mosfellsdalur, í órafjarlægð, en samt nálægur. Þar voru gróðurhús, heitt vatn, Nóbelskald og Egill Skallagrímsson og Guðrún Tómasdóttir óperusöngvari. Fólkið sem bjó í sveitinni var margt aðkomandi úr öðrum sveitum landsins og svo voru útlendingarnir sem höfðu komið til að vinna á Álafossi og margir hverjir flénst í sveitinni. Dásamleg blanda. Fjölbreytnin í fyrirrúmi. Geri aðrar sveitir betur!

Fljótlega eftir að ég kom í Meltún tók ég eftir að Sigga talaði oflega um frænkur og frændur á næstu bæjum við Meltún, Reykjahvoli og bæjunum þar um kring. Í ljós kom að Sigríður átti þarna góðan og mikinn frændgarð. Tvö af börnum Reykjahvolshjónanna, Ingunnar, móðursystur Sigríðar, og Helga, höfðu stofnað til nýbýla úr landi Reykjahvolsjarðarinnar. Oddný bjó á Ökrum ásamt manni sínum, Ólafi Péturssyni, og Finnbogi bjó á Sólvöllum með konu sinni, Ingibjörgu Bjarnadóttur. Fyrir utan hefðbundinn búskap stunduðu þau ylrækt í gróðurhúsum og í ylvolum garðlöndum. Á Efra-Hvoli, sem einnig var í landi Reykjahvols, bjó frænka Sigríðar, Ingveldur Árnadóttir, ásamt Vígmundi Pálssyni mjólkurbílstjóra. Þetta fólk stóð saman og hjálpaðist að. Það sá ég gjörla.

**SMÍÐUM OG GERUM VIÐ
ALLAR GERÐIR
TJAKKA**

VHE

VHE • Melabraut 27 Hafnarfjörður
Hraun 5 Reyðarfirði
Sími 843 8804 • Fax 575 9701
www.vhe.is • sala@vhe.is

VDO
Tunguháls 19
110 Reykjavík
S. 588-9747

Bilaverkstæði

Kjarninn
KS bilaverkstæði
550 Sauðárkróki
S. 455-4570 / 4 55-4572



Auglýst eftir umsækjendum um stuðning til söfnunar ullar

Atvinnuvega og nýsköpunarráðuneytið auglýsir eftir umsækjendum um stuðning til söfnunar ullar samkvæmt reglugerð nr. 1253/2019 um stuðning við sauðfjárrækt (III kafli).

Umsóknum skal skilað inn á skrifstofu Atvinnuvega og nýsköpunarráðuneytisins á sérstökum eyðublaðum sem stofnunin lætur í té eigi síðar en tveimur vikum eftir birtingu auglýsingar. Stuðningur til söfnunar ullar er háður því að umsækjandi uppfylli eftirfarandi skilyrði:

1. Aðili skal vera reiðubúinn að taka við allri vinnsluhæfri ull af öllum framleiðendum sem þess óska.
2. Aðili þarf að sækja ull heim til framleiðanda eða taka á móti ullinni á móttökustöð sem ekki er lengra frá hverjum einstökum framleiðanda ullar en 100 km.
3. Að minnsta kosti 30% allrar ullar sem aðili móttækur skal þvegin hér á landi og jafnframt unnið úr þessari sömu ull band, lopi eða samsvarandi vara hérlendis.

Umsóknarfrestur er til 28. september næstkomandi.

Nánari upplýsingar veitir Atvinnuvega og nýsköpunarráðuneytið.

Netfang postur@anr.is

Stjórnarráð Íslands
Atvinnuvega- og
nýsköpunarráðuneytið

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 23. sept.

Mikill er máttur Bændablaðsins

Um síðustu áramót hófst undirbúningur að björgun mikils safns gamalla útvarpstækja, sem safnast höfðu upp hjá RUV og fleirum. Hugmyndin var að koma þeim í örugga geymslu þar til hægt yrði að setja upp sýningu með útvarpstækjum sem hafa verið í notkun hér á landi frá því fyrst heyrðist í útvarpi árið 1915. Í ljós kom að fáar heimildir eru til um framleiðslu útvarpstækja á Íslandi, sem stóð yfir frá árinu 1933 til 1949. Undirritaður tók þátt í þessari björgun og þar fundust þrjár gerðir af þeim átta sem vítað var að höfðu verið framleiddar hérlendis.

Bændablaðið birti grein þann 28. janúar sl. þar sem ég lýsti eftir þessum tækjum ef einhver ætti eða vissi um slík tæki. Mér bárust strax upplýsingar um tæki sem voru til og í sumum tilfellum sögu tækisins frá upphafi. Nú hef ég getað safnað saman upplýsingum um allar gerðir sem Viðtækjasmíðja Ríkisútvarpsins (V.R.) framleiddi með því að ferðast um landið til að skoða og mynda þau tæki sem mér bárust fréttir af. Meira að segja voru mér gefin tæki í þessum ferðum.

Mikil kreppa var á árunum eftir 1930. Talið er að um fjögur þúsund útvarpstæki hafi verið til í landinu þegar RUV hóf útsendingar og þá aðeins hjá þeim efnameiri. Því var farið í að smíða hér ódýr einföld útvarpstæki sem dugðu til að ná útsendingum RUV.

Tækin heita, „Suðri“, sem var hugsað fyrir Reykjavík og nágrenni. Næst kom „Vestri“, en tvær gerðir voru framleiddar



Sigurður Harðarson að störfum að viðgerð íslensku útvarpstækjanna.



Rafhlaða eins og var notuð á fyrstu árum tækjanna.

af honum sem náðu betur RUV á Vestfjörðum og vesturhluta

Norðurlands. Gerðin L3 er aðeins fyrir langbylgju en hin gerðin ML er einnig með miðbylgju. Sú gerð var framleidd eftir 1938, en það ár var byrjað að senda dagskrá RUV frá Eiðum á miðbylgju.

Þar sem erlendar stöðvar voru að auka sendistyrk sinn jafnt og þétt yfirgnæfðu þær sendingar RUV, sérstaklega á Austurlandi. Þá var smíðað vandaðra tæki sem einangraði sendingar RUV betur frá þeim erlendu og fékk sú gerð nafnið „Austri“.

Í byrjun stríðsins 1939 tók fyrir innflutning íhluta til smíðinnar frá Evrópu. Eftir 1940 kom megnið af efninu frá Bandaríkjunum og Kanada. Enn ein gerðin varð þá til og fékk nafnið „Sindri“. Eftir hernámið óttuðust Reykvíkingar að hugsanlega yrði gerð loftárás á borgina. Því byggðu margir sér litla bústaði fyrir ofan Vatnsenda og upp að Lögbergi sem athvarf. Þá voru framleidd lítil einföld tæki sem náðu RUV á þessu svæði og fengu nafnið „Sumri“.

Til viðbótar má geta þess, að smíðuð voru sérstök útvarpstæki fyrir báta. Þau voru í sterkum málmkössum. Viðtækjasmíðja RUV framleiddi þannig tæki til 1938 en eftir það tók Landsímmin við þeirri framleiðslu. Sú gerð er aðeins frábrugðin smíðinni frá V.R.

Engar upplýsingar eru til um þessa framleiðslu nema örfáar auglýsingar og viðtöl í blöðum

frá þessum tíma. Með samtölum við gamla útvarpsvirkja og áhugamenn hefur mér tekist að safna saman einhverjum hluta sögunnar eins og hér kemur fram um þessa framleiðslu. Ekkert safn teikninga hefur fundist nema ein teikning af Vestra.

Næsta mál var því að gera við tækin sem ég hef komist yfir og gera þau virk til að komast að því hvaða munur væri á tækjunum. Þetta var þolinmæðisvinna, því fyrst þurfti að smíða spennugjafa sem líkti eftir rafhlöðum þeirra tíma sem nú eru ekki fáanlegar.

Nú tel ég að sagan liggi nokkuð ljós fyrir. Með mér í þessu rannsóknarverkefni hefur verið Helgi Jóhannesson, rafeindavirki á Akureyri. Hann er búinn að gera upp fjöldann allan af gömlum útvarpstækjum. Okkur finnst dýrmætt að með þessari vinnu sé hægt að skrá söguna um þetta afrek og hugvit þeirra sem stóðu að þessari framleiðslu hér langt norður í Atlantshafi án þess að hafa haft mikla reynslu á þessu sviði því allir þessir menn eru fallnir frá.

Nothæfur Radiolampi fyrir útvarp var aðeins 12 ára gömul uppfinning og hátalari kom fyrst í útvarp erlendis 1928, aðeins fimm árum fyrir þessa smíði. Það segir okkur hversu snjallir þeir voru því tækin var ný og þeir að mestu sjálfmenntaðir. Frá byrjun voru notaðar bestu gerðir lampa og öll tækin eru með innbyggðum hátalara. Loftnet þurfti fyrir tækin sem var langur vír milli húsa eða út í staur. Bændur stálast til að nota annan vörinn í símalínunni og sums staðar var notaður efsti vörinn í girðingu fyrir loftnet. Tækjum var breytt fyrir þá til að trufla ekki símasamband og jafnvel var annar leiðari í raflögn húsa notaður. Þessir möguleikar voru ekki í innfluttum tækjum.

Undirritaður hefur náð að safna saman öllum gerðum af þessum tækjum og eru þau til sýnis á fjar-skiptasafninu í Skógarsafni.



Hjónin Bjartey Friðriksdóttir og Þorsteinn Guðmundsson við Sumran. Þessi Sumri er nr 41 í framleiðslunni með þrem lömpum, gerður til að ná sendingum RUV lengra frá Reykjavík, eins og til Þingvalla og í Borgarfjörðinn. Myndir / SH

Sumri Bjarteyjar og Þorsteins

Þetta tæki var keypt og notað í sumarbústað rétt við Gunnarshólma skammt vestan við Lögbergsbrekkuna. Tækið er smíðað í maí 1945.

Bjartey Friðriksdóttir og Þorsteinn Guðmundsson, sem búa í Ársölum í Kópavogi, höfðu samband við mig eftir

að hafa lesið grein mína í Bændablaðinu og leyfðu mér að skoða tækið og mynda það. Þetta tæki er vel með farið og þau hjón sögðu að barnabörnin hefðu mikinn áhuga á að eignast tækið. Þrátt fyrir það buðu þau mér tækið ef ég vildi sýna það. Ég þurfti ekki að þiggja þetta

góða boð þar sem ég er með annað nákvæmlega eins tæki á sýningunni í Skógarsafni.

Mikill áhugi er fyrir að koma upp sýningu gamalla útvarpstækja sem spanna sögu útvarps á Íslandi. Ef það verður að veruleika væri fengur að fá þetta tæki lánað.



SINDRI frá Höllustöðum. Þetta er sennilega eina eintakið af þessari tegund sem til er í dag.

Sindri var síðasta útgáfan frá Viðtækjasmíðjunni

Þessi gerð er síðasta hönnun Viðtækjasmíðju ríkisins á eftir Austru sem hannaður var 1939. Þetta tæki er smíðað 1945.

Tækið er talsvert frábrugðið fyrri gerðum frá Viðtækjasmíðjunni. Það er eingöngu fyrir 12v. spennu frá rafgeymi. Eldri gerðirnar gengu fyrir tvískiptum raflöðum. Einnig er það með þrem bylgjusviðum, Lw, Mw og Sw. Tækið er smíðað úr íhlut-

um frá USA, enda ekkert efni farið að berast frá Evrópu þar sem stríðinu var nýlokið. Þór Gunnarson fyrrverandi sparisjóðsstjóri í Hafnarfirði, gaf tækið til Norska hússins - Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla. Þór safnaði útvarpstækjum í tæp 30 ár sem hann hefur nú gefið til Byggðasafns Hafnarfjarðar. Nú er þetta tæki á sýningunni í Skógarsafni.

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300

líka hægt að lesa á [bbl.is](https://www.bbl.is) og Facebook



HLAÐVARP BÆNDABLAÐSINS <https://www.bbl.is/hladan>



Guðmundur Sigurðsson með SUMRAN. Þetta eintak er sérstakt fyrir að vera nr. 2 í framleiðslunni og er aðeins með tveimur lömpum sem dugði til að ná sendingum frá Vatnsenda yfir vatnið að Geithálsi.

Sumri Guðmundar sem var í bústað við Geitháls

Þetta tæki var keypt 1943 og var alla tíð í sumarbústað skammt frá Geithálsi.

Tengdafaðir Guðmundar keypti tækið þegar hann var að ljúka við byggingu bústaðar ofan við Vatnsendavatn til að

eiga athvarf ef sprengjum yrði varpað á Reykjavík. Tækið er númer þrjú í röðinni af þessum tækjum. Guðmundur er mikill áhugamaður og sjálfmenntaður í Radiotækni. Hann hefur safnað og gert upp fjöldann allan af

gömlum útvarpstækjum. Þetta tæki hans er í fullkomnu lagi. Hann átti einnig sérsmíðuðu útvarpstækin fyrir skip sem framleidd voru á árunum 1933 til 1945. Þau hefur hann lánað á safnið í Skógum.



Sverrir og Guðný með Austran.

Útvarpstækið Austri frá Laugaseli á Fljótsheiði

Tækið Austri er það fimmta í framleiðslu þessara tækja. Það kom nýtt 1941 á bæinn Laugasel á Fljótsdalsheiði því bóndinn þar var orðinn sjónskertur vegna aldurs.

Til voru tvær rafhliður á bænum og þurfti að fara um 6 km leið að bænum Máskoti til að hlaða þær. Laugasel fór í eyði en var notað til ársins 1970 sem sumardvalastaður.

Tækið lenti uppi á háalofti hússins og gleymdist þar.

Sverrir Karlsson, járnsmiður í Mývatnssveit, fann tækið í rúst-um bæjarhúsanna þegar hann var í hestaferð á gamla Arnðísarveginum sem var áður þjóðbraut og liggur yfir Fljótsheiði frá Helluvaði í Mývatnssveit og endar hjá Arnðísarstöðum í Bárðardal. Vegurinn liggur framan við bæinn Laugasel.

Þegar Sverrir fann tækið hafði bærinn verið yfirgefinn í 30 ár. Skömmu síðar fór Sverrir á bíl og sótti tækið. Eftir að grein mín birtist í Bændablaðinu hringdi hann og lét mig vita af tækinu. Ég fór norður og hitti þau hjón sem gáfu mér tækið. Þetta er eina eintakið af „Austra“ sem vitað er um eins og Viðtækjasmíðja ríkisins afhenti þau.

Einnig stendur yfir vinna við að koma öllu útvarpssafninu sem spannar sögu útvarpstækja á Íslandi fyrir á einum stað.

Ég vil þakka Bændablaðinu fyrir stuðning við þetta verkefni með því að birta fyrrnefnda grein sem skilaði þessum góða árangri.

Einu vil ég þó bæta við. Enn hefur ekki fundist neinn verðlisti yfir þessi tæki. Í þeim örfáu auglýsingum frá þessum árum

kemur fram verð innfluttra tækja en hvergi er minnst á verð íslensku tækjanna. Aðeins er bent á umbodsmenn sem voru kaupfélögin í flestum tilfellum. Ef einhver á reikning eða veit um sjóðbækur kaupfélaga frá þessum árum væri það mikill fengur að fréttu af því. Þar gæti hugsanlega sést verð tækjanna.

Eina vísbendingin sem ég hef fundið er að Blindravinafélag

Íslands fékk styrk 1933 frá Alþingi upp á kr. 1500 til að kaupa 10 tæki til að lána blindum svo þeir gætu notið dagskrár RUV. Við vitum ekki hvaða tegund var um að ræða, Suðra, Vestra eða Austra. Á sama tíma kostuðu innflutt útvörp á bilinu frá kr. 170 til 550.

Sigurður Harðarson rafeinda-
virki, S. 892-5900 netfang:
siggiradio@gmail.com

LESENDARÝNI



Heiðbrá við fjósastörf í Noregi.

Sameinumst um öflugan landbúnað

Á ferð minni um Suðurlandsdæmið hef ég komið á marga bæi og átt samtál við marga bændur, unga sem aldna. Öll höfum við verið sammála um að efla þurfi landbúnaðinn, tryggja og bæta rekstrarumhverfi bænda. Eitt sem liggur mörgum bændum á hjarta er kynslóðaskipting, hvernig eiga ungir framfarbændur að geta tekið við búum svo vel sé gert.

Miðflokkurinn hefur einn flokka átt frumkvæði að því að leggja fram þingsályktunartillögu um ætliðaskipti bújarða þess efnis að jarðeigendum verði heimilt með einföldum hætti að ráðstafa jörð sinni milli ættliða. Markmið tillögunnar er að treysta búrekstur í landinu og að gera ábúendum jarða auðveldara að ráðstafa jörð innan áttar. Markmið laga um ættaróðal frá árinu 1943 var að draga úr þeirri skuldabyrði sem fylgir kynslóðaskiptingu en sú skuldabyrði veldur því að kaupendur geta oft litlu áorkað til umbóta á jörðum sínum. Eftir brottfall ákvæða um heimild til stofnunar nýrra ættaróðala úr jarðalögum er staðan alls ekki ólík en staðan í dag kallar á að farið verði í heildræna endurskoðun á því hvernig haga megi ætliðaskiptum á bújörðum til framtíðar þannig að nýliðun verði sem allra mest og að ungir bændur geti tekið við búum af eldri kynslóðum án þess að þurfa að taka á sig óviðráðanlega skuldabyrði.

Einnig hefur Miðflokkurinn lagt fram þingsályktunartillögu í 24 liðum ásamt greinargerð um stóreflingu innlendra matvælaframleiðslu og öruggt og fyrirsjáanlegt rekstrarumhverfi landbúnaðar í samstarfi við bændur. Í umsögn Landssamtaka sauðfjárbænda um tillöguna kemur fram að samtökin styðji tillöguna efnislega og fagna því að hún kemur fram og



Heiðbrá Ólafsdóttir.

styðja eindregið að tillagan verði samþykkt. Landssamtök kúabænda segja í sinni umsögn að samtökin taki undir það sem kemur fram í tillögunni og hvetja til þess að hún verði samþykkt. Bændasamtök Íslands hafa einnig farið yfir efni tillögunnar og styðja eindregið að hún verði samþykkt.

Hvað stendur þá í vegi fyrir öflugum landbúnaði?

Þegar horft er yfir farinn veg tala staðreyndirnar sínu máli og ljóst er að áherslur Miðflokksins eru og hafa ávallt verið að stuðla að bættum og öflugum landbúnaði.

Árið 2020 skrifaði Sigmundur Davíð Gunnlaugsson formaður Miðflokksins í grein sinni “Staða íslensks landbúnaðar vandinn og lausnin” að öflugur landbúnaður væri spurning um ákvörðun.

Kæri kjósendi, þessi ákvörðunartaka liggur hjá þér í komandi alþingiskosningum.

Miðflokkurinn hefur þor, getu og vilja til þess að láta verkin tala. Sameinumst því um að byggja upp öflugan landbúnað, fyrir Ísland allt.

Heiðbrá Ólafsdóttir
Höfundur er lögfræðingur,
kúabóndi og formaður
Miðflokksdeildar
Rangárþings.

Magnús Leópolðsson lögfr. fasteignasali

FASTEIGNAMÍÐSTÖÐIN

Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001

Áhugaverðar jarðir

JARDIR.IS

fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is www.fasteignamidstodin.is

LESENDARÝNI

Skattlagning mengunar

Hugmyndir manna um mengunarskatta mætir mikilli mótspyrnu þeirra sem sjá sér hag í óbreyttu ástandi. Í mínum huga er ekki spurning um hvort við setjum á mengunarskatt eða ekki heldur hver eigi að greiða hann. Ef við gerum ekkert í loftslagsmálum verður skatturinn í formi þess tjóns sem loftslagsógnin veldur. Við getum náttúrulega vonast til að aðrir leysi vandann en þeir gætu hugsað það sama og enginn gerir neitt.

Ef við bregðumst við án slíks skatts dreifist kostnaðurinn á alla, hvort sem þeir menga eða ekki. Kosturinn við mengunarskatta er sá að hann virkjar hugvit manna til að komast hjá slíkum greiðslum. Það getur borgað sig fyrir menn að leggja í fjárfestingar til að minnka mengun. Þá mætti halda greiðsluferfinu fyrir utan aðra hluta ríkissjóðs. Þannig yrði féð notað til þess að styrkja breytingar eða greiða fyrir söfnun og förgun á menguninni. Þá gætu peningarnir farið í ákveðinn hring. Tökum sem dæmi landbúnaðinn. Skattur af honum yrði þá miðaður við mengun hvers bú. Það sem af honum er tekið væri síðan endurgreitt bændum í hlutfalli við fjölda gripa. Þannig myndu þeir sem stunda vistlandbúnað fá mun meira en þeir greiddu en hinir mun minna.

Núverandi niðurgreiðslur á nýorkubílum er í raunar skattur á alla hina. Sama um allar niðurgreiðslur til breytinga til vistvænni lífsstíls.

Menn gætu ályktað sem svo að slík gjöld myndu gera íslenska framleiðslu ósamkeppnisfæra. Að hluta til myndi þetta leysast með því að greiða styrki á móti þó þannig að hagstæðara væri að menga minna. Þá mætti skattleggja innflutning vegna mengunar sem hann hefur valdið í heimalandinu á meðan viðkomandi land hefur ekki sambærilega skatta.

Þegar mengunartölur eru



Jón Sigurðsson.

skoðaðar sést að meginhluti hennar stafa frá lið sem heitir landnotkun og skógrækt. Af 14 milljónum tonna af kolefnisgjöldum stafa 9 milljónir frá þessum lið. Meginhluti af því er vegna túnræktar samkvæmt loftslagskýrslu umhverfissráðuneytis. Það ruglar hins vegar almennung þegar stjórnmalamen tala um mengunina að sumt er skv. alþjóðasamningum tekið út fyrir sviga, m.a. þessi liður. Samkvæmt skýrslunni er aðeins 3 milljónir tonna af þessum 14 milljónum á „ábyrgð ríkisins“.

Ef við ætlum raunverulega að minnka mengun verðum við að ráðast á hana þar sem hún er mest. Við getum því ekki undanskilið þennan lið enda verður hann tekinn fyrir á heimsvísu fyrr eða síðar. Mengunarskattur á bændur myndu hvetja til meiri afurða á hektara, endurheimt mýrlendis og stöðvun á frekari þurrkun þess. Hann myndi einnig draga úr beit á rýru landi svo dæmi séu tekið.

Eina leiðin sem ég sé er þannig að menn blæði fyrir mengunina og fái þannig hvata til raunverulegra lausna.

Jón Sigurgeirsson,
lögfræðingur
flottmynd@gmail.com

Landbúnaðurinn þarf öflugra aðgerðaráætlun

Landbúnaður er ein grunnatvinnugreina á Íslandi, gegnir mikilvægu hlutverki í fæðuöryggi þjóðarinnar og er burðarás í lífsviðurværi á mörgum dreifbýlissvæðum landsins. Landbúnaðurinn sem atvinnugrein skiptir sköpum fyrir samfélagið í tengslum við lýðheilsu, menningu, efnahag og byggðaþróun. Allar breytingar á rekstrarumhverfi hans geta raskað viðkvæmu jafnvægi byggða og verða að gerast í nánu samkomulagi við íbúa og atvinnugreinina.

Efling og styrking landbúnaðar er samofin stefnu Miðflokksins í byggða- og landbúnaðarmálum. Reyndar má segja að þessi stefna kristallist einnig í nálgun Miðflokksins í loftslagsmálum. Þetta hefur verið áréttátt í öllum stefnumarkandi ályktunum flokksins og ég get fullrytt að þetta hafi einnig verið grunnþónn í starfi okkar þingmanna flokksins.

Á næstu árum bíða þó margvíslegar áskoranir atvinnugreinarinnar, svo sem á sviði loftslags- og umhverfismála, nýsköpunar, matvælaöryggis og örrari breytinga á neyslumynstri. Engum dylst að neytendur gera sífellt meiri kröfur um fjölbreytt vöruúrval og ferskleika en eftirspurnin innanlands eftir flestum landbúnaðarvörum hefur aukist, ekki síst með aukinni umhverfisvitund. En það er virð-



Sigurður Páll Jónsson.

iskeðja matvæla sem er í öndvegi því það á að skipta neytandann máli hvernig matvæli eru framleidd og við hvaða aðstæður. Þar er staða íslenskra matvæla sterk vegna hreinleika og hollustu.

Íslenskum hagsmunum stefnt í hættu

En það eru blikur á lofti, á grunni óhægstæðra tollasamninga og úthlutunarreglna hefur hagsmunum íslenskra framleiðenda verið stefnt í hættu. Valkostum neytenda fækkar um leið.

Nú í byrjun júní voru undirrit-

aðir samningar um viðskipti með landbúnaðarvörur milli Bretlands annars vegar og Noregs, Íslands og Lichtenstein hins vegar. Þessir samningar valda mörgum áhyggjum og margir hafa tjáð mér að þeir leiði til aukis innflutning á matvælum á kostnað innlestrar framleiðslu. Allt er þetta gert undir fölsku yfirskyni núverandi stjórnvalda um efling íslenskrar matvælaframleiðslu.

Við Miðflokksmenn mæltum fyrir tillögu til þingsályktunar um stóreflingu innlestrar matvælaframleiðslu og öruggt og fyrirsjáanlegt rekstrarumhverfi landbúnaðar og var það eitt af forgangsmálum Miðflokksins á nýliðnu þingi. Svo mun verða áfram enda var hér um að ræða eina stærstu aðgerðaráætlun varðandi íslenskan landbúnað og matvælaframleiðslu í seinni tíð.

Með þingsályktunartillögunni er lagt til að hrint yrði í framkvæmd 24 aðgerðum á sviði landbúnaðar í samráði við bændur. Aðgerðirnar miða að því að styrkja rekstrarafkomu matvælaframleiðenda til að verja greinina og þau fjölþættu verðmæti sem í henni felast fyrir samfélagið. Miðflokkurinn mun endurfylgja tillögunni og henni fylgt eftir á næsta þingi.

Sigurður Páll Jónsson,
þingmaður Miðflokksins
í norðvesturkjördæmi.

Kröftugur landbúnaður er byggðastefna í verki

Fyrir rúmri öld störfuðu um 5% landsmanna við verslun og þjónustu en um 95% við landbúnað og sjávarútveg. Á þessum tíma hefur þetta algerlega snúist við og rúmlega það.

Fyrir rúmum hundruð árum má eiginlega segja að landbúnaður og sjávarútvegur hafi haft álika mikla þýðingu fyrir efnahag landsins. Því er merkilegt að á þeim tíma sem liðinn er hafi Íslendingum tekist að byggja upp einn öflugasta sjávarútveg í heimi og líklega þann arðbærasta. Sömu sögu er hins vegar ekki að segja af íslenskum landbúnaði. Hvernig stendur á því? Af hverju þaut sjávarútvegurinn áfram en landbúnaðurinn sat eftir?

Íslenskar sjávarafurðir eru á markaði í flestum heimshornum og hafa víða skapað sér sterka stöðu og skarpa ímynd. Danskar landbúnaðarafurðir er að finna í verslunum og veitingastöðum víða um heimsbyggðina, þökk sé vörugæðum og markvissu kynningar- og markaðsstarfi. Íslendingum gengur vel að selja fisk og sjávarfang og Dönungur greinilega bærilega að selja afurðir landbúnaðar síns.

Íslensk matvælaframleiðsla hefur alla burði til að eflast og verða jafnframt að hluta arðsöm útlutningsgrein. Það kostaði dugnað, útsjónarsmi í markaðsstarfi og svita við að selja íslenskt sjávarfang erlendis. Íslenskar landbúnaðarafurðir hafa



Guðrún Hafsteinsdóttir.

allt með sér til að ná langt líka, lítum bara á árangur frumkvöðla með sölu og framleiðslu skyr. Og hverjum hefði dottið í hug að íslenskt vatn yrði verðmæt útlutningsvara? Meira að segja Mick Jagger hefur íslenskan vatnsbrúsa úr Ölfusi með sér á sviði á tónleikum Rolling Stones.

Til að eiga kraftmikinn landbúnað til framtíðar verður að móta sameiginlega sýn og leggja mikla áherslu á nýsköpun og rannsóknir. Margvísleg sóknarfæri eru fyrir atvinnugreinina og tækifærin leynast víða. Við erum svo gæfusöm Íslendingar að eiga nóg af landi, gnótt af hreinu vatni og

hér er loftið hreint og ómengað. Allt eru þetta ráðandi þættir til að byggja upp sterka ímynd fyrir búskap og landbúnaðarframleiðslu. Fólk sækir nefnilega í sáuknum mæli í hrein og lífræn matvæli þar sem sjálfbærni er höfð að leiðarljósi.

Íslenskir bændur verða að leggja aukna áherslu á umhverfis- og heilbrigðismál til að fullnægja kröfum sem neytendur kalla eftir í hraðvaxandi mæli. Tækifærin eru víða en vissar ógnir sömuleiðis. Hér heyrast nú til dæmis raddir um að í mótuneytum skóla eigi ekki að bjóða upp á kjötrétti. Í Noregi er eitt átakaefna í kosningabaráttu vegna Stórþingskosninga í september einmitt það hvort stefna skuli að því að skólamötuneyti verði „græn“, það er að kjöt verði þar ekki lengur á matseðlum.

Íslensk matvælaframleiðsla er á krossgötum. Við viljum eiga bæði öflugan landbúnað og sjávarútveg með tilheyrandi matvælaframleiðslu. Við viljum framleiða hreinar og góðar afurðir sem standast fyllilega samanburð við erlendar vörur. Við viljum sömuleiðis vera sjálfum okkur nóg og spara bæði gjaldeyri og kolefnisspor með því að framleiða sem mest af því sem við neytum hér heima sjálf.

Guðrún Hafsteinsdóttir,
oddviti Sjálfstæðisflokksins í
Suðurlkjördæmi.

Bændablaðið

Birting aðsendra greina

Bændablaðinu berast að jafnaði fjölmargar greinar frá lesendum, enda fá þær mikla dreifingu um allt land í 32 þúsund eintökum auk miðlunar á netmiðlum blaðsins. Reynt er að verða við öllum óskum um birtingu eftir því sem pláss leyfir.

Til að tryggja sem flestum aðgang að þessum vettvangi kemst blaðið ekki hjá því að setja sér einhverjar reglur. Þótt nokkuð frjálshyndi ríki um lengd greina þá ber að geta þess að því lengri sem greinarnar eru, þeim mun erfiðara getur verið að finna þeim pláss á síðum blaðsins.

Æskilegt er að greinar séu ekki lengri en 500 til 600 orð, en þá ræðst það af pláss hvort rými sé fyrir lengri greinar hverju sinni. Því fyrr sem greinar berast á vinnslutíma hvers tölublaðs, því líklegra er að hægt sé að koma þeim fyrir.

Varðandi efnisinnihald eru einungis sett þau skilyrði að gætt

sé velsæmis, að greinar séu mál-efnalegar og feli ekki í sér eitthvað sem talist geta meiðyrði, gagnvart einstaklingum, hópum eða félögum.

Þau skilyrði eru einnig sett fyrir birtingu aðsendra greina að þær hafi ekki áður verið birtar í nákvæmlega sömu mynd opinberlega í öðrum prent- eða vefmiðlum. Er það gert til að sporna við því að einstaklingar eða hópar kafferi pláss í öllum fjölmiðlum með margnotuðum greinum, einkum í aðdraganda kosninga. Þar sem erfið getur verið að fylgjast náið með slíku, treystir Bændablaðið einfaldlega á heildarleika greinarhöfundu og virðingu þeirra fyrir lesendum.

Að auki getum við boðið upp á þann möguleika að greinar sem komast ekki að í prentaðri útgáfu blaðsins verði aðeins birtar á vefmiðli blaðsins, bbl.is.

Hörður Kristjánsson,
ritstjóri Bændablaðsins

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Dreift í 32 þúsund eintökum á yfir 420 dreifingarstaði og lögbýli á Íslandi

Samgöngur í NV-kjördæmi

– Frá Sundabraut til nýrrar Breiðafjarðarferju

Flokkur fólksins leggur áherslu á bættar samgöngur í kosninga-baráttu sinni.

Sundabraut – þjóðhagslega hagkvæmastí kosturinn

Lagning Sundabrautar er án vafa þjóðhagslega hagkvæmasta vegafarmkvæmdin sem völ er á í dag. Sundbraut myndi stytta svo um munar þann tíma sem tekur að aka á milli NV-hluta landsins og höfuðborgarinnar. Sundbraut skiptir því miklu máli fyrir NV-kjördæmi og Norðurland. Ekki síst fyrir Akranes og myndi styrkja til verulega stöðu bæjarins sem hluti af atvinnusvæði höfuðborgarinnar. Sundabraut er eðlilegt framhald Hvalfjarðarganga og mikilvægt að tvöföldun Vesturlandsvegur að göngunum ljúki sem fyrst.

Stóraták í jarðgangagerð

Stórefla þarf jarðgangagerð. Jarðgöng eiga að vera sjálfsagður hlutur til að stytta vegalengdir og tryggja færð allt árið á milli þéttbýlisstaða.

Mikilvægt er að byrja sem fyrst á gerð jarðganga í gegnum Hálfðán milli Bíldudals og Tálknafjarðar (6,1 km) og undir Mikladal milli Tálknafjarðar og Patreksfjarðar (2,8 km). Hefja þarf undirbúning að jarðgangagerð á Tröllaskaga á milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar.

Í dag virðist vera lítið á jarðgöng á Íslandi sem fágætan lúxus. Jarðgangagerð á nokkra ára fresti staðfestir það. Mikilvægt er að nútíminn hefji innreið sína í samgöngumálum á landsbyggðinni. Ísland og NV-kjördæmi á þar langt í land í samanburði við Noreg.

Jarðgöng í Noregi – samanburður við Ísland

Fjalllendi á Íslandi er mun minna en í Noregi og samgöngur á landi frá náttúrunnar hendi mun betri á Íslandi en í Noregi, sem líkja má við Sviss og Alpenna. Í Noregi finnst ekki flatlendi líkt og á Suðurlandi.

Noregur er þrívær sinnum stærra en Ísland og íbúar Noregs um fjórtán sinnum fleiri. Þegar kemur að fjölda og lengd jarðganga er munurinn á þessum nágrannahjódum miklu meiri. Fámenni okkar í stóru landi og



Eyjólfur Ármannsson.

ríkidæmi Noregs skýrir ekki þennan mun. Þessi munur er rannsóknarefni.

Í Noregi eru vel yfir 1100 jarðgöng (2018). Samanlögð vegalengd þeirra er yfir 800 km en 73 af þessum jarðgöngum eru yfir 3000 metra löng. Í Noregi eru 33 neðansjvárgöng. Lengstu jarðgöng Noregs eru í Sognsfirði, um 25 km að lengd (Lærdalstunnelen). Jarðgöng eru ekki einungis á landsbyggðinni. Umferðarmestu jarðgöng Noregs eru í miðborg Oslóar (Festningstunnelen) en 77.000 farartæki fara um þau á sólarhring.

Samkvæmt vef Vegagerðarinnar eru á Íslandi tíu jarðgöng í notkun. Lengstu jarðgöngin eru undir Breiðadals- og Botnsheiði (9,1 km) og eru frá 1996. Hvalfjarðargöng (5,8 km) eru frá 1998. Bolungarvíkurgöng (5,4 km) eru frá 2009, Héðinsfjarðargöng samtals 11 km eru frá 2010. Norðfjarðargöng (7,9 km) 2017, Vaðlaheiðargöng (7,5 km) 2018 og Dýrafjarðargöng (5,6 km) 2020. Styttri göng eru Arnardalshamar (30 m) 1948, Strákagöng (800 m) 1967, Múlagöng (3,4 km) 1990, Almanskardsgöng (1,3 km) 2005. Lengri er listi jarðgangna á Íslandi ekki og segir það sína sögu.

Til samanburðar má benda á lista yfir jarðgöng í Noregi á vefalfræðiorðabókinni Wikipedia (Liste over veitunneler i Norge) og Wikiwand (Veitunneler i Norge).

Þessi munur á Noregi og Íslandi á fjölda og lengd jarðgangna er sláandi og lýsir skorti á skilningi á mikilvægi jarðgangna á Íslandi

jafnframt því að sýna mun á byggðastefnu í ríkjunum og skort á stefnumörkun. Eitthvað er það.

Nýr nútíma Baldur

Nú þegar Dýrafjarðargöng eru komin í notkun og lagningu nýs vegar um Dynjandisheiði er lokið er fyrirsjáanlegt að Ísafirðingar, Bolvíkingar o.fl. muni aðallega aka þá leið suður til Reykjavíkur. Mikilvægt er að þeir geti þá valið milli þess að aka Barðaströndina eða taka Breiðafjarðarferjuna Baldur. Að sigla með Baldri yfir Breiðafjörð eru mikil þægindi og sparar um þriggja tíma ljáandi akstur.

Baldur, brúin til Vestfjarða, á sér langa sögu og er ferjan ein af elstu ferðþjónustufyrirtækjum landsins. Saga Baldurs hófst fyrir 97 árum eða 1924 er Guðmundur Jónsson frá Narfeyri kaupir gamlan bát til flutninga á farþegum og vörum.

Ferjan sem er í notkun í dag var keypt notuð frá Noregi. Ferjan á undan henni var keypt notuð frá Hollandi. Núverandi ferja var keypt til að geta sinnt betur þungaflutningum. Aðstaða fyrir farþega var mun betri í eldri ferju. Fyrir farþega er núverandi Baldur hvað varðar aðstöðu og þægindi líkt og að fara áratugi aftur í tímann. Gamaldags gluggalaus matsalur er niður í kili og gömul slitin óþægileg sæti undir brú. Núverandi Baldur stenst engan veginn nútímakröfur um þægindi í farþegaflutningum og er í engu samhengi við það að ferðþjónusta er í dag mikilvægasta atvinnugrein þjóðarinnar. Til hvaða þriðja heimsríkis ætli núverandi Baldur verði seldur, líkt og sá fyrri? Ný og nútímaleg Breiðafjarðarferja fyrir farþega og þungaflutninga er eðlileg afmælisgjöf á 100 ára afmæli Baldurs árið 2024.

Samgöngur á Vestfjörðum, Vesturlandi og Norðurlandi vestra í dag endurspeglar vannýtta möguleika NV-kjördæmis í ferðþjónustu og eru ekki í samræmi við þær kröfur sem íbúar kjördæmisins geta með réttu gert til nútímasamgangna.

*Eyjólfur Ármannsson
Höfundur er í 1. sæti á framboðslista Flokks fólksins í NV-kjördæmi*

Hvernig endurreisum við samfélag?

Skilvirkni í viðbrögðum stjórnvalda eftir náttúruhamfarir er grundvöllur að markvissri enduruppbyggingu þess. Almennig er vel upplýstur í gegnum fjölmiðla um fyrstu viðbrögð og hugur fólks er hjá þolendum hamfaranna. En það sem minna sést, nema það snerti okkur beint, er sú langtíma þjónusta sem veitt er, líkt og fjárhagsaðstoð, húsnæðisástoð og endurvakning atvinnulífs.

Samkvæmt skilgreiningu Sameinuðu þjóðanna er endurreisn ferli ákvarðana og aðgerða sem miðar að því að endurheimta eða bæta lífsskilyrði samfélags sem lent hefur í áfalli. Fullmótuð endurreisnaráætlun skiptir sköpum fyrir samfélagið í heild, einkum þeirra sem fyrir áfallinu verða. Með fullmótaðri endurreisnaráætlun eftir náttúruhamfarir er hægt að endurreisa innviði samfélagsins á sem skemmstum tíma. Reynslan hefur þó einnig sýnt að það má heldur ekki fara of geyst. Það verður að fara nógu hægt til að tryggja að raddir íbúa heyrast og að vel sé ígrundað hvort byggja eigi samfélagið upp aftur í sama horf eða hvort gera eigi breytingar í kjölfar hamfaranna og endurbyggja innviði og mannvirki með hliðsjón af nýjum raunveruleika. Gott endurreisnarferli er því vandasamt verk.

Sveitarfélög leika lykilhlutverk í að leiða endurreisnarstarfið í samstarfi við önnur stjórnvöld. En ef að áætlun er ekki til eða fólk sem leiðir endurreisnarferli hefur ekki fengið til þess fræðslu og hjálfun getur endurreisnin orðið ómarkviss, óskipulögð og jafnvel skapað þær aðstæður að neyðarástand sé viðhaldið lengur en þörf er á. Sem dæmi má nefna, að í skýrslunni Langtímaviðbrögð við náttúruhamförum kemur meðal



Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir.

annars fram að slíkar aðstæður hafi skapast eftir snjóflóðin í Súðavík, sem rakið var til þess að ekkert skipulag hafi verið til staðar við endurreisnina.

Við endurreisum samfélag með öflugu fólki sem hefur fengið til þess fræðslu og þekkingu. Við verðum að tryggja sveitarfélögum betri verkfæri og því þarf að skilgreina betur hlutverk sveitarfélaga við endurreisn og að tryggt sé að viðunandi þjálfun og fræðsla eigi sér stað til starfsmanna og sveitarstjórnarmanna. Með því að fjárfesta í fólki með þessum hætti erum við betur í stakk búin til þess að takast á við áföll og endurreisn eftir náttúruhamfarir og þannig getum við staðið vörð um vöxt og velferð samfélagsins, alveg sama á hvað dynur.

*Hafdís Hrönn
Hafsteinsdóttir,
lögfræðingur.
Höfundur er framboðandi í 3. sæti á lista Framsóknar í Suðurkjördæmi.*

ELDVARNIR BORGAR SIG

Yfirvöld setja ákveðnar reglur um brunavarnir og slökkvibúnað í byggingum.

Dæmi um þetta eru kröfur um reykskynjara og slökkvibúnað í íbúðarhúsnæði.

Hvað getur þú gert sem bóndi til þess að lágmarka áhættu af sökum elds á þínu býli?

Kynntu þér leiðbeiningaefni um öryggi og vinnuvernd í landbúnaði á bondi.is

Búum vel
ÖRYGGI • HELSA • UMHVÆRÐ

ER ÞITT BÚ
ÖRUGGUR
OG GÓÐUR
VINNUSTADUR?

ÍS FELL



HAFÐU ÖRYGGIÐ Í FYRIRRÚMI
Gott úrval af vottuðum hífi- og festingabúnaði



Ísfell ehf., er fullgildur meðlimur að Lifting Equipment Engineers Association sem eru leiðandi samtök hvað varðar vottun fyrirtækja sem nota og framleiða hífibúnað.

isfell.is
Sími 5200 500

Pekking og þjónusta

GARÐYRKJUSKÓLINN Á REYKJUM



Krýsi er tegund sem á sér ævafora ræktunarsögu. Hún hefur verið ræktuð til skrauts af minnsta kosti síðan á tíma Konfúsíusar í Kína og trúlega mun lengur.

Krýsi – tryggðablóm – prestafífill

Krýsi er skrátt orð en það hefur náð að festa sig nokkuð vel í málinu.

Það er myndað af latnesku heiti einnar ættkvíslar körfublómaættarinnar, Chrysanthemum, sem er dregið af forngríska heitinu *chrysos* (gull) og *antheon* sem þýðir gullblóm.

Eldra íslenskt heiti yfir tegundina er tryggðablóm eða krýsantema, jafnvel prestafífill. Við þekkjum margar tegundir skyldrar krýsa úr gördum okkar og náttúru en varla kemst nokkur þeirra nærri hinum ræktaða krýsa að blómferuð.

Latneskt heiti tegundarinnar hefur lengst af verið *Dendranthema x grandiflorum*.

Krýsi er tegund sem á sér ævafora ræktunarsögu. Hún hefur verið ræktuð til skrauts af minnsta kosti síðan á tíma Konfúsíusar í Kína og trúlega mun lengur. Japanir eru frægir fyrir kynbætur sínar og aðdáun á krýsa enda hafa þeir ræktað hann í þúsund ár og þeir hafa gert hann að þjóðarblómi Japans. Þar er krýsi bæði ræktaður sem garðplanta og afskorið blóm. Í Evrópu hefur tegundin verið þekkt sem skrautjurt í gördum a.m.k. frá 17. öld. Snemma á 19. öld fóru evrópskir blómaáhugamenn að kynbæta krýsa, með ágætum árangri. Nú er krýsi í 6. sæti yfir vinsælustu afskornu blómin í heiminum.

Nær hundrað ár í ræktun á Íslandi

Íslenskir garðyrkjubændur hafa ræktað tegundina í gróðurhúsum sínum í næstum því hundrað ár og alltaf heldur hún vinsældum sínum. Fjöldi afbrigða eru í ræktun, algengust eru svo kölluð „Spray“-afbrigði sem geta myndað fjöldamargar blómgreinar á sama blómstöngli og litaúrvalið er mikið. Einnig eru vinsæl „Standard“ afbrigði sem eru venjulega látin mynda eitt stórt blóm á hverri grein. Gaman er að nota í blómveindi og skreytingar yrki sem hafa óvenjulega blómlögun, eru til dæmis kúlulaga eða hafa löng, þráðlaga smáblóm í körfunni.

Krýsi er skammdegisplanta

Tegundin kys við náttúrulegar aðstæður að blómstra þegar dag tekur að stytta og hefur því verið vinsælt haustblóm. Algengt var að garðyrkjubændur ræktuðu krýsa í gróðurhúsum sínum frá því snemma vors og fram

eftir hausti. Árið Til að ná fram blómmyndun á réttum tíma þarf ræktandinn að stýra blómþroskanum með daglengdarstjórnun. Græðlingar eru settir í beð í gróðurhúsi og haldið í örur vexti við góð birtuskilyrði þar til plönturnar hafa náð hæfilegum þroska. Þá tekur við tímabil í ræktuninni þar sem plönturnar eru myrkvaðar hluta úr sólarhring. Oft er miðað við að sjá til þess að birtufiminn sé ekki meiri en 10-11 klukkustundir á sólarhring, til að koma blómmyndun af stað. Alls getur myrkvunartíminn verið um 2 mánuðir. Myrkvun er ýmist framkvæmd á þann hátt að ljóspéttur dúkur er dreginn yfir beðin kvölds og morgna eða þá að notaður er sjálfvirkur búnaður til að myrkva heil gróðurhúsi eða ræktunarklefa. Með vaxtarlýsingu er vel hægt að rækta krýsa allt árið.

Myrkvun skrautplantna er vel þekkt til að kalla fram blómmyndun. Til dæmis eru jólastjörnur meðhöndlaðar á svipaðan hátt til að stýra því hvenær þær fá sinn fallega lit. Það sama á við um nóvember- eða jólakaktus, hann þarf stuttan dag til að blómin njóti sín sem best. Að loknu myrkvunartímabilinu er stutt í að plönturnar taki að blómstra.

Fjölgað með græðlingum

Græðlingar eru notaðir til að fjölga krýsa. Þeir eru ræktaðir hjá garðyrkjubændum af sérstökum móðurplöntum sem þarf að meðhöndla á allt annan hátt en þær greinar sem eiga að mynda blóm. Því er algengara að ræktendur, bæði hér á landi og í Evrópu, notist við græðlinga sem framleiddir eru nær miðbaug, t.d. í Afríkulöndum og fluttir hingað með flugi. Ella myndi ræktunin verða óþarflaga tafsöm og þannig má halda ræktunarkostnaði og útsöluverði niðri.

Íslensk framleiðsla allt árið

Framleiðendur geta með daglengdarstjórnun og annarri ræktunartækni stýrt framleiðslunni mjög nákvæmlega svo bjóða megi ferskan og fallegan afskorinn krýsa allt árið. Eftir skurð og með rétri meðhöndlun í heimahúsum er hægt að njóta þeirra afskorinna í 2-3 vikur. Langstærstur hluti krýsa á markaði hér á landi er ræktaður í íslenskum gróðurhúsum.

Ingólfur Guðnason

Á FAGLEGUM NÓTUM

Tuttugu stærstu afurðafyrirtæki heims í mjólkuriðnaði

Röð árið 2021	Röð árið 2020	Breyting á milli ára	Nafn	Höfuðstöðvar	Velta, milljarðar USD*	Velta, milljarðar ÍSK**
1	2	↑	Lactalis	Frakkland	23,0	2.917,3
2	1	↓	Nestlé	Sviss	20,8	2.638,3
3	3		Dairy Farmers of America	Bandaríkin	19,0	2.410,0
4	4		Danone	Frakkland	17,3	2.194,3
5	5		Yili	Kína	13,8	1.750,4
6	6		Fonterra	Nýja-Sjáland	13,6	1.725,0
7	7		FrieslandCampina	Holland	12,7	1.610,9
8	9	↑	Arla Foods	Danmörk	12,1	1.534,8
9	8	↓	Mengniu	Kína	11,0	1.395,2
10	10		Saputo	Kanada	10,7	1.357,2
11	12	↑	Unilever	Holland/England	6,6	837,1
12	11	↓	DMK	Þýskaland	6,4	811,8
13	13		Meiji Dairies	Japan	6,0	761,0
14	15	↑	Savencia	Frakkland	5,9	748,4
15	18	↑	Kraft Heinz	Bandaríkin	5,6	710,3
16	17	↑	Agropur	Kanada	5,6	710,3
17	14	↓	Sodiaal	Frakkland	5,5	697,6
18	16	↓	Gujarat Cooperative MMF	Indland	5,3	672,3
19	19		Schreiber Foods	Bandaríkin	5,1	646,9
20	20		Müller Milk	Þýskaland	5,1	646,9

* Veltutölur fyrirtækjanna eru oft byggðar á áætlun Rabobank

** Miðað við miðgengi Seðlabanka Íslands 3. september 2021

Nestlé ekki lengur stærsta fyrirtækið!

Snorri Sigurðsson
snsig@arlafoods.com



Hollenski landbúnaðarbankinn Rabobank gefur árlega út lista yfir stærstu afurðafyrirtæki heims í mjólkuriðnaði, byggt á veltu þeirra af sölu mjólkurafurða.

Undanfarin ár og raunar áratugi hefur hið heimsfræga fyrirtæki Nestlé trótt tryggt á toppi þessa lista og borið höfuð og herðar yfir önnur fyrirtæki á þessu sviði en þeir sem hafa fylgst með þróun heimsmálanna undanfarin ár hafa séð franska fyrirtækið Lactalis sækja hart að Nestlé. Nú er svo komið að sérfræðingar Rabobank telja að Lactalis sé orðið stærra en Nestlé og það eru í raun stórtíðindi á þessum markaði.

Covid-19 með mikil áhrif

Árið 2020 reyndist fyrirtækjum í mjólkuriðnaði erfitt, rétt eins og flestum öðrum fyrirtækjum, vegna heimsfaraldursins og sést það einna helst á veltutölum 20 stærstu fyrirtækjanna á þessu sviði en hún lækkaði um 0,1% miðað við fyrra ár.

Það er einsdæmi að heildarveltan í mjólkuriðnaði dragist saman en til viðmiðunar þá jókst velta þessara sömu fyrirtækja um 1,8% árið 2019.

Skýringin á samdrættinum felst fyrst og fremst í því að heildsöluþjónusta afurðasöluþjónustunnar við fyrirtæki í beinni sölu matvæla



dróst verulega saman. Þá urðu miklar tafir við afhendingu og sendingar á árinu sem höfðu einnig mikil samdráttaráhrif. Þrátt fyrir þessa stöðu varð samdrátturinn þó ekki meiri en raun ber vitni og bendir það til

þess að flest fyrirtækjanna hafi náð að aðlaga söluferla sína hratt að breyttum aðstæðum. Þannig jókst til að mynda sala margra þeirra á vörum í hefðbundnum verslunum, sem og í netverslunum, enda breyttist neysluhegðun neytenda mikið á árinu.

Aukin neysla heima

Hin breytta neysluhegðun á árinu 2020 kom m.a. fram í stóru aukningu sölu á mjólkurvörum sem tengjast morgunverðarborði neytenda og þannig jókst t.d. sala á drykkjarmjólk.

Það er í fyrsta skipti sem slík þróun sést eftir mörg ár með hjaðnandi sölu hennar.

Þá jókst verulega sala á mjólkurvörum sem notaðar eru við hefðbundna matargerð á heimilum um heim allan s.s. á rjóma, smjöri og ostum.

Umhverfisáhrifin skipta máli

Í skýrslunni kemur einnig fram að hliðaráhrif Covid-19 á neytendur hafi m.a. verið sú að aukin hlutfall þeirra er nú betur meðvitaður um umhverfisáhrifin sem fylgja framleiðslu og sölu mjólkurvara. Þetta kemur m.a. fram í sölutölum á mjólkurvörum sem sérstaklega eru framleiddar með umhverfissjónarmið í huga. Flest þeirra 20 fyrirtækja á lista Rabobank hafa nú þegar sett sér skýr markmið um að draga úr sötspori sínu og sum þeirra gefið út, eins og gert hefur verið hér á landi, að eyða því með öllu, innan 2ja til 3ja ára-



Fyrirtækið Lactalis starfar um heim allan og er með mörg heimsþekkt vörumerki á sínum snærum t.d., President, Parmalat, Skånemejerier og nú Siggi's skyr síðan árið 2018.



President er eitt af vörumerkjum Lactalis.

tuga. Ennfremur jókst sala á mjólkurvörum sem byggja í auknum mæli á notkun endurnýjanlegra umbúða eða mjólkurvörum þar sem stigin hafa verið ákveðin skref í að gera umbúðirnar umhverfisvænni t.a.m. með því að draga úr plastnotkun.

Nýr leiðtogi

Eins og áður hefur komið fram er franska einkafyrirtækið Lactalis nú orðið umsvifamest í heiminum þegar horft er til sölu mjólkurafurða. Fyrir 20 árum var Lactalis metið það níunda stærsta í heiminum og var velta þess þá, á verðgildi ársins 2000, 4,8 milljarðar dollara.

Fyrirtækið hefur því vaxið á þessum tveimur áratugum um meira en 370%! Til að setja þennan vöxt í samhengi þá hafa önnur fyrirtæki vissulega vaxið líka á þessu tímabili en flest mun minna og t.d. þá jókst velta Nestlé á tímabilinu um 60%, sem er vissulega myndarlegur vöxtur en setur ótrúlegan vöxt Lactalis í gott samhengi. Rétt er þó að taka fram að hér notar Rabobank verðgildi ársins 2000 í samanburði við árið 2020 svo raunvöxtur miðað við verðgildi er væntanlega eitthvað minni.

Vörupróun og samruni

Tvær meginástæður skýra þennan öra vöxt Lactalis. Sú fyrri er áhersla þess á stöðuga þróun mjólkurvara, sem hefur gefið því tækifæri til þess að vaxa með markaðinum, en hin skýringin felst í markvissum uppkaupum og samruna við önnur fyrirtæki í sama geira.

Þá hafa þegar borist fregnir af því að fyrirtækið hyggist taka yfir ostaframleiðsludeild hins bandaríska Kraft Heinz og við það mun Lactalis vaxa enn frekar um 2,5 milljarða dollara! Það stefnir því allt í það að hinn nýi leiðtogi meðal afurðafyrirtækja í mjólkuríðnaði ætli sér að stinga önnur fyrirtæki af. Þó er líklega full snemma að afskrifa aðra aðila enda hafa mörg fyrirtæki af þeim 20 sem prýða lista Rabobank svipaða áherslu, þ.e. á vörupróun og samruna.

Um Lactalis

Það sem er nokkuð sérstakt við Lactalis er að það er í einkaeigu. Fyrirtækið var stofnað í Laval í Mayenne í Frakklandi árið 1933 af André Besnier. Hann byrjaði á því að framleiða camembert osta og tókst það svo vel að fyrirtækið hefur nánast verið í veldisvexti síðan. Lactalis er s.s. enn í eigu Besnier fjölskyldunnar og í dag er það barnabarn André, Emmanuel Besnier, sem er forstjóri þess.

Fyrirtækið starfar um heim allan og er með mörg heimsþekkt vörumerki á sínum snærum t.d. President, Parmalat, Skånemejerier og Siggí's en það síðastnefnda er þekkt vörumerki í skyrframleiðslu og var stofnað af Sigurði Hilmarssyni í Bandaríkjunum en Lactalis keypti fyrirtækið árið 2018.

Samvinnufélag bænda þriðja stærsta

Á eftir Lactalis og Nestlé kemur svo hið bandaríska Dairy

Farmers of America sem er einfaldlega oftast kallað DFA. Þetta er samvinnufélag þarrendra bænda og er einnig það fyrirtæki í heiminum sem er með mesta innvigtun mjólkur.

Það kann því að vekja upp spurningar um af hverju það er ekki með mesta veltu á heimsvísu, fyrst það er með mest mjólkurmagn en skýringin felst í því að DFA selur mikið af hrámjólki beint til annarra afurðafyrirtækja. Er því ekki í fullvinnslu mjólkurafurða í sama mæli og önnur fyrirtæki á lista Rabobank. Þetta hefur reyndar verið að breytast hjá DFA en árið 2019 rann Dean Foods saman við DFA, en Dean Foods er með fjölbreytt úrval mjólkurvara.

Litlar aðrar breytingar meðal 10 stærstu

Þegar listinn er skoðaður nánar hafa ekki orðið miklar aðrar breytingar á honum frá fyrra ári en þó höfðu hið danska Arla og kínverska Mengniu sætaskipti.

Arla, sem er samvinnufélag bænda líkt og DFA, var reyndar eina evrópska samvinnufélagið á lista Rabobank sem náði að auka veltuna, án samruna eða með uppkaupum, á árinu 2020. Alls jókst velta þess um 1,1% á milli ára. Skýringin á m.a. rætur að rekja til tengslanna við Mengniu en Arla á hlut í hinu kínverska fyrirtæki.

Þar sem faraldurinn kom fyrst upp í Kína lokaðist hratt þar í landi fyrir hefðbundna sölu mjólkurvara til veitingastaða og stóreldhúsa og þurfti því að bregðast hratt við. Þarna fékkst mikilvæg reynsla sem forsvarsmenn Arla bjuggu að þegar sama ástand skapaðist í Evrópu nokkrum mánuðum síðar og gat félagið því brugðist hraðar við stöðunni en önnur fyrirtæki. Til samanburðar má geta þess að heildarvelta hollenska samvinnufélagsins FrieslandCampina dróst saman á árinu 2020 um 1,4%.

Spá stöðugleika

Skýrsluhöfundarnir hjá Rabobank spá því að stærstu fyrirtækin á markaðinum muni halda áfram að vaxa og dafna á komandi árum og að markaðurinn fyrir mjólkurvörur sé nokkuð stöðugur.


Framgangur matvæla sem ætlað er að keppa við mjólkurvörur, t.d. drykkir sem unnir eru úr höfrum svo dæmi sé tekið, hafi ekki haft teljandi áhrif og í raun stækkað markaðinn. Þá séu umsvif þessara fyrirtækja slík að samdrætti á einum markaði, t.d. vegna innkomu matvæla úr plöntuafurðum, sé auðvelt að svara með sókn á aðra markaði þar sem mjólkurvöruneysla sé enn afar lítil.

Þar er sérstaklega bent á að á þeim áratug sem nú er hafinn muni íbúum heimsins fjölga um 750 milljónir og að 35% þessa mannfjölda muni bætast við í Afríku einni.

Þar sé neysla mjólkurvara enn afar lág á hvern íbúa og því mikil sóknarfæri í þeirri heimsálfu fyrir mjólkurafurðir á komandi árum.

STÁLGRIND TIL SÖLU!

495 fm² (18x27,5m)



Nánari upplýsingar veitir

Gísli Már 842-5462 | gisli@veritas.is

Bændablaðið Næsta blað kemur út 23. september

Lifraen hreinsun skólps

ANAEROBIX HREINSIVIRKI
með síu yfir 90% hreinsun



- Verð frá: 250.000 m/vsk.
- Stærðir 3-600 persónueiningar
- Ekkert rafmagn
- Meira en 2ja þrepa hreinsun

- Þægilegar í uppsetningu og lítið viðhald
- Fyrir sumarhús, heilsárhús, hótél o.fl.
- Engar siturlagnir – fyrirferðarlítill
- Mikið pláss fyrir seyru
- CE vottað
- Uppfylla kröfur til hreinsunar á viðkvæmum svæðum t.d við Þingvallavatn

ONE2CLEAN HREINSISTÖÐ
allt að 99% hreinsun



- Verð frá 510.000 m/vsk.
- Stærðir 3-1500 persónueiningar
- Rafræn vöktun (valkvæmt)
- Getur hreinsað eColi allt að 99,9%

INNIFALID Í VERDI

- Afhending á verkstað innan 100km frá Reykjavík
- Drengöng með gátlúgu sem tryggja að vöki komist óhindrað út í jarðveg



HVAMMUSHÓLAR



LESENDARÝNI

Land í byggð er lifandi land

Margir telja að landbúnaður snúist eingöngu um bændur sem yrkja landið og rækta dýr til mannelis. Að landbúnaður snúist einungis um fæðuöflun. Atvinnugreinin landbúnaður á sér langa sögu, enda frum-atvinnugrein sem hefur fylgt þróun mannsins og mun gera það áfram. Hér á landi eru alltaf einhverjar raddir sem tala niður landbúnaðinn. Þegar þessar raddir ræða um innlendan landbúnað eru notuð orð líkt og heimóttarskapur, áttthaga-fjöttrar og stöðnun. Raddirnar telja að einkenni landbúnaðar sé lambalæri með rabarbarsultu í hádeginu á sunnudögum undir sálmasöng Rásar eitt. Hversu gamaldags er hægt að vera?

Allt sem andann dregur

Hvort sem við horfum aftur eða fram á veginn vitum við að landbúnaður er svo miklu, miklu meira. Landbúnaður er skynsamleg nýting auðlinda, loftslagsmál, byggðamál, nýsköpun, frelsi og sjálfstæði. Þeir sem stunda landbúnað vita að það eru og verða alltaf einhverjar áskoranir sem þarf að mæta hverju sinni. Erfið veðr-átta var lengst af helsta áskorun íslensks landbúnaðar. Önnur og jafnvel enn stærri áskorun er í dag samkeppni við innflutt matvæli. Íslenskir landbúnaðarframleiðendur hafa brugðist við þessari áskorun með nýsköpun og fjölbreyttari vöruþróun.

Stuðningur er okkar starf

Vel hefur tekist til en nú er það hlutverk stjórnvalda að veita þann stuðning sem þarf til að efla samkeppnisaðstöðu innlendra framleiðenda. Aðrar þjóðir allt í kringum okkur hafa uppgötvað mikilvægi þess og hafa brugðist við með margs konar stuðningságerðum. Það má með mikilli vissu segja að endurskoða þarf alla ytri umgjörð og starfsskilyrði landbúnaðarins ef ekki á illa að fara. Landbúnaðurinn þarf nauðsynlega ákveðin „verkfæri“ til þess að takast á við breytta heimsmynd.

Framsókn hefur staðið með íslenskum landbúnaði og varið hann ágjöf. Það skiptir máli að standa vörð um fæðu- og matvælaöryggi á Íslandi. Það höfum við fundið í þeirri stöðu sem uppi hefur verið undanfarnin misseri. Sterkt landbúnaðar- og mætvælaráðuneyti skapar tækifæri í auknum umsvifum og blómstrandi nýsköpun í landbúnaði. Íslenskir matvælaframleiðendur þurfa meiri frelsi til að auka virði framleiðslu sinnar og heimila ætti heimaslátrun og -vinnslu, en hún þarf að sjálfsgöðu að standast kröfur. Tækifærin eru fjölmörg, við þurfum að sjá þau og vinna með þeim.

Sjálfbærni og kolefnisspor

Þá er það mikilvægt að styrkja ís-



Halla Signý Kristjánsdóttir.

lenska matvælaframleiðslu vegna matvælaöryggis, matvælaheilbrigðis og síðast en ekki síst til að minnka kolefnisspor. Á liðnu kjörtímabili var samþykkt aðgerðaráætlun um matvælaöryggi og vernd búfjárfestna. Þessari aðgerðaráætlun sem er í 17 liðum þarf að framfylgja að fullu og alltaf að hafa að leiðarljósi að hún sé uppfærð. Tollasamninga ber að virða og endurskoða þarf tollasamninga við ESB ekki síst vegna forsenedubrests í kjölfar Brexit. Þá þarf að huga að landnýtingu þar sem ræktun er sjálfbær. Stuðningur þarf að koma frá hinu opinbera til að styðja við fjölbreytta ræktun og landnýtingu sem áfram stuðlar að kolefnisbindingu.

Fráfarandi ríkisstjórn hefur sett af stað metnaðarfulla áætlun í loftslagsmálum. Sama verkefni liggur fyrir komandi ríkisstjórnunum. Þjóð sem hefur það að leiðarljósi að minnka kolefnisspor og nálgast sjálfbærni til framtíðar hlýtur að hlúa að umhverfi íslenskrar matvælaframleiðslu sem allra best. Framsókn hefur haft það markmið og leggur áherslu á að viðhalda áframhaldandi stöðu Íslands í fremstu röð í vörn gegn sýklalyfjaógnæmi. Við sjáum að sýklalyfjaógnæmi er orðinn vandi víða erlendis. Okkar forskot þarf að verja.

Vörslumenn auðlinda

Stefnt er á að Ísland verði kolefnishlutlaust árið 2040. Þeir sem yrkja landið vita að loftslagsmál er forsenda þess að líf dafni. Stefna okkar Framsóknarmanna er að styðja þurfi betur við skógrækt, landgræðslu og fjölbreytta ræktun til að mæta betur skuldbindingum okkar í loftslagsmálum. Það skiptir máli að allt landið sé í byggð, bændur eru vörslumenn þeirrar auðlindar sem við eigum allt undir. Með styrkum stuðningi við landbúnað eflum við þróun mannlífs og byggð í landi öllu.

Halla Signý Kristjánsdóttir
Höfundur er þingmaður Framsóknar og er í framboði fyrir sama flokk í Norðvesturkjördæmi.

Okkar hjartans mál

Alveg sama hvað okkur finnst um Alþingi, „kerfið“ eða stjórn málin almennt, þá er það á Alþingi sem ákvarðanir eru teknar. Þessar ákvarðanir „ramma inn“ líf okkar allra, hvort sem það er til góðs eða ills.

Ef við erum svo heppin að lifa áfallalaus lífi þá er þessi ramma bara nokkuð fín og auðvelt að setta sig við hann að mestu leyti. Þó að við myndum kannski vilja gera einhverja breytingar á honum, erum við ekki að gera neitt veður út af því.

Það eru hins vegar fáir sem fara áfallalaus í gegnum lífið og í sumum tilvikum eru áföllin þess eðlis að ramminn passar manni illa, eða bara alls ekki og það er þá sem ballið byrjar fyrir alvöru.

Gallinn er bara sá að við áfall, hvort sem það stafar af veikindum, örorku eða fjármálum, á fólk yfirleitt fullt í fangi með að troða marvaðann og halda haus. Þannig á einstaklingurinn lítið afgangar til að berjast fyrir sjálfan sig og það er einmitt þá sem brestirnir koma í ljós. Nákvæmlega þegar þú hefur enga krafta til að taka slaginn sem þarf að taka!

Hvað er ég að vilja upp á dekk?

Ég hef hvorki lent í alvarlegum veikindum né örorku en ég er ein af þeim þúsundum sem varð hvað verst úti í hruninu og er enn, 13 árum síðar, að berjast við afleiðingar þess.

Sú saga verður ekki rakin frekar hér en þarna sá ég að pólitík skiptir máli. Alveg sama hvað mér finnst um hana, alveg sama hversu leiðileg mér finnst hún vera, alveg sama hversu spilt mér finnst hún vera, alveg sama hversu fátjánleg vinnubrögðin inni á Alþingi virðast vera.

Ekkert af þessu skiptir máli. Svona lítur leikvangurinn út í dag og við verðum að spila á honum og beygja okkur undir leikreglur eins og þær eru, til þess að eiga minnstu möguleika á því að breyta þeim.

Það er mikilvægt að við áttum okkur á þessu því líf okkar allra og lífsgæði eru undir.



Ásthildur Lóa Þórsdóttir.

Einu gildir hvað mér finnst um völlinn og leikreglur, ég get ekki beðið með að bjóða mig fram þangað til Alþingi er eins og ég vil. Ég verð að fara inn núna og gera það sem ég get til að breyta því.

Einu gildir hvað mér finnst um völlinn og leikreglur, ég get ekki beðið með að bjóða mig fram þangað til Alþingi er eins og ég vil. Ég verð að fara inn núna og gera það sem ég get til að breyta því.

Berjumst saman til sigurs!

Mörgum finnst þetta vonlaus baráttu því „það muni ekkert breytast“. Vissulega er á brattann að sækja, baráttan mun taka á og breytingar munu taka tíma. Og auðvitað mun ég verða fyrir skítasti fyrir það eitt að vera inni á Alþingi.

En hinn kosturinn er að taka ekki þátt og standa „hrein og flekklaus“ á hliðarlínunni án þess að hafa nokkur áhrif á gang leiksins.

Þetta var ekki erfið ákvörðun því það eina sem ég veit, er að ef við gerum ekkert, þá mun ekkert breytast – aldrei! Þess vegna snúum við

bökum saman og berjumst saman til sigurs.

Kosningamál eða hjartans mál

Það var engin tilviljun að ég ákvað að ganga til liðs við Flokk fólksins. Ég berst af hugsjón og sitjandi þingmenn flokksins hafa sýnt fram á að þau brenna af hugsjón í sínum málflutningi og baráttu.

Bæði þau og við hin sem höfum gengið til liðs við þau, brennum fyrir málefnum sem, þó þau séu ekki endilega eins, eru hvor sín hliðin á sama teningnum.

Öll brennum við fyrir réttlæti og velferð, fyrir því að allir hafi það gott í ríku landi, að allir njóti góðrar heilbrigðisþjónustu og að auðlindirnar, hvort sem það er kvótinn eða orkan, séu í höndum þjóðarinnar og að við njótum sameiginlega arðsins af þeim.

Það á að vera sama á hvaða hlið teningurinn lendir, niðurstaðan á alltaf að vera réttlæti og að enginn líði skort.

Kjósendum hafa skýra valkosti í þessum kosningum. Ég hvet þá til að skoða sögu okkar sem bjóðum okkur fram fyrir Flokk fólksins.

Við höfum ekki þurft að breyta um takt og velta fyrir okkur hvaða loford kjósendur vilja heyrja.

Við höfum ekki lofað neinu sem við höfum ekki þegar barist fyrir af hjarta og sál.

Aðrir flokkar hafa reynt að taka upp mörg af okkar málum í aðdraganda kosninga þótt staðreyndin sé sú að þeir hafi þegar hafnað þeim í atkvæðagreiðslum á Alþingi.

Hver er trúverðugleiki kosningalofrða slíkra flokka?

Flokkur fólksins leggur ekki fram „kosningamál“ heldur sín hjartans mál.

Við munum aldrei hætta að berjast fyrir þeim fyrr en sigurinn vinnst.

Settu X við F fyrir þína framtíð.

Ásthildur Lóa Þórsdóttir
formaður Hagsmunasamtaka heimilanna og oddviti Flokks fólksins í Suðurkjördæmi

Meiri skógrækt – betra loftslag

Segja má að loftslagsmál hafi verið í brennidepli undanfarnar vikur, allt frá því að loftslagsnefnd Sameinuðu þjóðanna birti ógnvænlega skýrslu um stöðu þessara mála. Píratar hafa um árabil haft mjög metnaðarfulla stefnu í loftslagsmálum, enda hlaut hún hæstu einkunn Ungra umhverfissinna nýverið. Í stefnunni segir m.a.:

Loftslagsmálin eru án efa eitt af stærstu viðfangsefnum samfélans. Við Píratar erum tilbúin í þær aðgerðir sem þarf að ráðast í til að byggja upp græna og sjálfbæra framtíð. Á sama tíma vitum við að fram undan eru óumflýjanlegar umbreytingar á veröld okkar sem Íslendingar, eins og heimsbyggðin öll, þurfa að búa sig undir. Við sjáum fyrir okkur samfélag og lífríki sem blómstrar þrátt fyrir þau risavöxnu verkefni sem glíma þarf við.

Kolefnishlutleysi er lykilþáttur í að leiðrétta loftslagsógnina. Við viljum ná því með því að byggja upp græna og sjálfbæra framtíð, sem krefst opinberra fjárfestinga með tilheyrandi tækifærum til nýsköpunar og atvinnuþróunar. Við viljum búa til skattalega hvata fyrir atvinnulíf til að grænvæðast, styrkja græna sprota, koma í veg fyrir stuðning við mengandi stóriðju, meta allar aðgerðir ríkisins og útgjöld þess út frá umhverfis- og loftslagsmálum,



Einar Brynjólfsson.

svo fátt eitt sé nefnt. Á þessum vettvangi langar okkur til að benda á eina leið í átt að kolefnishlutleysi sem jafnframt er hluti af stefnu Pírata en hefur ekki fengið mikið rúm í opinberri umræðu, en það er stóraukin skógrækt. Tré losa koltvísyring úr andrúmsloftinu og binda hann í vefjum sínum og í jarðveginum en skila súrefnishlutluta CO₂ sameindarinnar aftur út í andrúmsloftið.

Skoðum nokkur gildi fyrir einn hektara skógar: Plöntun og girðing kostar um 500.000 kr. Binding kolefnis er 7-8 tonn á ári að meðaltali yfir landið. Uppsæra gæti orðið 7 tonn á ári ef miðað er við 60 ára vaxtarlotu. Ágóðinn af uppbyggingu þessarar auðlindar er í raun margþættur: Hún bindur kolefni, gefur af



Skúli Björnsson.

sér afurð, skapar vinnu og – síðast en ekki síst – er til mikillar þryði.

Skóg- og kjarrlendi landsins, sem nú þegar er til staðar, geymir 37% þess kolefnis sem bundið er í lífmassa landsins en þekur einungis 1,9% landsins. Nú er lag að ráðast í stórtak í nýskógrækt, með því verður stigið eitt skref – af mörgum – í átt til kolefnishlutleysis, í átt að betra loftslagi fyrir komandi kynslóðir.

Einar Brynjólfsson & Skúli Björnsson
Einar og Skúli skipa 1. og 5. sæti á lista Pírata í Norðausturkjördæmi við alþingiskosningarnar 25. september nk.

Bændablaðið
Næsta blað kemur út
23. september

LESENDARÝNI

Náttúra Íslands, auðlind í landbúnaði

Landbúnaður og náttúruvernd eru hugtök sem gjarnan er stillt upp sem andstæðum.

Eitt sé að vernda en annað að nýta náttúruauðlindir. Þetta er ekki rétt því hér á hvort að styrkja annað. Ísland býr yfir einstakri náttúru og lífríki sem við þurfum að gæta og vernda fyrir okkur og komandi kynslóðir til að njóta, en ekki síður til að tryggja jafnvægi í lífríkinu og lífvænleg skilyrði á jörðinni. Íslenskur landbúnaður þarf aðgengi að nauðsynlegum náttúruauðlindum s.s. góðan jarðveg til ræktunar og grösug beitarlönd. Íslenskur landbúnaður þarf að byggja á sjálfbærri nýtingu þessara náttúruauðlinda og burðarþoli hverrar bújarðar. Sjálfbær nýting náttúruauðlinda í landbúnaði þarf ekki að fórna náttúruverðmætum á borð við einstök landslagseinkenni, breytileika lífríkis eða sérstæð og sjaldgæf vistkerfi t.d. votlendisvistkerfi.

Við í VG vitum að íslenskur landbúnaður á bjarta framtíð fyrir sér ef rétt er haldið á spilunum og náttúruvernd verður þá einn helsti styrkleiki hans.

Bændur eiga að geta stundað arðbæran búskap samhliða markvissri náttúruvernd sem á að vera þeirra vörumerki og metnaður. Við eigum að nýta sérstöðu íslenskrar náttúru fyrir okkar landbúnaðarafurðir.

Til þess þurfum við að breyta stuðningskerfi landbúnaðarins og hverfa frá framleiðsluhvetjandi stuðningi, en taka upp kerfi sem styður við sjálfbærni, náttúruvernd og gæðaframleiðslu.

Mikil tækifæri liggja í að minnka kolefnisspor landbúnaðar. Bændur geta gegnt lykilhlutverki í að Ísland nái markmiðum sínum um kolefnishlutleysi árið 2040.

Efla þarf þátttöku bænda í umhverfis- og loftslagsverkefnum og styðja við þá í því verki, þannig að þeir sjái sér hag í þátttöku. Í þessu eru bændur með þátttöku sinni beint og óbeint að framleiða ýmsar óefnislegar afurðir sem koma almenningi til góða. Þar má nefna kolefnisbindingu, kolefnisgeymslu, hreint vatn, heilbrigð vistkerfi, búsvæði annarra lífvera o.fl. Styrkjakerfið þyrfti að greiða fyrir þessar afurðir.

Lífrænn landbúnaður hefur minna kolefnisspor. Beitiland, heyskapur og ræktun matjutra verður sjálfbært með því að notkun tilbúins áburðar er hætt. Aðlögunarferli að lífrænum landbúnaði er nokkuð langt og lífrænn landbúnaður hefur hægara framleiðsluferli og er því kostnaðarsamari, sérstaklega á aðlögunartíma lands, húsakosts og búnaðar. Styrkjakerfi landbúnaðarins þyrfti því að koma betur til móts við þetta ferli en gert er í dag.

Umhverfi í landbúnaði þarf að hvetja bændur til nýsköpunar og veita svigrúm og getu til þróunarstarfa. Aukin heimavinnsla afurða og sala beint frá býli eykur virði vörunnar og styrkir bæði framleiðandann og nærsamfélagið, myndar traustara samband og eykur skilning milli framleiðanda og neytanda. Minni sláturhús, svokölluð handverkssláturhús



Heiða Guðný Ásgeirsdóttir.



Sigurður Torfi Sigurðsson.

og löglega útfærð heimaslátrun er stór forsenda fyrir vinnslu og sölu beint úr héraði.

Suður- og suðausturland er fyrir margra hluta sakir kjörrið til matvælaframleiðslu og er eitt hentugasta svæði til landbúnaðar á Íslandi. Hagstætt veðurfar og landrými til kornræktar, heitt vatn til ylræktar, gnægd af fersku vatni, beitolönd fyrir búpening og landrými til heyöflunar og grænfróðurræktunar. Það að framleiða sem mest af matvælum heima fyrir samræmist vel ákalli nútímans um minna kolefnisspor.

Vinstri græn eru eina stjórn-málahreyfingin í landinu sem hefur heildstæða stefnu í náttúruvernd og umhverfismálum og landbúnaðarstefnu sem byggir á sjálfbærri landnotkun og grænum hvötum. Að opinberum aðilum frátöldum eru bændur stærstu eigendur lands á Íslandi. Með samþættingu landbúnaðar og náttúruverndar styrkjum við byggðafestu í landinu.

Á sama tíma fær náttúruvernd byr undir báða vængi og matvælaöryggi þjóðarinnar er styrkt.

*Heiða Guðný Ásgeirsdóttir
bóndi skipar 2. sæti á lista VG
í Suðurkjördæmi.*

*Sigurður Torfi Sigurðsson
bóndi og ráðunautur
skipar 8. sæti á lista VG í
Suðurkjördæmi.*

Husqvarna®

HÁ verslun ehf tók við umboði Husqvarna byggingavörum á Íslandi þann 11. júní.

- Steinsagir
- Kjarnaborvélar
- Jarðvegsþjoppur
- Sagarblöð
- Kjarnaborar



Husqvarna K970
15,5 cm sögunardýpt



Husqvarna K3600
Vökvasög
Sögunardýpt 27cm

Þjónustuverkstæði og varahlutir



Víkurbær 4 - 203 Kópavogur
Opíð mán. - fös. kl. 8-17.
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is



SKOTBÓMULYFTARI AUSA T235H

EIGUM TIL Á LAGER

Lyftigeta: 2.300 kg | Lyftihæð: 5 metrar
Fjór hjóladrif og fjór hjólastýri

Einstaklega gott útsýni
Euro festingar með hraðtengi að framan



Hafðu samband við sölumenn
í síma 590 5100 eða á sala@klettur.is

KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / KLETTAGARÐAR 8-10
104 REYKJAVÍK / 590 5100 / klettur.is



Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300

Dreift í 32 þúsund eintökum á yfir 420 dreifingarstaði og öll lögbýli á Íslandi

VÉLABÁSINN



Audi A5 metan og bensínbíl.

Myndir / HLJ

Lítið í boði af umhverfisvænum bílum nema rafmagnsbílum

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is



Frá því að þessir pistlar um bíla, fjórhjól og önnur vélknúin tæki hófst hér fyrir um 12-13 árum hef ég eingöngu reynt að prófa ný tæki sem umboð eru að flytja inn fyrir utan örfá skipti þegar ég skrifaði um tilraun með lítið tæki sem framleiddi vetnisfroðu sem auka eldsneyti í gömlum bíl sem ég átti.

Þetta virkaði fínt á vissum snúningi vélarinnar og sparaði töluvert bensín á lágum snúningi.

Vetni og metan eru að mínu mati umhverfisvænstu orkugjafar og vélar sem brenna vetni og metan eru með mun hreinni bruna og menga andrúmsloftið sára lítið.

Heimsókn í flest umboðin olli vonbrigðum

Nú stendur til að fara að endurnýja heimilisbílinn sem er orðin fimm ára og fórum við hjónin í bíltúr á milli umboðanna í leit að arftaka. Með vissar hugmyndir, sérvisku og hjátrú um að auka-orkugjafinn má ekki vera rafmagn.

Ástæðan er að við búum á þannig stað að rafmagnshleðsla er ekki í boði og að rafmagnsbílar eru að mínu mati dýrari viðhaldslega í rekstri en aðrir bílar.

Fyrir mér væri ég til í að auka-orkugjafinn væri vetni eða metan, en ekkert framboð virðist vera af metan- eða vetnisknúnum bílum hjá umboðunum.

Fyrir nokkrum árum var nánast hægt að sérpanta hvaða bíl sem var



Dráttargetan er fín og fór bíllinn létt með fjórhjólíð í eftirdragi.

hjá flestum umboðunum, en það eru greinilega breyttir tímar. Ef maður nefnir við sölumenn nýrra bíla að sérpanta bíl sem er annaðhvort vetnisbíll eða metanbíll þá vill enginn við mann tala og á þessum fjórum stöðum sem ég spurði var áhuginn enginn.

Ég virðist ekki vera einn um þessa upplifun því að ég frétti af því að Sorpa hefði flutt inn metanbíll sjálfir vegna þess að umboðið hafði lítinn áhuga á því. Ég kom mér í samband við Guðmund Tryggva í Sorpu og fékk að prófa bílinn.

Sorpa fékk aðstoð við að flytja inn óskabílinn

Í samtali við Guðmund Tryggva Ólafsson, rekstrarstjóra endurvinnslustöðva SORPU, nýlega, þar sem vistvænir orkugjafar voru til umræðu, kom fram að það væri að fjölga í flóru nýrra metan ökutækja á Íslandi. Komið væri að endurnýjun bíla í notkun hjá SORPU, en um-

ræddir bílar eru allir metanknúin, en gefum Guðmundi Tryggva orðið:

„Þegar farið var yfir valkostina, það er að segja hvaða verksmiðju-framleiddu metanbílar eru í boði í Evrópu komu fram nokkrir áhuga-verðir valkostir. Seat er að framleiða nokkrar útgáfur, Skoda er með Octavíu, Scala og Kamiq með metanvélum, þá er Audi með A3, A4 og A5, VW er með UP, Polo og Golf, Dacia er með Sandero, Opel er með Zafira, Fiat með Panda og Punto. Þetta er samt ekki tæmandi listi.

Leitað var til bílannflytjenda um verð á nokkrum metanbílum frá Evrópu, þar kom meðal annars fram álitlegur valkostur, Audi A5, sem kostaði nánast það sama og Skoda Octavia CNG sem í boði var hjá Heklu fyrir rúmar 6 milljónir.

Þar sem metan er 17% umhverfisvænni orkugjafi en rafmagn og þar sem nýjum metanbílavalkostum á íslenskum markaði hefur ekki fjölgað síðasta árið og þar sem metangas-framleiðsla SORPU gengur vel,

var ákveðið að taka Audi A5 gtron (metanbíll). Bílannflytjendur hafa í framhaldinu sýnt innflutningi á metanbílum áhuga og má leita eftir frekari upplýsingum um gerðir og verð hjá bílasölu Netbílum.“

Kom skemmtilega á óvart og fáir gallar

Ég prófaði þennan tiltekna Audi A5 metanbíll sem kostaði um 6,4 milljónir hingað kominn. Bíllinn var ljúfur í akstri, kraftmikill, lágvær (mældist ekki nema 70 db.).

Fór með fjórhjól á kerru á bílnum



Bensínsmælirinn hægra megin, en metanmælirinn vinstra megin og hálfur eftir um 140 km akstur.

upp á Sandskeið og ég fann ekki að bíllinn hefði mikið fyrir þyngdinni upp Lögbergsbrekkuna. Á malarvegi var gott að keyra bíllinn fyrir utan að ekki var mikla fjöðrun að fá úr lágum 18 tommu götudekkjunum. Snerpan góð, og það góð innanþegar að ökuskríteinið var nokkrum sinnum í hættu.

Það var ekki nema tvennt sem mér líkaði ekki. Það vantar varadekkið og felgurnar mættu vera tveim tommum minni fyrir minn smekk svo að maður fái meiri fjöðrun út úr dekkjunum á ósléttum vegum.

Alls keyrði ég bíllinn um 150 km og var þá metantankurinn hálfur (gæti trúað að hægt væri að komast um 400 km á metantanknum með skynsömum akstri), en í samanburði við að í dag kostar bensínlítrinn yfir 250 krónur, en metan „lítrinn“ er á um 150 kr.

Annars óska ég Sorpu til hamingju með nýja bíllinn og að mínu mati tel ég þetta hafa verið góð kaup og takk fyrir lánið á bílnum.



Góð hávaðamæling, betri en í mörgum rafmagnsbílum.

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

Of margir trassar í umferðinni

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is



Í þessum pistlum hef ég oft talað um umferðina, ósköp eðlilegt þar sem í minni aðalvinnu telst ég vera atvinnubílstjóri sem meðal annars felst í að bjarga fólki úr vandræðum með sprungin dekk.

Um síðastliðna helgi ók ég um fjölfarna vegi bæði um Suður- og Vesturland og eðlilega mætti ég mörgum bílum á þeirri leið. Eðlilega margir bílar voru bara með annað framljósið kveikt, töluvert margir alveg ljóslausir og eins og alltaf voru alltof margir bílar á ferðinni algjörlega ljóslausir að aftan.

Það virðist sem sumu fólki í umferðinni sé nákvæmlega alveg sama um allt sem kallast umferðaröryggi. Fyrir aðra í umferðinni og umferðaröryggi þurfa ljós að vera í lagi og nú á þessum tíma árs þegar fólk er töluvert enn að ferðast þarf ljósabúnaðurinn að vera í lagi.

Fjölskyldubíllinn þarf að vera í lagi og engar undantekningar

Það ætti að vera regla hjá öllum að yfirfara bílinn reglulega, skoða ljós, mæla olíu, athuga með kælivökva og athuga hvort loft sé í varadekkinu. Í sumum bílum er varadekkið fest undir bílnum að aftan, þessi varadekk vilja oft vera svo föst að ekki er nokkur leið að ná þeim þegar maður þarf á þeim að halda. Athugið hvort hægt sé að ná varadekkinu undan bílnum og ekki bíða með það því þegar dekk springur hjá manni er yfirleitt rok og rigning og maður sjálfur í sparifötunum.

Ef einhver tekur eftir því að dekkinn slitna meira að utan eða innan þá er eitthvað að hjólabúnaðinum og hjólastilling kostar yfirleitt töluvert minna en eitt dekk.



Ekki annað hægt en að hæla þessum malbiksíl fyrir mjög góðan afturljósabúnað.

Fyrir flestum er fjölskyldan það dýrmætasta sem maður á. Fyrir stuttu síðan kom fjölskyldubíll á verkstæðið þar sem ég vinn með dekk sem lak og það um að fá dekkið viðgert, en þegar honum var sagt að dekkið væri gjörsamlega ónýtt og að hann þyrfti að kaupa ný dekk undir bílinn, var hann ekki sáttur. Þegar ég hálfpartinn skammaði hann fyrir kæruleysi að keyra með fjölskylduna í bíl á gjörsamlega ónýtum dekkjum, sannfærðist hann á endanum og ók út á nýjum dekkjum.

Vetrardekkjahugleiðingar

Það styttist sumarið og ekki langt í fyrstu frost, hálfu og snjó. Þá þarf að huga að vetrardekkjum, negldum eða ónegldum. Því miður eru komnir á götunarnokkrir bílar með þannig stærðir af dekkjum að ekki eru til neglanleg vetrardekk á þá og jafnvel getur verið mjög vont að fá á þessa bíla vetrardekk.

Sjálfur er ég með á mínum bílum nagladekkinn tilbúin á felgum, en stundum er hreinlega ódýrara að kaupa felgur og dekk.

Fyrir bíla sem eru með dekk sem hafa mjög lágan prófil þá er skyn-

samlegt að kaupa minni felgur. Flestir bílar geta verið með einni tommu minni felgur, en í öðrum er hægt að minnka niður um allt að þrjár tommur. Með því að setja minni felgur fær maður í staðinn meira gúmmí og þar af leiðandi betri fjöðrun út úr dekkjunum í klaka. Einnig ef maður er með meira gúmmí á hæðina þá hefur maður möguleika á að hleypa lofti úr dekkjunum til að auka grip og flot.

Lof og last

Stundum finnst manni sumar bíla-tegundir og bílstjórar þeirra skera sig úr með ýmsa hluti. Sem dæmi finnst mér að eigendur af Tesla skeri sig úr með að gefa aldrei stefnuljós. Nissan Liv rafmagnsbílarinn er oftast ljóslausir að aftan og líka Toyota. Suzuki Jimny eru oftast ljóslausir að framan og oftast eru það eigendur og bílstjórar á Volvo sem keyra í veg fyrir mig á mótorhjólunum. Þetta er engin regla og til eru undantekningar, en þeir sem eiga þessa köku taki hana til sín og vonandi fyrirgefa mér hinar saklausu orð mín hér að ofan.

Hól vikunnar fær vörubíllinn með malbikið sem ók á undan mér í vikunni sem leið (sýndist standa á



Þetta dekk kom undan fjölskyldubíl, þegar ég skammaði fjölskyldufóðurinn var hann ekki sáttur við mig.



Skoðið dekkinn og ef þau slitna svona þá er eitthvað að í hjólabúnaðinum.

hliðinni á honum S.V. Bílar). Flottur ljósabúnaður sem sést úr órafjarlægð

og bíllinn vel hirtur þrátt fyrir að vera malbiksbíll.

ÞAÐ ER BARA SOLIS

SOLIS 26 HST
Með vökvaskiptingu
Verð: 1.865.000+vsk

SOLIS 26
Beinskípt
Verð: 1.480.000+vsk

Míðað við gengi evru 150kr
Aukabúnaður á mynd:
Frambúnaður

www.vallarbraut.is vallarbraut@vallarbraut.is S-4540050

KROSSGÁTA Bændablaðsins

	159	TÍMA- MÆLIR	HÆTTA	LOK	Í RÖÐ	ÁKAFI		RJÚKA	RÖKKUR	AFSPURN	SÖNGLA
	PRESTA- STÉTT										
	SJÓNGLER					HEIDUR					
	MEIN			GERVIEFNI		FÆRNI					
	VÖNDULL			NÜDLUR				ÓVILD			
	SNÍKJUR							SÆLLÍFI			
	↓	ÁSTUNDUN	RÓTA HLJÓM			SAFNA SAMAN					
	GNÆFA YFIR			FORM	SÆTI PÚRFAL- LINGUR			FÍFLAST	DREIFA	SAMTÖK	
	LENGJA			AND- SPÆNIS BLANDAR			HNUSA	TALA			
	Í RÖÐ		ÁVÖXTUR				SNUD				
	STEFNA		HINDRA				SLEIKJA				HEGNI
			MAKA								
			GLJÁI			SEINNA					
		SKURD- BRÚN						ÁVERKI			
		ÁVINNA						NABBI			
	SKRÁ					SVELGUR			STRÍÐNI		BÓK- STAFUR
						RÉNUN					
	OFMENNI					SPARSÓM				HVORT	
						TVEIR EINS				FRÁ	
	GAN				TALA				STAGL		
	ÁTT		LÉT								DRYKKUR

Lausn á krossgátu í síðasta blaði

	158	KLUNNI	MINNI	ALDIN	TVEIR EINS	FIMUR		ERGJA	PLANTA	SPERILL	GORT
	VERKFARI	K	L	A	U	F	H	A	M	A	R
	LÆNA	L	Æ	K	U	R	DRYKKUR VEGI	M	Y	S	A
	SEYLA	A	G	A	KVERJA LVKT	Á	V	A	R	P	U
	FISKUR	U	R	R	A	R	I	MISSIR BRESTA	T	A	P
	YFIRHÖFN										
	↓	A	NABBI	ÓSLÉTTUR HLJÓTA	Ú	F	I	N	N	JURT ÓÐ	G
	MÍÐJA	N	A	F	L	I	BERJA	PASSI HLUTA	G	Æ	T
	VÍÐ	D	R	Á	P	NAUMUR VISA LEIÐ	S	P	A	R	FLAUMUR DULSTIRNI
	BARÐAGI	A	T	KK NAFN FÚS	A	L	L	A	N	DRIFA GÖRM	K
	HÁTTUR	L	A	G	ILLÆRI KEFNT	Ó	Á	R	ENDUR- GJALDA HLJÓG	S	V
		Æ	BÓK- STAFUR ÞRA	J	O	Ð	GLATA	T	A	P	A
	STEIN- TEGUND	K	V	A	R	S	ÞÍÐA ANDVÆLI	A	F	Í	S
	STEFNA	N	O	R	Ð	A	N	STO	A	R	I
	HUGUR	S	I	N	N	A	HELL- EINING	E	K	R	A
		R	A	U	Ð	E	I	K	TEYMA	L	E
	TRE										

Bændablaðið

kemur næst út 23. sept.

Smáauglýsingar 56-30-300

LÍF & LYST – BÆRINN OKKAR

Arnbjörg er nýbýli, stofnað úr landi Þverholta, sem var heimili foreldra Gunnars. Gunnar og Guðríður stofnuðu og byggðu Arnbjörg.

Byrjað var að byggja einbýlishús og síðar var hesthús/reiðskemma byggð og nú síðast hænsnakofi. Þau hafa búið á bænum síðan 2010 og hafa stundað hrossarækt. Einnig eru þau mjög áhugasöm um fiðurfénað.

Býli: Arnbjörg.

Staðsett í sveit: Álfaneshreppi á Mýrum, Borgarbyggð.

Ábúendur: Gunnar Halldórsson, jarningamaður og tamningamaður, og Guðríður Ringsted, hjúkrunarfræðingur og tónlistarkona. Þau búa ásamt þremur börnum sínum af fjórum. Þau eru Agla (13), Halldór (10) og Brák (6). Hördur Gunnar (21) er fluttur að heiman en er oft með annann fótinn í sveitinni.

Nokkur gæludýr fá að vera innanhúss, tveir hundar, þrjú kettir, ein kanína, einn páfagaukur og tveir fiskar.

Stærð jarðar? 330 hektarar. Þar af 20 hektara tún.

Gerð búis? Hrossaræktarbú.

Fjöldi búfjár og tegundir? Slatti af hrossum, 12 hænur, 5

endur, 3 kalkúnar og ein grágæs. Þó nokkur egg á dag.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Dagarnir eru misjafnir en alltaf þarf að byrja á að gefa á morgnana, bæði hestum, fuglum og öðrum gæludýrum. Gunnar vinnur við jarningar fyrri part dags hér og þar um héraðið. Þegar heim er komið er unnið við tamningar seinnipartinn. Guðríður sinnir helst fuglunum og gæludýrunum milli vakta og útteilur eggjum til vana og vandamanna. Á skóladögum er vaknað kl. 6.30 og krakkarnir fara með skólabíl frá húsi rúmlega sjö en um helgar er sofið út og byrjað síðar.


Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Skemmtilegast er að fylgjast með folöldum koma í heiminn á vorin, alveg eins og að



fylgjast með ungum klekjast úr eggjum. Ef eitthvað er leiðinlegt þá er það að tína rúllur heim af túnunum.

Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár? Með svipuðu sniði en þó meiri áhersla á tamningar og mögulega fleiri fuglategundir. Jafnvel fleiri dýrategundir, t.d. svín. Upp hefur komið hugmynd um gæludýragarð en það er bara hugmynd sem er ólíklegt á þessum tíma að verði nokkuð til.

Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í framleiðslu á íslenskum búvörum? Það er alltaf gott þegar



það er nóg og fjölbreytt úrval af íslenski matvöru í verslunum. Best ef það er sem styst frá frumframleiðanda/bónda.

Hvað er alltaf til í ísskápnum? Egg eru alltaf til, svo er það þetta venjulega, mjólk, ostur, smjör, ávextir og grænmeti. Ískaldur kristall í dós.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Kjúklinga enchiladas með heimagerðu guacamole.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Þegar hesthúsið var loksins tekið í notkun eftir langan tíma í byggingu. Blóð, sviti og tár.

MATARKRÓKURINN

Svartyllis-edik og ofnbakað íslenskt grænmeti

Bjarni Gunnar Kristinsson
matreiðslumeistari
bjarnigk@gmail.com



Svartyllis-edik

Þetta auðvelda blóma-edik er fráber leið til að fanga blómabragðið af ferskum svartylli (elderflowers). Og nú blómstrar hann í gördum og hægt að nota sem krydd í sæta og bragðmikla rétti. Ef ekki er svartyllir er hægt að nota síðustu rósirnar eða hvannarfræ.

Ræktun á Íslandi

Svartyllaræktun hefur verið stunduð

hérlandis, en almennt með litlum árangri og verið meira sem fjölært blóm, frekar en runni, vegna kals en ýmsir eru með grænar hendur.

Hráefni

- › 500 ml edik (t.d. hvítvín, eplasafi eða hrísgrjónavinsedik)
- › 4 hausar af fersku elderflower, lífrænum rósum eða hvannarfræjum

Gangið úr skugga um að blómin séu laus við skordýr. Hægt er að þvo blómin. Hins vegar, til að tryggja sterkara bragð, er betra að þvo þau ekki.

Setjið blómin í sultukrúku og hyljið með edikinu. Þið gætuð þurft að

ýta þeim aðeins niður til að tryggja að edikið nái alveg yfir.

Lokið krúkkunni með loki og látið standa í tvær vikur þar til edikið þroskast við stofuhita. Athugið á hverjum degi eða svo til að ganga úr skugga um að blómin séu enn þakin edikinu.

Eftir tvær vikur, sigtið edikið til að fjarlægja blómin. Auðveldasta leiðin til að gera þetta er að hella því í gegnum sigti sem er fódrað með hreinum klút.

Bragðbætt edikið geymist endalaust í krúku eða flösku með loki.

Þið getið auðveldlega aukið magnið í þessari uppskrift. Hlutfallið er fjórir blómhausar fyrir hverja 500 ml af ediki.

Íslenskt ofnbakað grænmeti með íslenski jógúrt og ætum blómum

Ég elska þessa krydduðu jógúrt. Það er fullt af bragði og bætir bragðið til dæmis við blómkál. Svo dásamlega einfalt. Þessi kryddaða jógúrt myndar dýrindis skorpu á blómkálinu og þegar blómkálið er eldað verður það svakalega mjúkt í miðjunni og skapar fallegan miðpunkt fyrir hvert veisluborð!

Hráefni

- › 1 haus blómkál
- › 1 ½ bolli grísk jógúrt (íslensk framreiðsla)
- › 1 sítróna, rifinn börkur og safi
- › 2 tsk. chiliduft
- › 1 msk. cuminduft
- › 1 msk. hvítlauksduft
- › 1 tsk. karryduft
- › 2 tsk. maldon sjávarsalt
- › 1 tsk. svartur pipar
- › 1 rauður chili, saxaður smátt



- › 1 handfylli steinselja, skorin gróft niður
- › ½ sítróna, aðeins börkur

... og öll ætu blómstrandir blómin sem eru í garðinum fyrir fyrsta frost, ofvaxið salat og kryddjurtir byrja að blómstra þegar haustar í mörgum gördum.

Aðferð


Hitið ofninn í 200 gráður og klæðið litla bökunarplötu með bökunarpappír.

Skerið botninn af blómkálinu til að fjarlægja öll græn laufblöð og stöngulinn.

Í skál er jógúrtinu blandað saman við sítrónubörk og safa, chiliduft, kúmen, hvítlauksduft, karryduft, salt og pipar.

Dreifið marinerungunni yfir blómkálið þannig að það sé alveg þakið. Setjið blómkálið á bökunarplötuna og steikið þar til yfirborðið er þurrt og ljósbrúnt, 40–50 mínútur eða eftir stærð. Marineringin verður að skorpu á yfirborði blómkálsins.

Látið blómkálið kólna í 10 mínútur, dreypið smá jógúrt yfir, nokkrar sneiðar af chilli og stráði saxaðri steinselju yfir. Skreytið með blómum, dreifið berki af einni sítrónu yfir áður en framreitt er.



HANNYRÐAHORNID

Vestfirskir vettlingar Hörpu

Hér er uppskrift að vestfirskum vettlingum. Höfundur er Harpa Ólafsdóttir.

DÖMUSTÆRD

EFNI: Þingborgarband þrjú litir. 2 hespur í aðallit, ein hespa af hvorum munsturilit.

PRJÓNAR: Sokkprjónar nr. 2 ½ og 3.

VINSTRI vettlingur:

Fitjið upp 44 l. á prjóna nr. 2 ½ með munsturilit, skiptið lykkjunum jafnt á 4 prjóna og prj. stroff 2 sl., 2 br. alls 10 umf. Skipt yfir á prjóna nr. 3 og prj. slétt eftir munsturteikningu frá hægri til vinstri. Í umf. 21 er aukið út um 1 l á hvern prjón. Rauða strikið sýnir hvar er gert ráð fyrir þumli. Þá eru 8 l. prj. með aukabandi, lykkjurnar settar aftur á vinstri prjón og prj. aftur með aðallit.

Haldið áfram að prj. eftir munsturteikningu að úrtöku.

Bandúrtaka: 1. umf. prj. þannig:

1. prjónn: prj. fyrstu l. sl., takið næstu af óprjónaða, prj. næstu, steypið óprj. l. yfir þá l., prj. prjón á enda.
2. prjónn: prj. þar til 3 l. eru eftir á prjóninum prj. 2 l. saman sem eina, prj. síðustu l. sl. 3. prjónn: prj. eins og 1. prjónn.
4. prjónn: prj. eins og 3. prjónn.



Úrtakan prj. að öðru leiti eftir teikningu.

Slítið frá og dragið endann í gegn um lykkjurnar.

ÞUMALL: Rekið upp aukabandið og takið upp lykkjurnar og aukalykkjur í hvorri vik svo lykkjurnar verði alls 20. Prjónið 20 umf. með

aðallit, takið úr eins og á vettling.

HÆGRI vettlingur: Prj. eins og sá vinstri en nú er prj. eftir munsturteikningu frá vinstri til hægri.

FRÁGANGUR: Gangið frá endum og handþvoið með volgu vatni.




Í Þingborg fæst tvíband og einband, sérvalin alíslensk lambsull. Tvíbandið er í uppskriftinni hér í blaðinu, einstakt band sem er frábært í jafnt vettlinga, sokka sem peysur.

www.thingborg.is
www.ullarvikan.is

ULLARVIKA 2020
South Iceland WOOLWEEK

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 23. september



Mynstur.

FÓLKID SEM ERFIR LANDIÐ

Ætla að verða hestakona

Bentína Marín er 9 ára stelpu-skott sem er fædd og uppalin á Eskifirði. Hún elskar allt sem er náttúra eða dýr. Jákvæð, hress og svo góðhjörtað og vill öllum vel, sama hvort það eru manneskjur eða dýr.



Nafn: Bentína Marín Bárudóttir.

Aldur: 9 ára.

Stjörnumerki: Hrutur.

Búseta: Eskifirði.

Skóli: Grunnskóla Eskifjarðar.

Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum? Stærðfræði.

Hvert er uppáhaldsdýrið þitt? Kanína, hestur og degu.

Uppáhaldsmatur: Pitsa, lambalæri og rjúpa.

Uppáhaldshljómsveit: Ed Sheeran.

Uppáhaldskvikmynd: Vivo og Luca.

Fyrsta minning þín? Þegar ég stakk af heima og fór með hundinn hans afa í göngutúr og allir voru að leita að mér.

Æfir þú íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri? Nei.

Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór? Hestakona og eiga fullt af kaninum. Mig langar líka að verða reiðkennari.

Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert? Vera dregin af hundi í gegnum lúpínur.

Hvað ertu búin að gera skemmtilegt í sumar? Fara hringinn í kringum Ísland. Fara í stærsta hoppukastala í heimi, í rush, kajakferð á Stokkseyri, hellaskoðun í Lava tunnel í Reykjavík, fór í Bláa lónið í fyrsta skipti, fór í Laugarvalladal og margt, margt meira.

Næst » Ég skora á Tómas að svara næst.

Létt

1	4		3						
		6				2		9	
	6		5	3					
5				1			8	6	
		8		9					5
		1			7				
9	2					4			
	8	3	4						1

Miðlungs

9	5						1	3	
		3		8				6	
		5	1	6					8
	7			4					
3					5	2			
	1	9							
					2	9			4
					3		6	1	

Þung

5		9	4						
		8			1				
1	6	3		2					
7							8		
		4		9		2			
	2								3
				6		8	3	9	
			2			7			
				9	5	6			

Þyngst

1					9				2
	8			3				1	
		9	8			5			
6						8			
	9			1				7	
		1							9
		6			8	2			
	7			4				3	
2			7						5

Sudoku

Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línunum.

Í huganum heim

„Þessi bók hefur allnokkra sérstöðu og við vitum ekki til að út hafi komið bók með svipuðu sniði hér á landi,“ segir höfundurinn Guðlaug Jónsdóttir, sem tileinkar bókina foreldrum sínum, Þóru Ágústsdóttur og Jóni Jónssyni frá Melum í Hrutafirði.

Það er sannarlega ekki ofsagt að bókin er einstaklega falleg og einlæg. Hún er í harðbandi og mikið myndskreytt af Hlíf Unu Bárudóttur. Sögusviðið er sveit á áttunda áratug síðustu aldar þar sem horft er á heiminn með augum tíu ára stúlku sem er höfundur sjálfur og er kölluð Didda. Hún segir frá ýmsu sem á dagana drífur í sveitinni. Í inngangi ávarpar höfundur lesendur sína og gerir þá um leið ósjálfrátt að vinum sínum, þannig að framhaldið verður afskaplega ljúft.

„Við teljum að vel hafi tekist til við að draga fram tíðarandann, en myndir Hlífar Unu skipta þar miklu,“ segir höfundurinn Guðlaug.

„Fullorðnir lesendur ættu að kannast við margt sem þarna er skrifað, ekki síst fólk sem hefur alist upp í sveit eða átt tengingu við sveitalífið. Þótt bókinn sé ætluð börnum þá teljum við að samlestur barna og fullorðinna geti verið afar skemmtilegur. Þarna er ýmislegt sem hægt er að velta vöngum yfir og er efni í þroskandi og uppbyggilegar samræður kynslóðanna.“

Bókin spröttin upp úr starfi heimilisfræðikennara á Ísafirði

Guðlaug hóf störf við Grunnskólann á Ísafirði haustið 2007.

„Ég er matreiðslumeistari að mennt, bætti síðan við mig kennsluréttindum og kenni heimilisfræði. Þegar ég fór að kenna fann ég fljótt hversu gott gat verið að krydda kennsluna hjá yngri börnunum með stuttum sögum, börn elska sögur! Þannig byrjaði þetta allt saman og síðan fór ég að skrifa sögurnar niður. Á ákveðnum tímamarki var mér ljóst að ég væri í raun komin með heilmiklar heimildir um líf fólks í sveit frá þessum tíma og jafnvel efni í ágætis bók. Ég tók því ákvörðun í félagi við manninn minn, Karl Kristján Ásgeirsson, að stefna á útgáfu.



Guðlaug Jónsdóttir með bókina góðu.



Í huganum heim keppir ekki við fantasíubókmenntir eða spennutrylla. Bókinni fylgir frið-

ur og ró, hlýja og notalegheit sem ég tel að eigi virkilega erindi til barna og fullorðinna í erli og hraða nútímans.“

Betri barnabók er vandfundin

Herdís M. Hübner lýsir bókinni afskaplega vel í umsögn sinni og þarf eiginlega ekki að hafa um hana fleiri orð. Herdís hefur verið farsæll íslenskukennari á Ísafirði til margra ára og er nú afkastamikill þýðandi. Gefum Herdís orðið:

„Í huganum heim eftir Guðlaugu Jónsdóttur (Diddu) er hugljúft og skemmtilegt ferðalag aftur í tímann, heim í sveitina hennar að Melum í Hrutafirði. Didda rifjar upp alls kyns ævintýri frá æskuárnum og lesandinn skynjar glöggæt að þegar maður er 10 ára er lífið allt eitt ævintýri alla daga.



Bókin er skreytt fjölda fallegra mynda eftir eftir Hlíf Unu Bárudóttur.

Á Melum bjuggu þrjú bræður og fjölskyldur þeirra og þar voru mörg börn á ýmsum aldri sem voru sífellt að bralla eitthvað úti og inni og finna upp á alls konar uppátækjum. Didda dregur upp skemmtilegar og lifandi myndir af krökkunum og líka fullorðna fólkinu á bænum, öðru fólki í sveitinni, gestum og gangandi. Enn fremur eru dýrin mikilvægar persónur í sögunni og mörg ævintýrana tengjast samskiptum manna og dýra. Sumar persónur bókarinnar eru jafnvel ekki af þessum heimi!

Bókin er skemmtilega skrifuð á litríku og lifandi máli og dásamlega fallegar myndir Hlífar Unu gefa frásögninni enn meiri lit og líf. Aðstæður og andblær bókarinnar minna á sögur Astridar Lindgren um Börnin í Ólátagarði sem margir þekkja og þessar bækur eiga það einnig sameiginlegt að vera sann-

kallaður yndislestur, bæði fyrir börn og fullorðna. Í bókinni er góður boðskapur þótt hvergi örlí á predikunartón, hún er einfaldlega full af hlýju og virðingu fyrir öllu sem lifir og hrífur lesandann með sér. Við lesturinn lá ég í grasinu, fann sólina verma mig, fann ilm af lyngi og heyrði lömbin jarma, krakkana hlæja og hrossagaukinn hneggja. Ég var komin í huganum heim til hennar Diddu litlu – og um leið til eigin æskuára.

Betri barnabók er vandfundin. Herdís M. Hübner.“

Til sölu á netinu

Bókin er nú sem stendur til sölu á Fb-síðunni: Í huganum heim. Inni á þeirri síðu má einnig finna meira efni um bókina. Nánari upplýsingar gefur Karl í síma: 895-0292./ HKr

Heimurinn hefur snúist á hvolf

Ingólfur Eiríksson vakti mikla athygli með bók sinni Klón – Eftirmyndasaga sem út kom fyrr á þessu ári. Áður hafði hann sent frá sér ljóðabókina Línulega dagskrá. Stóra bókin um sjálfsvorkunn er fyrsta skáldsaga hans.

Eftir sambandslit hrökklast Hallgrímur heim úr leiklistarnámi í erlendri stórborg til að fara á geðdeild. Heimurinn hefur snúist á hvolf og draugar elta hann hvert fótmál. Þaðan vefur Ingólfur Eiríksson sögu hans sem hverfist í senn um þar að stíga sín fyrstu skref í heimi fullorðinna, gömul fjölskylduleyndarmál sem brjótast upp á yfirborðið og ungan



mann sem bisar við að koma lífi sínu á réttan kjöl.

Hægt er að hafa samband við Ingólf í gegnum netfangið ingolfureiriksson@gmail.com.

Þung ský

Þung ský er kynngimögnuð saga um hrikalegt slys við ysta haf og örlagaríkan björgunarleiðangur sem kom út hjá Máli og menningu 2. september.

Einkennilegur drengur á afskekktum bæ er gagntekinn af öllu sem flýgur; fyrst fuglum loftans, síðan stálfuglunum stóru sem sjást æ oftar yfir heimaslóðum hans. Á þungbúnum vordegi sér hann hvar stór farþegaflugvél birtist út úr skýjabykkni og fólkið í

gluggunum veifar. Síðar sama dag fréttist að vélin sé týnd.

Bændur leggja af stað til leitar og drengurinn með. Í nálægum firði hefur sést brak utan í fjalli og leitarmenn halda upp bratta hlíðina, drengurinn fremstur. Það sem mætir skilningarvitum



hans uppi á hjallabrún er ólýsanlegt. En þar logar eitt lítið lífsins ljós sem hann má ekki láta slokkna.

Einar Kárason sló nýjan tón í Stormfuglum sem kom út 2018 og hefur notið hefur mikillar velgengi heima og erlendis. Hér fetar hann svipaða braut í sögu sem er lauslega byggð á sönnun atburði.

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út **23. september**

Tækifæri til sölu

LIEBHERR
Beltagrafa R924B HDSL



Árgerð 2007 - Þyngd 27 tonn
10.200 vinnustundir
SV48 vökvahraðtengi
Ein skófla
Fleyg- og tiltvökvalagnir
Verð 7.500.000 + vsk

LIEBHERR
Beltagrafa R922 LC



Árgerð 2015 - Þyngd 22,5 tonn
6.044 vinnustundir
Likufix 48 vökvahraðtengi
Ein gömskófla
Fleyg og tiltvökvalagnir
Smurkerfi, Loftkæling, Spyrnur
Verð 13.000.000 + vsk

YANMAR
Beltagrafa SV85



Árgerð 2019 - Þyngd 8,6 tonn
1.400 vinnustundir
Gúmmibelti, Tviskipt bóma
Loftkæling, Smurkerfi
Steelwrist S50 vökvatengi á dipper
Steelwrist X12 með S50 vökvahraðtengi og gripfingrum
3x Steelwrist skóflur + aukaballest
Verð 12.900.000 + vsk

Hjólaskófla JCB 409



Árgerð 2017 - 6,2 tonn
4.150 vinnustundir
Opnanleg skófla, Gaflar, Smurkerfi
Dekk ca. 50%
Vél útbúin vél og í toppstandi
Verð 7.400.000 + vsk

Vinnuskúr á hjólum



Árgerð 2018 - Þyngd 1.189 kg
Litið notaður og innbyggð klósett
LxHxH: 567 x 231 x 290 cm
Rafragnstafla að utan
Verð 2.200.000 + vsk

RUKO
Vinnuvélar

ruko@ruko.is ruko.is

Smáauglýsingar

Sími: 563 0300 | Netfang: augl@bondi.is | Veffang: www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is

Verð: Textaauglýsing kr. 2.500 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 5.900 texti + mynd.

Skilafrestur: Fyrir kl. 16.00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.



Tveir hreinræktaðir Border Collie rakkar f. 15. júní 2021 tilbúnir til afhendingar. Upplýsingar í síma 661-5090, Helga eða 661-4266, Rúnar.



Óska eftir amerískum dísel pallbíl frá kr. 0-6 millj. Skoða allar tegundir og í öllu ástandi. Sendið skilaboð eða hringið í síma 774-4441.



Háprýstidælar fyrir verktaka og iðnaðarmenn. Margar stærðir með bensín eða dísil. 500 Bar, flæði 21 l/mín. 700 Bar, flæði 15 l/mín. Vatshitarar fyrir háprýstidælar. Vandaður búnaður frá Comet - www.comet-spa.com. Hákonarson ehf. Netfang: hak@hak.is - s. 892-4163.



Hestakerrur 2ja og 3ja hesta, ríku- legur útbúnaður. Gæðakerrur - Góð reynsla. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opíð kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Taðklær á lager. Breiddir: 1,2 m - 1,5 m - 1,8 m. Eurofestingar og slöngur fylgja. Sterkar og vandaðar greipar og þétt á milli tinda. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is - www.hak.is



Rúllugreip á þritengi. Verð kr. 83.000 m.vsk. (67.000 kr. án vsk). H. Hauks- son ehf. S. 588-1130.



Bretttagaflar með Eurofestingum. Burður 5,0 tonn með handfærslu. Verð kr. 195.000 m/vsk. Burður 2,5 tonn með glussafærslu. Verð kr. 225.000 m/vsk. H. Hauks- son ehf. Sími 588-1130.



Patara spennar í úrvali. P1 er t.d. bæði fyrir 12V og 230V. 5 km drægni. Mikið úrval af öðrum rafgírönding- vörum. Skoðið Patara bækling á www.brimco.is. Brimco ehf. Efrí- braut 6, Mos. S. 894-5111. Opíð kl.13-16.30.



Hestakerrur 2ja og 3ja hesta, ríku- legur útbúnaður. Gæðakerrur - Góð reynsla. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opíð kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Vélavit er nú sölu- og þjónustuumboð fyrir HATZ dísel vélar. Varahlutir og viðgerðir í Skeiðarásí 3 Garðabæ. S. 527-2600.



Inni og úti LED-lýsingar í úrvali. Hjá okkur færð þú LED-ljós fyrir: Heimilið - pallinn - bílskúrinn - vélageymsluna - verkstæðið - hesthúsið - gripa- húsin eða önnur rými og svæði þar sem gott er að hafa lýsingu. Frá- bær verð. LedTec, Ármúli 1, Reykja- vík. S. 869-3088. www.ledtec.is -ledtec@ledtec.is



Stórbaggagreip. Verð kr. 245.000 m. vsk. H. Hauks- son ehf. S. 588-1130.



Ferguson 35, Gullbelgur 1957, skipt á helstu slitflötum, ný afturbretti, vökvadæla virkar ekki, allt annað virkar. Uppl. í síma 896-2348.



Til sölu ónotuð Solis crdi 4wd módel 2020. Ekin innan við 10 tíma. Uppl. í síma 861-7848.



Til sölu sturtuvagn Kane DS 15,5, 12 tonna, ónotaður, árgerð 2020. Upplýsingar í síma 861-7848.



Glussadrifnar gölfhræður. Vinnudýpt: 1,9 m. Stærð á skruðu: 48 cm. Rotor: 12 kW. Glussaflæði: 75 l/mín. 20 m af glussaslöngum fylgja. Mesta hæð frá gölfí: 2 m. Burðarvirki: Heitgalv./SS stál. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is



Til sölu tengi fyrir Bamba (IBC tank). Ég er með margar gerðir af tengjum og krönum. Þú sérð hvað ég er með á allfalt.is



Scania 420, árgerð 2000, með Pal- finger K16502 krana, 5 útskot. Ekinn 800.000 km. Tveir grabbar og bretta- kló fylgja með. Verð kr. 4,1 mill. +vsk. Upplýsingar í s. 892-5594, Kristófer.



Sjö tonna Weckman sturtuvagn. Verð kr. 1.427.000 mínus kr. 100.000 afsl. = kr. 1.327.000 m/vsk. (kr. 1.071.000 án vsk.) H. Hauks- son ehf. Sími 588-1130.

FJÓS ER OKKAR FAG!



LANDSTÓLPÍ

INNRETTINGAR Í FJÓS

Landstólpi býður upp á faglega ráðgjöf í fjósbyggingum ásamt því að sérhæfa sig í því að breyta gömlum fjósum og hanna ný með velferð gripa og vinnu- sparnað að leiðarljósi.



STEINBITAR

Framleiddir í Hollandi eftir ströngustu gæðakröfum og er vottuð framleiðsla frá upphafi til enda.



Framleiðum skágrindur/ átgrindur fyrir allar stærðir nautgripa.



MILLIGRINDUR

Framleiðum milligrindur í fjölmörgum stærðum.



BÁSAMILLIGERÐI

Við látum sérsmíða milligerðir hjá Spinder fyrir íslenskar kýr og erum einnig með plast- milligerðir (velferðarmilligerðir)



BÁSADÝNUR

Gúmmídýnur, gúmmitakka- mottur, latexdýnur með gúmmi- yfirdúk og vatnsdýnur, eins og tveggja hólfa.



BRYNNINGARBÚNAÐUR

Suevia brynningarbúnaðurinn er til sölu hjá okkur.

LANDSTÓLPÍ

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi

480 5600

www.landstolpi.is

landstolpi@landstolpi.is

HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla
30-450 lítrar
Umboðsmenn um land allt
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sendum um land allt. Brimco ehf. Sími 894-5111. Opíð frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förm með þær í aðalskoðun. Pantíð tíma. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. Sími 894-5111. Opíð kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Til sölu þriggja tónna kerra. Þýsk Humbur kerra, árg. 2009. Breidd 2,163 m. Lengd 5,376 m. Verð kr. 590.000 +vsk eða tilboð. Uppl. í síma 822-8844.



Til sölu Mercedes Benz Vario 4x4 árg. 2011 (2012), ekinn 270.000 km. Loftþúfaþjöðrun, Fainsa 3ja punkta sæti, læsingar í drifum. Uppl. gefur Jónas í s. 660-0108.



Weckman sturtuvagnar. 9 tónna: verð kr. 1.660.000 með vsk (kr. 1.339.000 án vsk). 11 tónna: verð kr. 1.790.000 með vsk (kr. 1.444.000 án vsk). 13 tónna: verð kr. 2.142.000 með vsk (kr. 1.728.000 án vsk). H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.



Rúlluvagn / flatvagn. Lengd á palli 9 m. Verð kr. 2.460.000 m/vsk (kr. 1.984.000 án vsk). H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Fjörgengis mótur með rafstarti og 330 cm gúmmibátur. Nýtt og nánast ónotað. Fer á 400.000 kr. Líka möguleiki að selja í sitthvora lagi. Uppl. 897-3464.



Spónlagningarprensa. Stærð 272 x 125 cm. Nýjar þéttingar í 3 af 4 tjökkum. Verð 150.000 kr. Upplýsingar í síma 893-2565.



Til sölu kerra fyrir fjórhjól. Ný dekk, ný ljós og nýmáluð. Er í Skagafirði. Verð 190.000 kr. Uppl. í síma 820-7201 eða á halldorahermanns@gmail.com



Kerrur á einum og tveimur öxlum á lager, með og án bremsa, ýmsar útfærslur, breiddir og lengdir. Gæðakerrur – Góð reynsla. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opíð 13-16.30 - www.brimco.is



Faðmgreip fyrir stórar rúllur. Mesta opnun er 212 cm. Lyftiget 1.000 kg. Eigin þyngd: 190 kg. Ásoðnar Eurofestingar og slöngur með kúplungum fylgja. Vönduð og sterk smíð með þykkri dökkgrári dufhúð (pólýhúð). Til á lager. Verð 149.000 kr. +vsk. Hákonarson ehf. Hafíð samband á hak@hak.is eða í síma 892-4163.



Rúllugreip með glussatjakk. Spjót inni í keflum. Lyftiget 1.000 kr. Ásoðnar Euro festingar og slöngur fylgja. Vönduð smíð frá Póllandi. Verð 179.000 kr. +vsk. Til á lager. Takmarkað magn. Hákonarson ehf. S. 892-4163. hak@hak - www.hak.is



Til sölu Subaru Forester árg. 2005, nýskoðaður, ekinn 240.000 km. Vél og skipting úr öðrum bíl, einnig dráttarbeisli. Einnig fylgja vetrardekk á felgum. Verð 400.000 kr. Uppl. í síma 893-2200.



Til sölu súburrkunarblásari H12 og mótur. Móturinn er með ræsibúnaði, 13 hestöfl, tveggja fasa, 1.440 snúninga og 440 volt. Selst saman eða sitt í hvoru lagi. Nánari uppl. í síma 895-1643, Gísl. Er staðsett í Öræfasveit.



Smalakassi úr áli í tveimur stærðum. 73x30x24 cm - 27.280 kr. og 63x22x22 cm - 24.800 kr. m.vsk. Skoðaðu úrvalið á www.hardskafi.is



Rafstöðvar með orginal Honda-vélum og Yanmar dísil á lager. Stöðvarnar eru frá Elcos Srl. á Ítalíu, www.elcos.net. Eigum einnig hljóðlátar stöðvar fyrir ferðavagna. Við bjóðum upp á allar gerðir af rafstöðvum. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf. www.hak.is - s. 892-4163, netfang: hak@hak.is



Gröfuarmar á ámoksturstæki. Gröfudýpt 1,5 m eða 2,0 m. Færsla til beggja hliða. Allar festingar í boði. Vandaður búnaður frá Póllandi. Hákonarson ehf. S. 892-4163 - hak@hak.is



Upptökuvél fyrir kartöflur. Kr. 375.000 +vsk. Hentar vel traktorum frá 25 - 50hp. Sími 896 5486 - skoðaðu úrvalið á www.hardskafi.is



Til sölu sambyggð Rojek trésmíðavél. Hallanlegt blað, forskeri, afréttari, þykktarhefill, tappabor, fræsari m. hallanlegum spindli. Þriggja fasa. Get gefið notu. Nánari upplýsingar, Ómar s. 893-1632.



Traktorsdrifnar rafstöðvar (Agro-Watt), www.sogaenergyteam.com - stærðir: 14 kW – 72 kW. Stöðvarnar eru með AVR sem tryggir örugga framleiðslu rafmagns fyrir allan viðkvæman rafbúnað. Myndin er af hluta þeirra stöðva sem við fluttum inn fyrir bændur 2020. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is - www.hak.is



Taðkvíslar. Eigum 1,4 m með Euro festingum. Sterk framleiðsla frá Póllandi. Þétt á milli beinna tinda. Hákonarson ehf. S. 892-4163. hak@hak.is - www.hak.is



Til sölu Kobelco SR 135

- Árgerð 2002.
- Vinnustundir 8.500.
- Nýlegar keðjur og sprocket.
- 700 mm spyrnur.

Verð kr. 4.550.000 án vsk.

Uppl. í s. 893-8424

Sjá einnig Facebooksíðu:
Tæki og Vélar



Til sölu New Holland RVH 180 jarðvegstættari, árgerð 2020, ónotaður. Upplýsingar í síma 861-7848.



Gámarampar á lager. Fyrir vöruflutninga og frystigáma. Burðargeta: 8.000 kg og 10.000 kg. Heitgalvanhúðaðir. Stærð: 125 x 210 x 16 cm. Stærð: 176 x 210 x 20 cm. Lykkjur fyrir lyftaragaffla. Op fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf. hak@hak.is - S. 892-4163.



Vatnsþrýstisett fyrir neysluvatn. Eigum á lager fyrir: 230 V, 24 V, 12 V. Mjög öflug dæla, dæluhjól og öxull úr SS stáli, 24 l tankur úr SS stáli. Þrýstingur 4 bar. Hentar vel í sumarhús og báta. Hákonarson ehf. Netfang: hak@hak.is - s. 892-4163.



MAN TGX 26.480, árg. 2012, ekinn 440.000 km, 8 hjóla, burðargeta 14,3 tonn, smurfrír, kælprensa. Ásett verð kr. 4.500.000 +vsk. Uppl. í síma 861-1961, Baldur.

Rafhitarar
í skip, hús og sumarhús
Ryðfrír neysluvatnshitatarar með 12 ára ábyrgð
Hitöld (element), hitastillar, hitastýringar og flest annað til rafhitunar
Við erum sérfræðingar í öllu sem viðkemur rafhitun.
Rafhitun
Kaplahauni 19 • Hafnarfirði
Sími: 565 3265
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is



- STEYPUSÖGUN
- KJARNABORUN
- NIÐURRIF

• S:693 7700

• bortaekni@bortaekni.is

ÞJÓNUSTA ★ ÞEKING ★ REYNSLA



Vandað girðingaefti frá Bretlandi. 5 str. túnni - kr. 12.300 rí. 6 str. túnni - kr. 14.500 rí. Iova gaddavír - kr. 7.500 rí. Motto gaddavír - kr. 5.000 rí. Þanvír 25 kg. Kr. 9.400 rí. Öll verð með virðisaukaskatti. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Taðgreipar – 10% afsláttur. Breidd 1,4 m. Verð kr. 220.000 m/vsk. Breidd 1,8 m. Verð kr. 255.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.



Bryggju-veiðibíll. Ford Escape 3,0 V6 2005 4x4. Sjálfskiptur. Nýskoðaður '22 án athugasemda. Ek. 180.000 km. Fullkomin smurbók. Allt virkar. Verð kr. 230.000. S. 615-1815.



Kubota EK1-261 smátraktor til afgreiðslu strax á frábæru verði. 26 ha díselmótor, girkassi 9F+3R, lyftigeta á beisli 750 kg. Landbúnaðar- eða grasdekk. Ámoksturstæki fyrirleggandi. Upplýsingar í s. 568-1500, kubota@thor.is og www.thor.is



Ostur er og verður ostur! XM



Man 10.180 árg. 2003. Ekinn 162.000 km. Í góðu ástandi. Skráð hlássþyngd 4.990 kg. Heildarmynd 9.990 kg. með lyftu. Uppl. kaldasel@islandia.is og s. 820-1071.



Sjálfsogandi dælur úr sjóþolnum kopar eða ryðfríu stáli. Stærðir: 1", 2", 3", 4". Afgjafar: Rafmagn, bensín/dísil, glussi, traktor. Framleiðandi: GMP Ítalíu. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Sjálfsogandi dælur frá Japan (Koshin). Fyrir vatn, skolp, mjög óhrætt vatn (trash). 2", 3", 4". Original Honda vélar með smurliuöryggi. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is - www.hak.is



Notaðar Sicam ítalskar dekkjavélar til sölu. Uppl. kaldasel@islandia.is og s. 820-1071.



Claas Arion 620 árg. 2014, 3.950 vinnustundir. Mappaður í 200 hö, powershift, hraðgir, vendgir, fjaðrandi framöxull og hús. Með frambúnaði (ekki aflúrtaki), ámoksturstæki og skóflu. Vélin er vel búin af ljósum og myndavél að framan. Það fylgir með auka dekkjagangur af kubbadekkjum með nógum á felgum. Vélin var að koma úr 4.000 tíma skoðun hjá Vélfangi. Mjög vel útbúin vél og heilleg, hefur ávallt verið vel þjónustuð. Upplýsingar í síma 892-3042. Verð 10.900.000 +vsk.



Backhoe fyrir dráttarvélar og hjóla-skóflur. Margar stærðir. Gröfudypt: 1,3–4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is - www.hak.is



Traktorsdrifnar dælur í mörgum útfærslum og stærðum á lager. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum fyrir magnðælingu á vatni, skolpi, sjó, olíu. Háþrýstar dælur fyrir vökvun og niðurbrot í haughúsum. Slöngu-búnaður með hraðkúplingum, flatir barkar á frábæru verði, 2" – 3" – 4". Allur búnaður fyrir vökvun á ræktunarsvæðum. Haugdælur með vacuum búnaði. Aðrir afgjafar: rafmagn, bensín/dísil, glussaknúnar (mjög háþrýstar). Við sérhæfum okkur í öllu sem viðkemur dælum fyrir iðnað og heimili. Gerum einnig við allar dælur. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Dísel hitari 7kW bæði loft og vatn 12 v. Hiti í bústaðinn eða húsbílinn og heitt vatn í sturtuna líka. Verð kr. 89.900. Orkubondinn.is - Tranavogi 3, 104 Reykjavík. Sími 888-1185.



Vindrafstöð 12 eða 24 volt. 600 wött. Orkubondinn.is - Tranavogi 3, 104 Reykjavík. Uppl. í síma 888-1185.



Til sölu plastvél /injection molding og gúmmipressa. Selst ódyrt. Upplýsingar í síma 896-9932.



Hvað finnst þér um Pírata? Segðu Einari oddvita í NA hvað þér liggur á hjarta alla fimmtudaga kl. 10-12 í síma 784-0801. Frekari upplýsingar á piratar.is. XP 25. september 2021.



Hliðgrindur. Vandaðar stækkanlegar hliðgrindur frá 1,0-6,0 mtr. í tveimur þéttleikum. Góð læsing og lamir fylgja. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30. www.brimco.is



Nýr Kempf tveggja öxla malarvagn. Til afhendingar strax. Hardox 450 -8mm botn og 5mm hliðar. Alcoa Durabright felgur, skúffa og grind (tvöföld grind) heitsprautuzinkað, 6 þrepa sturtutjakkur sem gefur um 53 gr. halla, seglyfirbreiðsla. Eignum einnig kraftmikla 24V vibratora fyrir vagna og vörubíla. Th. Adolfsson ehf. S. 898-3612.



Bílalyftur, tveggja pósta bílalyfta 4,0 tn. rafm.læsingar. Verð kr. 598.000 m.vsk. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Vegna breytinga í rekstri er laust eldispláss í eldisstöð Nlax á Laxamýri. Tökum að okkur framleiðslu á smáseiðum og sjógönguseiðum fyrir veiðifélög og leigutaka, smáa sem stóra. Yfir 50 ára reynsla. Hafid samband í nordurlax@outlook.com eða í síma 893-3778.



Kjallaradælur fyrir klósett. Öflugur hnifur. Mótorar staðsettir fyrir utan votrymi. Inntak fyrir vask, sturtu, baðkar. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is



Innihrætur fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudypt: 130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hræurnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á liðléttingum. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is / www.hak.is



HÁ Verslun ehf. er nýr dreifingaraðili fyrir Husqvarna á Íslandi. HÁ Verslun ehf. Víkurhvarfi 4, 203 Kópavogi. Sími 588-0028 & 897-3650. Netfang: haverslun@haverslun.is - Við erum líka á Facebook!



Í júní opnaði nýtt hótél á Reykjavíkurvegi í Hafnarfirði, Hótél Hraun. Á hótelinu eru 71 herbergi og glæsilegur bar. Hægt er að bóka herbergi á sérstöku tilboðsverði á www.hotelhraun.is og í síma 537-6500.



Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is - www.hak.is



Brettagafflar með Euro festingum. Burðargeta 2.000 kg. Lengd á göflum 120 cm. Rammí, gataður fyrir rúlluspjót. Til á lager. Einnig með glussafærslu. Hákonarson ehf. S. 892-4163 - hak@hak.is

HJÓLA DAGAR

Kawasaki



1.799.000,-

KX250 - 2021 Fjörgengis motocrosshjól með rafstarti, vökvakúplingu, nýju stelli og endurbættum mótör. TILBOÐ 1.699.000,-



1.899.000,-

KX250X - 2021 Enduróutgáfa af KX250 með mildari krafti, 18" afturfelgu, standara og mýkri fjöðun. TILBOÐ 1.799.000,-



1.999.000,-

Z900 - 2021 Glæsilegt "Naked" götuhjól með öflugum mótör og gripstýringu á fáránlega góðu verði. TILBOÐ 1.799.000,-



2.089.000,-

430RR - 2021 Frábært fjörgengis enduróhjóll með góðri fjöðun og góðum krafti. Götuskráð með lánamöguleikum. TILBOÐ 1.949.000,-



300 X-Trainer - 2022 Létt og nettara enduróhjóll fyrir þá sem vilja hjól sem auðvelt er að ráða við í öllum aðstæðum. VERÐ 1.499.000,-



Nitro - Urðarhvarfi 4 - 557 4848 - nitro.is

Staða rekstrarstjóra/bústjóra

Stofnungi á Hvanneyri óskar eftir að ráða rekstrarstjóra/ bústjóra. Starfið er hlutastarf.

Starfið felur í sér:

- Að sjá um innflutningi erfðæfnis (Stofnfugla) fyrir framleiðendur kjúklinga og neyslu eggja í landinu.
- Samskipti við framleiðendur erlendis og innlenda kaupendur.
- Skipuleggja og hafa umsjón með útungun og geta sinnt eldi stofnfugla í uppeldi í afleysingum fyrir aðra starfsmenn.

Hæfniskröfur:

- Menntun eða bakgrunnur í landbúnaði
- Tölvu- og málakunnátta (norðurlandamál/ensku)
- Vera tæknilega sinnaður
- Verklagni og geta sinnt minniháttar viðhaldi á tækjum og eignum Stofnunga.
- Kunna einhver skil á bókhaldi.
- Æskilegt að hafi búsetu á Hvanneyri eða nágrenni.

Áhugasamir vinsamlegast sendi umsóknir fyrir 20. september á Jón Magnús á reykjubuid@kalkunn.is

LÍF & STARF



Björn Snæbjörnsson og Flosi Eiríksson, sem voru hæstánægðir með heimsóknina í hátæknivinnsluhús Samherja á Dalvík. Mynd / Aðsenn

Hátæknivinnsluhús Samherja á Dalvík:

Allar aðstæður starfsfólks til mikillar fyrirmyndar

Fulltrúar Starfsgreinasambands Íslands kynntu sér starfsemi hátæknivinnsluhúss Samherja á Dalvík í byrjun mánaðarins en segja má að húsið hafi verið lokað svo mánuðum skiptir vegna heimsfaraldursins.

Björn Snæbjörnsson, formaður Starfsgreinasambands Íslands, sem jafnframt er formaður Einingar-Iðju, segir aðstæður starfsfólks í húsinu til mikillar fyrirmyndar. Vinnsla hófst í nýja hátæknivinnsluhúsinu í lok júlí á síðasta ári en vegna Covid-19 hefur starfsfólkið þurft að starfa við mjög svo krefjandi aðstæður. Til dæmis fengu engir utanaðkomandi að fara inn í húsið í marga mánuði. Í

tilkynningu vegna heimsóknarinnar kemur fram að langflestir starfsmenn vinnslunnar á Dalvík eru í Einingu-Iðju og það var því við hæfi að fulltrúar stéttarfélagssins og Starfsgreinasambandsins kynntu sér starfsemi.

Það var Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja, sem tók á móti Birni Snæbjörnssyni og Flosa Eiríkssyni, framkvæmdastjóra Starfsgreinasambandsins. Gestur Geirsson, framkvæmdastjóri landvinnslu Samherja, og Sigurður Jörgen Óskarsson, yfirverkstjóri á Dalvík, leiddu síðan skoðunarferðina um húsið.

„Öll tæknin inni í húsinu er mikil

og magnað að sjá hversu íslenskt hugvit er áberandi. Maður tekur til dæmis strax eftir hljóðdempun í vinnslusölum, sem er gríðarlega stórt heilsufarsmál. Sömu sögu er að segja um lýsinguna, sem er mjög góð,“ segir Björn Snæbjörnsson og bætir við að greinilega hafi verið hugsað mjög vel um vinnuaðstæður starfsfólks við hönnun hússins.

„Með aukinni tækni hafa flest störf í fiskvinnslu tekið miklum breytingum, sem eru mjög vel sýnilegar hérna. Störfin eru orðin sérhæfðari og um leið líkamlega léttari. Í húsinu á Dalvík eru allar aðstæður til mikillar fyrirmyndar,“ bætir Björn við. /MHH

Sérniðin þjónusta að þínum þörfum



Kristinn Sigurbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og byggingafræðingur.
Sími: 560-5502
Netfang: kristinn@allt.is



Páll Þorbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og fiskeldisfræðingur.
Sími: 560-5501
Netfang: pall@allt.is



Sæti og varahlutir í

- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta



Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma 510-3500 og 615-1020 eða á netfangið bjorgvin@eignatorg.is



Skipholt 50b, 105 Reykjavík

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

Til sölu

Passap Duamatic þrjónavél til sölu. Upplýsingar í síma 824-6962.

Ljósastarar, bensín háþrýstidæla, 7 ófnar ásamt termos, múrara loftþessa, gísploður, rafstöð. Gott verð. Fæst í skiptum á landbúnaðarafurðum. Uppl. í síma 892-4624.

Grásleppuúthald, löng net, uppistöður, baujur. Línutrekk, línur á ryðfríum stokkum. Þorskanet og ýsunet og mikið af teinum, flot og blýteinum. Selst ódyrt. Uppl. í síma 847-3758.

Til sölu mótör með öllu utan á, úr Range Rover Classic, árgærd 1975. Ekinn 210.000 km. Er óhreyfður frá árinu 1986. Staðið alla tíð í upphitðu húsnæði. Einnig Warn Spilfesting á RR Classic. Uppl. í síma 695-3521 eða netfang hpalsson@centrum.is

Til sölu Bronco árg. '66, einnig Bronco II árg. '84. Uppl. í síma 865-0436.

Til sölu Ferguson 1958 með ámoksturækjum, þyngdarklossa og skúffu. Ný dekk að framan og nýleg að aftan. Upplýsingar í síma 661-6107.

Suzuki Ignis, árg. 2007 til sölu. Lítið ekinn og vel með farinn. Uppl. í síma 680-4050.

Óska eftir

Óska eftir að kaupa Huennebeck rasto steypumót og fylgihluti. Óliver Daðason, sími 832-0115.

Kaupi bláber 1.000 kr/kg. Aðalbláber 1.250 kr/kg. Krækiber 500 kr/kg. Einiber 2.500kr/kg. Blóðberg 5.000kr/kg. Uppl. í síma 695-1008 & snorri@reykjavikdistillery.is

Vantar gamla dráttarvél með framdrifi og tækjum. Uppl. í síma 893-0935.

Óska eftir ytri lið í vinstra afturdekk á Yamaha Grezzly 660, árgærd 2003. Nánari upplýsingar í síma 893-1889. Haraldur.

Atvinna

Óska eftir vinnu í sveit. Ég er vanur sveitastörfum, er úr sveit sjálfur og hef gaman af búskap. Endilega hafið samband við mig í síma 786-0311.

Einkamál

Pennavinur óskast! 6 ára stelpa í Hafnarfirði óskar eftir pennavini á sama aldri og gaman væri ef hann byggir úti á landi, solveighall@gmail.com

Jarðir

Óska eftir jörð til leigu. Íbúðarhús og einhver útihús þurfa að vera til staðar. Húsakostur má þarfnast viðhalds. Upplýsingar í síma 846-1146 og holabr@simnet.is

Leiga

Til leigu stórt hesthús, tún og beiti-land, rekstrarleyfi fyrir hross og rollur á Vatnsnesinu, 531 Hvammstangi. 30 km á Hvammstanga. Upplýsingar í síma 899-1993 eða gegnum netfang straumver@gmail.com

Til leigu hesthús um 20 hesta og hagabei á jörð við Sólheimaveg 805 Grímsnes- og Grafningshreppur, 30 km frá Selfossi, 26 km frá Flúðum. Upplýsingar í síma 899-1993 eða gegnum netfangið straumver@gmail.com

Þjónusta

Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafið samband í síma 663-9589 til að fá uppl. og tilboð. HP transmission, Akureyri. Netfang: einar.g9@gmail.com, Einar G.

Ertu í framkvæmdum? Vantar þig smíð? Sérhæfi mig í uppsetningu innréttinga og innihurða. Gef þér gott og hagstætt tilboð. Annað viðhald kemur einnig til greina. Er á Norð-austurlandi. Hafðu samband í síma 846-4356 eða gegnum netfangið Kjarri88@hotmail.com

Tek að mér að færa vídeó, slide, ljósmyndir yfir á DVD diska eða flakkara. Sýnishorn á Facebook: heima var best. Sími 863-7265 - siggill@simnet.is

Bændablaðið www.bbl.is

SMÍÐUM OG GERUM VIÐ ALLAR GERÐIR TJAKKA



VHE • Melabraut 27 Hafnarfjörður • Hraun 5 Reyðarfirði • Sími 843 8804 • Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is

LÍF & STARF

Landssamband veiðifélaga:

Gunnar Örn er nýr framkvæmdastjóri

Gunnar Örn Petersen hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Landssambands veiðifélaga. Hann tekur við starfinu af Elíasi Blöndal Guðjónssyni.

Gunnar Örn þekkir vel til í veiðiheiminum en hann hefur stundað veiðileiðsögn í rúma tvo áratugi og var á árunum 2016-2020 meðeigandi að veiðifyrirtækinu Fish Partner. Gunnar er lögfræðingur og hefur unnið hjá BBA lögmannsstofu og Kviku banka. Þá stofnaði hann, ásamt öðrum, Íslensku fluguveiðisýninguna, en markmið hennar er að standa vörð um íslenska náttúru og dýralíf með áherslu á vernd og uppbyggingu villtra ferskvatnsstofna. /MHH



Gunnar Örn Petersen.

Nýr leikskóli byggður á Hvolsvelli

Fyrir skömmu var fyrsta skóflustungan tekin að nýjum leikskóla á Hvolsvelli. Nýja leikskólabyggingin er staðsett við Vallarbraut og þá verður allt skóla- og íþróttasvæði á sama stað.

„Þetta verður einn stærsti og glæsilegasti leikskóli landsins með 10 deildum og plássi fyrir 180 börn. Þetta er risaverkefni á vegum sveitarfélagsins, sem við erum mjög stolt af og við getum varla beðið eftir að sjá leikskólann rísa og að geta tekið á móti fyrstu börnunum í húsnæðinu eftir vonandi eitt og hálf ár,“ segir Lilja Einarsdóttir, sveitarstjóri Rangárþings eystra.

Það er Páll V. Bjarnason sem hannar leikskólann ásamt Ólöfu



Leikskólabörnin á leikskólanum Örk á Hvolsvelli og forsvarsmenn sveitarfélagsins, ásamt leikskólastjóra, tóku fyrstu skóflustunguna af nýja leikskólanum. Mynd / MHH

Pálsdóttur og Spesían sér um jarðvegsvinnu fyrir bygginguna.

Leikskólinn mun kostar um 1 milljarð króna. /MHH

Sveitarstjórn Langanesbyggðar:

Mótmælir fækkun flugferða úr fimm í þrjár

Sveitarstjórn Langanesbyggðar hefur mótmælt hugmyndum Vegagerðarinnar um að fækka flugferðum til Þórshafnarflugvallar úr fimm í þrjár á viku. Telur sveitarstjórnin að með því sé verið að auka líkur á því að flug leggist af og þá fyrr en síðar, en flugið er einu almenningssamgöngur sem eru við byggðalagið.

Sveitarstjórn beinir því einnig til samgönguráðherra, þingmanna og

annarra að nægilegt fjármagn verði tryggt til að tryggja flugþjónustu til Þórshafnar og Vopnafjarðar og þar af leiðandi verði almenningssamgöngur við byggðalagið ekki skertar.

Telur sveitarstjórn að ekki sé komin full reynsla á þær breytingar sem gerðar voru á fluginu í febrúar síðastliðnum og að þær hafi verið lítið kynntar. Eins telur hún að áætlanir Vegagerðar

séu byggðar á gömlum og jafnvel úreltum forsendum. Því er það mat sveitarstjórnar að gera nýja athugun á ferðaþörf og möguleikum íbúa á norðausturhorni landsins.

Fer sveitarstjórn fram á að útbóði verði frestað um eitt ár og að flugið haldist óbreytt og unnin verði betri greining á fluginu áður en svo stór ákvörðun er tekin um breytingar á því.

/MPB

Smalamenska 2021: Regnsett og sýnileikavesti

Göngum þurr og örugg til fjalla! Regnsettið er slitsterkt 310 g/m², með hettu, vösum og stillanlegri teygju í mitti. Þjóðum upp á merkingar á höflegu verði og sendingarkostnaður er innifalinn í verði.

Við leggjum áherslu á góða þjónustu við landsbyggðina.

Vefverslun: Khvinnufot.is

KHVINNUFÖT
Rettu fotin fyrir þig!

Nethylur 2a, 110 Reykjavík | khvinnufot.is

Verð: **10.500 kr.** Verð: **1.190 kr.**

RÉTTUR

- Bílaréttingar
- Sprautun
- Tjónaviðgerðir

Hamarshöfði 10 - S. 587-6350

EINBÝLISHÚS Í GARÐABÆ

Til sölu ca. 330 fm. einbýli á stórri lóð með mikla möguleika. Frábær staðsetning á eftirsóttum stað í Garðabænum. Hús í mjög góðu ástandi ásamt 52 fm. bílskúr. Verð 153 m. Möguleiki er að taka góða eign uppí, innan við 90 mín. akstur frá borginni. Allar upplýsingar og pantíð skoðun í síma 868-3144 Jóhann. Einnig má senda póst á netfangið@galleku@gmail.com

- VÖKVASLÖNGUR OG TENGI
- SÉRSMÍÐI
- IÐNAÐARSLÖNGUR Í ÖLLUM STÆRÐUM

SKOÐAÐU VÖRULISTANN OKKAR Á HYDROSCAND.IS

HYDROSCAND
SLÖNGUR OG TENGIUNADUR

VAGNHÖFÐI 27 | SÍMI 516 3300

FASTEIGNASALAN BÆR
www.fasteignasalan.is

Loftur Erlingsson
Löggiltur fasteignasali
s. 896 9565
loftur@fasteignasalan.is

Parft þú að selja fasteign?
Persónuleg þjónusta
Fagleg vinnubrögð

Fasteignasalan Bær • Austurvegi 26 • 800 Selfoss
Sími: 512 3400 • www.fasteignasalan.is

ÁSCO

BÍLARAFMAGN

OKKAR ÆR OG KÝR
— STARTARAR OG ALTERNATORAR —

Einnig á lager: Hjómflutningstæki frá Alpine. Varahlutir í startara. Rafgeymar. Aðalljósaperur. LED perur. Hátalarar. Tengi fyrir togsplil. Hleðslutæki. Útvarpsloftnet. Rafhlöður. Fjarlæsingar. Fjarstart í bíla. Radarvara. Startklapar. Áriðlar 12V og 24V / 240V. Hljóðnemas fyrir rútur, voltmælur, amperemælur, spennufellur 24V / 12V. truflanapættar, loftnetsframlingar. Kerrutenglar. Breytar fyrir 13P kerutengla. Öryggi. Sjálfvirk öryggi í bíla. Gleröryggi 20 og 32mm. Postulinsöryggi. Öryggiahöldur. Stór öryggi uppí 250A. Slæðuljós fyrir Landrover. Snúrusett fyrir Bassakleitur. Bassakleitur. Övulhosur. Spennustíllar. Dúur. Rafgeymaskív. Jarðsamband. Dúubryg. Bæmskífur fyrir alternatara. Vöðuggeymar. Stærðar. Lega í alternatara. Kól í alternatara. Vöðuggeymar. Övulhosur. Snúrusett fyrir Bassakleitur.

ÁSCO

Glærárgata 34b við Hvannavelli • S 461 1092 • asco.is BÍLARAFMAGN

Er um með varahluti og þjónustu fyrir allar JCB vélar

S: 527 2600

Vélavit
Sala - Þjónusta
www.velavit.is

PÍRATAR

LÝÐRÆÐI

EKKERT KJAFTÆÐI

25. september

Píratar ætla að skapa velsældarsamfélag sem hvílir á nýrri stjórnarskrá, hagkerfi framtíðarinnar, sanngjörnum leikreglum og virðingu við náttúru og fólk.

PÍRATAR ÆTLA AÐ

- Gera róttækar breytingar í sjávarútvegi, bjóða upp veiðiheimildir og leyfa frjálsar handfæraveiðar.
- Auka fjölbreytni í útgerðarformum og sjávarútvegsfyrirtækjum.
- Stórauka styrki til nýsköpunar, með sérstaka áherslu á græna sprota.
- Færa bændum fleiri tækifæri til nýsköpunar og athafna til þess að tryggja afkomu þeirra.
- Efla nýsköpun í matvælaframleiðslu og styðja við lítil og meðalstór fyrirtæki um land allt.

